



30
Leitar að
myglupólnum
kartöfluyrkjum



50
Klár í slaginn eftir
einkamálaauglýsingu



18
Einu sauðfjábændurnir
með lífræna vottun



26
Aldrei verið betra
að vera bóndi

Bændablaðið

16. tölublað 2024 • Fimmtudagur 12. september • Blað nr. 663 • 30 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Í Hvammshlíð í Austur-Húnavatnssýslu hefur sauðféð aðgang að Hvammshlíðarfjalli allt árið, en langstærstur hluti hjarðarinnar kemur heim á bæ af sjálfsdáðum þegar vont veður er í aðsigi. Karólína Elísabetardóttir, bóndi í Hvammshlíð, telur líklegt að þá hegðun megi skýra af fjölda forystufjár, eða kinda sem hafa þau gen. Á þessari mynd, sem tekin var í hryssingsveðri á mánudaginn, eru Seli Nikulássson og dóttursonur hans, Jónatan Steinríksson, nýkomnir heim í hlað ásamt félögum sínum. – Sjá nánar á síðu 4.

Mynd / Karólína Elísabetardóttir



Rúlluplast í hringrásina

Tæp 2.000 tonn af notuðu heyrúlluplasti skiluðu sér í endurvinnslu í fyrra. Þrjár fjórðu hlutar þess voru endurnir innanlands.

Bændur hafa staðið sig vel í að skila heyrúlluplasti en stjórnvöld eru hvött til að herða róðurinn.

– 20 –



Uppgjör í hrossarækt

Þorvaldur Kristjánsson fjallar um afkvæmafeður og hápunkta kynbótasýninga í ár.

– 38 –


Metinnflutningur á nautakjöti í júlí

Aldrei hefur jafnmikið af nautakjöti verið flutt inn til landsins í einum mánuði og nýliðnum júlí.

Samkvæmt innflutningstölum Hagstofunnar voru tæp 254 tonn flutt inn til landsins í júlímánuði síðastliðnum. Nautakjötið var m.a. flutt inn frá Litáen, Danmörku, Þýskalandi, Spáni, Írlandi og Hollandi. Til samanburðar voru 88,5 tonn flutt inn í júní og 154 tonn í maí.

Að teknu tilliti til beinahlutfalls hefur innflutningurinn verið umreiknaður á Mælaborði landbúnaðarins sem 422 tonn. Það er meira en íslenska framleiðslan þennan mánuð, sem var 370 tonn, og öll sala á nautakjöti þann mánuð, sem var 384 tonn.

Á fyrstu sex mánuðum ársins voru flutt inn um 540 tonn af nautakjöti samkvæmt tölum Hagstofunnar, en þá kostaði



Magn innflutts nautakjöts fór í fyrsta sinn yfir magn innleðrar framleiðslu í júlí. Appelsínugul lína táknar innleðra framleiðslu, blá lína innflutning og græn lína sölu á nautakjöti.

Heimild / Mælaborð landbúnaðarins

það handhafa tollkvóta fyrir innflutning frá ESB eina krónu á hvert kíló að flytja inn kjötið. Frá

júlí kostaði það hins vegar 520 krónur á hvert kíló, samkvæmt niðurstöðum úthlutunar á

tollkvótum á landbúnaðarafurðum hjá matvælaráðuneytinu. Því kemur þessi mikli innflutningur Sverri Fali Björnssyni, hagfræðingi hjá Bændasamtökunum, á óvart.

„Þessi snöggi kippur var mjög óvæntur, aðallega fyrir þær sakir að hann kemur á fyrsta mánuði eftir að einnar krónu ESB-tollurinn rennur út. Fyrst þegar ég sá að svona mikið magn hafði komið inn í júlí taldi ég fátt annað koma til greina en að þetta væru mistök en nú hefur verið gengið úr skugga um að svo sé ekki.

Innflutningur á fyrri helmingi ársins var minni en ég hafði búist við miðað við þau kjör sem voru að bjóðast, minna var flutt inn á fyrri hluta 2024 en var gert á nokkru sex mánaða tímabili árið 2023 þrátt fyrir að þá hafi verið á tolli verið tiltölulega hátt.

Ef rýnt er í hvað er verið að flytja inn þá sést að langstærsti hlutinn

er innan tollflokksins *Annað fryst úrbeinað kjöt af nautgripum*, eða tæp 150 tonn.

Frá upphafi árs 2023 hefur þetta verið algengur tollflokkur en fyrir það var hann ekki mikið nýttur. Í júlí nam innflutningur af þessari afurð meira en á öllum fyrstu sex mánuðum ársins samanlagt. Mögulega er þarna verið að metta einhverja uppsafnaða þörf, því ekki var flutt mikið inn af þessari afurð í maí og júní og það litla sem kom til landsins var á háu meðalverði.

Það sem kom inn í júlí hefur kostað 857 kr/kg í innkaupum en það sem kom inn í maí og júní var á milli 1.400 og 1.500 kr/kg.

Því hefur það meira að segja borgað sig að flytja inn þessa afurð á þessum hætti tolli vegna þess hversu mikið innkaupaverðið lækkaði,“ segir Sverrir Falur.

/ghp



Mjólkurframleiðsla:

Lækkað verð á greiðslumarki

Niðurstöður tilboðsmarkaðar fyrir greiðslumark mjólkur í byrjun september sýna lækkun á jafnvægisverði. Kúabændum þykir niðurstaðan athyglisverð fyrir margra hluta sakir.

Viðskipti tilboðsmarkaðarins náðu til 948.900 lítra að andvirði rúmlega 251 milljónar króna. Greiðslumark sem boðið var fram voru rúmlega 1.436 þúsund lítrar en óskað var eftir kaupum á rúmunum 1.400 lítrum. Um 66 prósent af framboðnum kvóta seldust. Kaupendur voru 31 talsins en seljendur með tilboð á jafnvægisverði eða lægra voru 16 talsins og seldu þeir 90 prósent af sínu framboðna magni. Tilboð sem uppfylltu skilyrði um forgangsúthlutun til nýliða voru fjögur talsins.

Mest til Skagafjarðar

Eins og í fyrri tilboðsmörkuðum var mest keypt til Skagafjarðar, 362.500 lítrar, sem var rúmlega 38% af keyptu greiðslumarki. Hlutfallið er þó minna en á síðustu tveimur mörkuðum, en 326.400 lítrar voru keyptir til Suðurlands, 115.000 lítrar til Eyjafjarðar, 80.000 lítrar til Vesturlands og 65.000 á svæði Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda. Ekkert var keypt á svæði Búnaðarsambands Suður-Þingeyjarsýslu.

Rúmlega 30 prósent seldra lítra fóru frá búum á Suðurlandi, 292.757 lítrar, Skagfirðingar seldu 275.600 lítra og bú á svæði Búnaðarsambands Suður-Þingeyjarsýslu seldu tæpa 250.000 lítra. Eyfirðingar seldu 109.490 lítra og um 22.000 lítrar voru seldir frá Vesturlandi. Ekkert var selt frá svæði Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda.

Tvöfalt afurðastöðvaverð

„Það er gleðiefni að markaðurinn virðist vera að virka. Eftirspurn og framboð er svipað og jafnvægisverðið gefur merki um að bændur séu að mætast á miðri leið,“ segir Herdís Magna Gunnarsdóttir, kúabóndi og



Baldur Helgi Benjamínsson.

Herdís Magna Gunnarsdóttir.

varaformaður Bændasamtaka Íslands.

Hún vísar m.a. til þess að jafnvægisverð virtist alltaf taka mið af hámarksverði þangað til í fyrra þegar það lækkaði og hefur ekki verið lægra síðan í apríl árið 2020. „Nú er jafnvægisverðið akkúrat tvöfalt afurðastöðvaverð eins og kúabændur fóru fram á við endurskoðun búvörusamninga 2019 sem er athyglisvert.“

Hún segist þó hafa átt alveg eins von á að rekstrarumhverfið og tíðin í sumar myndi hafa neikvæð áhrif á eftirspurn eftir greiðslumarki.

Vekur áleitnar spurningar

Baldur Helgi Benjamínsson, kúabóndi á Ytri-Tjörnum í Eyjafirði, segir að niðurstaða markaðarins vekir athygli.

„Þrátt fyrir að Kaupfélag Skagfirðinga hafi undanfarin misseri kostað talsverðum fjármunum til að halda uppi eftirspurn og verði greiðslumarkis á mjólk með gefins lánsfé, er verðið nú um 25% lægra en það var fyrir ári síðan; 265 kr/ltr á móti 350 kr/ltr. Sú staða vekur áleitnar spurningar um hvert verðið væri nú, ef fjársterkur aðili væri ekki með svo víðtæk afskipti af viðskiptum með greiðslumark mjólkur.“

Þá er enn þá nokkurt ójafnvægi á markaði, rúmlega þriðjungur af framboðnu magni seldist ekki, fyrirsjáanlegt er að vextir verði áfram mjög háir, lítil endurnýjun er á framleiðsluástöðu og sala á innanlandsmarkaði hefur verið góð. Því bendir margt til að verð á greiðslumarki eigi eftir að lækka enn frekar á komandi mánuðum,“ segir Baldur Helgi. /ghp



Rafmagn er stærsti einstaki kostnaðarliður í ylræktarframleiðslu fyrir utan launakostnað.

Mynd / ghp

Garðyrkjubændur rafmagnslausir

– Orkuskortur farinn að hafa áhrif á grænmetisframleiðslu

Raforkusamningum meirihluta garðyrkjubænda landsins hefur verið sagt upp. Í sumar sendi fyrirtækið HS Orka ylræktarframleiðendum uppsögn á samningum með sex mánaða fyrirvara og lýkur samningum því í árslok. Yfir niútiú prósent garðyrkjufarmleiðenda landsins kaupa raforku af HS Orku.

„Garðyrkjubændur eru því að leita tilboða frá raforkufyrirtækjum eins og er. Sumir eru að taka sig saman meðan aðrir eru að þreifa fyrir sér sjálfir,“ segir Axel Sæland, formaður búgreinadeildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands.

Fyrirsjáanlegar verðhækkningar

Axel segir fyrirséð að raforkuverð muni hækka töluvert enda selji raforkufyrirtækin vöru sína til hæstbjóðenda. „Hér gildir markaðslögmálið,“ segir Axel.

Rafmagn er stærsti einstaki kostnaðarliður í ylræktarframleiðslu fyrir utan launakostnað. Samkvæmt búvörusamningum niðurgreiddir íslenska ríkið að einhverju marki kostnað garðyrkjubænda við flutning og dreifingu raforku. Sjálf raforkan hefur hins vegar aldrei verið niðurgreidd og semja því framleiðendur um hana á samkeppnismarkaði.

Axel segir augljóst að miklar hækkningar á raforkuverði muni annaðhvort leiða til minni framleiðslu á grænmeti og/eda herra verðs á afurðunum.

„Það er stefna stjórnvalda að tryggja bæði matvæla- og fæðuöryggi þjóðarinnar. Það verður ekki gert með hækkandi vöruverði á innlendi framleiðslu. Það er nauðsynlegt að innlend framleiðsla sé samkeppnishæf við innflutning. Skortur á orkumarkaði er búinn að vera fyrirsjáanlegur lengi og lítið sem ekkert gerst í virkjanamálu. Stjórnvöld geta svo sannarlega stigið inn og aðstoðað í þessari stöðu.“

Nýjasta tækni í ljósabúnaði sparar mikla orku en gefur sama ljósmagn, en þetta er mjög dýr búnaður og því mikil fjárfesting fyrir bændur. Þarna geta stjórnvöld aðstoðað með fjárfestingarstuðningi til garðyrkjubænda og um leið vegið upp þann rekstrarkostnað sem hlýst af hækkunum á raforku,“ segir Axel. Hann telur brýnt að garðyrkjubændur gangi frá nýjum samningum um



Axel Sæland.



Birna Lárusdóttir.

raforkukaup í september til að þeir viti við hvaða efnahagsumhverfi þeir starfi á nýju ári.

Notkun raforku sem fellur illa að framleiðslu fyrirtækisins

Nokkur fyrirtæki framleiða raforku. Landsvirkjun er langstærsta framleiðslufyrirtækið sem framleiðir yfir 70% raforkunnar skv. vef Samorku. Orka náttúrunnar framleiðir 1% og HS Orka 7%. Önnur fyrirtæki, s.s. Orkusalan, Orkubú Vestfjarða og fleiri, framleiða minna. Samkvæmt vef Samorku eru söluaðilar rafmagns níu talsins.

Birna Lárusdóttir, upplýsinga-fulltrúi HS Orku, segir í svari við fyrirsögn að allar forsendur á raforkumarkaði hafi gjörbreytt frá því fyrirtækið gerði samninga við garðyrkjubændur.

„Notendur á almennum markaði nota ekki raforku jafnt yfir árið. Notkunin einkennist bæði af dægur- og árstíðasveiflum sem fellur illa að framleiðslu fyrirtækisins. Því þarf HS Orka að reida sig á orkukaup af öðrum raforkufarmleiðendum til að mæta breytileika í notkun viðskiptavina okkar á almenna markaðinum.“

Landsvirkjun sé eini raforkufarmleiðandinn á Íslandi sem búi yfir breytilegri framleiðslugetu en síðustu þrjú ár hafi framleiðsla Landsvirkjunar tæplega staðið undir skuldbindingum á markaði.

„Í ár hefur það til dæmis gerst að öll miðlunarhlónd Landsvirkjunar hafa náð sögulega lægstu stöðu á einhverjum tímabili. Okkur er ekki kunnugt um að það hafi nokkru sinni gerst áður innan sama árs. Staðan í miðlunarhlóndunum hefur leitt

til þess að raforkuverð í heildsölu frá Landsvirkjun hefur hækkað og framboð hefur verið minna en áður. Fiskimjólsværksmiðjur hafa verið skertar allt árið og fjarvarmaveitur [kyntar rafhitaveitur] voru skertar langt fram á vor. Ekki eru líkur til að ástandið batni á þessu almanaksári, nema miklar haustrigningar komi til,“ segir Birna.

Verð fer hækkandi vegna óvissu á markaði

Fyrirtæki geta keypt orku gegnum raforkumarkaðinn Vonarskarð, þar sem raforkufarmleiðendur geta boðið orkuvörur til sölu og söluvirkjartæki boðið í vörurnar.

„Þetta eykur gagnsæi á íslenska orkumarkaðinum og yfirgnæfandi orkuskortur ætti að koma fyrir í ljós en ella. Landsvirkjun, sem er langstærsti orkufarmleiðandi landsins, hefur boðið fram orku á markaðinn með nokkuð óreglulegum hætti undanfarið enda á fyrirtækið eflaust erfitt með að bjóða mikið af orku fram í tímann við núverandi stöðu í vatnsbúskap þjóðarinnar. Af þessum sökum ríkir töluverð óvissa á markaði og verð fer hækkandi við þær aðstæður,“ segir Birna. Hún segir að þessar forsendubreytingar á raforkumarkaði hafi orðið til þess að HS Orka hafi þurft að segja upp samningum eða endursemdum við viðskiptavini sína til að endurspegla breytt umhverfi.

Í uppsagnarbréfum til garðyrkjubænda frá í sumar segir að HS Orka muni hafa samband í framhaldi til að kanna áhuga á að endursemdum við félagið. Birna segir að fyrirtækið stefni að því að vera búid að heyra í öllum fyrir lok vikunnar. /ghp


LÍFLAND

Nú er hafin

ÚTSALA

í öllum verslunum Líflands og vefverslun

30-70% af völdum AFSLÁTTUR vörum



NÝR TOYOTA LAND CRUISER 250

Land Cruiser 250 er flaggskip Toyota sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu. Útlitið er óður til fortíðar en undir kraftalegri yfirbyggingunni liggur ósigrandi torfærutæki, sannkallaður konungur jeppanna.

FORSALA ER HAFIN Á ÖLLUM GERÐUM



Verð frá: 15.990.000 kr.

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

Aðgerðaáætlun matvælastefnu

Aðgerðaáætlun matvælastefnu var gefin út á þriðjudaginn.

Hún byggir á matvælastefnu til ársins 2040 sem samþykkt var á Alþingi í júní 2023 og hefur þrjú tilgang; vera leiðbeinandi við ákvarðanatöku til að stuðla að aukinni verðmætasköpun í matvælaframleiðslu, tryggja fæðu- og matvælaöryggi og auka velferð fólks í sátt við umhverfi og náttúru.

Heildaráætlunin samanstendur af fjórum sértækum aðgerðaáætlunum; landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt, aðgerðaáætlun landbúnaðarstefnu, stefnu um uppbyggingu og umgjörð lagareldis og sjávarútvegsstefnu. Þær þrjár síðasttöldu eru sagðar enn í vinnslu.

Aðgerðir þvert á undirstefnur

Einnig eru aðgerðir sem liggja þvert á aðrar undirstefnur, sem einnig eru í vinnslu eða fyrirhugað að ráðast í.

Þær eru: söfnunarkerfi fyrir dýraleifar, stöðumat markmiða um verndun líffræðilegrar fjölbreytni, mótun aðgerða um neyðarbirgðahald á matvælum og nauðsynlegra aðfanga vegna matvælaframleiðslu, matvælaeftirlit verði samræmt og árangur af stuðningi Matvælasjóds verði mældur.

Heildarendurskoðun á stuðningskerfi landbúnaðarins

Aðgerðaáætluninni er skipt upp í sex efnishluta og í umfjöllun um sjálfbærni matvælaframleiðslu segir að í drögum að aðgerðaáætlun landbúnaðarstefnu eigi að hefja vinnu við heildarendurskoðun á stuðningskerfi landbúnaðarins en nógildandi búvörusamningar renna út árið 2026.

Við mótun nýs stuðningskerfis verði horft til þess að aukin áhersla verði á loftslagsmál og samdrátt í losun frá landbúnaði í samræmi við markmið landbúnaðarstefnu. Enn fremur að unnið verði að því að móta gæðakröfur vegna lífræns áburðar í fódur- og matvælaframleiðslu.

Í efnishlutanum um fæðuöryggi eru nefnd nokkur stefnumið; að stöðir fæðukerfa og fæðuöryggis verði styrktar með því meðal annars að styðja við nýsköpun í matvælaframleiðslu og stuðla að aukinni sjálfbærni innlendirar framleiðslu með tilliti til aðfanga auðlindanýtingar og hringrásarhagkerfis. Að áhersla verði lögð á að minnka losun vegna matvælaframleiðslu og auka framleiðslu matvæla með lágu kolefnisspori, sem byggist á lífsferilsgreiningu og mati á kolefnisspori framleiðslunnar.

Aðgerðaáætlunin nær til næstu fimm ára, verður endurskoðuð árlega og uppfærð eftir þörfum. /smh

Smalað vegna óveðurs

– Veturinn minnti á sig á norðanverðu landinu

Fyrsta haustlægðin kom á dögnum, með gulum og appelsínugulum viðvörnum, norðanroki og úrkomu sem var ýmist í formi rigningar eða slyddu.

Bændum var upplagt að fylgjast vel með veðri og gripa til ráðstafana ef þörf væri á að koma fé af fjalli.

Bændablaðið kannaði stöðuna hjá nokkrum bændum norðan heiða og var misjafnt hvaða áhrif veðrið hafði. Á Vestfjörðum og í Döllum virðist áhrifa varla hafa gætt og það sama má segja um Austfirði. Í sveitum víða þar á milli var settur meiri kraftur í smalamennskur og þeim flýtt í sumum tilfellum. Talsverður munur gat verið á nágrennasveitum hvort gripa þurfti til aðgerða.

Lögregla ræddi við bændur

Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti í Árneshreppi, segir óvenjumikið hafa verið um heimasmalanir um helgina þar sem hún þekkir til. Lögreglan setti sig í samband við bændur á sunnudaginn og kannaði hvort þeir hygðust ganga á fjöll. Eva býst ekki við öðru en að fyrstu réttir í hreppnum verði 14. september og þær seinni þann 21. sama mánaðar, eins og lagt hefur verið upp með. Þegar blaðamaður ræddi við Evu á mánudaginn var komin smá fól í fjallstoppa og norðanstinningskaldi.

Magnús Örn Valsson, sauðfjár-bóndi á Bergsstöðum á vestanverðu Vatnsnesi, segir marga bændur í kringum sig hafa smalað heimalöndin um helgina. Það sé í sjálfu sér ekkert óvanalegt, en bændur kepptust við að koma fénu í var neðar í fjallshlíðum áður en veðrið gengi yfir.

Ingvaldur Asta Konráðsdóttir, bóndi á Bóðvarshólum í Vesturhópi, segir bændur á austanverðu Vatnsnesinu hafa smalað mikið um helgina samkvæmt venju. Þeir hafi hins vegar farið aukalega á mánudeginum vegna veðurs. Margir lentu í snjó og þegar blaðamaður ræddi við Ingvaldi á mánudaginn taldi hún að snjólinan væri komin niður í 200 metra.

Fé sett í örugga heimahaga

Jón Árni Magnússon, sauðfjár-bóndi á Steinnesi í Vatnsdal, segir bændur í kringum sig blessunarlega hafa verið búna að fara í fyrstu leitir á heidarlöndunum. Ekki séu nema örfáir tugir kinda eftir á óhemju landsvæði og það væri hending hvort þær myndu ef sendur væri út leitarhópur.

Á mánudaginn var allt fé í Steinnesi komið í heimahagana og sagðist Jón Árni vera að vinna í því að koma því fyrir á tünnum sem eru örugg og auðvelt að reka inn í hús ef veðrið færi á versta veg.



Fé komið heim á bæ í Helguhvammi á Vatnsnesi. Mynd / Eydis Ósk Indriðadóttir



Víða var slydda þótt jörð væri ekki alveg hvít. Mynd / Högni Elfar Gylfason



Bændur í Víðidal ráku fé í hávaðaroki. Mynd / Sigríður Ólafsdóttir



Í Fljótunum náði snjólinan langt niður í hlíðar. Mynd / Halldór G. Hálfánarson

Auður Ingimundardóttir, bóndi á Hólábæ í Langadal, segir mest öllu hafa verið smalað í kringum sig samkvæmt áætlun. Bændur á svæðinu hafi safnast saman á mánudaginn til að reka fé á Svartárdalsfjalli, en þar hafði ekkert verið smalað í haust.

Bjarni Salberg Pétursson, bóndi á Mannskaðahóli í Skagafirði, segir fjóra bændur í kringum sig hafa farið í Unadal fyrir ofan Hofsós núna á mánudaginn til að reka fé frá svæðum sem þeir töldu hættuleg fyrir fé í miklu fannfergi. Vanalega séu fyrstu smalamennskur um næstu helgi.

Snjókomu í byggð

Jóhannes Ríkhardsson, bóndi á Brúnastöðum í Fljótum, segir bændur hafa smalað í Héðinsfirði og Siglufirði um síðustu helgi samkvæmt áætlun.

Aðdragandinn að veðrinu hafi verið góður sem hafi gefið fénu færi á að koma sér neðar í fjöllin. Á mánudaginn var snjór kominn niður að efstu bæjunum í Fljótunum og frétti Jóhannes af bónda sem fór aukalega eftir fé á Lágheiðinni.

Gunnar Kristinn Guðmundsson, bóndi á Göngustöðum í Svarfaðardal, segist hafa sótt megnið af sínu fé á mánudagskvöldið í afrefti í Skallárdal, sem hafi verið tæpri viku á undan áætlun. Heimtur voru góðar og gekk verkefnið vel fyrir sig, enda stutt á afreftinn.

Mígandi rigning

Ásta Flosadóttir, bóndi á Höfða í Grenivík, sagði veðrið hafa einkennst af mígandi rigningu og að allt væri komið á flot. Í hennar sveit var réttað

á sunnudaginn samkvæmt áætlun og taldi hún ekki ástæðu til að hafa áhyggjur ef einhverjar kindur væru eftir í Fjörðum ef hvellurinn gengi hratt yfir.

Arnór Erlingsson, bóndi á Þverá í Fnjóskárdal, var að kanna aðstæður á Flateyjarðalsheiðinni þegar blaðamaður hafði samband á þriðjudaginn. Þar hafi ekki verið komin nein ófærð og flýttu bændur ekki göngum, þó þeir hafi rætt það sín á milli. Hann er bjartsýnn á að veðrið valdi engum skaða, en það hafi snjóað í fjöll nokkru áður en versta veðrið skall á, sem hafi gefið kindunum tíma til að færa sig neðar.

Allt fé komið á hús

Elín Heiða Hlinadóttir, bóndi í Svartáarkoti í Bárðardal, segir smalamennskur hafa farið fram um síðustu helgi samkvæmt áætlun. Á þriðjudaginn var snjór yfir öllu og allt fé komið á hús, en í eðlilegu árferði ættu kindurnar að vera á beit úti í haga.

Sigurður Ágúst Þórarinnsson, bóndi á Skarðaborg í Reykjahverfi, segir bændur í kringum sig hafa verið búna að fresta göngum um eina viku þar sem þeir voru enn í heyskap, en þurftu að flýta þeim aftur og voru smalamennskur og réttir um síðustu helgi. Spáin hafi ræst að mestu leyti og að það hefði verið glórulest að fara ekki af stað, enda bændur enn með óveðrið árið 2012 í fersku minni.

Einar Ófeigur Björnsson, bóndi á Lóni í Kelduhverfi, segist hafa farið um helgina til að smala úr þeim hluta landsins sem liggur hæst, og það hafi verið fyrir en áætlað var. Þegar blaðamaður hafði samband á þriðjudaginn var hvass norðanvindur, úrkomu og fimm stíga hiti, sem væru ekki slæmar aðstæður fyrir sauðféd. „Þetta er ekkert veður miðað við það sem við munum eftir 2012. Þetta er bara bliða miðað við það,“ segir Einar.

Gangnamenn fá ekki hvíld

Gunnar Björnsson, bóndi á Sandfellshaga í Öxarfirði, segir bændur hafa farið af stað í göngur á venjulegum tíma á miðvikudaginn í síðustu viku. Þeir komu með hluta fjárins niður á sunnudaginn og þá hafi veðrið verið farið að versna. Vanalega hefðu gangnamenn fengið smáhvöld en þeir fóru af stað aftur á sunnudagskvöldið til að koma fénu niður af háheiðunum og kláruðu að rétta á þriðjudaginn, sem var degi á undan áætlun.

Gunnar bætir við að þetta hafi verið sérstakt sumar þar sem ekki hafi verið hægt að sleppa fénu á fjall fyrir en þremur vikum seinna en vanalega. Þá hafi bændur ekki náð að klára heyskap fyrir en rétt fyrir göngur.

Halla Eiríksdóttir, bóndi á Hákonarstöðum í Jökuldal, segir bændur hafa verið byrjaða að smala innst í dalnum um síðustu helgi, rétt eins og lagt var upp með. Áframhald á leitum hefði átt að vera um næstu helgi, en ákveðið var að klára eins mikið og hægt var í byrjun vikunnar. Smalamennskur gengu vel og telur Halla féð vera vænt. Sumir bændur séu þegar búnir að senda lömb í lógun, en bændur á Jökuldal slátri margir mjög snemma. Þegar blaðamaður hafði samband á þriðjudaginn var nokkur bleyta og snjóinn farið að taka upp.

Í Jökulsárhliðinni voru áhrifin óveruleg og sagði Sigurlaug Jónína Ólöf Þorsteinsdóttir, bóndi á Torfastöðum, ekki hafa verið tilefni til að flýta göngum.

Guðný Gréta Eypórsdóttir, bóndi í Fossárdal í Berufirði, tekur í sama streng. Þar hafi gengið yfir hvassviðri með smá snjókomu í fjöllum, en norðanáttin sé yfirleitt þurr á hennar svæði. Snjórinna í fjallstoppunum yti fénu niður sem sé til bóta og engar hættur fyrir það sem stendur. /ál

Við erum með fatnað fyrir **GÖNGUR & RÉTTIR**

FÓÐURBLANDAN

FB Reykjavík
Kornagarðar 12
570 9800


FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Duftþaksbraut 1
570 9850

www.fodur.is
fodur@fodur.is

VIÐ EIGUM 1 ÁRS AFMÆLI FRÁBÆR TILBOÐ ALLAN SEPTEMBER

HT10



Þyngd: 1000kg
Vél: Eins cylendra Koop Loftkældur
Afl: 7,6kw/3600rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, glussastýrður þumall og 40cm tennt skófla

Afmælistilboð
1.290.000.- án VSK
1.599.600.- með VSK

HT15



Þyngd: 1500kg
Vél: Tveggja cylendra Koop Loftkældur
Afl: 16,5kw/3600rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, glussastýrður þumall og 40cm tennt skófla

Afmælistilboð
1.490.000.- án VSK
1.847.600.- með VSK

HT16



Þyngd: 1600kg
Vél: Tveggja cylendra Koop loftkældur með forhitara
Afl: 16,5kw/3600rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Sveigjanleg bóma, Breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40cm tennt skófla og glussastýrður þumall

Afmælistilboð
1.790.000.- án VSK
2.219.600.- með VSK

HT18



Þyngd: 1800kg
Vél: Kubota D722
Afl: 16,3hp/3600rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Sveigjanleg bóma, breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40cm skófla, glussastýrður þumall, hitari í húsi

Afmælistilboð
2.290.000.- án VSK
2.839.600.- með VSK

HT20



Þyngd: 2000kg
Vél: Kubota D902
Afl: 20,4hp/3600rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Sveigjanleg bóma, breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40cm skófla, glussastýrður þumall, hitari í húsi

Afmælistilboð
2.490.000.- án VSK
3.087.600.- með VSK

ÞAÐ ER BETRA
AÐ EIGA EN AÐ
LEIGJA!

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við sölumann arnar@ljardalur.is
Forþöntunartilboð: Greitt er 50% við staðfestingu og rest við afhendingu.
40% afsláttur af aukahlutum fylgir öllum vélarkaupum
Lista yfir aukahluti er að finna á ljardalur.is



LJÁRDALUR
WWW.LJARDALUR.IS

Bændablaðið

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublað) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Kt: 631294-2279
Útgefandi: Bændasamtök Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) guðrunhulda@bondi.is – Sími: 563 0300 – Blaðamenn: – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 866 3855

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: 33.000 – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Orðasalat

„Annars vegar var um að ræða 100 m.kr. í verkefni sem stuðla eiga að aukinni rekstrarhagkvæmni í landbúnaði með hliðsjón af áherslum stjórnvalda ásamt vinnu við heildarstefnumótun fyrir stuðningskerfi landbúnaðar í samráði við bændur með hliðsjón af áherslum landbúnaðarstefnu.“

Þannig hljómar setning úr greinagerð matvælaráðuneytisins í nýjum fjárlögum. Ef þið skiljið ekki innihaldið svo samhengislaust þá boðar setningin útskýringu á niðurfellingu tímabundins framlags til landbúnaðar árið 2024. Framlagið verður ekki heimilað varanlega, enda stóð það aldrei til. Þetta er einhver luralægasta atлага sem ég hef lesið að því að orða hluti pent.

Fálmkennd yrðing án eftirfylgni

Þessi setning afhjúpar þó ýmislegt. Í henni er vísað til hinna ýmsu verkferla stjórnvalda sem hafa starfrækt verkefnastjórnir og starfshópa sem unnið hafa greiningar og umræðuskjöl. Þau eiga að grundvalla stefnumótun eða áherslur stjórnvalda. Út frá þeim á að móta aðgerðir sem eiga að raungerast.

En orðaflaumurinn virðist aftra aðgerðunum. Því um leið og skýrslur og stefnur eru útgefnar virðist vera komin ástæða til að stofna aðrar nefndir til að greina stöðuna sem breytist jafnhvort og tímenn. Okkur birtast niðurstöður um hvert landbúnaður á að stefna í skýrslum sem klifa á stefnum eins og sjálfbærni, nýsköpun, fæðuöryggi og líffræðilegum fjölbreytileika.

Aðgerðaáætlun matvælastefnu Íslands, sem einnig var gefin út á þriðjudaginn, er gott dæmi um þetta. Hún lýsir svokölluðum stefnumiðum og ákveðnum viðfangsefnum og innihalda tillögur sem nýttar verða til að meta framhald tiltekinnar verkefna. Það eru tillögurnar að aðgerðum. Ekki nóg með það. Aðgerðaáætlun þessi er byggð á fjórum öðrum aðgerðaáætlunum, en þrjár þeirra eru enn í vinnslu.

Hin fálmkennða yrðing, í upphafi pistilsins, endurspeglar kannski einna helst hvernig blæti gagnvart skýrslu- og starfshópum og kerfislægu tungutaki er farið að flækjast fyrir höfundunum sjálfum, stjórnvöldum. Þetta eru orð, en þau virðast ekki skrifuð til þess að vera skilin, hvað þá fylgt eftir.

Skýru markmiðin

Ef vel er að gáð þá má finna í Fjármálaætlun 2025–2029 nokkur skýr hlutlæg markmið og mælikvarða á málefnasviði landbúnaðar. Til dæmis á að auka framleiðslu byggis verulega og mælieiningin er mælt flatarmál ræktarlands. Staðan árið 2023 er tiltekin, 3.274 ha, en miðað er við að árið 2029 verði 7.000 hektarar undir bygggræktun. Fjármagn er eymmerkt eflingu kornræktar sem mun vonandi skila þessum árangri.

Annað er upp á teningnum þegar kemur að grænmeti. Samkvæmt markmiðum og mælikvörðum á að auka ylræktarframleiðslu um 25 prósent í tonnum. Staðan núna er 3.564 tonn en árið 2029 er miðað við að framleiddu tonnin verði 4.455 talsins. Þó að þessi varða sé svo skýrt mörkuð fylgja henni engar raunverulegar aðgerðir né fjármagn eins og í kornrækt. Þótt ótrúlegt megi virðast hefur ekki einu sinni verið stofnaður starfshópur til að greina stöðu og móta stefnu í búgreininni. Raunverulegur vandi garðyrkjubænda er hins vegar alveg skýr og frekar sláandi eins og fram kemur í tölublaðinu. Ylræktarframleiðsla eykst hvorki né rekur sig án nauðsynlegra aðfanga, sem nú eru af skornum skammti, og án þeirra er fyrirséð að markmiðin falla um sjálf sig.

Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.



Frá sláturhúsi Norðlenska. Bændur stofnuðu Búsæld fyrir rúmum tuttugu árum svo sláturhús og kjötvinnsla Norðlenska yrðu í eigu félags bænda á Norður- og Austurlandi. Mynd / Myndasafn Bbl

Bændur selja Búsæld

Um 90 prósent bænda í Búsæld hafa ákveðið að taka kaupþilboði Kaupfélags Skagfirðinga (KS) í hlut þeirra í Kjarnafæði Norðlenska (KN).

Þetta varð ljóst eftir að frestur bænda í Búsæld, til að taka afstöðu til tilboðs Kaupfélags Skagfirðinga, rann út í síðustu viku.

Rúmt eitt prósent hafnaði tilboðinu

Gróa Jóhannsdóttir, formaður stjórnar Búsældar og bóndi á Hlíðarenda í Breiðdal, segir fyrir liggja að um 90 prósent bænda hafi gengið að tilboði KS, um 1,6 prósent bænda hafi hafnað tilboðinu og rúm sjö prósent hafa enn ekki svarað kaupþilboðinu.

Reiknað sé með að gengið verði á bilinu 2,2 til 2,3 krónur á hlut, en hlutaféð var alls 475 milljónir króna á síðasta ári samkvæmt síðasta ársreikningi þar sem hver hlutur er metinn á eina krónu.

Hluthafar alls um 465

Áður höfðu bræðurnir Eiður og Hreinn Gunnlaugssynir tekið kaupþilboði KS í KN, en þeirra eignarhluti er 57 prósent og um 43 prósent eru í eigu Búsældar.

Í lok síðasta árs voru 465 hluthafar í Búsæld, en enginn einn hluthafi átti meira en tíu prósent.

Þrjú svínabú eru stærstu eigendur Búsældar, Teigur, Búvangur og Hlíð, með samtals 18,5 prósent eignarhlut. Ingvi Stefánsson, formaður deildar svínabænda hjá Bændasamtökum Íslands, og kona hans, Selma Dröfn Brynjarsdóttir, reka sinn svínabúskap á Teigi í Eyjafirði í félögunum Teigur-eignir ehf. og Teigur ehf., sem samanlagt eiga 8,65 prósent. Ingvi segir að þau muni selja sína hluti í Búsæld.

Búvangur á 5,45 prósent, sem skráður er til heimilis á Brúarlandi í Borgarfirði og er Brynjúlfur Steinar Guðbrandsson skráður aðaleigandi með 76 prósent eignarhlut í félaginu. Hlíð hf. á svo



Selma Dröfn Brynjarsdóttir og Ingvi Stefánsson, svínabændur á Teigi í Eyjafirði, voru meðal stærstu eigenda Búsældar, með 8,65% hlut. Mynd / Sá



Gróa Jóhannsdóttir.

4,4 prósent, sem er til heimilis á Hraukbæ í Eyjafirði og er Andrés V. Kristinsson skráður eini eigandinn.

Búsæld stofnuð í desember 2003

„Ég tók þá ákvörðun að selja þegar var orðið ljóst að langflestir myndu selja,“ segir Gróa. „Það var ljóst að eignarhlutur bænda í Kjarnafæði Norðlenska yrði mjög lítill og möguleikar til að hafa áhrif innan félagsins sem sterkur hópur bænda orðnir engir.“

Búsæld var stofnuð fyrir tæpu 21 ári, í desember 2003. Tilgangurinn var að sláturhús og kjötvinnsla Norðlenska yrðu í eigu félags bænda á Norður- og Austurlandi og að

framleiðendur sem á svæðinu búa væru tryggir með afsetningu sinna afurða á samkeppnishæfu verði.

Þá höfðu erfiðleikar verið miklir í rekstri Norðlenska um hrið og til stóð að selja félagið burt úr héraði. Búsæld eignaðist svo Norðlenska að fullu í desember 2007.

Eign bænda myndaðist vegna gjaldtöku

Að sögn Gróu myndaðist eign bænda í Búsæld með þeim hætti að tekin voru gjöld af innleggjunu. „Í byrjun voru tekin fjögur prósent. Þetta hlutfall lækkaði svo með árunum og var eitt prósent þar til 1. maí á þessu ári þegar hætt var að taka þetta tillag í samræmi við aðalfundarsamþykkt Búsældar frá í apríl síðastliðnum. Verðgildi bréffanna sveiflaðist í takt við gengi dótturfélagsins Norðlenska og voru verðlitol þegar tap Norðlenska var viðvarandi.“

Norðlenska sameinaðist síðan Kjarnafæði árið 2021 eftir að samkomulag náðist milli eigenda fyrirtækjanna 2020, en þá samþykkti hluthafafundur Búsældar samrunann með um 86 prósentu atkvæða.

Gert er ráð fyrir að formleg kaup KS á KN gangi í gegn á seinni hluta septembermánaðar.


/smh



Pantaðu á bustolpi.is

Hágæða steinefna-blöndur í miklu úrvali
Heilbrigð dýr - Allra hagur





Taka snöd, fósturtelja, taka í gegn gamalt hús og svipmyndir frá Búnaðarþinginu er eitthvað af því sem Steinþór Logi Arnarsson, sauðfjárbóndi í Stórholti, sýndi frá.



Garðyrkjubændur í Garðyrkjustöðinni Heiðmörk í Laugarási í Biskupstungum, Óli Finnsson og Inga Sigríður Snorradóttir, sýndu frá grænmetisræktun sinni og allri vinnu sem fer fram á bænum. Fylgjendur fengu m.a. að fylgjast með uppskeru, þrifum, þökkun, plöntuumhirðu og áburðarblöndun.



Ísak Jökulsson er kúabóndi á Ósabakka og sýndi frá búskap sínum í lok janúar. Ísak var mjög virkur og leyfði okkur að fylgjast með daglegum uppátækjum sínum.



Kofinn er enn lokaður eftir veturinn, eb það er á dagskrá helgarinnar að standsetja og opna 😊

Elinborg Erla Ásgeirsdóttir stundar lífræna grænmetisframleiðslu í Breiðargerði og er með smá skógrækt. Hún sýndi frá grænmetinu sem hún ræktar og selur ferskt en einnig hefur hún verið að vinna ýmiss konar afurðir úr grænmetinu sínu eins og chutney og bragðbætt salt.



Í Reykjahlíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er mjólkurframleiðsla ásamt uppeldi og kjóttframleiðslu. Þau Ingvar og Melissa sýndu frá hinum ýmsu vorverkum sem kúabændur þurfa að vinna ásamt því að þau sýndu frá bygggræktun sinni.



Hæðdóra Kristín Hauksdóttir, eggjabóndi á eggjabúinu Grænegg, sýndi frá húsakosti sínum og skipulagi í varphúsum. Einnig sagði hún frá ferlinu sem fer af stað þegar eggjið er komið úr hænunni og þar til það er komið í búðir.

Bændur á Instagram

Það sem af er ári hafa fylgjendur Bændablaðsins á samfélagsmiðlum fengið innsýn í dagleg störf bænda, sem geta verið æði misjöfn. Aðra hverja viku hafa bændur úr ólíkum búgreinum kynnt búrekstur sinn fyrir fylgjendum sínum og hefur þetta verið afar áhugavert og fengið góðar undirtektir. Lesendur hafa líka verið duglegir við að senda inn ýmsar spurningar sem bændurnir hafa svarað samviskusamlega. Hægt er að skoða öll innlegg bænda á Instagram-reikningi Bændablaðsins, @baendabladid. /hf




Á Ytri-Hofdölum í Skagafirði var sauðburður að byrja og Þórdís Halldórsdóttir á fullu í undirbúningi. Á Ytri-Hofdölum er blandaður búskapur, kýr, hross og kindur, svo margt var að sjá.



Eyjólfur Ingvi Bjarnason sýndi okkur mikið frá skógrækt og útiræktun á grænmeti en hann er sauðfjárbóndi í Ásgarði í Hvammssveit. Einnig fjallaði hann um tekur búans og samsetningu þeirra sem vakti áhuga hjá fylgjendum Bændablaðsins.



Geitur eru kúnstugar skepnur og var gaman að fá að skyggast á bak við tjöldin hjá bændum í Gilhaga í Óxarfirði. Spakmæli, ullarvinnsla og geitur að bera var m.a. annars það sem fylgjendur fengu að sjá en hvað er krúttlegra en nýfætt ungvíðið?



Bændurnir í Laxárdal, Petrína Þórunn Jónsdóttir og Björgvín Þór Harðarson, leyfðu fylgjendum að skyggast bak við tjöldin hjá sér en þau eru með svína- og kornrækt. Einnig eru þau með kjötvinnslu sem þau kynntu fyrir lesendum.



Eydis Rós Eyglóardóttir, kjúklingabóndi á Vatnsenda, reið á vaðið í byrjun janúar. Sýndi hún frá daglegum verkum sem allfuglabóndi og fengu fylgjendur að sjá allt frá því að fuglarnir komu í hús og til þess að þeir voru sendir í sláturhús.



Hrossabændur í Kirkjubæ á Rangárvöllum, Hanna Rún Ingibergsdóttir og Hjörvar Ágústsson, sýndu frá daglegum rekstri hjá alhliða hrossaræktarmiðstöð. Hjörvar talaði líka mikið um líkamlega og andlega heilsu og hvað það skiptir miklu að huga að því líkt og búrekstrinum.

Vísnaðhornið

Af gefnu tilefni orti **Jón Jens** um nýlegt pólitískt innlegg.

Flokkur sem þreyr við fylgi klént færður er nú í þröngan stakk, kynna þarf nýja kosti og ráð, kjósendur svo ei leggi á flakk. Þar bera stúlkur þunga sök, þeim er víst munntamt froðusnakk og hafa ei fleira handbært en, hárblásara og naglalakk.

Og meira um pólitík hjá Jóni Jens:

Á hólí var kofi með hænum, í hallanum suður af bænum. En lunginn úr stofninum lenti í ofninum, líkt og hjá vinstri grænum.

Hretin eru mönnum ofarlega í huga. Svo yrkir **Ólafur Stefánsson**:

Haustkálfar hópast til byggða hreti á undan sér ryðja. Þessi hringóði fans, sér hraðar í dans. Hreint út sagt óþörf sú iðja.

Um tíðarfarið yrkir **Friðrik Steingrímsson** á Boðnarmiði:

Hjá bændunum komin er klemma hver skemma. Þeir muna því árið, með úrkomufárið og voríð er vetraði snemma.

Um dægurmálin segir Friðrik:

Af hugkvæmni vindana virkjum og velsæld hjá þjóðinni styrkjum.

Allt er svo næs og ungbörnin læs, þá töpum við samt fyrir tyrkjum.

Davíð Hjálmar Haraldsson er tilbúinn gagnvart hausthreti:

Mér er hlýtt, með hörkubók, heitan kaffisopa, úlpu, peysu, þrjónabrók og pungbindi úr lopa.

Bragi Húnfjörð Kárasón (1949–2018) á Þverá í Norðurárdal var býsna lipur hagyrðingur og orti meðal annars:

Gleður hag á góðri stund, glettin saga í ljóðum. Styttir dag og léttir lund, líf í bragaglóðum.

Ekki veit ég hver fékk þessa vortengdu vísu frá Braga:

Hug þinn fyllir vorsins veldi, verði þér til yndis margt. Yfir þínu ævkveldi, ætíð verði stjörnuþjart.

Halldór Snæhólm orti um gamla Jósep Húnfj., kunnan kvæðamann:

Húnfjörð rækir heillasið hann er valinn drengur, yrkir fram í andlátíð eða máske lengur

Húnvetningurinn **Einar Kolbeinss.** í Bólstaðarhlíð orti meðan enn barst póstur og flokkað var heima:

Af því bara umráð hef, yfir sjóði snauðum. Gætu þessi gluggabréf, gengið af mér dauðum.

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com

Kartöfluræktun:

Fyrsta myglulausa sumarið frá 2018

Ekki hefur orðið vart við kartöflu-myglu í sumar sem er þá fyrsta myglulausa sumarið frá 2018.

Kartöflumygla getur valdið miklu tjóni og eru nýleg dæmi um það frá síðustu árum. Helgi Jóhannesson, garðyrkjuráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir að hættan sé ekki liðin hjá, þó að hún fari minnkandi, því ef veður verður hlýtt og rakt fram eftir september og grös ekki fallin, geti hún náð sér á strik.

Í vor var hættan talin mikil á að öflug mygluafbrigði myndu berast til landsins með innfluttu útsæði. „Það var mikil útbreiðsla á kartöflumygla í Evrópu síðastliðið sumar og hætta á myglusmiti í innfluttu útsæði. Þetta voru nýir og skaðlegir myglustofnar sem voru í umferð erlendis, með þol gegn varnarefnum,“ segir Helgi.

Strangar reglur um notkun varnarefna

Bændur á Suðurlandi settu niður talsvert af innfluttu útsæði í vor, en til mótvægis voru ráðlagðar fyrirbyggjandi varnaraðgerðir sem bændur nýttu sér allflestir sýnist mér. Helgi er kartöflubændunum til halds og trausts og ráðleggur þeim hvernig standa skuli að vörnnum.


„Varnarefnið sem bændur nota eru ýmist fyrirbyggjandi eða stöðva myglu sem komin er af stað. Um þessi efni gilda strangar reglur um notkun og uppskerufrest. Bændur þurfa sérstök notendaleyfi til að

mega kaupa og nota efnin og efnin þurfa markaðsleyfi sem gefin eru út af Umhverfisstofnun,“ útskýrir hann.

Mygluspákort RML

Á vef RML hefur mygluspákorti verið haldið úti á undanförunum þremur sumrum sem byggir á veðurgögnum. „Bændur geta þar séð mygluhættu frá degi til dags og spá næstu daga. Með spánni geta bændur metið hættuna á myglu og hagað vörnum eftir því. Ef mikil hætta er á myglu, það er hlýtt veður og rakt, úða bændur með fyrirbyggjandi efnun samkvæmt ákveðinni forskrift. Ef lítil hætta er á myglu er hægt að sleppa úðun, seinka eða minnka skammtana. Ef myglan nær sér á strik og veður sýnileg eru notuð önnur efni sem stöðva útbreiðslu og hjálpa plöntunum að verða heilbrigðar. Til þess hefur þó ekki komið í sumar. Sennilega hefur veðurfarið í sumar hjálpað, það er fáir dagar með hlýju veðri, en örugglega líka öflugar varnir hjá bændum,“ segir Helgi.

Að mati Helga verður mygluhætta áfram fyrir hendi fram eftir hausti ef veðurskilyrði eru fyrir hendi. „Köld veðráttu í sumar verður til þess að bændur reyna að láta kartöflurnar stækka fram eftir hausti og seinka því uppskerustörfum. Þeir þurfa því að hafa varann á gagnvart myglu fram að uppskeru til geymslu, hvenær sem hún svo hefst fyrir alvöru. /smh



Mygluspá eins og hún birtist á heimasíðu RML 2. september 2024.

VALTRA Q-LÍNAN

230-305 hestöfl

NORRÆN HÖNNUN Í HÆSTA GÆDAFLOKKI

AFLVÉL
AGCO Power, unnið með Valtra frá 1951 lengst allra

SKROKKUR
Allar Q-línu dráttarvélar eru smíðaðar í Finnlandi í háum gæðum

ÖKUMANNSHÚS
Háþróuð tækni, frábært jafnvægi næst með loftfjæðrandi framás og húsi

GIRKASSJ
CVT stíglaus girskipting sérniðin að Valtra, hönnuð og þróuð af AGCO í Þýskalandi

TRAUSTUR SAMSTARFSADILI
Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Reiknað er með áframhaldandi fækkun á lömbum sem koma til slátrunar á landsvísu.

Mynd / smh

Sauðfjárslátrun:

Frekari fækkun sláturgripa

Um 28 þúsund færri lömb komu til slátrunar síðasta haust en árið á undan. Áfram er reiknað með fækkun í yfirstandandi slátturþjó þó ekki sé talið að hún verði jafnmikil og á síðasta ári.

Slátruhús Vopnfirðinga hefur hætt rekstri, en þar var slátrað rúmum 22 þúsund dilkum á síðasta ári. Talið er að slátrugripir af því svæði muni dreifast að mestu á Kópasker til Fjallalambs, á Húsavík til Norðlenska og á Sauðárkrók til Kaupfélags Skagfirðinga.

Fækkun verði um eða undir tíu þúsund

Einar Kári Magnússon hjá Kaupfélagi Skagfirðinga segir að reiknað sé með að um 80 þúsund dilkar komi til slátrunar á Sauðárkróki, en þeir voru tæplega 73 þúsund á síðasta ári. Þá var rúmum sjö þúsund ám slátrað og gerir Einar Kári ráð fyrir svipuðum fjölda nú. Áður en hann tók við starfi hjá Kjötöfudastöð Kaupfélags Skagfirðinga starfaði hann hjá Matvælastofnun, þar sem hann hélt utan um sláturtölur meðal annars. Hann hefur sjálfur áætlað að fækkun lamba sem komi til slátrunar á landsvísu verði um eða

undir tíu þúsund. „Ég geri ráð fyrir að innan við 410 þúsund dilkum verði slátrað, en í fyrra voru þeir 418 þúsund. Þá var reyndar fallþungi mjög góður, sem vó aðeins upp á móti samdrættinum varðandi kjötframleiðsluna, en ég á ekki von á því að hann verði jafngóður núna,“ segir Einar Kári.

Slátruhús KVH á Hvammstanga (SKVH) er í helmingseigu Kaupfélags Skagfirðinga og hinn helminginn á Kaupfélag Vestur-Húnavetninga. Sveinbjörn Magnússon, starfsmaður hjá SKVH, gerir ráð fyrir svipuðum fjölda og í fyrra, sem var alls tæplega 88 þúsund.

Svoltil fjölgun hjá Fjallalambi

Fjallalamb heldur áfram að slátra á Kópasker en á undanförunum síðustu þremur árum hefur ekki verið rekin hefðbundin afurðastöð undir merkjum Fjallalamb. Allt er selt í heilum skrokkum til Norðlenska. Björn Víkingur Björnsson framkvæmdastjóri reiknar með að á milli 24 og 25 þúsund gripum verði slátrað á Kópasker í haust, en í fyrra voru þeir rúmlega 21 þúsund. Steinþór Skúlason, forstjóri

Slátrufélags Suðurlands, áætla að um 96 þúsund gripir komi til slátrunar hjá þeim, um 88 þúsund dilkar og átta þúsund ær. Það er svipaður fjöldi dikka og í fyrra en rúmlega tvöþúsund færri ær.

Mesta fjölgunin hjá Norðlenska

Mesta fjölgun sláturgripa virðist ætla að verða á Húsavík hjá Norðlenska. Ágúst Torfi Hauksson framkvæmdastjóri segir að á Húsavík verði sláturgripir alls um 88 þúsund, en þeir voru rúmlega 80 þúsund á síðasta ári. Meiri óvissa sé með fjöldann hjá SAH afurðum á Blönduósi, sem er í eigu Kjarnafæði Norðlenska, en áætlun gerir ráð fyrir 70 þúsund sláturgripum alls.

Síðasta haust reyndist fallþunginn vera 17,22 kíló að meðaltali á dilk, sem er rúmum 600 grömmum meiri en árið á undan. Var það einungis í annað sinn sem hann fer yfir 17 kíló, en áður gerðist það árið 2021 þegar hann var 17,40.

Heldur færri fullorðnar ær komu til slátrunar síðasta haust en haustin þar á undan. Einar Kári segir að almennt sé gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í framleiðslu nú í haust. /smh

Mýrdalshreppur:

Leyfir ekki sandnám

Fyrirtækið LavaConcept Iceland hefur sótt um framkvæmdaleyfi hjá Mýrdalshreppi vegna efnistöku á sandi úr Höfðafjöru á Kötutanga.

Fjaran er 2,5 kílómetrum sunnan við Hjörleifshöfða og um 11 km austan við Vík. Samkvæmt framkvæmdaleyfisumsókninni er fyrirhugað að taka árlega um 50.000 tonn af sandi á ári næstu fimmtán árin.

Í umsögn frá Eflu um málið segir: „Tilgangur efnistökkunnar er að afla jarðefnis, nánar til tekið sands, sem nýta á í sandblástur erlendis. LavaConcept Iceland hefur unnið að rannsóknum á sandinum í fjörunni austan Víkur í 11 ár frá árinu 2013 og hefur komið í ljós að sandurinn er með eiginleika sem gera það að verkum að hann er einkar hentugur í sandblástur, þ.e. harður og oddhvas eftir að búið er að harpa og brjóta hann niður í rétta stærð, en það er gert erlendis.“

Samkvæmt ákvörðun skipulags- og umhverfisráðs Mýrdalshrepps á fundi 16. ágúst sl. telur það sig ekki geta veitt leyfið að svo stöddu. Ástæðan sé sú að leyfi liggi ekki fyrir hjá hlutaðeigandi landeiganda fyrir umferð eða vegagerð um það land sem akstursleið er skilgreind samkvæmt umsókninni. Jafnframt þurfi að kanna afstöðu



LavaConcept vill fá leyfi til efnistöku á sandi nálægt Vík í Mýrdal fyrir sandblástur. Mynd / Annie Spratt - Unsplash

Vegagerðarinnar ef opna þarf nýja vegtengingu við þjóðveg 1.

Ráðið hefur því óskað eftir frekari upplýsingum, frá umsóknaraðila, áður en umsóknin verður tekin fyrir aftur. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur staðfest ákvörðun nefndarinnar. /mhh

can-am®

NÚNA ER TÍMINN TIL AÐ TRYGGJA SÉR NÝTT CAN-AM

Nýju G3L fjórhjólin eru til á lager og stór sexhjólasending væntanleg.



FJÓRHJÓL

Verð frá 1.685.000 + vsk



SEXHJÓL

Verð frá: 3.056.000 + vsk

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

Hornafjörður:

Tugmilljónatjón hjá kartöflubændum

Kartöflubændur í Nesjum í Hornafirði urðu fyrir verulegu tjóni á dögnum þegar hluti ræktarlanda þeirra fór á kaf í kjölfar mikillar rigningar og vegna áhrifa af veglagningu yfir sameiginlegt útfall Laxár og Hoffellsár, vestan við Hornarfjarðarflugvöll.

Veglagning Vegagerðarinnar og brúargerð, sem er hluti af verkefninu við styttingu hringvegarins yfir Hornarfjarðarfljót, hindrar þannig náttúrulegt útfall ána á leið til sjávar í Hornafirði með þeim afleiðingum að það flæddi yfir karöflugarða bændu.

Ekki tekið tillit

„Það hefur verið óvenju þurrt hérna hjá okkur frá því að þeir byrjuðu á framkvæmdunum við þverun á þessum árfarvegi. Svo fyrir nokkrum vikum þá gerði nokkurt rigningardeður og þá sáum við fyrst hvað gæti verið í vændum, því þá fór vatn að flæða aðeins upp á árbakkana beggja vegna og náði ekki að skila sér almennilega í rennslið niður af svæðinu,“ segir Hjalti Egilsson, kartöflubóndi á Seljavöllum.

„Ég talaði strax við Vegagerðina þegar ég var að fara að setja niður í vor, af því að ég hafði áhyggjur af þessu. Garðlöndin standa svo lágt þarna að við þessar breyttu aðstæður eru bein áhrif á þau ef vatnavextir verða svo miklir í ánum.



Afleiðingar flóðsins á dögnum, algjör uppskerubrestur hefur orðið í sumum garðalöndum en óvissa er með önnur og kemur ekki í ljós fyrir en við uppskeru.

Við hönnun á þessum mannvirkjum hefur hins vegar ekkert tillit verið tekið til okkar athugasemda um þessa hættu.“

Samanlagt tjón nemi tugmilljónum

„Ég var sem betur fer búinn að taka upp úr svolitlum hluta af þessum gördum sem fóru alveg á kaf, sem samtals eru meira en hektari af stærð, enda eru þetta okkar bestu ræktarlönd og þaðan kemur venjulega fyrsta uppskeran frá okkur. Það eru bein áhrif á aðra þrjá hektara lands þar

sem viðvarandi bleyta er vegna hærri grunnvatnsstöðu. Við erum svo með aðra fimm hektara sem við ákváðum að hvíla frá kartöfluræktun þar sem við óttuðumst að þeir gætu lent í vatnstjóni,“ heldur Hjalti áfram.

„Við erum að fá allt að 20 tonnum í uppskeru af hverjum hektara hér í Nesjum þannig að við metum að tjónið gæti hlaupið á tugum milljóna, ef við tökum saman tjón okkar og nágretta okkar í Akurnesi líka. Tjónið verður hins vegar ekki að fullu ljóst fyrir en búíð verður að taka alveg upp úr gördum á þessu



Hjalte Egilsson, kartöflubóndi á Seljavöllum.

Myndir / Aðsendar

svæði,“ segir Hjalti sem óttast að varanleg neikvæð áhrif verði á alla fjóra kartöfluframléiðendur svæðisins.

Getur rignt miklu meira

Hjalte segir að ekki sé ljóst hvaðan bætur muni berast vegna tjónsins. „Ég held að Vegagerðin hljóti þó að vera ábyrgðaraðili á því. Við heyrðum það þó í samskiptum okkar við fulltrúa Vegagerðarinnar að við þyrftum aldrei að hafa áhyggjur af mögulegum flóðum.

Í raun höfum við sloppið sémilega hingað til því það hafa bara komið tvisvar svona miklar rigningar í sumar. Núna er verið að vinna veginn þarna yfir og það hefði verið hægt að gera ráðstafanir til að minnka líkurnar á að svona tjón verði, til dæmis með því að rjúfa veginn. Verktakinn hafði sem betur fer vit á því að gera það og bjarga því að ekki færi verr. Það hefði þó átt að gera það fyrir.

Ég held að tjón geti orðið miklu meira þegar alvöru vatnsveður verður, það getur rignt miklu meira en þetta,“ segir Hjalti. /smh

Helsingjar valda usla

– Bóndi í Suðursveit orðið fyrir miklu tjóni vegna ágangs

Umhverfisstofnun vill takmarka veiðar á helsingja en bóndi á austanverðu Suðurlandi horfir upp á fuglana eyðileggja tún og akra sumar hvert og segir þeim fjölga ár frá ári.

Umhverfisstofnun skoðar hvernig draga megi úr veiðum á helsingja. Er ástæðan sögð vera sú að Austur-

Grænlands-stofninn hafi rýrnað mjög á allra síðustu árum sökum fuglflensu og viðkomubrestur verið síðustu tvö sumur. Ýmsir hafa orðið til að draga þetta í efa og benda á aukinn fjölda helsingja, einkum á austanverðu Suðurlandi og landnám hans vestur og austur um land.

Björn Þorbergsson, bóndi í Gerði

í Suðursveit, er einn þeirra sem orðið hefur áþreifanlega var við mjög aukna viðkomu helsingja á landi sínu, mitt á milli Skaftafells og Hafnar í Hornafirði. Þar er rekið myndarlegt sauðfjárbú og ferðabjónusta.

„Ég er ekki sammála því sem Umhverfisstofnun segir um fækkun helsingja,“ segir Björn. Hann telur helsingjastofninn þvert á móti hafa stækkað hin síðustu ár og fregnir berist af fuglum vestur að Ölfusá og austur í Stöðvarfjörð.

„Þetta er að valda okkur í allri sýslunni stórtjóni. Helsinginn er hér frá því í byrjun apríl og fram á haust. Þeir eru fljótir að rústa túnunum. Það verður að skoða þetta eitthvað betur, sýslan hér er öll undir,“ segir hann enn fremur.

Valda verri vor- og haustbeit

„Helsinginn fór að koma hér í tún árið 2017 og fjöldinn fór mjög vaxandi frá ári til árs,“ heldur Björn áfram. „Hann er búinn að vera yfir okkur í allt sumar og það hefur hann aldrei gert áður. Hann hefur alltaf horfið í einhvern tíma. Hann hefur aldrei verið eins skæður og núna og eyðilagði m.a. grænófóðurakur hér í sumar. Ég varð að sá í hann aftur um 10. júlí því allt var rífið upp úr akrinum. Það var ekkert eftir og eiginlega bara alveg ótrúlegt að horfa upp á það. Fuglarnir eru svo framir að þeir rifu meira að segja upp karöflurnar fyrir kartöflubændur í fyrra,“ segir hann.

Björn segir helsingjana koma fyrstu viku aprílmánaðar og vera fram í september.

„Í vor var maður bara mjög sáttur við hvernig túnin fóru af stað, miðað við hversu kalt var. Þegar átti að setja féð út var eins og væri janúar, það var bara sviðin jörð eftir helsingjana, útskýrir hann. „Við höfum frestað því að bera á túnin til að reyna að losna við fuglana og nú er svo komið að



Bóndi í Gerði í Suðursveit segir helsingjann fljótan að eyðileggja túnin. Hann grafi upp grænófóðurakra og taki jafnvel upp kartöflur. Fjöldi helsingja á svæðinu hafi aukist mjög, allt frá árinu 2017.

við erum ekki að bera á fyrir en um miðjan júní sem þýðir að vorbeitin fyrir búfenað er mjög döpur og meiri kostnaður náttúrulega, af fóðurbæti og heyi. Þetta gerir að verum að sláttur var seinni á ferðinni sem þýðir aftur að haustbeitin getur orðið verri. Þetta er því slæm keðjuverkun. Og það er ekki eins og að helsinginn sé að koma hér eina eða tvær vikur heldur er hann yfirvofandi frá fyrstu viku apríl og út í september.“

Ekki auðveiddir og hræðast ekkert

Björn segir helsingjann hreinlega það versta sem hægt sé að fá í túnin og miklu verri en t.d. gæs. „Helsingjarnir fara saman í stórum hópum og eru svo þétt þegar þeir koma. Þeir setjast í eitt horn á túnunum, fara eins og faraldur yfir túnið og það er eins og sviðin jörð eftir. Þegar fuglarnir eru svo komnir yfir túnið fara þeir aftur þangað sem þeir byrjuðu. Það eru hér tún í nágrenninu sem eru illa

farin sem hann hefur verið ásakinn í núna. Þetta er stórtjón í rauninni, bæði tíminn sem fer í þetta og líka fjárhagslegt tjón vegna áburðarkaupa t.d., sem er bara orðið þó nokkuð,“ segir Björn jafnframt.

Erfiðara er að veiða helsingjann en grágæsina þar sem hann hagar sér á annan hátt. Hann er óútreknanlegri og fremur ólíklegt að hann komi aftur á sama staðinn að morgni, sé hann rekinn upp að kveldi. Björn segir þurfa mikla þolinmæði og tíma til að veiða hann. Fuglahræður geri heldur ekkert gagn, það hafi verið reynt og fuglinn jafnan hvað þéttastur þar. „Helsinginn lætur ekki hræða sig og er dálítill skæruliði í sér,“ hnýtur Björn við.

Hann stórefast því um að helsingja sé að fækka hér á landi, bæði af þeim aukna fjölda sem hann sér á sínu svæði og hversu víða hann hefur heyrt af fuglunum. Fara þurfi í nýjar talningar áður en ákvörðun sé tekin um að hamla veiðum. Björn hefur setið fundi með Umhverfisstofnun þar sem farið er yfir þessi mál og segist hann hafa gagnrýnt tölur stofnunarinnar um fjölda helsingja á svæðinu, en fyrir daufum eyrum, líkt og raunar með fjölda hreindýra. /sá

Segðu **BLESS** við óværuna!

YKKAR pest control

BANINN SEM VIRKAR

-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum

Skjótum rótum



og vöxum saman

Upplifðu rólegra og áhyggjuminna líf í samheldnu, kraftmiklu og drífandi samfélagi á Suðurlandi þar sem öll þjónusta er annað hvort á staðnum eða í næsta nágrenni og úlfatíminn er ekki til. Í sveitasælunni verða dagarnir stuttir, en lífið langt og meiri tími gefst til að njóta fallegrar náttúru, útivistar og samverustunda með þínum nánustu.

Kynntu þér lausar íbúðarhúsalóðir og búðu þér heimili á besta stað á Suðurlandi.



20 mín.
á Selfoss



Leik- og
grunnskóli



Einstakar
náttúruperlur

Kynntu þér framtíðarbyggð á borgisveit.is



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



Háihólmi hefur fengið úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á um 370 tonnum af kjöti síðan um mitt ár 2023. Mynd / Kelsey Todd - Unsplash

Óarðbær innflutningur

Einkahlutafélagið Háihólmi skilaði tæplega 1,2 milljóna króna hagnaði á sínu fyrsta rekstrarári. Félagið hefur fengið úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á um 370 tonnum af kjöti síðan um mitt ár 2023.

Samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2023 námu rekstrartekjur fyrirtækisins tæpum 598 milljónum króna en kostnaðarverð seldra vara voru rúmar 578 milljónir króna. Félagið greiddi laun fyrir starfsmann í 40% starfshlutfalli og annan rekstrarkostnað upp á um sjö milljónir króna. Eignir félagsins námu tæplega 75 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi og eigið fé í árslok nam tæpum 1,7 milljónum króna.

Félagið og hlutafé þess er að fullu í eigu Birgis Karls Ólafssonar.

Starfsemi Háahólma er skilgreind í ársreikningnum sem rekstur heildsölu. Ýmislegt bendir til þess að félagið sé milliliður í innflutningi Kaupfélags Skagfirðinga á kjöti sem fer beint í vinnslu Esju Gæðafæðis, dótturfélags KS, eins og fram kom í 13. tölublaði Bændablaðsins.

Á aðalfundi KS um mitt síðasta ár beindu félagsmenn því til stjórnar KS að félagið og dótturfélög þess stæðu ekki í innflutningi á erlendum búvörum og eftir það hefur Esja Gæðafæði ekki tekið þátt í útboðum á ESB- og WTO-tollkvótum á landbúnaðarafurðum.

Hins vegar selur Esja Gæðafæði enn erlent kjöt, sem fæst meðal annars í Sælkerabúðinni að Bitruhálsi, hvar Esja Gæðafæði er einnig til húsa.

/ghp

Kjötframleiðsla eykst áfram

Samkvæmt nýútgefnum tölum Hagstofu Íslands jókst innlend kjötframleiðsla um 15 prósent í júlí, miðað við sama mánuð á síðasta ári.

Þegar horft er til fyrstu sjö mánaða árána er vöxtur í öllum kjötframleiðslugreinunum þremur sem Hagstofan heldur utan um.

Á þessum mánuðum hefur svínakjötsframleiðslan vaxið mest, eða samtals um 7,9 prósent. Alifuglaframleiðslan hefur aukist um 4,4 prósent og nautgripakjötsframleiðslan um 1,7 prósent.

Í júnímánuði dróst framleiðslan

saman um sex prósent miðað við á síðasta ári og um tíu prósent í mars, var jafnmikil í maí en í öðrum mánuðum hefur orðið vöxtur og mestur í apríl, um 25 prósent.

Þegar rýnt er í tölur nautgripakjötsframleiðslunnar kemur í ljós að á fyrstu sjö mánuðum ársins hefur framleiðsla á kálfakjöti minnkað um 2,5 prósent, miðað við sömu mánuði í fyrra. Einnig á kýrkjöti, um 2,6 prósent, en aukist um 3,3 prósent á ungnautakjöti – sem er langstærsti framleiðsluflokkurinn.

/smh



Ivar Örn Lárusson, stofnandi og framkvæmdastjóri Veldix, ásamt Einari Þór Guðmundssyni, sölu- og markaðsstjóra, við vöruafgreiðslu fyrirtækisins í Suðurhrauni í Hafnarfirði. Mynd / ghp

Gasmarkaður:

Aætla í samkeppni við einokunarfyrirtæki

Nýtt fyrirtæki vill koma sér fyrir á gasmarkaði á Íslandi og hefur hug á að útvega fljótandi koltvísýring til endursölu til garðyrkjubænda og annarra framleiðslufyrirtækja. Þó hefur það ekki gengið þrautalaust fyrir sig.

„Veldix stendur ekki til boða að kaupa hráefni í Evrópu til endursölu á Íslandi sem bendir til þess að fákeppnin nái lengra en til Íslands. Svo virðist sem tvö til þrjú fyrirtæki stýri nær öllum gasmarkaði á Vesturlöndum og skipti honum á milli sín,“ segir Ivar Örn Lárusson, framkvæmdastjóri Veldix, sem er nýtt fyrirtæki á gasmarkaði á Íslandi.

„Niðurstaðan varð því sú að Veldix framleiðir bæði hylki og flytur inn gas frá Asíu. Við sáum ekki leið fram hjá evrópsku einokuninni öðruvísi,“ segir hann. Í upphafi átti Veldix í viðræðum við Birgja í Benelúx um innflutning á gasi. „En þegar erlendu birgjarnir komust að því að við vildum fá gámana senda til Íslands til endursölu þá hættu þeir fyrirvaralaust samningaviðræðunum.“

Flutningur dýrari en gasið

Tæp tvö ár eru síðan Ivar hóf undirbúning að rekstri Veldix en sala á fyrstu vörum fyrirtækisins, hlífðargas fyrir suðu, fór af stað fyrir örfáum vikum. „Fleiri vöruflökkar muni bæstast við á árinu, til að mynda súrefni, asetýlen, CO₂, nitro og fleira. Um mitt árið 2025 gerum við ráð fyrir að starfsemin verði komin á fullt skrið og allar vörur í boði séu lagervara,“ segir hann.

Ivar segir augljóst óhagræði fólgið í því að flytja gasið frá Asíu, enda flutningskostnaðurinn meira en tífalt dýrari en sjálft gasið. Þá hafi aðeins eitt flutningsfyrirtæki verið tilbúið til að flytja varninginn til Íslands hingað til.

Tilgangurinn sé þó að gera atlögu að því að skapa samkeppni hér á landi og meðal annars beina sjónum að fljótandi koltvísýringi. Viðvarandi skortur á framboði á honum hefur haft áhrif á garðyrkjufurframleiðendur á Íslandi og hafa bændur gagnrýnt fyrirtækið Linde Gas fyrir að standa ekki við skuldbindingar sínar gagnvart þeim. Þar sem Linde Gas er eitt um að útvega kolsýru á Íslandi hafa þeir sem þurfa á fljótandi koltvísýringi að halda ekki getað leitað annað.



Þrjú landeildisfyrirtæki eru að byggjast upp í Ölfusi og hafa lóðir til þess verið deiliskipulagðar við Laxabraut. Ivar segist hafa óskað eftir úthlutun á lóð fyrir súrefnis- og köfnunarefnisverksmiðju, innan rauðmerka svæðisins, sem er á milli uppbyggingar tveggja landeildisfyrirtækja. Ölfus segist hins vegar ætla að deiliskipuleggja fimm lóðir innan svæðis sem er gulmerkt til uppbyggingar á súrefnisverksmiðju eða tveimur.

Mynd / Loftmyndir

„Við erum tilbún að taka þátt í því að búa til samkeppnishæfan markað með garðyrkjubændum og reka okkar fyrirtæki með lágmarks framlegð á þessu sviði. Í dag er Veldix að leita að innlendum koltvísýringi til vinnslu og endursölu en það er takmörkuð auðlind hér á landi sem ekki stendur öllum til boða að nýta,“ segir Ivar.

Hafa ekki fengið úthlutaðri lóð í Ölfusi

Ivar óskaði eftir því í maí síðastliðnum að Veldix fengi úthlutaðri lóð fyrir starfsemi sína í Þorlákshöfn, þar sem þau hyggjast reisa súrefnis- og köfnunarefnisverksmiðju til að þjónusta m.a. landeildisfyrirtækin sem þar er verið að byggja upp.

„Við sendum inn formlega lóðaumsókn í vor til að setja upp verksmiðju en höfum ekki fengið nein svör um hvort af verði enn sem komið er. Ég fæ þau svör að þeir séu komnir í þá jákvæðu stöðu að það sé eftirspurn eftir lóðum og að mikilvægt sé að vanda til við lóðaúthlutun þannig að allir sitji við sama borð,“ segir Ivar. Hann furðar sig á því að þekkingarsetrið Ölfus Cluster sé fengið til að svara til um skipulagsmál fyrir hönd sveitarfélagsins Ölfuss.

Svo vill til að fyrirtækið Linde Gas varð stofnfélagi Ölfus Cluster árið 2022, um ári eftir að þekkingarsetrið var stofnað. Elliði Vignisson, sveitarstjóri Ölfuss, lét hafa eftir sér í Morgunblaðinu þann 8. ágúst sl. að Linde Gas hyggist framleiða súrefni fyrir gróðurhús

og fiskeldi í sveitarfélaginu og setti það á lista verkefna í vinnslu. Linde Gas hefur hins vegar ekki fengið úthlutaðri lóð í sveitarfélaginu og hvergi hefur verið minnst á Veldix í þessu samhengi.

Deiliskipuleggja ákjósanlegar lóðir

Páll Marvín Jónsson, framkvæmdastjóri Ölfus Cluster, segir að þekkingarsetrið hafi ekkert skipulagsvald innan sveitarfélagsins Ölfuss. „Við aftur á móti reynum að aðstoða þau fyrirtæki og frumkvöðla sem til okkar leita og vilja byggja upp sína starfsemi hér í Ölfusi. Eins og gefur að skilja þá eru það mjög oft spurningar sem snúa að skipulagsmálum.“

Hann segir tvö fyrirtæki hafa leitað til þeirra og rætt möguleikann á að byggja upp súrefnisframleiðslu. „Við höfum aðstoðað þessi tvö fyrirtæki eftir bestu getu og átt í góðum samskiptum við þau bæði. Við teljum mjög svo æskilegt að fá súrefnisverksmiðju á svæðið enda stefnir í að um 100 þúsund tonn af laxi verði þarna í eldiskerum.“

Hann segir að sveitarfélagið hafi sett af stað vinnu við að deiliskipuleggja land milli Laxabrautar 31 og 33 sem hann segir ákjósanlega staðsetningu fyrir slíka verksmiðju, enda á milli lóða tveggja landeildisfyrirtækja. „Mér skilst að þarna eigi að deiliskipuleggja allt að fimm lóðir og á að auglýsa þær til úthlutunar um leið og þeirri vinnu er lokið.“

/ghp



ALLT FYRIR SNJÓMOKSTURINN












TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Garðabæ | Akureyri | Selfossi
sími 480-0000 | www.aflvelar.is



YLJUM OKKUR

MEÐ ÍSLENSKRI KJÖTSÚPU – NÁTTÚRULEGA

Íslenska kjötsúpan er í grunninn alltaf eins, en samt einhvern veginn aldrei eins. Allir eiga sína uppáhalds kjötsúpu og hefðirnar, uppskriftirnar og leyningráefnin leynast í hverju eldhúsi. Frá upphafi byggðar hefur hún fært okkur yl í kroppinn og kraftmikla næringu.

Hráefnið er úrval af öllu því besta sem Íslenskir bændur bjóða: Nýspröttið grænmeti og hollt íslenskt lambakjöt, framleitt á fjölskyldubúum við einstakar aðstæður og alið á villtri íslenskri náttúru, laust við erfðabreytingar og aukaefni – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á islenksklambakjot.is



Íslenskur refur. Veidimenn í Skaftárhreppi munu fá 16.000 krónur fyrir hvert skott sem þeir skila inn. Mynd / Jonatan Pie - Unsplash

Refaveiði í Skaftárhreppi

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti nýlega skipulag um refaveiðar í sveitarfélaginu.

Því verður skipt upp í fimmtán veiðisvæði og samið verður við sama veiðimanninn á hverju svæði fyrir sig á ársgrundvelli.

Þá hefur sveitarstjórn samþykkt að greiða 16.000 krónur fyrir hvert skott, sem skilað er inn

af veiðimönnum með samning. Hvert og eitt veiðisvæði inniheldur mismunandi fjölda lögbýla en landamerki þeirra ráða skiptingu svæða.

Næst á dagskrá er að auglýsa eftir veiðimönnum og útfæra svæðaskiptinguna, að því er fram kemur í fundargerð sveitastjórnar Skaftárhrepps. /mhh

Guðjón ráðinn til Ísey

Guðjón Auðunsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Ísey útflutnings ehf.

Guðjón er rekstrarhagfræðingur að mennt með víðtæka reynslu úr íslensku atvinnulífi að því er fram kemur í tilkynningu frá Ísey útflutningi. Hann lét af störfum sem forstjóri Reita fasteignafélags fyrr á árinu.

„Meginverkefni nýs framkvæmdastjóra, í samvinnu við öflugt teymi starfsmanna Ísey hér á landi og erlendra samstarfsaðila, er að stuðla að enn frekari sókn á erlenda markaði með vöru og vörumerkið „ÍSEY“,“ segir jafnframt í tilkynningunni.

Ísey útflutningur er systurfélag Mjólkursamsölunnar, stofnað árið 2018 í þeim tilgangi að halda utan



Guðjón Auðunsson.

um erlenda starfsemi og útrás með vörur félagsins. Það er í áttatíu prósent a eigu Auðhumlu en Kaupfélag Skagfirðinga á tuttugu prósent í félaginu.

Í maí bárust fregnir af því að kúabændur á starfssvæði Auðhumlu fengu arðgreiðslu vegna góðs gengis Ísey útflutnings á árinu 2023. Ómar Geir Þorgeirsson var áður framkvæmdastjóri Ísey útflutnings. /ghp



EINSTÖK UPPLIFUN

MF 6S 135-200 HP

EINSTÖK VÉL TIL AFKASTA OG HAGRÆÐINGAR

ÓVIÐJAFNANLEG LIPURÐ

Leiðandi í sínum flokki hvað varðar snúningsradius- aðeins 4,75 m

EINSTÖK UPPSKRIFT HVAÐ VARÐAR AFL Á MÓTI ÞYNGD

Eyðslugrannur en eldsprækur 4,9 Ltr 4 strokka mótör og 500 kg léttari heildarþyngd

STYRKUR MEÐ STÖÐULEIKA

Mikil burðar- og dráttargeta með 2,67m milli öxla



Gagnheiði 35, Selfossi Sími 4800080 www.buveðlar.is

Refsstaður:

Reisir lítið sláturhús og hyggst slátra strax í haust

Skúli Þórðarson, bóndi á Refsstað í Vopnafirði og fyrrverandi sláturhússtjóri Sláturfélags Vopnfirðinga, vinnur nú hörðum höndum að því að reisa lítið sláturhús heima á bæ.

Um sláturhús er að ræða sem rekið verður á forsendum reglugerðar um lítil matvælafrýrtæki og hefðbundin matvæli, sem tók gildi í október 2016, fáið til þess starfsleyfi. Seglbúðir í Landbroti er dæmi um sláturhús sem var rekið á forsendum þeirrar reglugerðar þangað til rekstri þess var hætt á síðasta ári.

Samkvæmt upplýsingum frá Freydísi Dönu Sigurðardóttur, deildarstjóra sláturhúsa hjá Matvælastofnun, verður sláturhúsið á Refsstað það eina sem starfar samkvæmt reglugerð 856/2016. „Sláturhús Vesturlands í Borgarnesi er með fullt leyfi sem samþykkisstöð, það er umfangsmeira leyfi en þessi reglugerð gefur rými fyrir, en sláturhúsið hefur ekki verið fullnýtt,“ segir Freydís.

Lítill afurðastöð á Refsstað

Skúli segir að allt kapp sé lagt á að klára verkefnið sem allra fyrst, svo Matvælastofnun geti sem fyrst tekið sláturhúsið út og vonandi í kjölfarið veitt starfsleyfi til slátrunar núna í sláturtíðinni. „Við sækjum um leyfi fyrir slátrun á 100 sauðfjár á dag að hámarki og fimm stórgripum á viku,“ segir Skúli, en samhliða er reist kjötvinnsla á bænum þar sem einnig verður starfrækt lítill afurðastöð.

„Sláturhúsið verður rekið bæði sem þjónustusláturhús við aðra bændur hér í nálægum sveitum og svo erum við með eigin vörumerki, Vopnfirskt gæðakjöt, og markaðssetningu á sauðfjár- og hrossakjötsafurðum,“ útskýrir Skúli, sem er með um 400 vetrarfóðradar kindur og um 30 blóðmerar. Hann vill geta selt beint því sem hann slátrar sjálfur, um helmingur fer beint á heimamarkað og hitt er selt beint frá býli í vefsölu. Þá er hann með heimavirkjun sem skilar svolitlu í búreksturinn með sölu á rafmagni inn á landsnetið.

Sláturhúsið í gömlu fjósi

Sláturhúsið rís innan í gömlu fjósi og segir Skúli að í grundvallaratriðum sé búið að klæða salinn og setja upp



Skúli Þórðarson á Refsstað reisir lítið sláturhús og kjötvinnslu á bænum. Myndir / Aðsendur

frystiklefa. Eftir sé að setja upp sláturlínu og brautir inn í kælinn. Þá eigi eftir að tengja mestallt rafmagn og vatn. Búið sé þó að ganga frá vatnsból og fráveitu að mestu leyti, nema eftir eigi að leggja drenlagn frá rotró. „Ég geri mér vonir um að klára þetta sem eftir er á næstu þremur vikum og að við getum þá slátrað í lok september, að það verði einn til tveir sláturdagar í viku í september og október,“ sagði hann þegar rætt var við hann í byrjun mánaðarins. Gert er ráð fyrir að slátrað verði 500 till.000 lömbum og 10 til 20 folöldum í haust.

Tækifæri í eigin slátrun og vinnslu

Sláturhús Vopnfirðinga hætti eftir síðustu sláturtíð og segir Skúli að hugmyndin hjá sér sé einfaldlega að skapa sér heilsársatvinnu. „En ég held það felist reyndar tækifæri í vinnslunni og sölnunni á eigin afurðum til að búa til meiri verðmæti,“ segir hann, spurður um hvort tækifæri hafa gefist við endalok sláturhússrekstursins á Vopnafirði.



REFSSTAÐUR EHF

„Í það minnsta kem ég til með að slátra fyrir nokkra ferðaþjónustuaðila sem eru hérna í kring. Ég er líka með samning við tvo aðila sem voru í viðskiptasambandi við Sláturfélag

Vopnfirðinga sem voru í heimtöku á öllu sínu kjöti eða hluta af því, auk annarra sem ég er í viðræðum við um að þjónusta. Annars mun slátrunin sem Sláturhús Vopnfirðinga var með að mestu dreifast á Sauðárkrók, Húsavík og Kópasker – eftir því sem ég hef heyrð.“

Aukinn sveigjanleiki og svigrúm

Markmið reglugerðarinnar á sínum tíma var að auka sveigjanleika í lítilli og hefðbundinni matvælaframleiðslu til að auðvelda framleiðendum að uppfylla kröfur matvælaöggjafarinnar.

Hún veitir afslátt af ákveðnum kröfum í hollustuháttareglugerðum og skapar auknið svigrúm til framleiðslu á séríslenskum hefðbundnum matvælum. /smh

Vestfirðir:

Vilja flýta innviðauppbyggingu

Lélegir samgöngu- og orkuinnviðir hamla verðmætasköpun, vexti og velsæld Vestfjarða að sögn Guðmundar Fertram Sigurjónssonar, stofnanda og forstjóra Kerecis.

Hann er talsmaður nýstofnaðs Innviðafélags Vestfjarða sem ætlar að leggja sitt af mörkum við að flýta uppbyggingu á svæðinu.

Félagið undirritaði á dögunum samstarfssamning við Bláma nýsköpunarfélag um greiningu og ráðgjöf tengda því að flýta uppbyggingu og fjármögnun samgönguinnviða á Vestfjörðum.

Að baki Innviðafélagi Vestfjarða standa kraftmikil fyrirtæki á Vestfjörðum að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Þar kemur fram að velta atvinnulífs á Vestfjörðum hafi þrefaldast á árunum 2016–2023. Haft er eftir Guðmundi Fertram að sóknarhugur sé í Vestfirðingum.

„Efnahagsævintýri Vestfjarða er raunverulegt og sá vöxtur nýtist þjóðarþínu. Hins vegar kallar áframhaldandi verðmætasköpun og vöxtur á stóraukinn kraft í uppbyggingu samgönguinnviða fjórðungsins. Við trúum því að öflugir innviðir séu forsenda sterkra samfélaga. Finna verður leiðir til fjármögnunar samgönguinnviða Vestfjarða og greiða niður háa innviðaskuld fjórðungsins.“



Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Þorsteinn Másson, framkvæmdastjóri Bláma, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, stofnandi og forstjóri Kerecis og talsmaður Innviðafélags Vestfjarða, og Gauti Geirsson, stjórnarmaður í Innviðafélagi Vestfjarða og framkvæmdastjóri Háafells ehf. Mynd / Aðsendur

Lélegir samgöngu- og orkuinnviðir hamla áframhaldandi verðmætasköpun, vexti og velsæld Vestfjarða. Það kallar á samstarf atvinnulífs, íbúa og hins opinbera.“ /ghp



EYLÍF

Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira



ÓLAFÍA INGÓLFSSDÓTTIR
Ég mæli 100% með Active JOINTS, allra besta bætiefni sem ég hef kynnst



MARGRÉT ÁGÚSTSDÓTTIR
Ég elska íþróttina mína og er ánægð með Active JOINTS



HRAFNHILDUR JÓNSDÓTTIR
Finn mikinn mun á liðleika mínum



ÁRNI PÉTUR ÞADALSTEINSSON
Ég er sannfærður um að Active JOINTS er að gera mikið gagn fyrir mig



HARTMANN K. GUÐMUNDSSON
Ég skipti yfir í Active JOINTS og fljótlega fann ég mikinn mun




MÁR GUÐNASON
Betri lílfsgæði með Active JOINTS



SIGRÚN KJARTANSDÓTTIR
Active JOINTS hefur reynst mér einstaklega vel





4980.-




2990.-




1490.-

BÓKA MARKAÐURINN AKUREYRI

VIÐ ERUM Á
ÓSEYRI 18



3999.-




2990.-



990.-



1799.-



690.-



2999.-



1490.-



3999.-



1999.-



1990.-



1499.-

ÓTRÚLEGT ÚRYVAL
ÞÚSUNDIR TITLA

LESTUR
ÞJÁLFA
LÆSI

OPÐ FRÁ
KL. 10-18
ALLA DAGA


10. TIL 28.
SEPTEMBER




2490.-



2490.-




990.-




1990.-



1970.-



1999.-



2990.-



1490.-



Gott afurðaverð fæst fyrir lífrænt vottað lambakjöt, sem selt er beint frá býli.

Myndir / Aðsendar

Sölvanes:

Greiða sjálf fyrir lífræna vottunarferlið í sláturhúsinu

– Einu sauðfjorbændurnir sem eftir eru með lífræna vottun

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Bændurnir í Sölvanesi í Skagafirði eru einu sauðfjorbændurnir á Íslandi sem stunda lífrænt vottaðan búskap.

Allnokkur sauðfjorbú voru lífrænt vottað fyrir um átta árum, en eftir að tiltekna undanþágur Evrópusambandsins gagnvart Íslandi féllu niður á árinu 2017, meðal annars um heimild til notkunar á grindargólfum, fækkaði þeim hratt og eftir stendur nú aðeins Sölvanes.

Rúnar Máni Gunnarsson og Eydís Magnúsdóttir í Sölvanesi fengu lífræna vottun á árinu 2022, enda ekki með grindargólf. En um

leið og vottunin var komin í hús bárust þeim þau tíðindi að Sláturhús SAH afurða á Blönduósi, það eina með lífræna vottun á Norðurlandi, ætlaði að hætta með vottunina. Þau hafa síðan þurft að greiða sjálf fyrir úttektina sem Vottunarstofan Tún gerir fyrir hverja sláturtíð, enda of langt að keyra með sláturféð í Borgarnes þar sem Sláturhús Vesturlands er með vottun.

Greiða sjálf fyrir úttektina

„Við ætlum að halda okkar striki núna í haust og láta taka sérstaklega út okkar sláturun til að halda vottuninni – sem við borgum svo sjálf fyrir. Sláturhúsið tekur svo sláturunina að sér sem verktaki,“ segir Eydís. Rúnar bætir við að auðvitað sé þetta

íþyngjandi kostnaður en það sé eini möguleikinn í stöðunni að taka hann á sig. „Þetta hefur kostað okkur mikla vinnu að fara í gegnum vottunarferlið, þannig að við ákváðum bara að gera það sem hægt var til að halda vottuninni.“

Þau segja að það hafi gengið vel hjá þeim frá því að þau fengu vottunina. Afkoman væri almennt betri og því væri það réttlætjanlegt að taka á sig aukinn kostnað bæði við sjálfa vottunina fyrir sitt vörumerki en einnig sláturferlið. „Við seljum eingöngu beint frá býli, höfum varla lagt inn skrokk til afurðastöðvar frá 2019. Við höfum tekið skrokkana úr sláturhúsinu og unnið þá í BioPol á Skagaströnd, vinnslueldhúsinu þar. Það er mjög þægilegt, enda góð aðstaða þar og stutt að fara frá Blönduósi.



Eydís Magnúsdóttir og Rúnar Máni Gunnarsson eru með lífrænt vottaðan sauðfjorbúskap í Sölvanesi í Skagafirði.

Hátíðnihögnar sem fæla óværu í burtu



SILVERLINE Hátíðnihögni MR50 50 fm 4.929 kr.



Silverline Hátíðnihögni MR80 DG2 80 fm 9.610 kr.

Músagildirur í ýmsum útfærslum



Silverline Músagildra Hiro M1 496 kr.



Silverline Músa/Rottugildra Tipper MR1 1.209 kr.



Silverline Músa/Rottugildra Vipper 620 kr.

Lágmarksverð 2.000 krónur á kíló

Spurð frekar um afkomuna og afurðaverð fyrir lífrænt vottað lambakjöt, segja þau að það sé alltaf spurning hvornig eigi að reikna sér tekjurnar. „Þetta er auðvitað talsvert meiri vinna en við fáum talsvert meira fyrir afurðirnar,“ segir Rúnar. Eydís segir að á síðasta ári hafi lágmarksverð fyrir þeirra afurðir verið tvö þúsund krónur á kíló, en til samanburðar má nefna að samkvæmt útgefnum afurðaverðsskrám kjötafurðastöðvanna fyrir komandi sláturtíð er reiknað afurðaverð rúmlega þúsund krónur á kíló að meðaltali.

Afurðaverð fyrir úrbeinað kjöt, steikur og aðra betri hluta af lambskrokknum segir Eydís að sé svo auðvitað mun herra.

„Við erum með lítið bú, aðeins um 200 kindur, og þar af leiðandi er þetta tiltölulega há prósent af innkomunni sem fer í þessar vottanir,“ segir Rúnar, en þau reka einnig ferðaþjónustu á bænum auk þess sem hann starfar utan búss sem fjótæknir.

Þau hvetja sauðfjorbændur sem hafi til þess aðstöðu að skoða möguleikann á því að fara að þeirra fordæmi. Þau hafi sjálf ekki verið

með grindargólf og því hentað þeim vel á sínum tíma að sækjast eftir vottuninni. „Okkur finnst reyndar þetta bann á grindargólfum vera fráleitt. En kannski hentar einhverjum bændum sem eru enn með sitt fé á taði eins og við vorum, að skoða betur þennan möguleika í því skyni að fá meira fyrir afurðir sínar.“

Stuðningur við afurðastöðvar

Í aðgerðaáætlun stjórnvalda, um eflingu lífrænnar framleiðslu, sem gefin var út fyrir skemmstu er tiltekið sérstaklega í einni aðgerðinni að styðja skuli sérstaklega við afurðastöðvar. Þar segir að „kannaðir verði kostir þess að sérstakir styrkir verði boðnir afurðafyrirtækjum í landbúnaði til að mæta kostnaði vegna lífrænnar vottunar.“

Þar segir einnig að í dag sé ein kjötafurðastöð og ein mjólkurvinnsla með lífræna vottun og dæmi séu um að framleiðendur sjálfir hafi þurft að leggja út fyrir kostnaði við sláturun fyrir lífrænt ræktaðar kjötafurðir. Greina þurfi kostnað og mögulegar útfærslur á slíkum stuðningi. „Mér fannst þetta mjög jákvætt og getur hjálpað til við að fjölga sauðfjorbændum með lífræna vottun,“ segir Rúnar að lokum.



LYKIL LAUSNIR
Lyklasmíði & öryggiskerfi

Skútuvegur 1e | s: 533-2900

Mán-fim 8:00-18:00 | Föstudaga 8:00-17:00
Laugardaga 11:00-15:00


BETRI ER NÝ HURÐ AÐ HAUSTI EN GÖMUL AÐ VETRI

Það er best að velja hurð sem þolir veður og vinda vetursins áður en hann skellur á.



- Lindab hurðir henta sérstaklega vel fyrir búskap og dýrahald.
- Fjölbreytt úrval lita og aukahluta.
- Krispol hurðir eru hagkvæmur kostur fyrir skemmur og geymslur.
- Uppsetning í boði sem getur aukið endingu.

Kynntu þér úrvalið á [Limtrevirnet.is](https://limtrevirnet.is)



Teikning / Hlynur Gauti

Heyrúllplast:

Betur má ef duga skal

– Fjórðungur enn sendur úr landi til endurvinnslu

Tæp 2.000 tonn af heyrúllplasti skiluðu sér í endurvinnslu árið 2023. Enn eru um 24 prósent hráefnisins send til endurvinnslu erlendis þrátt fyrir að hérlendis sé starfrækt endurvinnslufyrirtæki sem hæglega gæti endurunnið allt heyrúllplast sem til fellur á Íslandi og lög og reglur hvetji til að halda efnisstraumum innanlands.

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Allflestir bændur losa sig við notað heyrúllplast gegnum þjónustuaðila sem sækja plastið og koma því í endurvinnslu, hérlendis

eða erlendis. Einnig eru dæmi um að bændur skili plastinu sjálfir til plastendurvinnslustöðvarinnar Pure North í Hveragerði. Enn eru þó einhver dæmi um að bændur kjósi að skila ekki plasti sínu til endurvinnslu heldur brenni það sjálfir.

Úrvinnslugjald er lagt á hvert kg af plasti sem notað er til að

pakka inn heyrúllum. Gjaldið á, að notkun plastins lokinni, að standa undir kostnaði við flutning þess og endurvinnslu.

Í fyrra var úrvinnslugjald á heyrúllplast hækkað úr 40 kr. á kílóíð í 82 kr. Bændasamtök Íslands mótmæltu hækkingunni og töldu að líklega yrði henni velt á útsöluverð heyrúllplasts með tilheyrandi kostnaði fyrir bændur.

Úrvinnslusjóður fer með umsýslu og ráðstöfun úrvinnslugjalds og á að beita hagrænum hvötum til að fá heyrúllplast úr sveitum landsins

Efnisstraumar haldist innanlands

Svokölluð hringrásarhagkerfislög frá árinu 2021 kveða m.a. á um að komið verði í veg fyrir að efni og hlutir hverfi úr hagkerfinu sem úrgangur. Þau skylda sveitarfélögin t.d. til sérstakrar söfnunar á fleiri úrgangstegundum en áður.

Lögin kveða enn fremur á um framlengda framleiðendaábyrgð fyrir allar umbúðir, ýmsar plastvörur og veiðarfæri sem innihalda plast. Framleiðendaábyrgðin felur í sér að framleiðendur og innflytjendur bera ábyrgð á vöru þegar hún er orðin að úrgangi. Þannig standa þeir t.d. straum af kostnaði við söfnun og meðhöndlun úrgangsins. Úrvinnslugjald er lagt á vöruna til að standa undir þessum kostnaði og sér Úrvinnslusjóður um þá framkvæmd.

Lögin kveða skýrt á um að markmið með framlengdri framleiðendaábyrgð sé að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis með vörur og þjónustu og þegar sköpuð séu hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurvinnslu úrgangs beri ekki síður að hafa hliðsjón af umhverfislegum ávinningi en hagrænum, t.d. minni losun gróðurhúsalofttegunda.

flutt flokkað til endurvinnslu. Miðað er við að plast sé sótt á hvert lögbýli eða á ákveðinn söfnunarstað minnst einu sinni til tvisvar á ári, án aukakostnaðar fyrir bændur.

„Það er undir hverju og einu sveitarfélagi komið hvernig þau haga sinni þjónustu,“ segir Edda Andrésdóttir, samskiptastjóri og lögfræðingur hjá Úrvinnslusjóði, í svari við fyrirspurn. „Flest sveitarfélög sækja heyrúllplast heim á lögbýli í það minnsta einu sinni á ári, algengast er að sótt sé tvisvar til þrisvar á ári. Einhver sveitarfélög láta bændur fara sjálfa með heyrúllplastið á grenndarstöð/söfnunarstöð ef um langan veg er að fara,“ segir hún.

Meirihlutinn í innlenda endurvinnslu

Úrvinnslusjóður annast umsýslu og ráðstöfun úrvinnslugjalds á grundvelli samninga við þjónustuaðila um úrvinnslu úrgangs. Fengu þjónustuaðilar lengstum mest greitt fyrir að flytja plastið að útflutningshöfnum en fá nú sérstakt álag, hagrænan hvata, til að koma plastinu til endurvinnslustöðvarinnar í Hveragerði, þeirrar einu sinnar tegundar á Íslandi.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Úrvinnslusjóðs fóru 2.388.551 kg heyrúllplasts til endurvinnslu árið

2023. Þar af fóru 1.821.803 kg, eða rúm 76 prósent, til Hveragerðis á meðan 566.748 kg voru flutt til endurvinnslufyrirtækisins Peute í Hollandi, tæp 24 prósent. Óútgefna heildartölu Úrvinnslusjóðs yfir heildarmagn heyrúllplasts sem barst til endurvinnslu fyrir 2023 segir Edda hins vegar vera 1.933.655 kg. Örhreind og raki (vatn) sem fallið hafi til við meðhöndlun og endurvinnslu séu um 511 tonn.

Halda ber til haga að hér er eingöngu um að ræða það plast sem safnað er og komið í farveg og því ekki mælikvarði á árlega notkun. Einnig ber að hafa í huga að frá því heyrúllplast er flutt inn, það keypt af notanda, notað og svo skilað til endurvinnslu, geta liðið mánuðir og ár.

Heildargreiðslur fyrir meðhöndlun á heyrúllplasti segir Edda hafa numið rúmlega 130,3 m.kr. árið 2023. Greiðslur fyrir flutningsjöfnun námu rétt rúmri 23,1 m.kr. Við almennu flutningsjöfnunina bætast um 11,6 m.kr. vegna endurvinnslu innanlands. Heildarflutningsjöfnun sé 37,8 m.kr.

Edda segir ekki hafa verið skoðað eða metið sérstaklega hvort Ísland eigi langt í land með að ná endurnýtingu á öllu plasti sem falli til í landbúnaði. Hún bendir á að endurvinnsluleiðir séu til staðar fyrir

ÞARFTU AÐ PAKKA?

Vakúmpökkunarvélar í öllum stærðum og gerðum. Erum með lausnir fyrir alla. Stór fyrirtæki, minni fyrirtæki, veiðimenn, búskap og heimili. Vertu klár fyrir haustið!

PMT - Sími: 567 8888 - www.pmt.is



Allt til merkinga og pökkunar

PMT
PLAST, MÍÐAR & TÆKI



Börkur Smári Kristinsson, nýsköpunar- og þróunarstjóri hjá íslenska plastendurvinnslufyrirtækinu Pure North í Hveragerði, segir bændur hafa tekið stór skref í að bæta umgengni og meðhöndlun á heyrulluplasti eftir að unnt varð að að skila því til endurvinnslu á Íslandi.

Myndir / ghp

“Enn er verið að senda út úr landinu þúsundir tonna af hráefnum sem skilja ekkert eftir sig ...

Reykjavíkur þá setur það grindurnar eða kórinn á kerru og kemur við hjá okkur í Hveragerði og fær þá fyrir ferðinni og gott betur, án auka fyrirhafnar. Og þú ert þá að skila plastinu þínu til innlestrar endurvinnslu með tilheyrandi lægra kolefnisspori og virðismyndun hér heima,” segir Börkur.

Unnt er að endurvinnna nálega allt heyrulluplast, jafnvel það sem er að hluta eða öllu leyti úr endurunnu plasti. Stór hluti af þeim 2.000 til 2.500 tonnum heyrulluplasts sem skilað er inn til endurvinnslu árlega er þó vatn og óhreinindi.

„Plastið er oft geymt laust úti, það getur dregið í sig rosalegt magn af vatni, klaka og snjó og svo er bara drulla, mold og gras sem festist inni í filmunni, á milli laga í hinni næfurþunnu filmu sem rúllað er mörgum umferðum um grasið,” útskýrir Börkur. Kveður hann vatns/óhreinindahlutfallið geta verið allt að 70 prósentum þyngdar ef meðhöndlun er ekki góð. Ná megi hlutfallinu mun neðar, allt að 40 prósentum, sé heyrulluplasti haldið þurru og það baggað eða pressað rétt. Þannig sparist umtalsverðir fjármunir í flutningum og kolefnisspori. Fyrirtækið hafi því hvatt til bættrar umgengni um notað heyrulluplast, til hagræðingar fyrir alla aðila í virðiskeðjunni.

Sem dæmi um það sem fundist hefur í heyrulluplastinu á síðustu árum eru dauðir kálfar og hnausþykkir skiptilyklar. „Atvik sem þessi hafa komið upp en sem betur fer eru þau mjög fátíð, en það er einn og einn sem virðist enn þá vera sama um hvernig gengið er um heyrulluplastið.“

Framhald á næstu opnu.

nánast allt umbúðaplast sem fellur til í greininni.

Fleygiferð inn í hringrásarhagkerfið

Boðuð Evrópureglugerð um endurunnið plast, sem taka á gildi á næsta ári, er að styrkja endursölumarkaði á endurunnu plasti verulega. Endurgjald hefur hækkað og endurunnið plast er orðið eftirsóttara og þar með verðmætari vara. Reglugerðin setur m.a. þau skilyrði að fyrirtækið hafi hafi í það minnsta 25 prósent hlutfall af efni þeirra úr endurunnu plasti.

Íslenska endurvinnslufyrirtækið Pure North í Hveragerði, stofnað árið 2016, endurvinnur í dag megnið af því heyrulluplasti sem til fellur á Íslandi eða upp undir 2.000 tonn á ári. Er það eina fyrirtækið á Íslandi sem endurvinnur plast á fullu.

Börkur Smári Kristinsson er nýsköpunar- og þróunarstjóri Pure North. Hann segir að mikið vatn hafi runnið til sjávar í frágangi og meðhöndlun á heyrulluplasti frá því að fyrirtækið hóf starfsemi.

„Við erum að sjá mikinn mun á viðhorfi til flokkunar og endurvinnslu og þar hafa bændur tekið stór skref í að bæta umgengni og meðhöndlun á heyrulluplasti eftir að hægt var að endurvinnna plastið á Íslandi.“ Hann telur þó að hægt sé að gera enn betur þar sem stjórnvöld hafi sett fram skýra sýn um að efla skuli innlenda endurvinnslu.

„Þetta er stöðug vegferð sem við erum í. Hvort sem um er að ræða heyrulluplast eða aðra strauma af efnunum sem falla til í samfélagi okkar. Við erum á fleygiferð inn í hringrásarhagkerfið og stór hluti af því er að geta endurnýtt og endurunnið efni sem falla til í okkar daglega lífi. Hvatinn til að sækja þessi efni, meðhöndla þau, flokka og skila til endurvinnslu er mjög stór þáttur í að þetta geti gengið upp,” segir Börkur og tekur fram að flutningsjöfnun sé óhemju mikilvæg.

Hann segir litamun á heyrulluplasti ekki hafa áhrif á endurvinnslumöguleika þess. Liturinn snúi eingöngu að því hvort unnt sé að lita afurðina eftir á og endurunna plastið sé jafngott, sama hvernig það er á litinn.

Meðhöndlun á heyrulluplasti árið 2023, í kg

EE	931.210	Pure North, PNR. Endurunnið í plastperlur.
EVMat	489.160	Íslenska gámafélagið ehf. Plastið var sent til endurvinnslu í útlöndum.
OH	511.315	PNR. Óhreinindi sem falla til við vinnslu (drulla og vatn sem plastið dregur í sig).
FO	1.970	Terra umhverfisþjónusta hf. Brennsla (plast sem er illmögulegt að endurvinnna).

Íslenska Gámafélagið hefur sent út einhvern hluta af sínu heyrulluplasti til endurvinnslu. Aðrir ásamt ÍG hafa framselt heyrulluplast til PNR. 75% af heyrulluplasti fór til PNR árið 2023.

Uppl. Úrvinnslusjóður.

Spjótin á Úrvinnslusjóði

Börkur segir Úrvinnslusjóð mikilvægasta handbæra stjórn- og hvatakerfið til að beina efnun í bestu mögulegu farvegi fyrir hringrásarhagkerfi. Það sé gott að mörgu leyti en mætti gera miklu betur.

Úrvinnslugjaldið er einnig notað til að greiða flutningsjöfnun fyrir heyrulluplast og önnur efni, þannig að jöfnuð séu tækifæri allra í landinu til að skila því til endurvinnslu. Áður fyrr var kerfinu stillt upp þannig að engin endurvinnsla var hér á landi og allt flutt út.

„Að geta jafnað tækifæri allra að skila inn til okkar án þess að þurfa hreinlega að borga með því er eitthvað sem við börðumst mjög lengi fyrir. Það náðist loks í gegn fyrir um tveimur árum. Við erum því komin á þann stað að nú er flutningsjöfnun greidd frá öllum þessum stöðum og því fjárhagslegur hvati fyrir bændur, sveitarfélög og aðra aðila, sem vilja safna heyrulluplasti, að koma því í endurvinnslu hjá okkur,” segir Börkur.

Pure North tekur á móti heyrulluplasti frá hátt í hundrað aðilum á ári hverju og þeim fer fjölgandi sem koma með plast beint til fyrirtækisins, að sögn Barkar.

„Þetta eru bændur, sveitarfélög, fyrirtæki, verktakar og einstaklingar sem vilja sjá efnið sitt fara í gagnsætt og umhverfisvænt ferli, í samræmi við lög. Í gegnum þetta hvatakerfi hjá Úrvinnslusjóði borgum við í rauninni fyrir þetta plast sem kemur til okkar og greiðum í samræmi við magn og hvaðan efnið kemur,” útskýrir hann enn fremur.

Dauðir kálfar og skiptilyklar

Mikilvægt er að ganga rétt frá heyrulluplasti með því að bagga það eða þjappa ofan í t.d. fiskikör

eða bambagrindur. „Ef þú kemur með efni í bambagrindum þá færðu hjá okkur tómar grindur á móti. Þú getur léttilega komið 250 kílóum í eina bambagrind. Ef fólk á leið til



Það liggur þrotlaus ransóknar- og prófunarvinna á bakvið utanborðsmótora Suzuki sem skilar sér í krafti, sparneytni, áreiðanleika og endingu. Komdu við og kynntu þer úrvalið og möguleikana. Við tökum vel á móti þér

VERÐ FRÁ KR.
809.000

Suzuki á Íslandi
Skeifunni 17
Sími 568 5100
www.suzuki.is

• Nánari upplýsingar á suzuki.is

Umhverfisvænsta endurunna plast í heimi

Pure North endurvann árið 2022 á bilinu 1.200–1.300 tonn af fullunnu plasti, úr heyrullplast og öðrum plasttegundum. Heyrullplast er þó stærsti straumurinn í endurvinnslunni hjá fyrirtækinu.

Frá árinu 2018 til 2021 fór Pure North úr 150–200 tonnum af heyrullplast í endurvinnslu árlega og í yfir 1.000 tonn. Börkur segir fyrirtækið hafa farið í miklar fjárfestingar árin 2019–20 og sett upp nýja vinnslulínu, sérhannaða og þróaða fyrir heyrullplast, með því að nýta jarðhitann og jarðgufuna í Hveragerði. Þannig ná fyrirtækið lágu kolefnisspori og góðum gæðum án þess að nota kemísk efni eða annað slíkt.

Börkur segir að færa megi góð rök fyrir að endurunna heyrullplast frá Pure North sé umhverfisvænasta endurunna plast í heimi og bendir máli sínu til stuðnings m.a. á EPD-umhverfsvörulýsingu frá 2022 sem aðgengileg er á vef fyrirtækisins. Pure North hafi fengið mikla athygli erlendis frá vegna þess ferlis sem stíllt er upp við endurvinnsluna.

Girðingarstaurar og plastbrúsur

Um eða yfir 90% af endurunna plastinu selur Pure North erlendis, einkum til Bretlands þar sem það fer beint í nýja vöruframleiðslu og sumar af þeim vörum rata mögulega aftur inn á íslenskan markað.

Fyrirtækið hefur jafnframt verið í tilraunavörubrúnum fyrir innanlandsmarkað og búið til og selt rafmagnsgirðingarstaura úr endurunnu heyrull- og rorplast. Fleiri verkefni eru í gangi hjá þeim sem tengjast umbúðaframleiðslu úr endurunnu heyrullplast að mestu leyti, t.d. 5 lítra brúsum.



Unnt er að endurvinna nærfellt allt heyrullplast svo fremi sem það er þokkalega hreint og á það við um plast úr eingöngu frumefnum, blandað með endurunnu plasti eða 100% endurunnið plast.

„Okkar hugmyndafræði snýr að því að loka allri hringrásinni hér heima þannig að efni sem koma til okkar fari ekki úr landi heldur verði að vörum sem nýtast aftur innanlands,“ segir Börkur. Hann bætir því við að plastframleiðendur á Íslandi hafi upp til hópa ekki sýnt nægjanlega mikinn áhuga á að nota endurunnið plast í afurðir sínar. Ef til vill vegna þess að það sé krefjandi og flókið að gera tilraunir og vinna að nýsköpun og þegar sé til staðar tækjabúnaður hannaður til að vinna úr nýju hráefni.

Tregða og áhugaleysi

„Við höfum leitt ákveðna þróun á framleiðslu úr endurunnu hráefni en menn stökkva ekki alveg á það, enn sem komið er. Kannski vantar sterkari hvata til að vinna úr endurunnum efnum og þar kemur Úrvinnslusjóður inn í myndina,“ heldur Börkur áfram.

Jafnframt skipti stefna stjórnvalda máli og að farið sé eftir henni. „Framleiðsluáætlun á Íslandi þarf að komast á þann stað að hann sé að nýta og kaupa inn aðföng og hráefni úr endurunnum efnum. Í lok dags eru það krónurnar sem skipta máli og ef þú hefur valkost um kolefnisspor eða krónur þá munu langflestir fara eftir krónunum, þannig er það bara,“ bætir hann við. Þetta verði að ganga upp viðskiptalega séð. Meðan munurinn sé ekki meiri en raun ber vitni verði erfitt að breyta, og breyta nægilega hratt.

Að sögn Barkar benda lög og reglur, í Evrópusambandinu og víðar, í þá átt að endurvinna skuli og meðhöndla úrgang sem næst uppruna. Árið 2026 sé væntanlegt þann við því að OECD-ríki, þ.m.t. Ísland, flytji efni til endurvinnslu til landa utan OECD. Endurvinnslugeta í Evrópu sé í dag ekki næg til að anna allri eftirspurn eftir endurvinnslu

„Það þurfa allir að láta í sér heyra og setja kröfu á að þeirra plast skili sér í innlenda endurvinnslu ...“

frá ríkjum innan Evrópu og því sé þeim mun mikilvægara að efla innviði í hverju ríki til að hægt sé að ná lögbundnum markmiðum um endurvinnslu. Endurvinnsla á íslensku heyrullplast sem hafi á árum áður sumt endað í Malasíu þurfi að heyra sögunni til.

Stjórnvöld stíga fastar til jarðar

„Sett voru metnaðarfull lög hér á Íslandi fyrir þremur árum síðan, hringrásarhagkerfislögin, og þar var skýrt tekið fram, sem og í nefndarliti með lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, að ef innviðir og aðstaða séu til staðar á Íslandi þá skuli endurvinna hér á landi. Þar með er verið að segja að ekki eigi að flytja plast óunnið úr landi ef hægt er að endurvinna það hér. Til viðbótar hefur einnig verið gerð enn skýrari krafa á Úrvinnslusjóð um að tryggja rekjanleika á úrvinnslu efna og hvaða umhverfisáhrif endurvinnslufarvegir erlendis hafa. Þetta hefur sjóðurinn ekki gert,“ segir Börkur. Í dag sé því í raun farið á svig við lög og reglur og menn skýli sér á bak við að enn sé hagkvæmara að senda plast út til endurvinnslu.

Engan bilbug sé á Pure North að finna. „Við viljum bara sjá stjórnvöld stíga enn fastar til jarðar. Það þurfa allir að láta í sér heyra og setja kröfu á að þeirra plast skili sér í innlenda endurvinnslu,“ segir hann.

Hringrásarhagkerfið snýr að því að geta haldið efnum og verðmætum innan hagkerfisins.

„Í dag er verið að senda út úr landinu þúsundir tonna af hráefnum sem skilja ekkert eftir sig. Við erum komin af stað, lögin tóku gildi fyrir þremur árum síðan en það þarf að spýta í lófana. Styrktarsjóður til uppbyggingar hringrásarhagkerfis kom sterkur inn þarna eftir lagasetningu en hann var lagður niður eftir tveggja ára starfsemi og til hans hefur ekki spurst síðan. Það vantar enn þá skýrari aðgerðir stjórnvalda í að efla hringrásarhagkerfið,“ segir Börkur að endingu og telur



Kemst þótt hægt fari

✓ Í íslenskum landbúnaði falla á bilinu 1.800 til 2.500 tonn af heyrullplast til árlega. Árin 2018–2021 hófðu á bilinu 1.100 til 1.400 tonn fallið til árlega.

✓ Talið er að innan við 3.000 bú stundi heysöfnun hér á landi.

✓ Til skamms tíma hefur mest allt heyrullplast sem bændur nota verið unnið úr frumefnum.

✓ Plastið sem notað er í heyrullur er að allverulegu leyti unnið úr frumframleiddum plastperlum, fjöletyleni, sem byggt er upp sem teygjanlegar og límkennar firmasterkar umbúðir með UV vörn sem þolir bæði mikinn hita og kulda.

✓ Hvert kg af plasti sem er ekki framleitt úr endurunnum hráefnum hefur í för með sér u.þ.b. 2,6 kg af CO² kolefnisútbæstri.

✓ Að meðaltali þarf um tíu tonn af olíu til að framleiða eitt tonn af plasti.

✓ Gróft reiknað þarf um eitt kíló af plasti utan um hverja 400 kílóa rúllu af heyi.

✓ Helstu framleiðendur á rúllplast eru farnir að bjóða upp á plast þar sem endurunnu rúllplast er blandað saman við nýtt plast.

✓ Árið 2022 hóf íslenska fyrirtækið Silfraberg að þreifa fyrir sér með 100 prósent endurunnið heyrullplast sem þróað var í Póllandi af fyrirtækinu Folgos. Plastið var gæðaprófað og segja framleiðendur og sölu-aðilar það sambærilegt að gæðum og hefðbundið heyrullplast. Kolefnisfótspor þess sé allt að 80% lægra en af öðru heyrullplast sem ekki er framleitt úr endurunnu plasti, eða 0,52 CO₂/kg.

✓ Unnt er að endurvinna nærfellt allt heyrullplast svo fremi sem það er þokkalega hreint og á það við um plast úr eingöngu frumefnum, blandað með endurunnu plasti eða 100 prósent endurunnið plast.

✓ Talið er að um 95 prósent heyrullplasts komi til baka í endurvinnslu. Allt að 24 prósent þess eru send erlendis en 76 prósent fara til endurvinnslufyrirtækisins Pure North Recycling í Hveragerði sem er eina plastendurvinnslufyrirtæki Íslands sem fullvinnur hráefnið í plast til framleiðslu á nýjum plastvörum.

✓ Árið 2017 gerði Maskína könnun um hversu margir bændur flokka heyrullplast (85,4 prósent þá) og skv. Úrvinnslusjóði stendur til að senda út nýja könnun á næstu misserum.

Verðskrá endurgjalds fyrir heyrullplast

Úrvinnslusjóður, verðskrá* endurgjalds fyrir heyrullplast
Öll verð eru kr/kg án vsk.

- EE - Til endanlegrar endurvinnslu, fullmeðhöndlað: 120 kr.
- EV - Sent til endurvinnslu: 38 kr.
- OV - Sent til orkuvinnslu: 30 kr.
- FO - Förgun/eyðing spilliefna: 8 kr.
- FH - Framselt frá höfuðborgarsvæði/flutningur: 2 kr.
- FV - Framselt frá Vestfjörðum/flutningur: 25 kr.
- FN - Framselt frá Norðurlandi/flutningur: 21 kr.
- FA - Framselt frá Austurlandi/flutningur: 32 kr.



*01.01.2024
Flutningsflokkur UMBHEY
Vörunúmer PLAHEY

Kubota M6-142

Fullkomin dráttarvél sem sameinar kraft, fjölhæfni og þægindi



Kubota

PÓR H F

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is s 568-1500

landsmenn tilbúna að stökkva á vagninn í hringrásarhagkerfi.

Notkun bænda á endurunnu heyrullplast

Endurunið heyrullplast er að ryðja sér til rúms í auknum mæli. Er endurunnu rullplast þá yfirleitt blandað saman við nýtt plast í einhverjum hlutföllum, t.d. 25 prósent. Dæmi eru þó um 100 prósent endurunið heyrullplast.

Fóðurblandan selur þrjár tegundir endurunnins heyrullplast; 100 prósent endurunið plast og með 25 og 30 prósent hlutfalli endurunnins plast. Segir Pétur Pétursson sölustjóri 30 prósent plastið endurvinnanlegt að fullu. Sala gangi ágætlega og alltaf sé að verða meiri áhugi. „Það mætti þó vera meiri áhugi hjá bændum og kannski þarf að auglýsa betur,“ segir hann.

Verðmunur sé nánast enginn á 30 prósentu plastinu og því venjulega úr frumefnum. Jafnframt sé enginn munur á fóðurgæðum. Um 34 prósentu hækkan hefur orðið á innkaupsverði heyrullplast hjá Fóðurböndunni á sl. fimm árum, að sögn Péturs.

Bústólpi bauð í fyrsta sinn í sumar til sölu heyrullplast sem er á bilinu 25 til 30 prósent úr endurunnu plasti. Að sögn Hönnu D. Maronsdóttur markaðsstjóra gekk það ekki sérlega vel í sölu en nokkrir viðskiptavinir voru fengnir til að prófa að nota það og viðbragða er að vænta. Hún segir ekki verðmun á því heyrullplast og öðru.

Hjá Líflandi hefur m.a. fengist 100 prósent endurunið EcoAgro-heyrullplast frá pólska framleiðandanum Folgus. Þetta plast er flutt inn af fyrirtækinu Silfrabergi.

„Þessi vara hefur farið hægar af stað en vonir stóðu til, þrátt fyrir sambærilegt verð við hefðbundið. Rannsókn sem framkvæmd var af Landbúnaðarháskóla Íslands bendir þó til að umrædd vara sé enginn eftirbátur vel þekktra tegunda á markaði þegar kemur að varðveislu hefyngs,“ segir Jóhannes B. Jónsson, deildarstjóri ráðgjafar og vörubrúunar hjá Líflandi. Hvað valdi sé ekki gott að segja. „Það er þó ljóst að notendur eru iðaldssamir þegar rullplast er annars vegar enda mikið í húfi þegar hefyngurinn er undir. Það bendir þó allt til þess að EcoAgro plastið sé fyllilega raunhæfur valkostur fyrir íslenska bændur,“ bætir hann við.

Jóhannes segir verðlag á heyrullplast hafa hækkað um u.þ.b. 13-14 prósent sé horft aftur til ársins 2019. „Það hefur á hinn bóginn lækkað um nálega 17 prósent frá vetrinum 2022–2023, þegar plastverð náði hvað hæstum hæðum,“ segir hann enn fremur.

Fullendurunna plastið enn í tilraunum

Þegar leitað var til Landbúnaðarháskóla Íslands varðandi rannsóknir þar á endurunnu heyrullplast kom



Pure North framleiðir rafmagnsgröðingastaura úr endurunnu plasti.

Okkar úrgangur verði endurunninn hér

„Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið tekur undir mikilvægi þess að mest af þeim úrgangi sem fellur til í landinu verði endurunninn hér á landi og ef aðstæður til endurvinnslu eru til staðar séu þær nýttar í samræmi við áherslu á styrkingu hringrásarhagkerfisins. Áhersla á að leita leiða til að endurvinna úrgang í meira mæli hérlendis endurspeglar m.a. í heildarstefnu ráðherra í úrgangsmálum, í átt að hringrásarhagkerfi, sem gefin var út í júní 2021.“

Stjórnsýsluúttekt á Úrvinnslusjóði, Ríkisendurskoðun, 2022.

í ljós að Jóhannes Kristjánsson, kennari við skólann á sviði ræktunar og fæðu, vann samanburðarrannsókn á EcoAgro-plastinu veturinn 2022–2023. „Sú rannsókn kom þokkalega út fyrir plastið en var mjög takmörkuð og myndi nú aldrei geta flokkast sem ítarleg,“ segir Jóhannes.

Sauðfjárnú Lbhí að Hesti prófaði að nota EcoAcro-plastið í sumar. „Við vorum nú ekki að rannsaka það sérstaklega í sumar en við reyndum að nota það. Reynslan var því miður ekki góð og plastið ónothæft,“ segir Logi Sigurðsson, bústjóri á Hesti, og bætir við að hann vilji trúna því að brettið sem hann fékk hafi verið gallað.



Ur heyrullplastinu verða til plastperlur sem notaðar eru til framleiðslu á nýjum plastvörum.



GOES TERROX 500L

Gæðahjól á góðu verði

Goes Terrox 500L er tveggja manna fjórhjól með 495 kúbika mótör með beinni innspýtingu, rafmagnstýri, spili, dráttarkrök og sætisbaki. Sjálfstæð tvöföld A-arma fjöðrun, hátt og lágt drif með læsingu, fjórhjóra- eða afturdrifið. CVT kúpling, 25 tommu dekk, 14 lítra bensíntankur. USB tengi, stuðarar framan og aftan og geymsluhólf að aftan. Götuskráð á hvítum númerum T3b. Heildarþyngd 382 kg.

1.199.000,-

Goes fjórhjólin hafa verið seld á Íslandi í nokkur ár við góðan orðstýr. Í janúar á þessu ári keypti CFMOTO sem hafa séð um framleiðslu á vélbúnaði hjóllanna Goes merkið af frönsku eigendunum. CFMOTO mun í framtíðinni sjá um alla framleiðslu á Goes. Stefna þeirra er að bjóða upp á gæðahjól á góðu verði og verður Nítró nýr innflutningaáili fyrir Goes á Íslandi með umboðsmenn víða um land.



Nítró - Urðarharvari 4 - 557 4848 - nitro.is

Umboðsaðilar:
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðarkröki,
Suður England, Selfossi. Bikevik, Reykjanesbæ,
AB varahlutir, Egilsstöðum. Bilaförritun North-East Akureyri.

Sumar/haust 2024:

Gerum okkur dagamun

Nú eru síðustu hátíðir sumarsins, eða öllu heldur haustsins, að líta dagsins ljós og með það til hlíðsjónar er hér örlítið yfirlit yfir nokkrar þær skemmtanir og húllumhæ sem má finna hérlendis.

Hér til hliðar má sjá brot af því helsta sem er á döfnni í septembermánuði fyrir þá sem vilja gera sér dagamun enda ekki seinna vænna en að reka tappann í skemmtanalíf sumarsins þó eitthvað sé nú eftir.

Réttir og leitir

Réttir hófust fyrir nokkru og hefur hjörðum verið smalað saman úr fjöllum og dölum með góðri yfirsýn eigendanna sem nýta sér oft fjórhlól við göngurnar, enda farartæki sem má finna á nánast hvaða bæ sem er í dag.

Mismunandi er þó hversu torsótt er að reka fêð úr fjalli og benda vanir menn á að ekki komist fjórhlólin í þröng gil eða yfir torfæur á sama hátt og hestar og hundar, sem hafa verið þörfuþu þjónarnir í gegnum tíðina við göngur og leitir, og algildir enn þann dag í dag.

Með vasapela í rassvasanum

Réttum fylgir víða lífleg skemmtan enda verið ein helsta samkunda Íslendinga í gegnum aldirnar.

Talsverðan mannafla þarf til þess að allt gangi að óskum og hefur fólk úr öðrum sveitum gjarnan ráðið sig til smalamennsku landshluta á milli. Vinskapur og réttarómantikin blómstrar en áður fyrr var réttarlokum gjarnan fagnað í réttunum sjálfum þar sem ungir jafnt sem aldnir stauðu sig og sungu af hjartans lyst, gripið var í nikkuna og slegið upp í dans.

Þá þótti við hæfi að menn bæru vasapela í rassvasanum enda útlitið misjafnt á sumum. Í dag eru réttaböllin oft formlegri, færri og stærri en áður, þar sem þekktir tónlistarmenn troða upp fyrir vatnsgreiddan almenning. Eitthvað hefur þó frést af því að meiri stemning þyki í minni og nánari hópum og fólk sé í síauknum mæli að fagna réttarlokunum heima á bæ með góðum gestum.

Karnivalstemning stóðréttu

Stóðréttir eru einnig nokkrar hérlendis. Laufskálaréttir í Hjaltadal er einna stærst og þekkt fyrir mikið líf og fjör, en hún var vígd þann 20. september árið 1954.

Í grein Feykis á vefsíðunni timarit.is frá árinu 1989 segir réttarstjórinn Haraldur Jóhannesson:

„Það myndast svona hálfgerð karnival stemning, þegar menn eru að glíma við ótemjur og baldin trippi í almenningnum og bregða sér kannski á bak. Menn eru ekkert að víla það fyrir sér þó þeir lendi flatir í forinni.“

Tíu árum síðar í sama blaði tekur þáverandi réttarstjóri, Steinþór Tryggvason, undir: „Skagfirðingar eru þekktir fyrir að kunna að skemmta sér og í einmitt skemmtunina sækir fólk þegar það kemur í réttina.“

Með þennan lestur er ekki seinna vænna en að drífa sig í réttir, en nánari upplýsingar um hvar þær er að finna má sjá á síðum 32–33. /sp



Heimasmölun á Ströndum, en réttardagar Melaréttar og í Kjós er rétt handan við hornið. Melaréttin laugardaginn 14. september og Kjósarrétt þann 21. september. Mynd / DB



Vogarétt árið 1983.

Mynd / timarit.is



Ólafur Dýrmondsson, síðasti fjárbóndi Reykjavíkur.

Mynd / Einkaeign



Hafravatnsrétt á 8. áratugnum, fjárréttir Reykvíkinga og nággranna þeirra, byggð snemma á 20. öld. Mynd / timarit.is

September

Önnur helgin, 13.–15. september

Tónleikafélag Austurlands stendur fyrir 80's veislu í Valaskjálfi þann 14. september kl. 20.30. Gestir eru hvattir til að mæta uppáklæddir með herðapúðana, legghlífarnar, griffilurnar og dansa eins og enginn sé morgundagurinn. Hljómsveitina skipar góður hópur tónlistarfólks með söngvarana Stebba Jak og Stefaníu Svavarsdóttur í fararbroddi, auk þess sem Townies eru sérstakir gestir. Allur ágóði rennur til geðheilbrigðismála á Austurlandi og miða má versla á Tix, miðaverð 4.500 krónur.

Réttarball Uppsveita 2024 fer fram 14. september 2024 í reiðhöllinni á Flúðum. Hljómsveitin Viggó ásamt Ernu og Jónsa munu halda uppi stuðinu á alvöru réttarballi sem fer fram milli klukkan 23–02. Miðasala er á www.sonus.is og kostar aðgangurinn 4.500 kr.

Hið margrómaða Réttarball Fljótamanna verður haldið laugardagskvöldið 14. september í félagsheimilinu Ketilási. Mun hljómsveitin Ástarpungarnir halda uppi fjörinu frá klukkan 23–03 og því ekki seinna vænna að fara að rifja upp danstaktana, enda má enginn láta sig vanta í þessa veislu! ATH. Góð tilboð á barnum, réttarkokteillinn á sínum stað og miðar seldir við dyr. Aðgangseyrir er 5.500 kr. og aldurstakmarkið 18 ára.

Þriðja helgin, 20.–22. september

Haustinu verður fagnað á uppskeru- og menningarhátíð Fljótsdalshéraðs – Ormsteiti. Hátíðin fer fram dagana 20.–22. september en hún hefur verið haldin árlega síðan árið 1993. Hefjast hátíðahöldin þó laugardaginn 14. september með réttardegi í Fljótsdal en hátíðin sjálf verður á Egilsstöðum og nærsveitum. Þar verður margt um að vera og mikið húllumhæ!

Menningarhátíð Mývatnssveitar, Goslokahátíð Kröflu fer fram dagana 20.–22. september. Um ræðir nýja hátíð sem haldin verður í fyrsta sinn í tilefni af 40 ára goslokaafmæli Kröflueldanna. Karaóki, grill, vísindastofa og tónleikahald eru meðal þess sem er á dagskránni. Tónlistarmenn á borð við Jóa Pé og Króla, Gusgusar og Siggú og Grétar í Stjórninni koma fram, frumsýnd verður heimildarmynd um Kröflueldana og margt fleira. Eitthvað fyrir alla enda vert að kynna sér.

Fjórða helgin, 27.–29. september

Réttarball Laufskálaréttar, eitt stærsta sveitaball á Íslandi, fer fram laugardaginn 28 september í Reiðhöllinni Svaðastöðum við Sauðárkrók. Húsið opnar klukkan 22 og fyrstu tónlistarmenn stíga á svið á slaginu klukkan 23. Hetjur á borð við Herra Hnetusmjör og Á móti sól verða á staðnum og forsala aðgöngumiða verður á N1 Ábær og Kaffi Krók Sauðárkróki og svo Vamos Akureyri.

Dagana 28.–30. september fer í fyrsta sinn fram Hönnunarþing, hátíð vöruhönnunar á Húsavík og nágrenni þar sem almenningur fær að kynna faginu og hvernig það mótir daglegt líf. Dagskrá hátíðarinnar samanstendur af sýningum bæði innlendra og erlendra hönnuða ásamt fræðandi fyrirlesturum – auk hraðfyrirlesturs um misheppnaða hönnun. Vinnustofur og námskeið verða haldin fyrir börn og fullorðna, Listaháskóli Íslands verður á svæðinu, pub quiz, tónleikar og margt fleira sem gaman er að líta augum.

Þú færð rafstöðina hjá okkur

KÖNNER
SOHNEN



Parftu áreiðanlega rafstöð? Kynntu þér rafstöðvarnar frá Könnér & Söhnen

PÓR H F

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is s 568-1500



Frá þjóðbúningamessunni í kirkjunni haustið 2023.

Mynd / Heimir Hoffritz

Villingaholtskirkja:

Þjóðbúningamessa

Þjóðbúningamessur hafa verið haldnar hérlendis við hátíðleg tækifæri undanfarin ár, minnisvarði þess er kirkjugestir mættu þróðbúnir til messu.

Íslendingar fyrr á tímum unnu langa og stranga vinnudaga sem gekk oft nærri, bæði til líkama og sálar. Sunnudaginn var þó reynt að halda heilagan, en þá klæddist fólk upp á og hélt til messu. Margir áttu til þess tilefnis peysuföt, upphlut eða ullarbuxur og treyju, fatnað sem oft gekk í arf, en þjóðbúninga var gætt vandlega með það í huga

að hægt væri að nýta frá kynslóð til kynslóðar.

Fyrsta sunnudaginn í október verður haldin þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju í Flóahreppi og kaffi á eftir. Sér kirkjan um veigar en eru gestir beðnir um að taka með sér bakkelsi sem hægt er að deila með öðrum. Mun sr. Guðbjörg Arnardóttir leiða messuna, organisti verður Guðmundur Eiríksson og kór Hraungerðis- og Villingaholtskirkna syngur. Fer messan fram klukkan 14 og fólk hvatt til að mæta í íslenskum þjóðbúningum. /sp -mhh

Áhugaleikhúsin:

Tjöldin dregin frá

Áhugaleikhúsin fara nú að hefja leikinn enda haustið að skella á. Mikíð verður um skemmtan en eins og er hafa sex leikfélög valið sér verk og eru áætlaðar frumsýningar frá 21. september.

Leikfélag Kópavogs ríður á vaðið með verkinu Ferðin til Limbó, en höfundur þess er Ingibjörg Þorbergs, sem einnig á heiður af tónlistinni. Næst tekur við Leikfélag Hveragerðis með barnaleikritinu vinsæla Ávaxtakörfunni eftir Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur, tónlist eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson og verður frumsýnt 28. september. Þann 11. október má hlakka til að sjá annað tilbrigði við Ávaxtakörfuna í höndum Leikfélags Sauðárkróks og svo þann átjanda

setur Leikfélag Keflavíkur verkið Allir á svið – á svið, eftir Michael Frayn.

Leikfélagið Lauga sér fyrir sér að frumsýna Ævintýrabókina þann 25. október en höfundur hennar er Pétur Eggerz og tónlistin eftir Guðna Franzson. Margir hlakka væntanlega til hins klassíska verks Dýrin í Hálsaskógi eftir Torbjörn Egner sem verður sýnt á fjöllum Leikfélags Vestmannaeyja í október og svo tekur Leikfélag Kópavogs fyrir verkið Rommí eftir D. L. Coburn.

Síðustu tvær sýningararnar verða eins og áður sagði í októbermánuði, en frumsýningardagurinn er ósettur enn og því um að gera að fylgjast með.



Leikritið Ferðin til Limbó byggir á barnabókinni Músabörn í geimflugi sem kom út árið 1963. Leikritið var fyrsta leikritið eftir íslenska konu sem sett var upp í Þjóðleikhúsinu árið 1966.

Sýningar áhugaleikhúsanna hafa yfir árin glatt hug og hjörtu landsmanna, sérstaklega þegar

drungi vetrar liggur fyrir og því um að gera að hafa augun opin fyrir áætluðum sýningum. /sp



Þrjú efstu í A-flokki: Sverrir Möller, Ingvi Guðmundsson og Maríus Halldórsson, sem var efstur ásamt Mílu frá Hallgilsstöðum.



Kríu frá Hjartarstöðum hlaut, ásamt eiganda sínum Herdís Erlendsdóttur, ungliðaverðlaun landskeppni SFÍ.

Korkubikarinn féll í hlut nýliðans Kríu

Helgina 24.–25. ágúst sl. fór Landskeppni Smalahundafélags Íslands, SFÍ, fram að Ási í Vatnsdal í samstarfi við smalahundadeild Snata í Húnavatnssýslu.

Besta tík mótsins var valin vinningshafi A-flokks, Míla frá Hallgilsstöðum, en hún fékk einnig Tígulsbikarinn sem veittur er þeim hundi sem fær flest stig í keppninni. Besti hundur móts var Bassi frá Hríshóli sem lenti í 2. sæti í A-flokki. Nýr farandbikar, í minningu Svans H. Guðmundssonar í Dalsmynni, var veittur af Höllu Guðmundsdóttur, ekkju Svans, en hann lést árið 2022. Svanur var virkur félagi SFÍ og lagði metnað sinn í að aðstoða þá sem voru að stíga sín fyrstu skref í þjálfun BC-fjórhunda. Bikarinn, sem nefnist Korkubikar eftir bestu tík Svans, fer til þess nýliðapars sem stendur sig best á landskeppni SFÍ. Að þessu sinni var það Herdís Erlendsdóttir með tíkina Kríu frá Hjartarstöðum sem fékk afhentan Korkubikarinn.

Að þessu sinni voru 17 hundar skráðir til keppni, í þremur flokkum, og dreifðist það nokkuð jafnt á milli flokka. Veðrið var í svipuðum stíl og það hefur verið þetta sumarið, talsverð bleyta og lítið sást til sólar, en keppendur létu það ekki á sig fá enda vanir að þurfa að smala í margbreytilegum veðrum. /sá

YAMAHA GRIZZLY FJÓRHJÓL

— Lítið notuð hjól á tilboðsverði!

Í lok september bjóðum við nokkur notuð Yamaha Grizzly fjórhjól og Yamaha Wolverine buggy bíla á tilboðsverði í kjölfar fundar skandinavískra Yamaha söluaðila hér á landi.

Hjólin verða einungis notuð í 3 daga og verða seld með 5 ára ábyrgð og 10 ára ábyrgð á drifreim.

Afsláttur frá 350.000 til 890.000 kr.



EKKI MISSA AF ÞESSU!
— hafðu samband og kynntu þér málið

Eigum einnig til ný hjól á lager og til afgreiðslu strax

YAMAHA Á ÍSLANDI

Kletthálsi 3, 110 Reykjavík
S 540 4980 | www.yamaha.is

Umboðsaðili
YAMAHA

Kjós:

Aldrei verið betra að vera bóndi

– Bændurnir á Kiðafelli segja góða afkomumöguleika í lamba- og nautakjötsframleiðslu

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Hjónin Sigurbjörn Hjaltason og Bergþóra Andrésdóttir á Kiðafelli í Kjós segja bændur geta haft það mjög gott af kjötframleiðslu með rétttri bústjórn, öflugri ræktunarstarfi og góðri fóðrun. Sauðfjárbúið þeirra hefur oft verið meðal þeirra afurðahæstu á landinu og eru þau að rækta upp holdanautastofn með nýju erfðaeftni af Angus-kyni.

Sigurbjörn og Bergþóra voru meðal þeirra fyrstu sem hófu endurheimt votlendis og hafa fært marga hektara á sínu landi til fyrra horfs á eigin vegum. Þar að auki eiga þau stórt safn gamalla og nýlegra muna úr öllum áttum, sem þau nefna Samansafnið.

Sigurbjörn er fæddur og uppalinn á Kiðafelli en Bergþóra ólst að mestu upp í Garðabæ. Búskapurinn á bænum var að miklu leyti aflagður í tíð foreldra Sigurbjörns. Hann hafði hins vegar áhuga á að gerast bóndi og eftir að Sigurbjörn og Bergþóra tóku saman lögðu þau sig fram við að safna nægum pening til að koma búrekstrinum í Kiðafelli aftur af stað. Árið 1983, þegar þau voru rétt skriðin yfir títugt seldu þau íbúð sem þau áttu saman í Reykjavík, keyptu kýr og traktor og fluttu á Kiðafell.

Fjölnota gripahús í stað fjöss

Fyrstu árin voru þau með hundrað kindur og mjólkurkúr í fjósi sem Sigurbjörn lýsir sem nokkuð lélegu. Eftir tuttugu ár var fjósið orðið úrelt og lögðu bændurnir niður mjólkurframleiðslu þar sem þau vildu ekki vera fjárhagslega bundin nýrri fjósbyggingu. Í staðinn reistu þau fjölnota gripahús með aðstöðu fyrir sauðfé, nautgripi og stóðhesta. Nú er bústofninn samansettur af 60 holdakúm og nautum undan þeim í eldi, ásamt 200 vetrarfóðruðum kindum.



Sigurbjörn Hjaltason og Bergþóra Andrésdóttir, bændur á Kiðafelli í Kjós. Þau eru með 200 kindur og nautaelði undan 60 holdakúm. Í þeirra huga hefur sjaldan verið jafngott að stunda búskap og núna og telur Sigurbjörn ekki innistæðu til að hækka afurðaverð til bænda. Mynd úr einu herbergi Samansafnsins.



Hreinræktað Angus-naut sem bændurnir fengu sem fósturvísi fyrir nokkrum árum.

Hjónin segjast ekki vera farin að huga að því að minnka við sig þrátt fyrir að Sigurbjörn sé 66 ára og Bergþóra verði 65 ára í haust. „Þetta er svo voðalega þægilegt hjá okkur. Það er bara ein erfið törn, það er

sauðburðurinn,“ segir Sigurbjörn.

Meðalafurðir í hæstu hæðum

Árangur hjónanna í sauðfjárrækt er umtalsverður. Undanfarin ár



Með því að gefa nautunum úrvalshey vaxa þau hraðar og kjarnfóðurkaup verða óþörf.

hafa þau rætt sér í efstu sætin yfir þá bændur sem eru með mestar meðalafurðir eftir hverja kind. Aðspurður nefnir Sigurbjörn að einn fyrsti lykillinginn að þessari velgengni séu sauðfjárbændurnir norður á Ströndum. Þar sé öflug ræktunarstarf og á stofninn á Kiðafelli rætur sínar að miklu leyti að rekja þangað.

Umhirda og fóðrun þurfi jafnframt að heppnast fullkomlega. „Síðan er kannski mest áriðandi að það sé haldið vel utan um sauðburðinn og passað upp á að ærnar geldist ekki.“ Jafnframt sé nauðsynlegt að hafa góða sumarhaga. Þau hafi átt góðu gengi að fagna með tvö hundruð ær, en Sigurbjörn dáist að bændunum á Efri-Fitjum í Miðfirði sem eru ósjaldan í efstu sætunum yfir allt landið þrátt fyrir að vera með nálægt þúsund kindur. „Það er náttúrulega algjört met.“

Sæddu helminginn í fyrri

Þá þurfi að vanda allt ásetningsval og skera niður þá gripi sem standi sig ekki. Á síðustu fengitíð sæddu bændurnir hundrað kindur með erfðaeftni úr hrútum sem getur veitt vörn gegn riðu. „Það var áskorun sem við fórum alveg á fullt í, því við höfum verið að selja gripi á fæti og í framtíðinni mun enginn kaupa fé nema það sé með ARR-gen.“

Sauðburðurinn hafi því miður gengið nokkuð illa í vor og fengu þau ekki nema þrjú hundruð lifandi lömb, en ef allt hefði verið í lagi hefðu þau átt að vera 360. Sigurbjörn telur ástæðuna fóstureitrun sem varð til þess að nokkrar ær létust á meðgöngu. „Ég tók eftir því í vetur að það var fuglshræ í garða sem hefur komið með heyi og það er nóg til þess að það kemur eitrun.“

Fengu Angus-fósturvísi

Eins og áður segir stunda bændurnir ekki síður öflugt ræktunarstarf þegar kemur að holdanautum. „Við keyptum fósturvísi hjá Nautastöðinni og létum setja hann upp í íslenskri kú. Hún hélt og okkur fæddist hreinræktaður Angus-nautkálfur,“ segir Sigurbjörn. Nú hafi fæðst tveir árgangar undan honum og er sá þriðji væntanlegur í vor. Þau hafa selt fyrsta nautið og keypt nýtt hreinræktað frá Nautastöðinni. Þá standi til að halda áfram að skipta nautunum út til að halda kynbótunum áfram.

Sigurbjörn segir þetta nýja erfðaeftni breyta miklu. Það fyrsta sem hann sjái sé að gripirnir eru mun rólegri og þægilegri í umgengni, eða nánast eins og íslensku mjólkurkúrarnar. Holdstöfnunin og fóðurnýtingin sé jafnframt meiri sem geti skilað sér í betri framlegð.

Aðspurður hver lykillinginn sé að góðri afkomu í nautakjötsframleiðslu svarar Sigurbjörn að þau hafi komið sér upp góðum stofni sem þau hugsi vel um og gripina. „Áhersla er lögð á að afla úrvalsheya og eru nautin eingöngu grasfóðruð, en ódýrasta fóðureiningin fæst af íslenskum túnun.“

Takmörk fyrir hækku afurðaverðs

„Það er góð framlegð á þessum búrekstri og gott út úr því að hafa, bæði að selja á fæti og framleiða kjöt,“ segir Sigurbjörn. „Ég held að afurðaverðið sé komið það ofarlega að það sé varasamt að fara með það mikið herra út af markaðsaðstæðum. Menn verða aðeins að horfa til þess að það er verið að framleiða miklu ódýrara kjöt, eins og svín og kjúkling, sem við erum óneitanlega í samkeppni við.“

Ég held að bændur geti ekki sótt mikið meira fjármagn í afurðaverði. Stærstu möguleikar þeirra til að auka tekjur sínar eru á búunum sjálfum, en það er lítil framlegð hjá mörgum þar sem bústjórn er áfátt. Í fyrsta lagi geta þeir aukið afurðirnar, það er kannski stærsta atriðið.

Síðan er allt of mikill búvéla-kostnaður hjá bændum. Menn eru að kaupa nýjar, stórar og flottari dráttarvélar og tæki til að gera hlutina á svipstundu. Þetta kostar, sérstaklega þegar vextirnir hækka. Það er hægt að láta þessi járnstykki endast endalaust ef það er passað upp á þetta. Það er allt of algengt að vélarnar liggi úti og þetta er varla smurt,“ segir Sigurbjörn.

Ná góðri framlegð

Með því að hugsa um þessa hluti hefur Sigurbjörn og Bergþóra tekist að vera meðal hæstu búa landsins þegar kemur að framlegð, en þau taka þátt í rekstrarverkefni RML þar sem þau sjá yfirlit yfir önnur bú. „Við erum náttúrulega orðin skuldlítill, en fyrir okkar leyti myndi ég segja að það hafi aldrei verið betra að vera bóndi en núna,“ segir Sigurbjörn.

„Það hafa alveg komið erfiðir tímar. Ég man að maður var alltaf að bíða eftir haustinu til að geta borgað reikningana,“ segir Bergþóra. Hún segir gott að hafa tvennt eða þrennt sem styðji hvert annað þar sem oft komi tímabil sem séu erfiðari en önnur. Mjólkurkúrarnar hafi skilað reglulegum tekjum á sínum tíma, á meðan sláturinnleggið úr sauðfjárræktinni hafi komið á haustin. „Þú þarft að hafa fjármálavit. Svona rekstur er svo mikið batterí,“ bætir hún við.

Framhald á næstu opnu.

Lífræn hreinsistöð



Fyrirferðalítil með 25 ára ábyrgð
Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn
Margar stærðir í boði
Tæming seyru á 3 - 5 ára fresti



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is



KYNNINGARTILBOÐ

Á FULLBÚNU HEILSÁRSHÚSI - MODEL LUND - 22,3 m²

Húsið er unnið úr umhverfisvænum efnum og hentar vel fyrir íslenskar aðstæður.

VH/24-06



MODEL LUND 22,3 m²

Listaverð kr. 12.500.000 m/vsk

Tilboðsverð: kr. 10.500.000 m/vsk

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar og í síma 864 2400.



45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

HEILSÁRSHÚSIN henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **HEILSÁRSHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

www.volundarhus.is

MasterCard
Staðgreiðslu
lán

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

SUMARTILBOÐ

10% afsláttur af öllum garðhúsum og flest öllum gestahúsum sem eru til á lager

VH/24-01



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²



Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

MasterCard
Staðgreiðslu
lán

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is



Samansafnið í gamla fjósinu

„Það er nú þannig að eiginmaðurinn er haldinn dálítilli söfnunaráttu og það var alls konar dót og drasl komið hérna inn á heimilið. Það var orðið fullt hérna hjá okkur og ég fékk hann til að færa þetta upp á fjósloft,“ segir Bergþóra. Síðan þá er búið að stækka rýmið þannig að safnið nær yfir næstum öll gömlu útihúsin. Þarna ægir öllu saman og hafa hjónin því nefnt uppátækið Samansafnið.

Það er yfirleitt opið fyrir gesti og gangandi þegar hátíðin Kátt í Kjós er haldin. Þar fyrir utan er enginn auglýstur opnunartími, en þau taka á móti hópum þegar óskað er eftir því.

„Því að með tímanum veit enginn hvað er hvað og hvers er hvurs,“ segir hún. Hjónin vita ekki hvernig þau muni þróa safnið á næstu árum eða áratugum. „Það kemur kannski einhver og tekur til og hendir öllu þessu drasli,“ segir Bergþóra og hlær.



Fjöldi gripa er á Samansafninu. Hjónin hafa tekið á móti hópum þegar óskað er eftir því.



Í hvamminum við ána var votlendi áður en allt var þurrkað upp á síðustu öld. Nú eru hjónin á Kiðafelli búin að endurheimta stóran hluta og hafa hugsað sér að færa stærra landsvæði til fyrra horfs á næstu árum.

með eldgamla hluti. Fólk hafi oft samband og vilji færa þeim muni. Bergþóra segir að þá sé mikilvægt að hlutirnir séu merktir og að þeim fylgi einhver baksaga.

„Því að með tímanum veit enginn hvað er hvað og hvers er hvurs,“ segir hún. Hjónin vita ekki hvernig þau muni þróa safnið á næstu árum eða áratugum. „Það kemur kannski einhver og tekur til og hendir öllu þessu drasli,“ segir Bergþóra og hlær.

Endurheimta votlendi á eigin vegum

Sigurbjörn og Bergþóra hafa endurheimtað votlendi á sínu landi. Fyrst fóru þau af stað á eigin vegum en urðu síðan þátttakendur í Loftslagsvænum landbúnaði sem er samstarfsverkefni Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML), Skógræktarinnar og Landgræðslunnar, en síðastnefndu stofnanirnar sameinuðust í Land



Samansafnið byrjaði í einu herbergi í fjósloftinu, en hefur nú tekið yfir stærstan hluta gömlu útihúsanna.

fyrir að koma með einhverjar strangar fyrirskipanir um hvernig eigi að gera hlutina. „Bændur og landeigendur hafa líka vit á þessu þótt einhverjir starfsmenn séu titlaðir sem sérfræðingar,“ segir Sigurbjörn.

„Fólk er alið upp á jörðunum, jafnvel í einhverjar kynslóðir, og það kann til verka. Það vinnur með landinu, en svo kemur eitthvert kerfi sem segir „nei, þú mátt bara gera þetta á einn veg“. Náttúran vinnur ekki þannig,“ segir Bergþóra. Það sé alltaf vond pólitík að stilla fólki upp við vegg og segja að það geri hlutina annaðhvort eftir fyrir fram ákveðinni aðferð eða alls ekki.

„Við höfum ekki látið þetta stoppa okkur. Við höfum unnið verkefnið áfram og erum að vinna með náttúrunni, en ekki í neinu samstarfi og þetta kemur hvergi fram,“ segir Bergþóra. Votlendið þeirra sé ekki tekið út af opinberum aðilum og kolefnisbindingin ekki reiknuð út.

Votlendi frjótt beitarrand

Þegar skurðirnir voru gerðir á sínum tíma hafi uppgreftinum verið dreift inn á túnin sem Sigurbjörn skafi nú af með jarðyту og færi aftur á sama stað. „Það grær upp alveg í hveli,“ segir Sigurbjörn aðspurður út í sárið sem verði eftir framkvæmdirnar.

Hann segir ekki mikinn fórnarkostnað af því að færa þurrkuð mýrartún aftur til fyrra horfs, en þetta sé ræktarrand sem hann geti séð af. Skurðirnir séu lýti í landinu og hann vilji ekki horfa yfir landið sundurgrafið og spillt af mannavöldum. Með því að láta landið vera aflíðandi, í staðinn fyrir að vatnið fljóti yfir allt, skapist frjótt beitarrand. Fuglalífð hafi líka tekið við sér, en þau hafa gert nokkrar tjarnir sem andfluglar sækist í. Þá séu hafarnir tíðir gestir, ásamt fjölda tegunda sem ekki hafa sést þarna áður.

Bergþóra segir þau hafa byrjað á þessu þegar Sigurbjörn varð sextugur. Þá langaði þau til að gefa landinu eitthvað til baka þar sem þau eru búin að lifa af jörðinni alla sína tíð. Sigurbjörn reiknar með að þau séu búin að endurheimta um tíu hektara af votlendi og stefna þau að því að halda áfram á næstu árum.

og skóg um áramótin. Þau hafi síðan hætt í Loftslagsvænum landbúnaði vegna ágreinings við aðila Landgræðslunnar um hvaða aðferðum skuli beita í endurheimta votlendis. „Þeir vilja bara stífla skurði og skilja eftir pytti alls staðar, en ég vil loka skurðunum alveg og endurheimta landið eins og það var. Það voru aðferðir sem þeir gátu ekki sætt sig við sem varð til þess að mér var ekki sætt þarna inni lengur sem þátttakandi,“ segir Sigurbjörn.

„Þegar maður horfir á fáránleikann, þá er þetta hætta fyrir skepnur og ljótt í landinu. Þetta er hræðilegt þegar maður sér myndir af þessu. Það eru áfram skurðir þvers og kruss,“ segir Bergþóra og vísar til ljósmynda frá öðrum verkefnum.

Mæta þurfi bændum

„Ég hef það á tilfinningunni að þessi einstrengingslega stefna sé búin að stöðva vinnu við endurheimta votlendis í landinu,“ segir Sigurbjörn. Hann hvetur starfsfólk Lands og skógs til að mæta bændum þar sem þeir eru staddir í sínum verkefnum í staðinn

BILAÐ SMURKERFI? VIÐ REDDUM ÞVÍ.

MIKIÐ ÚRVAL AF VARAHLUTUM Í
GROENEVELD SMURKERFI
ÞJÓNUSTUM ALLAR
GERÐIR SMURKERFA

☎ 779 1886
✉ skralli@skralli.is

SKRALLI



Sigurbjörn segir flagið fljótt að græða upp eftir að jarðvegi hefur verið ytt aftur í skurðina. Endurheimta votlendi sé verðmætt beitarrand og kjörlandi fyrir fugla. Mynd / Úr einkasafni

GÁMATJÖLD



f Gamatjald

- Sterkt tjald sem festist á gáma
- Þykkur dúkur og öflug grind
- CE og brunavottun
- Festist á 20" eða 40 feta gáma
- Yfir 15 ára reynsla á Íslandi
- Breidd á milli gáma 8, 10 eða 12 metrar
- Engin fasteignagjöld
- Tjöld vítt og breitt um landið



Sími 660 6707
gamatjold@gmail.com

Einföld leið til að auka pláss

Husqvarna®

HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjoppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm

Husqvarna FS 500
E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm

Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150 mm Max



Husqvarna K770 14"
Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS400
LV gólfsög
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer
Hopperi LT6005
230mm Plata, 69 kg



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K4000
Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Kartöfluræktun:

Hefði stutt innflutningsbann sem hluta af stærra plani

– Kartöflubóndi með lífræna vottun treystir á myglupolin yrki

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Gunnar Bjarnason hóf kartöflu- og kornrækt í Litlu-Hildisey í Austur-Landeyjum vorið 2019, en jörðina keypti fjölskyldan árið á undan.

„Þetta er búið að vera skelfilega blautt en líka bara kalt og hvasst. Það sér á grösunum hjá mér, meðal annars út af vindi og kulda hreinlega,“ segir Gunnar spurður um tíðina í Austur-Landeyjum í sumar en hann er með um 40 hektara undir ræktunina hverju sinni, en sumar spildurnar fá hvíld árum saman.

Myglupolin erlend yrki

Hann stundar lífrænt vottaða ræktun og hefur ákveðnar skoðanir á þeim skæða skaðvaldi sem kartöflumygla er, því honum leyfist hvorki né hugnast að nota nokkur varnarefni gegn vágsteinum í sinni ræktun.

Hann þarf því að sinna ákveðnu brautryðjendastarfi, sem felst í því að finna myglupolin erlend kartöfluyrki sem skila góðri uppskeru við íslenskar aðstæður og standast væntingar um bragðgæði.

Mygla á hverju ári frá 2019

Líkt og í öðrum Evrópulöndum var kartöflumygla landlæg á Íslandi á árunum frá 1890 til 1960. Síðan bar ekki á henni í nokkurn tíma og er talið að það hafi verið vegna kólnandi veðurfars.

Á síðustu árum hefur mygla komið upp af og til og á hverju ári frá 2019 á Suðurlandi. Talsvert myglutjón varð á árunum 1990 og 1991. Tjón hefur aldrei orðið á Norðurlandi þótt myglan hafi sést þar.

Ekki hefur orðið vart við kartöflumygla hjá íslenskum kartöflubændum í sumar, en talsverður ótti var í vor um að skæð evrópsk mygluafbrigði myndu berast til landsins með innfluttu erlendu stofnúsæði

„Ég fylgist reglulega með hvort einhver merki séu um myglu, en ég hef ekki orðið var við hana hjá mér enn þá. Ég tek reglulega próf úr grösunum sem hafa lítið viðnám við myglu og þau sýni hafa ekki gefið til kynna smit. Ég hef heldur ekki heyrt af vandamálum annars staðar,“ segir Gunnar.

Innflutningur ekki stöðvaður

Deild garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands óskaði eftir því að matvælaráðuneytið stöðvaði innflutninginn á erlendu stofnúsæði, þar sem sjúkdómurinn ógnaði kartöflurækt á Íslandi. Ályktað var þar innanbúðar að finna þyrfti leiðir til að fullnægja markaði með íslensku útsæði og að innflutningi á stofnúsæði fyrir erlend kartöfluyrki yrði hætt.

Eftir umfjöllun ráðuneytisins um málið var ákveðið að verða ekki við óskunum og stöðva ekki innflutning.

Þegar matvælaráðuneytið fjallaði um mögulegt innflutningsbann var haft samband við Gunnar og hann spurður út í hvaða áhrif þetta myndi hafa á hann. „Ég svaraði því til að þetta myndi hafa umtalsverð áhrif á mig, en ég myndi gláður stöðja slíkt bann væri það hluti af stærra plani til að útrýma myglu á Íslandi.

Hagsmunir stóru kartöflubændanna í þessum efnun eru meiri en mínir svo ég tæki gláður þátt í slíku verkefni. Hins vegar sæi



Gunnar Bjarnason, kartöflubóndi í Litlu-Hildisey í Austur-Landeyjum. Vegna slæmrar veðrattu í sumar hafa kartöflurnar vaxið hægt, en þær voru fallegar þær sem sáust þegar kikt var undir. Mynd / smh



Gunnar er með fjölmörg yrki til prófunar á hverju ári, sem þurfa að standast væntingar um myglupól, að þrífast vel við íslenskar aðstæður og vera bragðgóðar.

ég ekki nokkurn tilgang í að banna þetta í eitt ár ef ekki ætti að gera neitt annað samhliða. Mín skoðun er sú að innflutningsbann eitt og sér geri ekki neitt annað en að fresta því að leysa vandamálið, ef það er þá hægt, og auk þess er órökrétt að banna innflutning á yrkjum sem hafa þol gagnvart myglu en láta það gott heita að nota útsæði frá svæðum þar sem mygla hefur fundist árið á undan. Ef það er raunverulegur vilji að losna við mygluna þá þarf að líta á það sem langtímavæðing sem krefst þátttöku margra hagaðila.“

Allt fór til fjandans

Gunnar segir að til að byrja með hafi hann notaði íslensku yrkin sem hafa sannað sig í gegnum tíðina sem hentug og afurðagóð yrki við íslenskar aðstæður. „En þau eru því miður ekki myglupolin og árið 2021, á mínu fyrsta ári í alvöru ræktun, lenti ég í því að ég fékk smit í garðana hjá mér og allt fór eiginlega alveg til fjandans.

Það hefur verið einhver misskilningur í gangi um að myglan sé í jarðvegnum og blossi upp ef veðurskilyrði eru hagstæð. Það er ekki rétt, hún verður ekki til úr engu.

Hún kemur með smituðu útsæði en lifir ekki í jarðvegnum. Á þessu er þó til ein undantekning sem ég veit ekki til að hafi komið upp á Íslandi. Ef myglusporar af tveimur mismunandi arfgerðum, segjum A1 og A2, komast í snertingu hvor við aðra, getur myglan fjölgað sér með kynjaðri æxlun. Við kynjaða æxlun verða til OO gró eða sporar (stundum kallaðir ofursporar á íslensku). Þessi OO gró geta lifað árum saman í jarðvegi eða plöntuleifum, en að auki, eins og við alla kynjaða æxlun, geta orðið til ný afbrigði sem ef til vill eru skæðari en foreldrarir. Þetta er það sem menn óttuðust einna mest að innflutningur gæti haft í för með sér.

Þegar ég lenti í þessu ákvað ég strax að hefja bara þessa leit sjálfur að þolnum yrkjum – og hef aðallega leitað fyrir mér í Hollandi og Þýskalandi.“

Kostnaðarsöm kartöflumygla

„Ég er búinn að reyna það á eigin skinni hversu kostnaðarsamt það er að fá kartöflumygla. Það kostaði mig alla mína uppskeru það árið því ef ég hefði notað útsæði frá sýktum ökrum árið eftir hefði ég nánast örugglega fengið myglu aftur og því fargaði ég

hverri einustu kartöflu, sem var sárt,“ heldur Gunnar áfram.

„Það ár ræddi ég bæði við matvælaráðuneytið og Matvælastofnun og óskaði eftir upplýsingum um hvort og hvernig stofnanirnar hygðust bregðast við þar sem smitið var afmarkað við Suðvesturland. Það tók mig ekki langan tíma að átta mig á að það var minna en ekki neinn áhugi á þessu vandamáli innan stjórnsýslunnar og hrein tímasóun að tala við þessar stofnanir. Niðurstaða mín varð því sú að ég yrði bara að leysa þetta sjálfur. Ég fór því að leita að yrkjum sem hafa þol gagnvart myglu og þó hún komi upp í kringum mig ætti hún ekki, eða að minnsta kosti síður, að valda mér tjóni aftur.“

Varasamt að selja almenningi innflutt útsæði

Gunnar bendir á að allur innflutningur geti verið áhættusamur. „Við sjáum það bara á Spánarsniglinum, sem kom líklegast hingað með innfluttum garðplöntum. Þeir bændur sem flytja inn útsæði eru eingöngu að flytja inn heilbrigðisvottað útsæði sem vonandi minnkar áhættuna, en er vissulega engin trygging fyrir því að sjúkdómur geti ekki borist hingað. Ég hef meiri áhyggjur af því að myglusmitað útsæði sé til sölu á almennum markaði, til dæmis selja gróðurvöruverslanir innflutt útsæði ætlað almenningi.“

Hann telur að almenningur hafi sjaldan það góða þekkingu á plöntusjúkdómum að hann geti greint og meðhöndlað myglusmit – auk þess sem efnin séu ekki aðgengileg almenningi sem séu notuð gegn myglunni hér heima.

„Ég held því að áhættan af innflutningi sé minni hjá bændum sem hafa bæði þekkingu, tækjabúnað, efni, fagstuðning frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og þaulskipulagðar aðferðir við að halda myglu niðri. En auðvitað er hún til staðar.“

Óumhverfisvænn og kostnaðarsamur efnahernaður

Gunnar segir það auðvitað ekki gott

að viðvarandi ógn sé af kartöflumygla sem þýðir að beita þarf stöðugum efnahernaði gegn henni, sem sé bæði óumhverfisvænn og mjög kostnaðarsamur.

„Kartaflan er upprunninn frá S-Ameríku og þaðan kemur auðvitað kartöflumygla líka upphaflega. Hún barst líklega til Evrópu 1843 eða 1884 og gerði mikinn usla til dæmis hjá Írum á miðri 19. öld, sem olli mikilli hungursneyð (*The great famine*), og svo hjá Hollendingum á tíunda áratug síðustu aldar. Hollensk yfirvöld settu árið 2006 af stað verkefni til tíu ára, held ég, einmitt til að þróa myglupolin yrki og voru notuð til þess til kynbóta meðal annars óæt yrki frá Suður-Ameríku sem eru með þetta viðnám. Það verkefni var svo sett í hendur einkaaðila sem hafa svo með tímanum náð að þróa bragðgóð myglupolin yrki.“

Gunnar segist þegar hafa fundið fáein yrki sem þola íslenskar aðstæður og standast kröfur um myglupól og bragðgæði. „Ég hef verið að prófa allnokkur yrki á hverju ári og mun halda því áfram þar til ég verð komin með nægilegan fjölda yrkja fyrir mína framleiðslu. Ég vil geta boðið upp á ýmsar tegundir hvað varðar lit, lögum og bragð.“

Þess virði að reyna að losna við þetta varanlega

Gunnar er spurður um hvað hann telji að sé til ráða þegar horft sé til framtíðar í þessum málum. „Ég held að þetta snúi fyrst og fremst að okkur bændum sjálfum að ákveða hvort við viljum reyna að vinna að því að losna við þetta varanlega, en það tekur tíma og kostar bæði vinnu og peninga. Hitt er að gera eins og bændur í Evrópu og treysta á ný varnarefni eftir því sem myglan myndar þol gagnvart eldri efnun.

Lifrænir bændur geta ekki annað en treyst á yrki sem hafa þol gegn myglunni, þó það takmarki vissulega mikið úrval yrkja til ræktunar og því miður skila sum þeirra oft litilli uppskeru í okkar kalda og stutta sumri.“



Husqvarna - feel the power



Husqvarna 545RX
Sláttuorð - 3 hestöfl



Husqvarna 535RX
Sláttuorð - 2,2 hestöfl



Husqvarna Rider RC320TSAWD
Sláttutraktor m/safnkassa - 12,6 kW



Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 10,5 kW



Husqvarna Tractor TC238T
Sláttutraktor - 10,1 kW



Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K2500
Steinsög - Sögunardýpt 14,5cm



Husqvarna CEORA 546
Slátturóbot - 50.000m² - 20% halli



Husqvarna AM550 EPOS
Slátturóbot - 10.000m² - 45% halli



Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m² - 40% halli



Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m² - 40% halli



Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m² - 45% halli



Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m² - 45% halli



Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m² - 40% halli

MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is



Framkvæmdasjóður ferðamannastaða auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2025

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila

Sérstök áhersla er lögð á minna sótt svæði og lengingu ferðatímabils

Í úthlutuninni er lögð áhersla á minna sótt svæði og lengingu ferðatímabils. Gæðamat sjóðsins mun taka mið af þessari áherslu og eru umsækjendur hvattir til að kynna sér nýtt gæðamatsblað sjóðsins sem mun liggja fyrir á heimasíðu Ferðamálastofu, www.ferdamalastofa.is, á umsóknartíma.

Sjóðnum er heimilt að fjármagna framkvæmdir er snúa að:

- Öryggi ferðamanna.
- Náttúruvernd, viðhaldi og uppbyggingu ferðamannastaða og ferðamannaleiða.
- Fjármögnun undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna áðurgreindra framkvæmda.

Sjóðnum er ekki heimilt m.a.:

- Að bera rekstrarkostnað af mannvirkjum og vegna náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða.
- Að fjármagna framkvæmdir sem eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
- Veita fjármagni til verkefna sem þegar er lokið.

Gæði umsókna

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel þau lög og reglur sem um sjóðinn gilda og vanda umsóknir sínar í hvívetna. Umsækjendum er bent á að kynna sér gæðaviðmið sjóðsins sbr. gæðamatsblað ásamt frekari upplýsingum um sjóðinn, skilyrði lánveitenda og umsóknarferlið, sem finna má á vefsíðu Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is/umsoknir

Hvar ber að sækja um

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum island.is en hlekkur á umsókn er á vefsíðu Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is/umsoknir

Umsóknarfrestur

Umsóknartímabil er frá og með 12. september til kl. 13 þriðjudaginn 15. október. Umsóknir sem berast eftir þann tíma koma ekki til álit.



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

www.ferdamalastofa.is

upplýsingar@ferdamalastofa.is

Réttalistinn 2024

Fjár- og stóðréttir eru fram undan og venju samkvæmt birtir Bændablaðið lista yfir helstu réttir landsins. Upplýsingar um viðbætur eða leiðréttingar skal senda á netfangið gudrunhulda@bondi.is.

Vesturland

Brekkurétt í Saurbæ, Dal.	Sunnudagana 15. sept. kl. 11.00 og 29. sept. kl. 13.00
Fellsendarétt í Miðdölum, Dal.	Sunnudagana 15. sept. kl. 14.00 og 29. sept. kl. 14.00
Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal.	Sunnudaginn 15. sept. og laugardaginn 28. sept.
Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal.	Sunnud. 15. sept. kl. 12.00 og laugard. 28. sept. kl. 16.00
Hólmarétt í Hörudal, Dalabyggð	Sunnud. 15. sept. kl. 10.00, mánudag. 23. sept. og sunnud. 29. sept.
Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal.	Laugardagana 14. og 28. sept.
Ljarskógarétt í Laxárdal, Dal.	Laugardaginn 7. sept.
Ósrétt á Skógarströnd, Dal.	Föstudaginn 4. október kl. 10.00
Skarösrétt, Skaröströnd, Dal.	Sunnudagana 15. sept. kl. 11.00 og 29. sept. kl. 14.00
Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal.	Sunnud. 15. sept. kl. 11.00 og 29. sept. kl. 13.00
Tungurétt á Fellsströnd, Dal.	Föstudaginn 13. sept.
Vörufellsrétt á Skógarströnd, Dal.	Laugard. 21. sept. kl. 13.00 og sunnud. 13. október kl. 13.00
Langholtsrétt í Eyja- og Miklaholtshr.	Vantar upplýsingar
Pverárrétt Eyja- og Miklaholtshr., Snæf.	Sunnudaginn 22. sept.
Hrafnelssstaðarétt í Grundarfirði	Laugardaginn 21. sept.
Mýrar í Grundarfirði	Laugardaginn 21. sept.
Núparett í Melasveit	Fyrri rétt er sunnudaginn 8. sept. kl. 13.00, seinni rétt laugardaginn 22. sept.
Reynisrétt undir Akrafjalli, Hvalfirði	Laugardaginn 21. sept.
Svarthamarsrétt á Hvalfj. str.	Sunnudagana 15. sept. kl. 10.00 og 29. sept.
Hornsrétt í Skorradal	Sunnudaginn 8. sept.
Bláfeldarétt í Staðarsveit, Snæf.	Laugardaginn 28. sept.
Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf.	Laugardaginn 28. sept.
Klofningsrétt í Beruvík, Snæf.	Bara leitir
Ólafsvikurrétt í Ólafsvík, Snæf.	Laugardaginn 21. sept.
Þæfusteinsrétt á Hellisandi/Rífi, Snæf.	Laugardaginn 21. sept.
Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf.	Laugardaginn 28. sept.
Arnarhólsrétt í Helgafellssveit	Sunnudaginn 22. sept.
Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr.	Sunnudagana 15. sept. og 29. sept.
Fjóstungurétt á Hvitársíðu, Mýr.	Laugardaginn 14. sept. og sunnudaginn 15. sept.
Grimstaðarétt á Mýrum, Mýr.	Þriðjud. 17. sept., mánud. 30. sept. og laugard. 7. október
Hítardalsrétt í Hítardal, Mýr.	Mánud. 16. sept. önnur rétt laugard. 28. sept. og þriðja laugardaginn 12. október
Kaldárbakkarétt í Kolbeinsstaðahreppi	Sunnudaginn 8. sept.
Mýrdalsrétt í Hnappadal	Sunnudagana 22. sept. og 13. október
Nesmelsrétt í Hvitársíðu, Mýr.	Laugardaginn 7. sept.
Rauðsgilsrétt í Hálsasveit, Borg.	Sunnudagana 22. sept. og 6. október
Svignaskarösrétt, Svignaskaröi, Mýr.	Mánudaginn 16. sept., seinni 30. sept.
Pverárrétt í Pverárhlið, Mýr.	Mánudaginn 16. sept., sunnudaginn 22. sept.
Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal	Vantar upplýsingar

Vestfirðir

Kjósarrétt í Árneshreppi, Strand.	Laugardaginn 21. sept.
Melarétt í Árneshreppi, Strand.	Laugardaginn 14. sept.
Minni-Hlíð í Hlíðardal, Bolungarvík	Laugardaginn 21. sept.
Syðridalsrétt í Bolungarvík	Laugardaginn 14. sept.
Skarösrétt í Bjarnarfirði, Strand.	Laugardaginn 21. sept. kl. 14.00
Hjarðardalsrétt í Hjarðardal í Dýrafirði	Sunnudaginn 22. sept.
Hraunsrétt við Hraun í Hnífsdal í Skutulsfirði	Laugardaginn 21. sept.
Kirkjubólurétt við Kirkjuból í Engidal í Skutulsfirði	Laugardaginn 21. sept.
Traðarétt við Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði	Laugardaginn 21. sept.
Eyrarrétt á Eyri í Kollafirði, Reykhólahreppi, A-Barð.	Laugardaginn 7. sept.
Grundarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð.	Sunnudaginn 15. sept.
Króksfjarðarnesrétt í Reykhólasv., A-Barð.	Laugardaginn 21. sept.
Kirkjubólurétt í Steingrímsfirði, Strand.	Sunnudagana 22. sept. og 6. okt. kl. 14.00.
Krossarétt	Laugardaginn 14. sept. kl. 16.00
Miðhús í Kollafirði, Strand.	Vantar upplýsingar
Ný rétt í Kollafirði í stað Miðhúsaréttar	Sunnudagana 22. sept. og 6. október kl. 16.00
Skeljavikurrétt í Steingrímsfirði, Strand.	Föstud. 13. sept. og laugard. 28. sept. kl. 16.00.
Staðardalsrétt í Steingrímsfirði, Strand.	Sunnudagana 22. sept. og 6. október kl. 15.00.
Innri-Múlarétt á Barðaströnd, V-Barð.	Mánudaginn 23. sept.
Kinnarstaðarétt í Reykhólahr., A-Barð.	Ekki réttáð í ár
Staðarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð.	Mánudaginn 23. sept.
Vaðalsrétt á Barðaströnd, V-Barð.	Sunnudaginn 22. sept.
Staður, Reykhólahrepp A-Barð.	Sunnudaginn 15. sept.

Norðvesturland

Auðkúlrétt við Svinavatn, A.-Hún.	Laugard. 7. sept. kl. 09.00, seinni réttir mánud. 23. sept. kl. 13.00.
Beinakeldurétt, A.-Hún.	Sunnud. 1. sept., seinni réttir mánudaginn 23. sept. kl. 13:00
Hlíðarétt / Bólstaðarhlíðarétt, A.-Hún.	Laugardaginn 7. sept. kl. 16:00, seinni réttir sunnudaginn 15. sept. kl. 16:00
Hvamsrétt í Langadal, A.-Hún.	Laugardaginn 31. ágúst.

Rugludalsrétt í Blöndudal, A.-Hún.	Laugardaginn 31. ágúst.
Stafnsrétt í Svartárdal, A.-Hún.	Laugard. 7. sept. kl. 08:30, seinni réttir laugardaginn 14. sept. kl. 16:00.
Sveinsstaðarétt, A.-Hún.	Sunnud. 8. sept. kl. 10:00, seinni réttir mánud. 23. sept. kl. 09:00.
Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún.	Föstud. 6. sept. kl. 13:00 og laugard. 7. sept. kl. 08:00, seinni réttir mánudaginn 23. sept. kl. 10:00
Hamarsrétt á Vatnsnesi, V.-Hún.	Laugardaginn 14. sept.
Hrútatungurétt í Hrútafirði, V.-Hún.	Laugardaginn 7. sept.
Hvalsárrétt í Hrútafirði, V.-Hún.	Laugardaginn 14. sept. kl. 15:00
Miðfjarðarétt í Miðfirði, V.-Hún.	Laugardaginn 7. sept.
Valdarásrétt í Fitjárdal, V.-Hún.	Föstudaginn 6. sept.
Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún.	Laugardaginn 7. sept.
Pverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún.	Laugardaginn 14. sept.
Fossarétt í A.-Hún.	Laugardagana 7. sept. og 14. sept.
Kjalarlandsrétt, A.-Hún.	Laugardagana 7. sept. og 14. sept.
Skrapatungurétt í Laxárdal, A.-Hún.	Sunnudagana 8. sept. og 15. sept.

Mið-Norðurland

Árskógsrétt á Árskógsströnd, Eyjafirði	Fyrri göngur 7. sept. og seinni göngur 21. sept.
Dalvikurrétt, Dalvík	Hefur ekki verið réttáð í Dalvikurrétt í 30 ár
Tungurétt í Svarfahardal	fyrri göngur 13. -14. sept. og seinni göngur 20. - 21. sept.
Akureyrarrétt við Hrappstaði, Eyjafirði	Göngur verða 5.-8. sept. og 20-22. sept.
Hraungerðsrétt í Eyjafjarðarsveit	Göngur verða 5.-8. sept. og 20-22. sept.
Möðruvallarétt í Eyjafjarðarsveit	Göngur verða 5.-8. sept. og 20-22. sept.
Vallarétt, Eyjafjarðarsveit	Göngur verða 5.-8. sept. og 20-22. sept.
Vatnsendarétt, Eyjafirði	Göngur verða 5.-8. sept. og 20-22. sept.
Pverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit	Göngur verða 5.-8. sept. og 20-22. sept.
Reistararétt í Hörgársveit, Eyjafirði	Laugardaginn 14. sept.
Staðarbakkarétt í Hörgárdal, Eyjafirði	Föstudaginn 13. sept.
Þorvaldsdalsrétt í Hörgársveit, Eyjafirði	Laugardaginn 7. og 14. sept.
Þórustaðarétt á Moldhaugnahálsi, Eyjafirði	Laugardaginn 14. sept.
Pverárrétt í Öxnadal, Eyjafirði	Laugardaginn 14. sept.
Árhólarétt í Unadal, Skagafirði	Miðvikudaginn 21. sept.
Deildardalsrétt í Deildardal, Skagafirði	Laugardaginn 14. sept.
Hlíðarétt í Vesturdal, Skagafirði	Sunnudaginn 15. sept.
Holtsrétt í Fljótum, Skagafirði	Laugardaginn 14. sept.
Hraunarétt í Fljótum, Skagafirði	Vantar upplýsingar
Laufskálarétt í Hjaltadal, Skagafirði	Sunnudaginn 15. sept.
Mælfellsrétt í Skagafirði	Sunnudaginn 8. sept.
Sauðárkróksrétt (Króksrétt), Skagafirði	Laugardaginn 7. sept.
Selnesrétt á Skaga, Skagabyggð	Laugardaginn 7. sept.
Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skagafirði	Mánudaginn 16. sept.
Skarðarétt í Gönguskörðum, Skagafirði	Fyrri sunnudaginn 8. sept. seinni laugardaginn 14. sept.
Skarðsárrétt, Skagafirði	Sunnudaginn 8. sept.
Skálárrétt í Hrollleifsdal, Skagafirði	Laugardaginn 14. sept.
Staðarétt (Reynisstaðarétt), Skagafirði	Sunnudaginn 8. sept. eftir fyrri göngur og laugardaginn 14. sept. eftir seinni göngur
Stíflurétt í Fljótum, Skagafirði	Föstudaginn 13. sept.
Héðinsfjarðarétt í Héðinsfirði	Vantar upplýsingar
Ósbrekkurétt í Ólafsvík	Vantar upplýsingar
Reykjarétt í Ólafsvík	Vantar upplýsingar
Siglufljarðarétt í Sigluflirði	Vantar upplýsingar
Geldingsárrétt, Svalbarðsströnd	Vantar upplýsingar
Flókadalurétt í Fljótum, Skagafirði	Vantar upplýsingar
Hofsrétt í Vesturdal, Skagafirði	Vantar upplýsingar

Norðausturland

Gljúfurárrétt í Grýtubakkahr., S.-Þing.	Sunnudaginn 8. sept.
Álandstungurétt í Svalbarðshreppi í Pistilfirði	Mánudaginn 16. sept.
Fjallarétt í Kelduverfi	Laugardaginn 14. sept. kl. 16:30
Húsavikurrétt	Laugardagurinn 14. sept. kl. 14:00
Katastaðarétt í Núpasveit, N.-Þing.	Sunnudaginn 8. sept. kl. 08:30
Landsrétt í Öxarfirði, N.-Þing.	Vantar upplýsingar
Leirhafnarétt á Melrakkasléttu, N.-Þing.	Sunnudagurinn 22. sept. kl. 9
Sandfellsdalsrétt í Öxarfirði, N.-Þing.	Miðvikudaginn 11. sept.
Skógarétt í Reykjahverfi, S.-Þing.	Laugardaginn 14. sept. kl. 14:00
Tjarnarleitirétt í Kelduverfi, N.-Þing.	Sunnudaginn 15. sept. kl. 10:00
Tungurétt í Öxarfirði, N.-Þing.	Sunnudaginn 8. sept.
Víkingavatrnsrétt í Kelduverfi, N.-Þing.	Laugardaginn 14. sept. kl. 17:30
Mánarétt á Tjörnesi	Sunnudaginn 15. sept.
Stórsandhólarétt á Sandhólum - Tjörnesi	Sunnudaginn 15. sept.
Árrétt í Bárðardal	Laugardaginn 7. sept.
Baldursheimsrétt í Mývatnssveit, S.-Þing.	Sunnudaginn 1. sept.
Fótarrétt í Bárðardal	Vantar upplýsingar
Hlíðarétt í Mývatnssveit, S.-Þing	Sunnudaginn 1. sept.
Hraunsrétt í Aðaldal, S.-Þing.	Sunnudaginn 15. sept. kl. 10
Mýrarétt í Bárðardal, S.-Þing.	Laugardaginn 31. sept.
Víðikersrétt í Bárðardal, S.-Þing.	Sunnudaginn 1. sept.
Dalsrétt í Svalbarðshreppi í Pistilfirði	Sunnudaginn 14. sept.
Fjallalækjarselsrétt	Sunnudaginn 8. sept.
Garðsrétt í Pistilfirði	Sunnudaginn 8. sept.
Gunnarstaðarétt í Svalbarðshreppi í Pistilfirði	Sunnudaginn 14. sept.
Hallgilsstaðarétt á Langanesi	Mánudaginn 9. sept.
Hvamsrétt í Svalbarðshreppi í Pistilfirði	Laugardaginn 14. sept.
Miðfjarðarnesrétt á Langanesi	Vantar upplýsingar
Miðfjarðarétt	Miðvikudaginn 18. sept.
Ósrétt á Langanesi	Föstudaginn 20. sept.
Tunguselrétt á Langanesi	Mánudaginn 9. sept.
Þorvaldsstaðarétt, Langanesbyggð	Laugardaginn 21. sept.
Geldingárrétt á Svalbarðsströnd	Vantar upplýsingar
Lokastaðarétt í Fnjóskadal, S.-Þing.	Vantar upplýsingar

Austurland

Ormarsstaðarétt í Fellum, Fljótalsdalsheði	Sunnudaginn 8. sept. kl. 13:00
Teigsrétt, Vopnafirði	Mánudaginn 9. sept. kl. 16:00
Seyðisfjarðarétt við Náttþaga	Mánudaginn 16. sept.




Réttir í Landnámi Ingólfs Arnarsonar

Brústaðarétt í Þingvallasveit	Sunnudaginn 15. september kl. 17.00
Fjörborgarétt í Hólmsheiði	Laugardaginn 14. september kl. 18.00
Fossvallarétt í Lækjarbotnalandi	Laugardaginn 14. september kl. 14.00
Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit	Laugardaginn 14. september kl. 14.00
Hraðastaðarétt í Mosfellsdal	Laugardaginn 14. september kl. 17.00
Húsmúlarétt við Kolviðarhól	Laugardaginn 14. september kl. 13.00
Kjósarrétt í Kjós	Sunnudaginn 15. september kl. 15.00
Krysvikurrétt v. Suðurstrandarveg	Laugardaginn 21. september kl. 13.00
Grafningsrétt í Grafningi	Mánudaginn 16. september kl. 09.45
Selvangsrétt í Selvogi, Árn.	Sunnudaginn 22. september kl. 9.00
Þorkötlustaðarétt í Grindavík	Laugardaginn 21. september kl. 14.00
Ölfussrétt í Reykjadal, Ölfusi	Sunnudaginn 15. september kl. 14.00

Samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 775/2020 eru seinni leitir tveimur vikum síðar. Hafa skal í huga að tímasetningar leita og rétta geta breyst, einkum vegna veðurs.

Suðausturland

Fossrétt á Síðu, V.-Skaft.	Föstudaginn 6. sept.
Grafarrétt í Skaftártungu, V.-Skaft.	Laugardaginn 14. sept.
Skaftárrétt, V.-Skaft.	Laugardaginn 7. sept.
Fossrétt á Síðu, V.-Skaft.	Föstudaginn 10. sept.
Grafarrétt í Skaftártungu, V.-Skaft.	Laugardaginn 18. sept.
Kálfafellsdalsrétt, Miðþorpi, Suðursveit	Sunnudaginn 29. ágúst
Kálfafellsrétt, Miðþorpi, Suðursveit	Laugardaginn 28. ágúst
Skaftárrétt, V.-Skaft.	Laugardaginn 7. sept. kl. 9.00



RÉTTIR

Kortagerð: Ólafur Valsson Copyright ©

Borgarhafnarétt, Suðursveit	Réttað síðustu helgina í ágúst ef spáin leyfir
Brunnavallarétt	Réttað síðustu helgina í ágúst ef spáin leyfir
Brunnavallarétt	Réttað síðustu helgina í ágúst ef spáin leyfir
Kálfafellsdalsrétt, Miðþorpi, Suðursveit	Réttað síðustu helgina í ágúst ef spáin leyfir
Kálfafellsrétt, Miðþorpi, Suðursveit	Réttað síðustu helgina í ágúst ef spáin leyfir

Suðurland

Austur-Landeyjaréttir hjá Grenstanga, Rang.	Sunnudaginn 22. sept. 14.00
Brúsastaðarétt í Þingvallasveit, Árn.	Sunnudaginn 15. sept. kl. 17.00
Fjallrétt við Þórólfsfell, Rang.	Mánudaginn 9. sept. kl. 10.00
Fljótshlíðarétt í Fljótshlíð, Rang.	Sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00
Haldréttir í Holtamannafrétti, Rang.	Sunnudaginn 8. sept. kl. 09.00
Heiðarbæjarétt í Þingvallasveit, Árn.	Laugardaginn 14. sept. kl. 15.00
Hrunaréttir í Hrunamannahreppi, Árn.	Föstudaginn 13. sept. kl. 10.00
Landréttir við Áfangagil, Rang.	Fimmtudaginn 19. sept.
Laugarvatnsrétt, Árn.	Vantar upplýsingar
Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum	Laugardaginn 21. sept.
Reykjaréttir á Skeiðum, Árn.	Laugardaginn 14. sept. kl. 09.00
Grafingsréttir í Grafningi, Árn	Mánudaginn 16. sept. kl. 09.45
Seljalandsréttir undir Eyjafjöllum, Rang.	Laugardaginn 14. sept.
Selvogsréttir í Selvogi, Árn.	Sunnudaginn 26. sept. kl. 9.00
Skaftthólsréttir í Gnúþverjahreppi, Árn.	Föstudaginn 13. sept. kl. 12.00
Suðureyjarleitir, Vestmannaeyjum	Laugardaginn 31. ágúst kl. 10.00
Tungnaréttir í Biskupstungum	Laugardaginn 14. sept. kl. 09.00
Vestur-Landeyjaréttir við Forsæti, Rang.	Sunnudaginn 22. sept. 14.00
Þórístunguréttir, Holtamannafr.	Sunnudaginn 8. sept. kl. 09.00
Þórkötlustaðaréttir í Grindavík	Laugardaginn 21. sept. kl. 14.00
Ölfusréttir í Reykjadal, Ölfusi	Sunnudaginn 15. sept. kl. 14.00



Stóðréttir

Auðkúluréttir við Svinavatn, A.-Hún.	Sunnudaginn 29. sept. kl. 11.00
Árhólaréttir (Unadalsrétt) við Hofsó, Skag.	Föstudaginn 27. sept.
Deildardalsréttir í Deildardal, Skag.	Föstudaginn 27. sept.
Fossaréttir á Skaga, A.-Hún.	Laugardaginn 5. október
Hlíðaréttir við Bólstaðarhlíð, A.-Hún.	Sunnudaginn 15. sept. kl. 16.00
Kjalarlandsrétt, A.-Hún.	Laugardaginn 14. sept.
Laufskálaréttir í Hjaltadal, Skag.	Laugardaginn 28. sept.
Melgerðismelaréttir í Eyjafjarðarsveit	Laugardaginn 5. október kl. 13.00
Miðfjarðaréttir í Miðfirði, V.-Hún.	Sunnudaginn 8. sept.

Selnesréttir á Skaga, Skag.	Laugardaganna 7. sept. og 14. sept.
Skarðaréttir í Gónguskörðum, Skag.	Sunnudaginn 8. sept.
Skrapatunguréttir í A.-Hún.	Sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00
Staðaréttir í Skagafríði	Fyrri sunnudaginn 8. sept., seinni laugardaginn 14. sept.
Tunguréttir í Svarfaðardal, Eyf.	Vantar upplýsingar
Undirfellsréttir í Vatnsdal, A.-Hún.	Sunnudaginn 22. sept. kl. 09.00
Víðidalstunguréttir í Víðidal, V.-Hún.	Laugardaginn 5. október
Þverárréttir í Eyjafjarðarsveit	Laugardaginn 5. október
Þverárréttir í Vesturhópi, V.-Hún.	Laugardaginn 28. sept.



Róbóta á illgresið

Gætu róbótar útrýmt þörfinni fyrir illgresiseyði?

Bandarískir bændur eru meðal þeirra sem farnir eru að þreifa fyrir sér með notkun svokallaðra illgresiróbóta á ökrum. The Guardian segir frá bónda nokkrum í miðju Kansas sem daglega horfir á róbóta sína skrólta fram og aftur rásimar milli ræktunarplantnanna og sneiða niður hverja örðu illgresis. Róbótarnir eru fremur litlir, 1,2x0,6 m, en afkastadrjúgir.

Bóndinn sem um ræðir, Clint Brauer að nafni, var áður tæknimaður í Kaliforníu en flutti á fjölskyldubýlið þegar faðir hans fékk Parkinson-sjúkdóminn. Brauer stofnaði landbúnaðartæknifyrirtæki og smíðar og forritar róbóta sína í skúr við bóndabæinn. Hann segir róbótana einkar mikilvæga til að hjálpa bændum að draga úr notkun varnarefna og vernda þannig eigin heilsu og umhverfisins betur.

Nú eru tuttugu bændur skráðir í róbótapjónustu hjá Brauer og vonir standa til að uppræta megi illgresi á þennan hátt á allt að 2.023 hekturum lands í ár.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að bændur um allan heim hafa átt í hatrammi baráttu við illgresi. Þeir hafa togað það upp, klippt niður, drepit það með verkfærum – og efnunum sem sum hver er mjög skaðleg fyrir lífríkið. Varnarefnanotkun hefur verið vaxandi sl. 50 árin eða svo en nú er mögulega að birtast betri valkostur með notkun róbóta og auknum nákvæmnisbúskap. Þannig hefur fjárhagslegur stuðningur streymt til fyrirtækja sem búa til illgresiróbóta, frá áhættufjármagnssjóðum, einkafjárfestum og stórum matvæla- og landbúnaðarfyrirtækjum sem eru fús til að veðja á róbótana. Efasemdaraddir eru þó einnig uppi en líklegt að róbótarnir verði góð viðbót við ýmsar fleiri aðferðir til illgresiseyðingar. /sá

Sviss:

Velgengni upplifunarbýlis

– Auðgandi landbúnaður, epli og svín

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Auðgandi landbúnaður er í forgrunni á Bächlihof í Sviss. Eigandi þess skilgreinir býlið sem upplifunarbýli, en auk matvælaframleiðslu og vinnslu má þar finna bændamarkað, veitingastað og fjölskylduvænan húsdýra- og skemmtigarð sem vel er sóttur alla daga ársins.

Bächlihof er staðsett í jaðri bæjarins Jona í norðausturlhuta Sviss og því í göngufjarlægð fyrir 18.000 íbúa hans. Býlið er hluti af starfsemi Jucker-fjölskyldunnar sem rekur fjögur bú undir merkjum Juckerfarm sem á sér áratugalanga sögu í Sviss.

Velgengni Bächlihof má helst rekja til útvíkkunar á starfsemi býlisins en á undanföllum fimmtán árum hefur býlið farið frá því að vera frumframleiðslubú yfir í stórbýli með margþætta starfsemi frá landbúnaði að viðburðastjórnum.

Matvælavinnsla og fjölskyldugarður

David Prevost er bústjóri Bächlihof. Hann hefur unnið á býlinu síðan árið 2006 og má hann eflaust kalla sig framkvæmdastjóra í dag, en á bænnum starfa allt að 75 manns. Á bestu dögum sumars tekur Bächlihof á móti 12.000 manns en algengt er að um 500 manns eigi þar erindi dag hvern.

Sumir koma til þess að versla á bændamarkaðnum en þar má finna fjölbreytt úrval ferskra afurða úr nágrenninu, ekki eingöngu frá búinu. Einnig er þar bakarí og kaffihús, með hlaðborði kræsinga, sem er vinsæll viðkomustaður vinnandi fólks í hádeginu. Búlið er auk þess fjölskylduvænt og vinsælt meðal barna, þar er t.d. lítill húsdýragarður og leikvöllir. Bächlihof rekur einnig



Bächlihof er ekki bara garðyrkjubýli, heldur einnig veitingastaður, verslun og fjölskyldugarður, sem tekur á móti mörg hundruð gestum dag hvern.



David Prevost bústjóri hefur starfað á Bächlihof í átján ár. Myndir / ghp

matvælavinnslu þar sem framleiddar eru hinar ýmsu vörur, til dæmis sósur, súpur, sýróp og hafradrykkir undir merkjum Junkenfarm. Á haustin er haldin vegleg uppskeruhátíð þar sem graskerskúlpúttur vekja gjarnan mikla lukku. Á kvöldin breytist býlið í veislurými en þar eru haldin bæði brúðkaup og bæjarhátíðir.

Hugsjónastarf án vottunar

Um 6.000 ávaxtatré eru á um fjögurra hektara svæði á býlinu, þar sem má

finna 24 afbrigði af eplum og tólf afbrigði af perum, einnig plómur og berjagard þar sem gestir geta komið og tint sjálfir í öskjur. Býlið á líka stærra landsvæði í nokkurra kílómetra fjarlægð þar sem stunduð er kornrækt og grænmetisrækt. Þau framleiða m.a. hafra, aspás, grasker, tómata, gúrkur og fleira.

Eigandi Bächlihof er Stefan Bächli, sem David segir vera mikinn hugsjónarmann. Þannig kjósi hann að fá ekki lífræna vottun, honum finnst það of takmarkandi.



Kunekune

Þau eru frekar pattaraleg, beitarssvínin þrjú sem augljóslega lifa í vellystingum á Bächlihof. Svínin, tvær gyltur og einn göltur, eru af tegundinni Kunekune. Þau eru með mun styttri trýni sem er hentugt útlitseinkenni því þá ná þau ekki að róta of mikið upp jarðveginum þegar þau eru á beit. En með mauli sínu á grasi og hóflegu róti, leggja þau lið í hringrás býlisins og gleðja gesti staðarins um leið. Kunekune svín eiga ættir sínar að rekja til Asíu en eru aðallega ræktað í Nýja-Sjálandi. Á tungumáli Maori þýðir kunekune feitur og kringlóttur.

Hins vegar gangi starfsemin oft mun lengra en skilyrði lífrænnar framleiðslu. Hann fylgi hugmyndum um auðgandi landbúnað (e. *regenerative agriculture*). Sjálfbærni og líffræðilegur fjölbreytileiki eru mikilvægir þættir, notkun á tilbúnum áburði og plöntuvarnarefnum er forðast í lengstu lög. Lögd er áhersla á ræktun sjúkdómabolinna og harðgerðra afbrigða ávaxta og grænmetis.

Í nafni auðgandi landbúnaðar hafi þeir Stefan og David prófað sig áfram með ýmislegt. Sumt hafi gengið en annað ekki. Hann nefnir sem dæmi að plöntur fái moltute og líflok, hratið af eplum er nýtt sem áburður. Kjúklingar ráfa um garðana og halda óværum frá.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Á bændamarkaðnum má nálgast ferskar afurðir úr nágrenninu og úr matvælavinnslunni þar sem m.a. er framleidd haframjól, sýróp og súpur.

Morgunfundir landbúnaðarins

Fimmtudaginn 19. september klukkan 9 - 10

Bændasamtök Íslands og Samtök fyrirtækja í landbúnaði efna til morgunfundar í húsnæði Mjólkursamsölnnar að Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík fimmtudaginn 19. september klukkan 9.

Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda BÍ og garðyrkjubóndi í Reykholti í Biskupstungum, heldur erindið *Mun orkuskortur breyta íslensku grænmeti í lúxusvöru?*

Öll velkomin

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS SAFL

Weckman stálklæðningar




H. HAUKSSON EHF.

• 30 ára reynsla á Íslandi • Hagstætt verð • Fjölmargir litir í boði • CE vottuð framleiðsla •

Bárujárnr

Verð kr. 3.600 m2 með vsk.




Stallað stál

Verð kr. 4.900 m2 með vsk.



Trapisustál

Verð kr. 3.600 m2 með vsk.



H. Hauksson ehf. Ögurharfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN



Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá
fræjum til
afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is



Samhentir

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

Leitað að umhverfisvænum leiðum gegn illgresi

– Mengunar vegna varnarefna hefur orðið vart í ám, stöðuvötnum og í jarðvegi í Evrópu

Hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins stýrir Sigrún Dögg Eddudóttir nú verkefni sem felst í leit að umhverfisvænum leiðum hér á Íslandi gegn illgresi heldur en tíðkast jafnan í dag í garðyrkju og kornrækt.

Í flestum tilvikum er notast við illgresiseyði gegn óæskilegum gróðri í ræktarlöndum, sem er eitt af varnarefnum í landbúnaði sem svo eru nefnd. Önnur varnarefni eru til dæmis myglu- og skordýraeitur. Slík efnanotkun er þó bönnuð í lífrænt vottuðum landbúnaði.

Mengun í ám, vötnum og jarðvegi

Sigrún segir að verkefnið njóti stuðnings Evrópusambandsins, sem hafi lagt áherslu á að finna leiðir til að draga úr notkun varnarefna í landbúnaði. Ástæðuna megi rekja til þess að mengunar hafi orðið vart í ám, stöðuvötnum og jarðvegi á meginlandi Evrópu, vegna kemískra varnarefna.

Áhyggjur eru af áhrifum efnanna á örverur í jarðvegi og líffræðilega fjölbreytni. Þar sem efnanotkun er sú aðferð sem gefur besta árangurinn – og sú sem tryggir góða uppskeru úr hefðbundinni ræktun – hafi lítil hvati verið fyrir bændur að hverfa frá notkun varnarefna.

Fjölmar gar tegundir illgresis

Verkefnið sem Sigrún stýrir heitir AGROSUS og þar eru skoðaðar landbúnaðarvístfræðilegar aðferðir við meðhöndlun illgresis. Lögg er áhersla á samstarf við sem flesta hagsmunaaðila í landbúnaði og virðisikeðju matvæla; bændur, ráðunauta, vísindamenn, fulltrúa félagsamtaka og fólk úr stjórnsýslu. Í fyrsta hluta verkefnisins, sem hófst síðasta sumar, var áhersla á að afla



Lífrænt vottaður kartöflugarður, en í slíkri ræktun eru varnarefni bönnuð.

Mynd / smh

upplýsinga og myndun tengslanets í kringum verkefnið. Í þeim tilgangi hafi spurningalisti verið sendur út til korn- og garðyrkjubænda, auk þess sem tekin voru viðtöl við aðra hagsmunaaðila.

Spurt var um algengustu illgresistegundirnar á Íslandi sem bændur glímdu við og hvaða varnarefni væru notuð gegn þeim. „Samkvæmt niðurstöðum eru haugarfi, hjartarfi, skurfa og blóðarfi algengustu illgresistegundirnar í kornrækt. Í kartöfluræktun eru það haugarfi, blóðarfi, skurfa, klóelfting og húsapunktur. Hlaðkolla er meira vandamál í öðru útiræktuðu grænmeti en aðrar algengar tegundir í slíkri ræktun eru hjartarfi, blóðarfi, haugarfi og krossfífill,“ segir Sigrún.

Bændur jákvæðir gagnvart breytingum

„Express, sem inniheldur virka efnið tribenúrón-metýl, er mest notaða varnarefni gegn illgresi í kornrækt, einnig er verið að nota Primus sem inniheldur flórasúlam. Bæði þessi efni eru notuð gegn tvíkímblöðungum. Í grænmetisræktun eru efnin Fenix, sem inniheldur virka efnið aklónifen, og Centium, sem inniheldur klómasón, algengustu efnin. Þau virka á tvíkímblöðunga og sumar tegundir einkímblöðunga,“ útskýrir Sigrún.

„Það sem stendur upp úr eftir upplýsingaöflun í fyrsta hluta verkefnisins er að bændur

eru almennt jákvæðir fyrir notkun umhverfisvænni aðferða við illgresiseyðingu.

Helstu hindranirnar eru skortur á upplýsingum um umhverfisvænni aðferðir meðal bænda og lítil stuðningur frá yfirvöldum. Bændur hafa áhyggjur af minni uppskeru og það vantar trú á að styrkir frá hinu opinbera myndu vega upp á móti hugsanlega minni uppskeru. Aðferðirnar sem um ræðir byggja oft á nýjum tækjabúnaði sem ekki hefur verið prófaður við íslenskar aðstæður og ekki er boðið upp á styrki til tækjakaupa. Þetta skapar því fjárhagslega áhættu fyrir bændur sem vilja skipta illgresiseyðinum út fyrir umhverfisvænni aðferðir.“



Sigrún Dögg Eddudóttir.

Nauðsynlegt að nota fleiri en eina aðferð

Að sögn Sigrúnar telja bændur að helstu hvatar til að breyta um aðferðir gegn illgresinu væru aukin arðsemi af uppskeru og trú á árangur. „Tilraunir og prófanir á tækjum, sem myndu sýna fram á árangur af umhverfisvænum

aðferðum, gætu aukið trú bænda á aðferðunum. Styrkir voru nefndir sem leið til þess að hjálpa bændum að taka upp nýjar aðferðir.“

Þar sem mun flóknara sé að verjast illgresi án illgresiseyða þurfi að nota fleiri en eina aðferð. „Langalgengasta aðferðin sem er nýtt hér á landi er skiptiræktun en hún dugar ekki til ein og sér. Einnig er jarðvinnsla mjög mikilvæg. Allt sem hægt er að gera til þess að gera nytjaplöntuna samkeppnishæfari gegn illgresinu, svo sem rétt sáðdýpt og áburðargjöf, getur hjálpað, sem og gæði fræja og útsæðis.

Til eru sérhæfð tæki sem hægt er að nota til þess að hreinsa illgresi á milli raða og rása, það eru ýmsar útfærslur af herfum og plógum. Oft eru þessi tæki búin GPS-tækni. Einnig er alls konar spennandi tækni í þróun, tækni til myndgreiningar, gervigreind, drónar og róbótar, sem vonandi koma til með að nýtast vel í náinni framtíð.“

Þyrfti að efla rannsóknir til muna

Sigrún segir þróunina á þessum aðferðum ekki vera langt á veg komna á Íslandi. „Það sem stendur okkur fyrir þrífum er skortur á upplýsingum og gögnum um þær aðferðir sem eru þegar þekktar – og hvort það gengur yfirhöfuð að nota þær við íslenskar aðstæður. Það þyrfti að efla rannsóknir á þessu sviði til muna, hvort sem það eru prófanir á tækjabúnaði eða tilraunir með hvaða jarðvinnslutækni hentar best fyrir mismunandi jarðvegsgerðir. Eins og er þurfa bændur sjálfir að prófa sig áfram með þær aðferðir sem þeim líst vel á, með tilheyrandi kostnaði.

Það er ekki ólíklegt að í framtíðinni verði farið að gera kröfur um breytta nálgun við notkun varnarefna líkt og Evrópusambandið gerir kröfur um með stefnu sem kallast IPM (Integrated Pest Management). Hún gengur út á að samþætta mismunandi aðferðir til þess að minnka notkun varnarefna gegn skaðvöldum í landbúnaði, þar á meðal illgresi. Best væri að byrja að huga að þessari nálgun sem fyrst til þess að geta miðlað sem bestum upplýsingum til bænda ef hún verður tekin upp á Íslandi.“

/smh



ALLT FRÁ FYRSTU HUGMYND AÐ FULLBÚNU HÚSI

- ▶ Hönnun og ráðgjöf
- ▶ Framleiðsla
- ▶ Uppsetning
- ▶ Verkefna- / byggingastjórn



Súlur stálgrindarhús fyrir atvinnu-, iðnaðar- og íbúðarverkefni

✉ kristjan@sulurehf.is
🌐 www.sulurehf.is
☎ 669 0803



Herfi eru notuð gegn illgresi í grænmetisræktun, kornrækt og kartöfluræktun.



Fundarmenn í vettvangsferð í Hjallaskógi í Neskaupstað. Þar er vaxinn upp hávaxinn og fallegur skógur með fjölbreytta flóru. Mynd / Aðsendar

Ályktað um lúpínu og upplýsingaóreiðu

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands hvetur vísindamenn með akademískar kennslustöður við innlenda háskóla til þess að vanda orðræðu sína opinberlega og í fjölmiðlum.

Það kemur fram í ályktun sem samþykkt var á aðalfundi Skógræktarfélag Íslands sem haldinn var í Neskaupstað dagana 30. ágúst til 1. september. Í ályktuninni segir enn fremur: „Markmið málþingsins var að stuðla að frekari þekkingu íslenskra vísindamanna og þeirra sem starfa í skapandi greinum á sögu Baska á Íslandi og tengja saman íslenskan og baskneskan menningararf.“

Þá hvetur Skógræktarfélagið til þess að rannsóknum á losun kolefnis vegna jarðvinnslu verði forgangsraðað og beindi ályktun þar að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, matvælaráðuneytinu, Landbúnaðarháskóla Íslands og Landi og skóg. „Fyrir upplýsta umræðu um áhrif jarðvinnslu á kolefnisbúskap vantar frekari rannsóknir á málefnum hér á landi,“ segir í ályktun aðalfundarins.

Ávinningur útivistarskóga og lundir fyrir Grindvíkinga

Fimm aðrar ályktanir voru samþykktar á aðalfundinum. Skorað er á Land og skóg að hefja rannsóknir til að styðja við gerð raunhæfra reglna um notkun lúpínu og hefja á ný framleiðslu, notkun og sölu á lúpínufraei ásamt tilheyrandi *Rizobium smiti*. Ríki og sveitarfélög eru hvött til þess að fylgja eftir vörsluskyldu búfjár. Aðalfundurinn fól stjórn að hefja stefnumörkunarvinnu þar sem hlutverk og markmið Skógræktarfélag Íslands verða brýnd. „Taka verður tillit til breytinga sem eru að verða á þróun skóga og samfélags,“ segir í ályktuninni.

Þá hvetur félagið matvælaráðherra til að hlutast til um að komið verði á sérstöku styrkjakerfi fyrir uppbyggingu, grisjun og umhirðu útivistar- og lýðheilsuskóga. „Með aukinni umhirðu eykst gildi skóganna til útivistar og notkun

eykst. Raunverulegur kostnaður við þessa vinnu er margfaldur á við þær fjárhagslegu tekjur sem af skógunum eru og skógræktarfélag hafa ekki bolmagn til að standa undir þeim kostnaði. Ávinningur af þessum skógum er hins vegar alls samfélagsins.“

Þá eru skógræktarfélag á suðvesturhorni landsins hvött til að koma á fót Grindavíkurlundum á sínu svæði.

Skógræktarfélag Neskaupstaðar, Skógræktarfélag Reyðarfjarðar og Skógræktarfélag Eskifjarðar voru sameiginlega gestgjafar aðalfundar Skógræktarfélag Íslands. Formaður þess er Jónatan Garðarsson frá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar.

Nýir stjórnarmeðlimir voru kjörir á fundinum, þau Hrefna Hrólfsdóttir, Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar, Sverrir Bollason, Skógræktarfélagi Reykjavíkur og Pavle Estrajher, Skógræktarfélagi Borgarfjarðar, sem voru kjörin í stað Þuríðar Yngvadóttur, Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar, Jens B. Baldurssonar, Skógræktarfélagi Akraness og Berglindar Ásgeirsdóttur, Skógræktarfélagi Sudurnesja.

Aðrir sem eiga sæti í stjórn eru Aðalsteinn Sigurgeirsson, Skógræktarfélagi Reykjavíkur, Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Skógræktarfélagi Bildudals og Páll Ingþór Kristinsson, Skógræktarfélagi Austur-Húnavetninga.

Elsti skógræktarfélagi Neskaupstaðar

Sex félagar Skógræktarfélag Íslands, úr hópi gestgjafa, voru heiðraðir á aðalfundinum. Kristinn Ólafur Briem, Guðrún Jóhanna Kjartansdóttir og Ásmundur Ásmundsson frá Skógræktarfélagi Reyðarfjarðar og Auður Bjarnadóttir, Bjarni Aðalsteinsson, Sigurborg Hákonardóttir og Benedikt Sigurjónsson frá Skógræktarfélagi Neskaupstaðar, en þess má til gamans geta að Auður er elsti félagi Skógræktarfélag Íslands, 98 ára að aldri. /ghp



SERES 3

Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 4.490.000,-

Við auglýsum svo sannarlega ekki “verð frá”.

RAG

import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ“



Umsjón fræverkunar í Gunnarsholti

Land og skógur leitar að öflugum starfsfólki til að vinna að uppbyggingu og vernd gróðurauðlinda á Íslandi með landgræðslu, nýskógrækt og friðun skóga til að efla hagrænan, umhverfislegan og samfélagslegan ávinning af sjálfbærri landnýtingu.

Leitað er að starfskrafti til að hafa umsjón með fræverkun í Gunnarsholti. Starfshlutfall er 100%.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með fræverkunarstöð og plöntugerði í Gunnarsholti
- Verkun fræs til landgræðslu og skógræktar
- Umsjón með birgðum og dreifingu fræs og plantna frá Gunnarsholti
- Umhirða í fræverkunarstöð
- Sáning, áburðardreifing, gróðursetning og uppskerustörf
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Vinnuvélaréttindi á dráttarvélar (I) og lyftara (J) nauðsynleg
- Tölvufærni og þekking á helstu Microsoft-forritum nauðsynleg
- Gott vald á töluðu og rituðu máli á íslensku nauðsynleg, hæfni í erlendu tungumáli er kostur
- Skipulagshæfni og geta til að vinna undir álagi
- Hæfni til að miðla upplýsingum
- Góðir samskiptahæfileikar
- Reynsla af verkefnastjórnun og gæðaeftirliti er kostur
- Haldgöð reynsla af landgræðslu, skógrækt eða jarðrækt er kostur

Sótt er um starfið á Starfatorgi. Umsóknarfrestur er til og með 20. september 2024.

Land og skógur er með starfstöðvar í öllum landshlutum. Í Gunnarsholti vinna um 30 manns. Þar er rekin fræverkunarstöð auk margvíslegrar starfsemi á sviði landgræðslu og skógræktar.

Land og skógur hefur hlotið jafnlaunavottun, innleitt styttingu vinnuvikunnar og græn skref í ríkisrekstri. Þá hefur stofnunin sett sér umhverfis- og loftslagsáætlun með tímasettum markmiðum ásamt áætlunum um réttindi, vernd og ábyrgð starfsfólks, s.s. áætlanir um áreitni og einelti ásamt viðbrögðum við slíku. Hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir

Gústav Magnús Ásbjörnsson, gustav.magnus.asbjornsson@landogskogur.is
sviðsstjóri endurheimt vistkerfa.



REYNSLUMIKLIR GÁMAR TIL SÖLU

Eigum til sölu nokkra notaða 40 feta frystigáma, sem seljast sem einangraðir gámar. Tilvaldir fyrir þá sem vantar auka geymslupláss til lengri eða skemmri tíma.

Sími 568 0100 | stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Hrossarækt:

Sýningarárið 2024

– Fyrri hluti

Sýningarárið 2024 var viðburðaríkt og hápunktur sumarsins var Landsmót í Reykjavík. Afar góð mæting var til dóms þetta árið og breiður hópur frábærra hrossa glöddu augað á sýningarbrautunum.

Það voru alls felldir 1.565 dómur á 15 sýningum, en fjöldi hrossa sem mættu til dóms var 1.154. Ekki hafa fleiri dómur verið felldir á einu ári síðan 2018 en það ár voru dómarnir 1.575. Gaddstaðaflatir við Hellu var sá sýningarstaður þar sem flest hrossin voru dæmd, eða 664 hross. Þá voru 283 hross dæmd á Hólum í Hjaltadal.

Landsmót var haldið á félagssvæði Fáks í Víðidal í ár og tókst afar vel. Miðað var við að til dóms á kynbótbrautinni kæmu 170 hross, sem urðu þó 173 vegna þess að í nokkrum tilfellum voru hross jöfn að stigum. Alls voru 168 hross dæmd á mótinu en aðeins var um forföll þegar að sýningum kom. Þá hlutu sjö stóðhestar fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og fjórir hestar hlutu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi en sérstök umfjöllun um þá er hér í blaðinu.

Í töflum nr. 1 og 2 sem fylgja má sjá meðaltöl og breytileika í einkunnagjöf allra eiginleika í sköpulagi og hæfileikum kynbótahrossa sem sýnd voru árið 2024 á Íslandi.

Meðaltöl einstakra eiginleika eru á svipuðu róli og síðastliðin ár en eru þó heldur hærrí, sem dæmi má nefna að á síðasta ári var meðaltal aðaleinkunnar 8,03 en er nú 8,09. Meðaltal sköpulags hefur aldrei verið hærra en nú, og í fyrra var það 8,16. Dreifing einkunnar er aftur á móti nánast sú sama og síðastliðin

	Höfuð	Háls, herðar og bógar	Bak og lend	Samræmi	Fótagerð	Réttleiki	Hófar	Prúðleiki	Sköpulag
Meðaltal	7,99	8,39	8,23	8,33	8,01	7,76	8,30	7,77	8,21
Staðalfrávik	0,50	0,37	0,50	0,45	0,49	0,46	0,44	0,78	0,24
Lægsta einkunn	7,0	7,0	7,0	6,5	6,5	6,5	7,0	6,0	7,29
Hæsta einkunn	9,5	9,5	10,0	9,5	9,5	9,0	9,5	10,0	8,98

Tafla 1.

	Tölt	Brokk	Skeið	Greitt stökk	Samstarfsvilji	Fegurð í reið	Fet	Hægt tölt	Hægt stökk	Hæfileikar	Aðaleinkunn
Meðaltal	8,36	8,11	6,89	8,19	8,53	8,27	7,79	8,09	7,97	8,02	8,09
Staðalfrávik	0,47	0,56	1,53	0,50	0,44	0,46	0,68	0,49	0,54	0,36	0,28
Lægsta eink.	6,5	6,0	5,0	5,5	7,0	6,5	5,5	6,0	6,0	6,50	6,89
Hæsta eink.	9,5	10,0	10,0	10,0	10,0	9,5	10,0	9,5	9,5	9,28	8,98

Tafla 2.

ár þannig að notkun skalans við einkunnagjöf hefur ekki dregist saman. Meðaltal fyrir skeið er 6,89 ef öll hross eru tekin með í útreikningi. Ef einungis eru skoðuð hross sem hlutu skeiðeinkunn (hærra en 5,5) að þá er meðaltal fyrir skeið um 7,80 sem er líklega hæsta meðaltal sem við höfum séð fyrir skeið. Enda eru einkar margir afkvæmahestar sem eru að skila hrossum til dóms þessa dagana að gefa góða skeiðgetu. Klárhross voru 31% sýndra hrossa í ár en það er svipað hlutfall og undanfarin ár (var 32% í fyrra). Á Landsmóti voru 18% hrossa klárhross en hlutfall þeirra er töluvert mismunandi milli aldursflokka á mótinu eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

Hlutfall klárhrossa á LM 2024		
	Stóðhestar	Hryssur
4 vetra	37%	25%
5 vetra	21%	17%
6 vetra	20%	19%
7 + vetra	0%	0%

Meðalaldur hrossa sem til dóms komu í ár voru 6 ár (5,98) sem er heldur lægri meðalaldur en á síðasta ári þegar meðalaldur sýndra hrossa var 6,1 ár. Þetta skýrist aðallega af því að fleiri fjögurra og fimm vetra hross eru sýnd á Landsmótsárum og er því meðalaldur alltaf heldur lægri þegar þau ár ber að garði. Meðalaldur sýndra hrossa hefur verið afar stöðugur síðastliðin ár en til



Væta frá Leirulæk hlaut 10 fyrir skeið. Knapi Þorgeir Ólafsson.



Hildur frá Fákshólum hlaut einnig 10 fyrir skeið. Knapi Helga Una Björnsdóttir.

árinu og er það með mesta móti á einu ári en það gerðist síðast árið 2016 að svo mörg hross hlutu 10 fyrir skeið. Þetta eru hrossin Væta frá Leirulæk, Hildur frá Fákshólum, Mjallhvít frá Sumarliðabæ 2, Herakles frá Þjóðólfshaga 1 og Liðsauki frá Áskoti. Athygli vekur að tvö af þessum hrossum, þeir Herakles og Liðsauki, eru undan Álfakletti frá Syðri-Gegnishólum en hann er að gefa frábæra skeiðgetu. Þá er Mjallhvít undan Stála frá Kjarri og eru þeir feðgar, Álfaklettur og Stáli, báðir með 132 stig fyrir skeið í kynbótamatinu. Þá er einnig athygli vert að Hildur frá Fákshólum og Væta frá Leirulæk eru báðar undan Gnýpu frá Leirulæk sem er undan Stikli frá Skrúð. Hún ber greinilega marga verðmæta erfðavisa fyrir skeiðgetu. En faðir Hildar er Ölnir frá Akranesi og faðir Vætu er Konsert frá Hofi.

Þá voru tvær hryssur sem hlutu 10 fyrir stökk á árinu, þær Edda frá Rauðalæk og Díana frá Bakkakoti. Óvanalegt er að tvö hross hljóti 10 fyrir þennan eiginleika sama árið en einungis sjö hross hafa hlotið 10 fyrir þennan eiginleika í sögunni. Edda frá Rauðalæk er undan Kiljan frá Steinnesi og Elísu frá Feti, Gustsdóttur er Kiljan hefur einmitt verið að gefa gæðastökk í gegnum tíðina; mikla framhæð og teygju á stökki. Þá er Díana frá Bakkakoti undan Frami frá Ketilsstöðum og Brynju frá Bakkakoti; afar mjúk, framhá og ferð- og svífmikil á stökki. Tvö hross hlutu 10 fyrir samstarfsvilja á árinu en það eru þau Hulinn frá Breiðstöðum og Arney frá Ytra-Álandi. Hulinn frá Breiðstöðum er undan Kveik frá Stangarlæk 1 og Díonu frá Breiðstöðum, Sveins-Hervarsdóttur. Hulinn er frábærlega þjáll, viljugur og samstarfsfús og var sýning á honum á Landsmóti hrein listasýning. Arney frá Ytra-Álandi er undan Skýr frá Skálakoti og Erlu frá Skák, hún er fágætum hæfileikum búin og sýndi ótrúleg afköst og gæði á gangi einungis fimm vetra gömul; bráðgert náttúrafl.

Þá voru tveir hestar sem hlutu 10 fyrir fet á árinu, þeir Grímar frá Þúfum og Svarti-Skuggi frá Pulu. Grímar er undan Sólon og Grýlu frá Þúfum, hreint frábær á feti; gegnummjúkur og skrefmikill. Þá er Svarti-Skuggi frá Pulu undan Veg frá Kagaðarhóli og Sóldísi frá Pulu, sem er undan Sædun frá Múla. Svarti-Skuggi rekur því ættir sínar til Höfða-Gusts í báðar ættir og er sérstakur útteislunarhestur eins og mörg hross sem rekja ættir sínar til Gusts.

Heilbrigðisskoðanir kynbótahrossa

Heilbrigði kynbótahrossa var athugað eins og undanfarin ár, bæði fyrir og eftir dóm. Allir áverkar sem hrossin hlutu í dómi voru stigaðir í þrjá flokka og á þetta við bæði særindi í munn og ágríp á fótum. Fyrsta stigs athugasemdir teljast ekki vera eiginlegir áverkar en eru t.d. særindi í munn sem ná ekki í gegnum slímhúð eða strokur á fótum sem ná ekki í

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Mjólkárvirkjunar



Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum, þann 13. febrúar 2024, að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna breytinga á deiliskipulagi Mjólkárvirkjunar skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vegna áforma Orkubús Vestfjarða ohf. um stækkun virkjunar, afhendingu á grænni orku, uppdráttur og greinargerð, unnið af Verkís ehf., 2. febrúar 2024.

Markmið með deiliskipulagsbreytingunni er að heimila aukna nýtingu vatnsafls á vatnasviði Mjólkár og þar með auka raforkuframleiðslu Mjólkárvirkjunar og bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum, skapa aðstöðu fyrir afgreiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti við Mjólkárvirkjun ásamt því að lágmarka rask vegna skipulagsbreytinganna.

Vinnslutillaga að breytingum á deiliskipulagi Mjólkárvirkjunar var kynnt frá 14. nóvember til 12. desember 2023. Frestur til umsagna og ábendinga við tillögugerðina var til 12. desember 2023.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunum að Hafnarstræti 1, Ísafirði, 4. september 2024 til og með 18. október 2024 og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, mál nr. 835/2023. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins, www.isafjordur.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til og með 18. október 2024. Skila skal athugasemdum um skipulagsgáttina eða á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, einnig með tölvupósti á skipulag@isafjordur.is, þar sem má nálgast frekari upplýsingar.

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar

samanburðar var meðalaldurinn 6,2 ár á Landsmótsárinu 2018.

Í meðfylgjandi töflu er fjöldi hrossa sem kom til dóms í hverjum aldurs- og kynflokk á nýafstöðnu sýningarári:

	Stóðhestar	Hryssur
4 vetra	81	89
5 vetra	121	192
6 vetra	102	227
7 vetra	74	268

Alls voru 288 feður að baki sýndra hrossa í ár og í meðfylgjandi töflu er listi yfir þá hesta sem áttu tíu eða fleiri sýnd afkvæmi sem komu til dóms:

Tíur ársins

Þegar breytileiki í einkunnagjöf er skoðaður má sjá að nokkrar tíur voru gefnar á árinu fyrir einstaka eiginleika. Þórshamar frá Reykjavík fékk 10 fyrir bak og lend og er hann einungis þriðja hrossið í sögunni til að hljóta þessa einkunn. Hann er undan Reginn frá Reykjavík og Bót frá Reyðarfirði, ræktandi og eigandi hans er Leó Geir Arnarsson. Afar ánægjulegt er að yfirlína hestsins nýtist vel í reið en hann er afar burðarmikill á hægu tölti og hlaut 9,5 fyrir þann eiginleika á Landsmóti. Alls hlutu níu hross 10 fyrir prúðleika á fax og tagl á árinu. Þá hlaut Steinn frá Stighúsi 10 fyrir brokk á vorsýningu í Spretti. Faðir Steins er Vökull frá Efri-Brú og móðir er Alöf frá Ketilsstöðum, Álfsdóttir. Steinn er afar skrefmikill, framhár, hágengur og öruggur á brokki og flugrúmur. Fimm hross hlutu 10 fyrir skeið á



Edda frá Rauðalæk hlaut 10 fyrir stökk. Knapí Guðmundur Björgvinsson. Myndir / Óðinn Örn

gegnum húð, og eru án eymsla eða bólgu. Annars stigs athugasemdir eru áverkar, s.s. lítill sár í munni eða á ágríp á fótum sem ná þó ekki einum cm. Þriðja stigs athugasemdir eru alvarlegir áverkar og á þá lund að hrossið hlýtur ekki reiðdóm og getur ekki mætt til yfirlitssýningar.

Í ár voru skráð ágríp á fótum í 14% tilfella, sem er svipað og var í fyrra en þá var tíðni ágrípa 15%. Megnið af þessum athugasemdum, eða 83% voru í flokki I. Tíðni eiginlegra áverka á fótum (flokkar 2 og 3) var því hjá 2,3% hrossa. Áverkar af þriðja stigi voru afar fáir eða einungis 3 á árinu. Þá voru skráð særindi eða blóð í munni í 4% tilfella og var í öllum tilfellum um fyrsta stigs særindi að ræða. Það má því halda því fram að staðan á þessum málum sé ásættanleg þó við viljum gera enn betur en tíðni alvarlegra áverka hefur farið minnkandi ár hvert undanfarid. Þetta skýrist væntanlega fyrst og fremst af hestvænni sýningum og betri undirbúningi hrossa sem koma til dóms. Þá er reynt að taka á grófri reiðmennsku með því að veita knöpum áminningar, og í ár voru slíkar áminningar skráðar á tvo knapa.

Skoðun eistna var framkvæmd á öllum stóðhestum sem komu til dóms þar sem mæld er stærð eistnanna, stinnleiki þeirra metinn og athugað með frávík svo sem snúninga á eistnalýppum og annað. Þéttleiki eistna er metinn í þremur flokkum þar sem flokkur I lýsir þéttum og eðlilegum eistum, í flokki II eru þau aðeins lín viðkomu og í flokki III teljast eistun vera grautlín. Mikill meirihluti stóðhestanna er með þétt og eðlileg eistu eða tæplega 90% stóðhestanna sem mættu til dóms. Minnihluti stóðhesta var talinn með eistu að stinnleika II og enginn með stinnleika III. Sjö stóðhestar sem mættu til eistnaskoðunar voru merktir með eistnagalla, en þá var um snúninga á eistum að ræða (bæði eistu snúin) hjá einum hesti, og of mikil smæð eistna (heildarbreidd beggja eistna undir 8,0 cm) hjá sex hestum. Enginn hestur var með misstór eistu eða eineistni. Þetta er afar svipaður fjöldi og undanfarin ár. Ef meðaltal á heildarbreidd eistna er skoðað, þá kemur í ljós að það er 10,2 cm í ár og staðalfrávíkið er um 1 cm.

Afkvæmafeður

Stóðhestur	Fjöldi
Skýr frá Skálakoti	61
Álfaklettur f. Syðri-Gegnish.	40
Kveikur frá Stangarlæk	38
Draupnir frá Stuðlum	33
Skaginn frá Skipaskaga	29
Þráinn frá Flagbjarnarholti	27
Kiljan frá Steinnesi	21
Konsert frá Hofi	19
Adrian f. Garðshorni á Þ.	19
Spuni frá Vesturkoti	18
Hrannar frá Flugumýri II	16
Sjóður frá Kirkjubæ	16
Arion frá Eystra-Fróðholt	16
Apollo frá Haukholtum	16
Dagfari frá Álfrólum	15
Óskasteinn frá Íbshóli	14
Forkur frá Breiðabólstað	14
Ölinir frá Akranesi	13
Ísak frá Þjórsárþakka	13
Trymbill frá Stóra-Ási	12
Glúmur frá Dallandi	12
Herkúles f. Ragnheiðars.	12
Viti frá Kagaðarhóli	11
Hreyfill frá Vorsabæ II	11
Hringur frá Gunnarsstöðum	11
Fenrir frá Feti	11
Kjerúlf frá Kollaleiru	10
Loki frá Selfossi	10
Ljósvalki frá Valstrýtu	10
Dofri frá Sauðárkróki	10
Útherji frá Blesastöðum 1A	10

Þessar stærðir hafa ekki breyst neitt í 20 ár og því ljóst að eistu íslenskra stóðhesta eru ekki að minnka að meðaltali sem er vel.

Starfsfólk og staðarhaldarar

Að lokum er rétt og ljúft að þakka öllu starfsfólki kynbótasýninganna í ár fyrir vel unnin störf. Mikil til er þetta sama fólk ári frá ári og hópurinn orðinn samhentur og góður; hvort sem það eru dómara, sýningarstjórar eða ritara. Einnig vil ég þakka gott samstarf við staðarhaldara á hverjum sýningarstað, en hvarvetna hefur verkefninu verið tekið af áhuga og metnaði og reynt að hafa alla þætti sýninganna sem besta. Þá vil ég þakka sýnendum, ræktendum og eigendum hrossanna fyrir skemmtilega viðkyrningu og gott samstarf á árinu.

Höfundur er ráðunautur í hrossarékt.

winkler®
Advanced Building Material

Alvöru vatnsvörn fyrir öll votrymi

Við bjóðum upp á breiða vörulínu frá **Winkler One** sem hafa gjörbreytt leiknum í vatnsvörn.

Svalagólf, útistigar, kæligeymslur eða mjólkurhús – hvert sem verkefnið er þá veita sérfræðingar okkar ráðgjöf til að tryggja bestu lausnina fyrir þínar aðstæður.

Verið velkomin í Flísabúðina og fáið ráðgjöf sérfræðinga okkar.

Flísabúðin
Stórhöfða 21, 110 Reykjavík | 545 5500 | flis@flis.is | flisabudin.is

...Gæði þegar að er gáð

Rafstilling

REKI
Donaldson
FILTRATION SOLUTIONS

Rafstilling S: 581-4991 Netfang: Rafstilling@rafstilling.is
Reki S: 562-2950 Netfang: Reki@reki.is
Skemmuvegur 46, Kópavogur

TEXACO

Smurolíur

Hjá okkur finnur þú frábært úrval af hágæða olíuvörum fyrir allar gerðir vinnuvéla og landbúnaðartækja

Skannaðu QR kóðann fyrir allt úrval og sölustaði

Delo Gold ULTRA E
SAE 15W-40

olis



Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum ásamt nokkrum afkvæmum sínum við afhendingu Sleipnisbikarsins á Landsmóti hestamanna í Reykjavík í sumar. Mynd / Heidi Benson



Þráinn frá Flagbjarnarholti ásamt aðstandendum við afhendingu Orrabikarsins. Mynd / Henk & Patty Photographers

Afkvæmahestar á Landsmóti 2024

Á Landsmóti 2024 í Viðidal hlutu sjö stóðhestar fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og aðrir fjórir hlutu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.

Afkvæmasýningarnar voru afar vel heppnaðar og ljóst að aðstandendur hestanna lögðu metnað sinn í framkvæmdir og að skipulag þeirra væri sem best úr garði gert. Í þessum pistli eru birt dómsorðin sem dómnefnd kynbótahrossa samdi um hvern og einn afkvæmahest á mótinu og stutt umfjöllun um hvað liggur að baki því að stóðhestar nái þessum tiltekna árangri.

Sýning afkvæmahesta á Landsmóti er eitt áhugaverðasta

atriði mótsins fyrir ræktendur og aðstandendur kynbótahrossa, og yfirleitt afar magnað sýningaratriði hvort sem fólk hefur áhuga á ræktun eða ekki. Þó mörg afkvæmi hestanna komi fram í öðrum sýningaratriðum mótsins er afar verðmætt og lærdómsríkt að fá afkvæmin saman til sjá heildar yfirbragð hópanna og helstu einkenni sem stóðhestarnir gefa frá sér. Þá kemur oft í ljós hversu sterkt hestarnir erfa frá sér bæði kosti sína og galla. Þessi einkenni eru til dæmis í byggingu hestsins og hreyfingamyndi, hvort sem það liggur í fjadurmagni, skreflengd, skrokkmýkt eða léttleika hreyfinga. Einkum er þetta áberandi þegar hestarnir sjálfir koma fram með afkvæmum sínum og afar skemmtilegt þegar það er hægt. Þessi sameiginlegu einkenni hestsins og afkvæma hans endurspeglar það tiltölulega háa arfgengi sem er meðal

annars á eiginleikum hæfileikanna, sem gefur til kynna að frammistaða hestsins sjálfs í dómi gefur okkur strax töluvert miklar upplýsingar um kynbóttagildi hans.

Hér fyrir neðan má sjá dómsorð sem dómnefnd Landsmóts 2024 samdi um afkvæmahesta ársins en tilgangur þeirra er að lýsa þeim meginþáttum sem einkenna afkvæmi hvers stóðhests fyrir sig. Þessar afkvæmalýsingar má finna í gagnagrunni WorldFengs en þar eru einnig nánari upplýsingar um kynbótamat og meðaleinkunnir hestsins fyrir hvern og einn eiginleika. Til að ná heiðursverðlaunum fyrir afkvæmi verða hestar að eiga að lágmarki 50 dæmd afkvæmi og vera með að lágmarki 118 stig í aðaleinkunn kynbótamats, eða í aðaleinkunn án skeiðs. Til að ná fyrstu verðlaunum fyrir afkvæmi verða hestar að eiga að lágmarki 15 dæmd afkvæmi og vera

með að lágmarki 118 stig í aðaleinkunn kynbótamats, eða í aðaleinkunn án skeiðs. Í þeim tilvikum sem stóðhestar ná afkvæmaverðlaunum byggt á aðaleinkunn án skeiðs í kynbótamati er sú aðaleinkunn birt, en röðun hestanna í sæti byggir á hversu háa aðaleinkunn þeir hafa í kynbótamatinu. Afkvæmahestar ársins verða hér taldir upp í sætisröð og fyrir aftan nöfn þeirra er kynbótamat aðaleinkunnar; í þeim tilfellum sem hestarnir eru jafnir að stigum var þeim raðað á aukastöfum.

Heiðursverðlaun fyrir afkvæmi:

Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum – 132 stig.

Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum gefur hross í rúmu meðallagi að stærð með frítt og skarpt höfuð og vel opin augu. Hálsinn er hátt settur, vel aðgreindur frá bógum og reistur, kverkin einkar klipin. Bakið er vöðvafyllt og lendin jöfn. Afkvæmin eru fótahá, afar létt á bolinn og þurrbyggð, sum nokkuð grannbyggð. Fætur eru þurrir, sinaskil góð en sinin í meðallagi öflug. Hófar hafa hvelfdan botn og þróuleiki er í tæpu meðallagi. Álfaklettur gefur fjölbátt ganghross með fallegar hreyfingar, afar auðsveipa lund og frábæran vilja. Þau eru takthrein, mjúk og framgripsmikil á tölti, brokkið er svifgott og takthreint, rými misjafnt. Skeiðgetan er hreint úrval og skeiðið öruggt, takthreint og svifmikið. Greiða stökkið er rúmt og skrefadrjúgt og þau eru takthrein og jafnvægisgóð á hægu stökki, fetið er takthreint og skrefmikið. Álfaklettur gefur finleg, léttbyggð og lundþýð hross með úrvals ganghæfni, hann er gæðingafaðir og kynbótahestur í fremstu röð, hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fyrsta sætið.

Skaginn frá Skipaskaga – 125 stig.

Skaginn frá Skipaskaga gefur stór hross með frítt og finlegt höfuð. Frambyggingin er úrval, hálsinn er langur og finlegur, með klipna kverk og háar herðar. Bakið er breitt, stundum svagt með langan spjaldhrygg en lendin er afar öflug. Afkvæmin eru myndarleg; afar fótahá og léttbyggð með sívalan bol. Fætur eru sterkir; þurrir með öflugar sínar, hófar eru efnisgóðir með þykka hæla og þróuleiki er góður. Afkvæmin eru yfirleitt alhlíðageng, takthrein og skrefmikil á tölti, brokkið er skrefmikið, stundum ferðlitið. Skeiðgeta er mikil og skeiðið er takthreint, rúmt og skrefmikið. Stökkið er teygjugott og hreyfingamikið en mætti vera svifmeira, fetið er takthreint, skortir stundum framtak. Afkvæmin eru viljug, þjál og yfirveguð, þau eru reist og hágeng og fara vel í reið. Skaginn gefur stórglæsileg hross á velli, fríð og framfalleg, alhlíða garpa á gangi, hann hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og annað sætið.

Hringur frá Gunnarsstöðum – 121 stig.

Hringur frá Gunnarsstöðum gefur góða stærð. Höfuð er skarpt og langt, stundum með merarskál, eyrun eru finleg. Hálsinn er reistur og vel settur við skásetta bóga, baklinan er afar sterk og lendin löng en stundum gróf. Afkvæmin eru fótahá, framhá og myndarleg. Fætur eru þurrir, réttleiki þeirra er um meðallag og hófar þokkalega gerðir. Þróuleiki á fax og tagl er rýr. Hringur gefur klárhross með tölti, þau hafa mikla útgeislun og eru viljug og vakandi. Á tölti og brokki eru þau hágeng, léttstíg og framhá, brokkið mætti stundum vera rýmra. Stökkið er ferðmikið, teygjugott og hátt og hægja stökkið er takthreint og lyftingargott. Fetið er takthreint en vantar stundum framtak. Hringur gefur reist og næm léttleikahross sem fanga augað með skörpum og háum hreyfingum, hann hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og þriðja sætið.

Kjerúlf frá Kollaleiru – 113 stig (aðaleinkunn án skeiðs: 119 stig).

Kjerúlf frá Kollaleiru gefur hross í tæpu meðallagi að stærð. Höfuð er svipgott með vel opin augu en stundum krummanef. Afkvæmin hafa sterka yfirlínu í hálsi og baki. Hálsinn er reistur við háar herðar og skásetta bóga en getur verið djúpur. Bakið er breitt og lendin öflug, stundum afturdregin. Afkvæmin eru sívöl og hlutfallarétt, fótahæð er í meðallagi. Fætur eru þurrir með öflugar sínar en ekki mikil sinaskil og geta verið nágegngir að aftan. Hófar eru efnismiklir með hvelfdan botn, þróuleiki er í meðallagi. Kjerúlf gefur afar aðgengileg, vel töltgeng og þjál hross. Afkvæmin hafa úrvals gott tölt, takthreint, rúmt og jafnvægisgott með góðri fötlyftu. Brokkið er skrefmikið og rúmt, stökkið ferðmikið en fetið fremur skrefstutt. Ef skeið er fyrir hendi er það öruggt. Afkvæmi Kjerúlfs eru ásækin í vilja, vakandi og þjál og fara vel í reið með háum fótaborði. Kjerúlf hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fjórða sætið.

1. verðlaun fyrir afkvæmi:

Þráinn frá Flagbjarnarholti – 134 stig.

Þráinn frá Flagbjarnarholti gefur stór hross. Höfuð er skarpt með beina neflínu og vel borin eyru. Hálsinn er reistur og grannur við háar herðar. Bakið er burðugt, vöðvafyllt og lendin löng. Afkvæmin eru fótahá og jafnvægisgóð með sívalan bol. Fætur eru réttir, þurrir með ágæt sinaskil og öflugar sínar. Hófar eru efnisgóðir með hvelfdan botn, þróuleiki er í tæpu meðallagi. Afkvæmin eru bráðger, viljug og kjarkmikil. Töltið er mjúkt og skrefmikið með góðum fótaborði. Brokkið er skrefmikið, mætti stundum vera svifmeira, greiða stökkið teygjugott og rúmt, skeiðið afar jafnvægisgott og



VARAHLUTIR Í KERRUR



Bílabúðin
Stál og stansar

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogstansar.is

öruggt. Fetid er taktreint. Þráinn gefur stórmyndarleg, jafnvægisgóð og sterkbyggð hross, þau hafa virkjamikið skref og aðsópsmikla framgöngu, hann hlýtur fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og fyrsta sætið.

Adrian frá Garðshorni á Belamörk – 132 stig.

Adrian frá Garðshorni á Belamörk gefur svipgóð hross með vel borin eyru. Hálsinn er reistur og hvelfdur við skásetta bóga og háar herðar en mætti stundum vera finlegri. Bakið er burðugt og lendin er öflug. Afkvæmin eru stór, fótahá og jafnvægisgóð, þróttleg á bolinn. Fætur eru þurrir og sterklegir en sinaskil mættu vera meiri. Hófar eru efnistraustir, þróðleiki á fax og tagl er í meðallagi. Adrian gefur hreyfingamikil hross sem eru fljót að ná jafnvægi á gangi. Þau eru rúm, mjúk og taktreini á tölti, hafa góðar hreyfingar á brokki en sum eru sviflítill. Þau hafa frábært skeiðupplag og skeiðið skrefmikið og rúmt. Stökkið er skrefmikið og hæga stökkið taktreint. Adrian gefur reist hross með sterka yfirlínu og mikla hæfileika; þau eru teygjugóð á gangi og tápmikil í lund, hann hlýtur fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og annað sætið.

Ísak frá Þjórsárþakka – 124 stig.

Ísak frá Þjórsárþakka gefur stór og myndarleg hross á velli, þau eru fríð á höfuð með beina neflínu. Hálsinn er afar reistur og langur, herðar eru háar. Yfirlína í baki er sterk og lendin öflug. Afkvæmin eru fótahá, sívalvaxin og hlutfallarétt. Fætur eru sterklegir, þurrir og fremur réttir. Þróðleiki er yfir meðallagi. Afkvæmin eru flest klárhross með tölti þó vökur hross finnist í hópnum. Þau eru hágeng og skrefmikil á tölti og brokki en ekki alltaf rúm á brokkinnu. Þau eru teygjugóð á greiðu stökki, taktreini og jafnvægisgóð á hægu. Ísak gefur stórglæsileg hross, þau eru reist og fara afar vel í reið, hann hlýtur fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og þriðja sætið.

Snillingur frá Íbishóli – 121 stig.

Snillingur frá Íbishóli gefur svipgóð hross í tæpu meðallagi að stærð. Hálsinn er hátt settur og þróðilega gerður, bakið er burðugt og lendin jöfn. Afkvæmin eru hlutfallarétt og jafnvaxin, í meðallagi fótahá. Fótagerð er fremur sterkleg, hófar eru efnisþykkir en geta verið þröngir, þróðleika á fax og tagl er í meðallagi. Afkvæmin eru traust í lund, búa yfir góðri bóghreyfingu og léttum hreyfingum. Þau eru hágeng og skrefmikil á tölti, mættu sum vera mýkri, á brokki eru þau taktreini og skrefadrjúg en gætu verið svifmeiri. Skeiðgeta er frábær og skeiðið taktreint, rúmt og sniðgott. Þau er léttstígi á greiðu stökki, taktreini og í meðallagi svifmikil á hægu. Fetid er taktreint. Snillingur gefur þurrbyggð hross með þjálan vilja og afar góða alhliða reiðhestskosti, hann hlýtur fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og fjórða sætið.

Dagfari frá Alfhólum – 121 stig.

Dagfari frá Alfhólum gefur fremur stór hross með þróttlegt höfuð. Hálsinn er reistur og herðar en bógalega í meðallagi. Bakið hefur sterka yfirlínu, mætti vera breiðara en lendin er öflug. Afkvæmin eru fótahá, jafnvægisgóð og gerðarleg, bolurinn í meðallagi sívalur. Fætur eru þurrir, hafa fremur grannar sínar og afturfótastaða er stundum hörð. Hófar eru vel lagaðir og efnisþykkir, þróðleiki er undir meðallagi. Afkvæmin eru rífandi reiðhross, léttviljug og vakandi. Þau eru taktreini á tölti með góðan fótburð, þau eru örugg á brokki en mættu vera svifmeiri, sum þeirra eru vel vökur. Stökkið er rúmt og teygjugott en fetid stundum skrefstutt. Dagfari gefur reist og jafnvægisgóð hross, þau eru þjál og viljug og fara vel í reið, hann hlýtur fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og fimmta sætið.

Lexus frá Vatnsleysu – 116 stig (aðaleinkunn án skeiðs: 121 stig).

Lexus frá Vatnsleysu gefur góða stærð og afkvæmin hafa finlegt höfuð með vel opin augu, stundum merarskál. Hálsinn er reistur og grannur og vel aðgreindur frá bógum, bakið er vöðvafyllt með sterka yfirlínu og lendin öflug. Afkvæmin eru afar jafnvægisgóð og fótahá, fætur eru þurrir en grannir og nágegir að aftan. Hófar eru efnisþykkir, stundum þröngir, þróðleiki er í tæpu meðallagi. Lexus gefur léttstígi og hágeng útgeislunarhross. Þau eru framhá á tölti og brokki, hreyfingamikil og rúm, mættu stundum vera svifmeiri á brokkinnu. Þau eru teygjugóð á stökki, taktreini og skrefmikil á hægu stökki. Fetid er rösklegt, mætti vera skrefmeira. Lexus gefur léttviljug, reist og hágeng hross sem fanga augað, hann hlýtur fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og sjötta sætið.

Ljósvali frá Valstrýtu – 114 stig (aðaleinkunn án skeiðs: 118 stig).

Ljósvali frá Valstrýtu gefur stór og myndarleg hross. Höfuð er skarpt með vel opin augu, hálsinn er langur og grannur við háar herðar. Bak og lend er vöðvafyllt en lendin stundum gróf. Afkvæmin eru myndarleg; fótahá, léttbyggð og sívalvaxin. Fætur eru sterklegir, sinaskil þokkaleg en afturfætur nágegir. Hófar hafa hvelfðan botn en hælur geta verið slútandi, þróðleiki er í rúmu meðallagi. Afkvæmin eru oftast klárhross með tölti. Töltið er taktreint, rúmt og skrefmikið með góðum fótburði. Brokkið er skrefadrjúgt og lyftingargott en stundum sviflitið. Stökkið er úrval, teygjugott og rúmt og hæga stökkið taktreint. Fetid er taktreint en skortir stundum framtak. Ljósvali frá Valstrýtu gefur stór og fótahá hross, þau eru ásækin í vilja og fara vel í reið með góðum fótburði. Hann hlýtur fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og sjöunda sætið.

Höfundur er ráðunautur í hrossarækt.

KAUPELAG BORGFIÐINGA
KB
120 ÁRA
1904 - 2024

Græjaðu þig fyrir leitirnar!

- Sjónaukar
- Talstöðvar
- Regnföt
- Kuldaföt
- Stígvél
- Gönguskór og allt annað!

WWW.KB.IS

Sendum um allt land!

Orkuríkt fóður fyrir smalahundinn!

HUGUM AÐ HAUGNUM
Haugtæki tilbúin til afhendingar

HAUGDÆLUR **HAUGHRÆRUR**

2,7-3,3m: 1.425.900 kr. + vsk. 6,1m: 776.000 kr. + vsk.

HAUGSUGA SA-R 2600

- 8" sjálfvirkur áfyllibúnaður
- Jurop dæla 11.000 lítrar
- Sjónrör
- Gleiðhorna drifskaft
- Dekk, 850/50R30.5 frá BKT
- Tilbúin fyrir slönguniðurfellingarbúnað

5.990.000 kr. + vsk.

LANDSTÓLPI Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi Lyngási 11, 700 Egilsstöðum www.landstolpi.is
480 5600 480 5610 landstolpi@landstolpi.is

SNOWEX
VETRARBÚNAÐUR

Salt- og sanddreifarar.
Amerísk gæðataeki sem endast.

MHG
VERSLUN

Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is

Mjólkurframleiðsla Norðurlandanna, ýmsar tölulegar upplýsingar

	Danmörk		Finnland		Ísland		Noregur		Svíþjóð		Norðurlöndin		Breyting á 2 árum, %
	2022	2023	2022	2023	2022	2023	2022	2023	2022	2023	2022	2023	
Fjöldi kúabúa alls	2.412	2.294	4.572	4.179	495	466	6.723	6.499	2.733	2.675	16.935	16.113	-4,9%
Fjöldi kúabúa með mjaltþjóna	691	745	1.368	1.379	256	262	2.782	2.869	1.244	1.301	6.341	6.556	3,4%
Fjöldi mjaltþjóna	2.351	2.458	2.198	2.246	316	325	2.957	2.998	2.559	2.741	10.381	10.768	3,7%
Fjöldi mjólkurkúa, þúsundir	559	549	243	235	26	25	211	203	298	296	1.336	1.308	-2,1%
Meðalbústærð		239,3	53,2	56,2	52,0	54,5	31,4	31,2	108,9	110,7	78,9	81,2	2,9%
Heildarmagn innveginna mjólkur, millj. kg	5.678	5.682	2.151	2.132	148	151	1.414	1.324	2.765	2.818	12.156	12.107	-0,4%
Áætlað magn innveginna mjólkur frá mjaltþjónabúum, milljónir kg	1.506	1.633	1.203	1.261	100	111	892	835	1.425	1.564	5.126	5.404	5,4%
Meðalframleiðsla pr. bú, þúsundir kg	2354	2477	470	510	299	324	210	204	1012	1053	718	751	4,7%
Meðalinnvigtun mjólkur í afurðastöð pr. kú	10.166	10.350	8.841	9.072	5.746	5.947	6.701	6.522	9.289	9.520	9.097	9.253	1,7%
Meðalframleiðsla pr. bú, þúsundir kg	2354	2477	470	510	299	324	210	204	1012	1053	718	751	4,7%
Meðalinnvigtun mjólkur í afurðastöð pr. kú	10.166	10.350	8.841	9.072	5.746	5.947	6.701	6.522	9.289	9.520	9.097	9.253	1,7%

Byggt á árlegu uppgjöri NMSMT-samtakanna um þróun mjaltþjónatækninnar á Norðurlöndunum og skýrslunni Þróun fjósgerða og mjaltatækni 2021–2023.

Mjólkurframleiðsla Norðurlandanna dró stöðugt örlítið saman í fyrra

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com



Árið 2023 varð 0,4% samdráttur á mjólkurframleiðslu Norðurlandanna í samanburði við fyrra ár, en frá árinu 2020 hefur mjólkurframleiðsla landanna fimm nánast staðið í stað eða farið heldur minnkandi.

Þetta er þó misjafnt eftir löndum og á sama tíma og framleiðslan jókst lítillega á bæði Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð þá varð samdráttur í bæði Finnlandi og Noregi. Norsku fjósin eru einnig enn þá minnst að jafnaði í samanburði við hin Norðurlöndin. Þrátt fyrir að heildar framleiðsluminnkun mjólkur á Norðurlöndunum hafi verið 0,4% þá fækkaði fjósum Norðurlandanna mun meira, eða um 4,9%, úr 16.935 í 16.113, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Með öðrum orðum þýðir það að þau fjós sem stóðu undir mjólkurframleiðslu allra landanna fimm juku framleiðslu sína nokkuð á milli ára.



Um síðustu áramót var meðalbúið komið í 81,2 kúr og jókst bústærðin frá árinu 2022 um 2,9% eða um 2,3 kúr að jafnaði.

Norsk mjólkurframleiðsla í vanda

Líkt og undanfarin ár þá er danska mjólkurframleiðslan langumsvifamest innan Norðurlandanna en dönsku kúabúin framleiddu í

fyrra 5,7 milljarða kílóa, eða um 47% allrar mjólkur þessara fimm landa. Danska mjólkurframleiðslan jókst lítillega frá árinu 2022 eða um 0,1%. Næstframleiðslumesta landið er Svíþjóð með 2,8 milljarða

innveginna kílóa en þar jókst framleiðslan á milli ára um 1,9%. Noregur sker sig svo umtalsvert úr miðað við hin löndin þar sem heildarsamdrátturinn varð 6,4% frá fyrra ári, eða 90 milljónir lítra. Þar hafa afurðastöðvar brugðið á ýmis ráð til að takast á við erfiðar markaðsaðstæður en óljóst er með árangur þeirrar vinnu.

81 kúr að meðaltali

Undanfarin ár hefur meðalbústærð á Norðurlöndunum aukist jafnt og þétt og virðist á engan hátt vera að hægjast á þeirri þróun. Um síðustu áramót var meðalbúið komið í 81,2 kúr og jókst bústærðin frá árinu 2022 um 2,9%, eða um 2,3 kúr að jafnaði. Það er mjög svipuð hlutfallsleg aukning og hefur verið undanfarin ár. Breytingin á þróun bústærðar innan Norðurlandanna er þó mjög misjöfn eins og sjá má við skoðun töflunnar þar sem fram kemur að finnsku fjósin stækkuðu hlutfallslega mest, eða um 5,7%, og enduðu árið með 56,2 kúr að jafnaði. Það er einungis örlítið fleiri kúr en eru að jafnaði í íslenskum fjósum. Sem fyrr eru dönsku fjósin langstærst og halda áfram að stækka á milli ára. Þar í landi er meðalbústærðin nú komin í 239,3 kúr og í öðru sæti, yfir stærstu fjós Norðurlandanna að jafnaði, eru sænsku kúabúin með 110,7 kúr. Dönsku fjósin eru s.s. meira en tvöfalt stærri að jafnaði en þau sænsku sem þó eru í öðru sæti!

Í Noregi varð þróunin þveröfug við hin löndin, en þar fækkaði kúm að jafnaði í fjósum landsins og er meðaltalið þar nú 31,2 kúr. Rétt er að vekja athygli á því að flest fjós á Norðurlöndunum eru rekin sem fjólskyldubú sem setur samanburðinn í athyglisvert



NMSM
Nordiske Meieriorganisasjoners
Samarbejdsudvalg for Mjølkekvaliteetsarbejd

samhengi þegar dönsku fjósin eru rúmlega sjöfalt stærri en þau norsku. Vart þarf að koma á óvart að hin dönsku kúabú geta framleitt mjólk með mun ódýrari hætti en þau norsku, sem skýrir að hluta til þann mikla vanda sem norsk mjólkurframleiðsla er í um þessar mundir.

1,3 milljónir mjólkurkúa

Eins og áður segir fækkaði fjósum á Norðurlöndunum og meðalframleiðsla þeirra sem eftir voru jókst þar sem búin sem eftir voru stækkuðu. Stækkunin ein og sér var þó ekki næg til að hamlar því að kúm á Norðurlöndum myndi fækka á milli ára en alls var 28 þúsund kúm færra í árslok 2023 en árslok 2022.

Ársframleiðsla norrænu kúabúanna er auðvitað nátengd bústærðinni, en að jafnaði lagði hvert bú inn 751 þúsund kíló á síðasta ári, sem er aukning um 33 þúsund kíló á milli ára. Þessi aukning, rúm 30 tonn á ári, hefur verið nokkuð stöðug í rúman áratug og sér ekki fyrir endan á þeirri þróun, þ.e. að búin sem halda áfram taka yfir framleiðslu búa sem hætta. Rétt eins og undanfarin ár bera dönsku kúabúin höfuð og herðar yfir önnur kúabú á Norðurlöndunum og raunar í allri Evrópu. Þar var hvert bú að leggja inn að jafnaði 2,5 milljónir kílóa árið 2023 sem er 1,4 milljón kílóum meira en sænsku búin leggja inn að meðaltali og eru þau þó hin næstframleiðslumestu á Norðurlöndum. Minnst er framleiðsla hvers kúabús í Noregi, en þar voru lögð inn að jafnaði 204 þúsund kíló frá hverju bú árið 2023.

Meðalkýrin að skila 9,3 tonnum í afurðastöð

Þegar horft er til afurðasemi kúnna á milli landanna er staðan nokkuð ólík eftir því hvaða land á í hlut, enda hefur þar áhrif bæði kúakynið sem er notað við framleiðslu og það umhverfi sem kúabúin starfa við.

FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR AUGLÝSIR BÆINN GRÆNANES TIL SÖLU

FSRE f.h. ríkissjóðs kynnir til sölu Grænanes bæ, 701 Neskaupstað, fastanúmer - 253-1529.




Eignin stendur á 3,8 ha leigulandi, landnúmer 237179 sem er eign Ríkissjóðs Íslands. Gerður verður sérstakur lóðaleigusamningur við kaupendur húsanna. Fyrirhugað er að selja húsakostinn á leigulóð til 50 ára og bjóða kaupanda að fá jörðina sjálfa eða hluta hennar leigða til 10 ára í senn.

Bærinn stendur á fallegum og friðsælum stað á leigujörð og er þaðan fallett útsýni. Einbýlishúsið er á tveimur hæðum.

Um er að ræða gamalt íbúðarhús jarðarinnar ásamt lélegum útihúsum. Húsið er almennt í slæmu ástandi, bæði utan og innan, og kallar á miklar endurbætur til að gera húsið íbúðarhæft.

Nánari upplýsingar eru á fasteignavef mbl.is/fasteignir/ og fasteignir.visir.is Einnig er hægt að hringja eða senda tölvupóst á Sigurð Magnússon s: 580-7905 eða á netfangið: sigurdur@inni.is.



Þróun útbreiðslu mjaltþjóna á Norðurlöndunum frá 1998.

Oftast er það svo að þegar meðalafurðir eru metnar, er oft notast við skráðar skýrsluhalds-afurðir, þ.e. uppgæfna afurðir búa sem taka þátt í skýrsluhaldi. Þá er ekki tekið tillit til heimanota á mjólk eða mögulegra áfalla vegna sjúkdómameðhöndlunar svo dæmi sé tekið. Í samburði tæknihóps NMSN er hins vegar notast við upplýsingar um alla innvegna mjólk til afurðastöðvanna í löndunum og svo heildarfjöldi skráðra mjólkurkúa í löndunum. Þegar þetta er reiknað þannig út kemur í ljós að sem fyrr eru mestar afurðir að finna í Danmörku, þar sem hver kýr er að skila að jafnaði 10.350 kg mjólkur í afurðastöð, þar á eftir koma sænsku kýrnar með 9.520 kg og þá þær finnsku með 9.072 kg, er það í fyrsta skipti sem finnsku kýrnar ná yfir 9 tonna afurðir. Næstafurðalægstu kýrnar eru í Noregi, en að jafnaði eru lögð inn 6.522 kg þar í landi eftir hverja kú og lækkar afurðasemin á milli ára um 2,7%. Þetta er vart hægt að skýra með öðrum hætti en þannig að norskir bændur hafi dregið verulega úr orkufóðrun kúa á síðasta ári, til að draga úr framleiðslu. Sem fyrr eru svo íslensku kýrnar í neðsta sæti þessa lista með 5.947 innlögð kg að jafnaði, eða 57% af afurðasemi danskra stallsystra þeirra.

Mjaltþjónabúum fjölga á ný í Danmörku

Það virðist vera lítið lát á fjölgun mjaltþjónabúa á Norðurlöndunum og var fjöldi þeirra kominn í 6.556 í lok síðasta árs og hafði þeim fjölgað um 3,4% á milli ára. Það sem heyrir þó til tíðinda er sú staðreynd að eftir nokkuð stöðuga fækkun mjaltþjóna í Danmörku undanfarin ár, þá tók salan þar heldur betur við sér árið 2023, eins og sjá má af meðfylgjandi mynd. Aukningin þar nam 7,8% á milli ára og þessa breytingu þarf að skýra þar sem undanfarin ár hefur mjaltþjónabúum þar í landi fækkað, vegna hinna framangreindu stóru fjósa sem eru í Danmörku. Stóru fjósin hafa síður sótt í mjaltþjónatæknina enda hafa þeir ekki getað keppt við hefðbundið vinnuafli í slíkum fjósum. Nú hafa mjaltþjónafyrirtækin, þ.e. þeir sem framleiða og selja slíka gripi, þróað nýjan búnað sem þykir henta mun betur fyrir stærri kúabúin. Þessi búnaður, eða öllu heldur aðferð við rekstur og uppsetningu mjaltþjóna, byggir á hugmyndafræðinni um hópamjaltir kúa. Í þessu kerfi eru allar kýr settar á sérstakt biðsvæði þar sem þær þurfa svo að fara í gegnum mjaltþjón til að fara inn í fjós á ný. Þetta er því í raun svipað og að reka kýr til mjalta í hefðbundnum fjósum, tvisvar eða þrisvar á dag. Mjaltþjónarnir, sem eru settir upp í svona rýmum, eru mun ódýrari en hefðbundnir stakir mjaltþjónar, sem hefur gert þessa

” Dönsku fjósin eru s.s. meira en tvöfalt stærri að jafnaði en þau sænsku sem þó eru í öðru sæti ...

aðferð áhugaverða á ný fyrir stærri kúabúin.

Öll löndin bæta við sig mjaltþjónum

Hin Norðurlöndin öll bættu við sig skráðum mjaltþjónafjósum, nokkuð sem kemur ekki á óvart enda þessi þróun staðið nokkuð óslitið í nærri þrjátíu ár. Í árslok síðasta árs voru mjaltþjónar á 40,7% kúabúa Norðurlandanna, en hæsta hlutfallið á landsvísu var hér á landi, en um síðustu áramót var þessi mjaltatækni á 56,2% af kúabúum landsins. Í öðru sæti listans eru sænsku búin með 48,6% og þá koma norsku búin með 44,1%.

Fjöldi mjaltþjóna á Norðurlöndunum var 10.768 um síðustu áramót og skiptist fjöldinn nokkuð bróðurlega á milli landanna utan Íslands. Flestir mjaltþjónar eru þó í Noregi, 2.998, svo þar eru væntanlega nú þegar komnir yfir 3.000 mjaltþjónar enda vel líðið á 2024.

1,6 mjaltþjónar að meðaltali

Líkt og hér að framan greinir voru 10.768 mjaltþjónar á 6.556 kúabúum í lok síðasta árs, sem gerir að jafnaði 1,6 mjaltþjóna á hverju búi. Ekki þarf að koma á óvart að dönsku kúabúin eru að jafnaði með flesta mjaltþjóna, eða 3,3 að meðaltali. Þar á eftir koma sænsku búin með 2,1 mjaltþjón að jafnaði og svo þau finnsku með 1,6 mjaltþjóna að meðaltali. Á Íslandi voru að jafnaði 1,2 mjaltþjónar á þessum búum í árslok 2023 og 1,0 mjaltþjón að meðaltali í Noregi.

Ísland í sérflokk

Undanfarin ár hefur tæknihópur NMSM áætlað hlutfall mjólkur frá mjaltþjónabúum og samkvæmt þeim útreikningum er nú svo komið að í öllum löndum nema Danmörku er meirihluti framleiddrar mjólkur frá kúabúum með mjaltþjóna. Langhæsta hlutfallið er á Íslandi, eða 74%, og svo er Noregur þar á eftir með 63%. Þá er talið að 59% allrar framleiddrar mjólkur í Finnlandi sé frá mjaltþjónafjósum og 56% í Svíþjóð. Langlægsta hlutfallið er í Danmörku eða 29%. Vegna umfangs dönsku mjólkurframleiðslunnar þá heldur hún meðaltali Norðurlandanna enn undir 50% og var þetta hlutfall 45% í árslok 2023 fyrir Norðurlöndin í heild.

Fyrsta flokks ítalskar útiflísar



Gæddu garðinn, útisvæðið, svalirnar eða innkeyrsluna nýju lífi.

2-3cm þykkar útiflísar frá **Casalgrande Padana** og **DelConca** sem hægt er að líma niður, leggja í sand eða setja á hæðarstillandi stóla.

Verið velkomin í Flísabúðina og fáid ráðgjöf sérfræðinga okkar.

Flísabúðin

Stórhöfða 21, 110 Reykjavík | 545 5500 | flis@flis.is | flisabudin.is

Röggi ehf.


Smiðshöfða 12, 110 Reykjavík
Sími 5868000 www.roggi.is
verslun@roggi.is

Þjónusta við lðnaðinn

Lofpressur, trésmiðavélur, járnsmiðavélur, borvélur, Bandsagarblöð, sagarblöð, fræsiverkfæri, þvingur, borar, rennijárn, sporjárn.



Öll verð á heimasíðu www.roggi.is



Lífraent
hreinisvirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótél o.fl.

Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð

3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn

Engar siturlagnir - fyrirferðarlítill

Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar

Þýsk gæði - CE merkt

Stærðir 2-600 persónueiningar



HVAMMSHÓLAR

SIGURDUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI



+354 660 4085



SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Skógvist II

– Áhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni

Á árunum 2002–2005 fór fram rannsóknarverkefni í skógum á Fljótsdalshéraði og í Skorradal sem ræktaðir höfðu verið skóglasu mólendi.

Verkefnið gekk undir heitinu SKÓGVIST (ICEWOODS) og var samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skógræktar ríkisins, Landbúnaðarháskóla Íslands, Héraðsskóga og Suðurlands-skóga.

Markmið verkefnisins var að kanna hvaða breytingar yrðu á líffríki, kolefnishringrás og jarðvegsþáttum mólendis við skógrækt.


Árið 2021 lagði matvælaráðherra fram samþætta aðgerðaáætlun og stefnu stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt fyrir árin 2022–2026 undir heitinu Land og líf. Eitt aðalmarkmið hennar er að meta hvaða áhrif breytt landnotkun, til að mynda skógrækt, hefur á líffræðilega fjölbreytni.

Skógvist II

Til að meta þessi áhrif var ákveðið að setja af stað rannsóknarverkefnið SKÓGVIST II þar sem gömlu mælireitirnir úr eldra Skógvistarverkefninu í Skorradal skyldu endurmældir, 20 árum eftir fyrstu mælingar. Skógvist II er stýrt af Landi og skógi í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Náttúrustofu Norðurlands vestra og Háskóla Íslands. Sérfræðingar frá þessum stofnunum sjá um tiltekna þætti rannsóknarinnar. Verkefnið hófst árið 2023 en mælingar byrjuðu síðastliðið vor og hafa gengið vel það sem af er sumri. Öllum mælingum lýkur nú í haust, 2024.

Í verkefninu verða rannsakaðir fuglar, fléttur, lágplöntur, skordýr, ánamaðkar og trjáplöntur í mismunandi skógarreitum og sambærilegu mólendi. Með nýjustu tækni verða einnig kannaðir ýmsir jarðvegsþættir og lífverur í jarðvegi.

Næsta árið mun svo fara mikil vinna í tegundagreiningu skordýra, raðgreiningu jarðvegs, efnagreiningu



Verkþættir með litum fyrir stofnanir.

Nafn	Gróður	Aldur (ár)	Stærð (ha)
M	Mólendi		>3
B1	Birkí (lágvaxið kjarr)		>3
B1	Birkí (hávaxið kjarr)	Friðað 2004	>3
F1	Stafafura	34	1,8
F1	Stafafura	56-59	>3
F1	Stafafura	65-66	>2
G1	Sitkagreni	29	
G3	Sitkagreni	63-64	3,2
G4	Sitkagreni	63	4,1

Upplýsingar um mælireiti.

jarðvegs, mælingar á uppskeru og úrvinnslu gagna.

Ávinningur

• Aukin þekking á líffríki Íslands og hvernig það breytist þegar skógur vex upp á áður skóglasu mólendi.

• Meiri upplýsingar um hvernig vistfræði íslenskra skóga breytist með tímanum, eftir því sem skógurinn eldist.

• Aukin þekking á tegundasamsetningu lykil-lífveruhópa í skógum á Íslandi og breytileika hennar frá einni skógargerð til annarrar.

• Aukið samstarf stofnana sem vinna við svipuð málefni og sérfræðipækning nýtt á milli stofnana.



Ung greniplanta í félagsskap sveppa og fleiri lífvera.

Allt þetta stuðlar að betri og auðveldari ákvörðunum í skógrækt og skipulagsmálum til framtíðar.

Brynja Hrafnkelsdóttir, sérfræðingur á sviði rannsókna og þróunar hjá Landi og skógi.



Kornakur á Rangárvöllum 2024.

Mynd / Aðsenv

Nýtt rannsóknarverkefni í byggkynbótum

Við Landbúnaðarháskóla Íslands er nú að hefjast nýtt rannsóknarverkefni í byggkynbótum. Verkefnið nefnist Erfðaleg aðlögun byggs að krefjandi umhverfis-aðstæðum.

Helsta markmið verkefnisins er að efla kynbætur á byggi og afla nýrrar þekkingar á aðlögun byggs að norðlægum aðstæðum. Samvinna LbhÍ við sænska fyrirtækið Lantmännen er lykilmáttur í verkefninu. Um áratugaskeið hefur verið samstarf um byggkynbætur og framleiðslu á sáðvöru af íslenskum yrkjum. Íslenskur efniviður hefur verið notaður í norður-sænska kynbótaverkefninu og sænskum efnivið hefur verið, og er enn, víxlað við íslenskan. Þá hafa sænskar kynbótalínur verið prófaðar á Íslandi og íslenskar línur prófaðar í Svíþjóð. Lengst af voru það kynbótamennirnir Lars Gradin og Jónatan Hermannsson sem sáu um kynbótastarf. Eftir þessa tvo menn liggur merkilegt starf í byggkynbótum Norðurlanda.

Bygggrækt á Norðurslóðum

Bygggrækt á Norðurslóðum innifelur ýmsar áskoranir. Á Íslandi er það einkum lágt hitastig á vaxtartímabilinu. Því er stundum haldið fram að vaxtartímabilið á Íslandi sé stutt, en það er ekki endilega rétt. Á sumum svæðum á Íslandi, einkum sunnanlands, er vaxtartímabilið lengra en er til dæmis í Norður-Svíþjóð. Helsta áskorunin á Íslandi er lágt hitastig á vaxtartímabilinu. Þegar hitastig er lágt og lítil sól verður þroskinn ónógur og frestast fram eftir hausti. Þá geta tekið við válynd haustveður auk þess sem álfir og gæsir verða aðsópsmiklar í ökrum bænda, svo mikið að sums staðar hafa bændur gefist upp vegna ágangs fugla. Af þessum sökum hafa kynbætur á íslensku korni snúið að auknum flýti þar sem lögð hefur verið áhersla á skrið. Úr smíðu Jónatans hafa eins og þekkt er, komið yrki sem eru gædd þessum eiginleikum, einkum hafa Kria og Smyrill átt vinsældum að fagna meðal bænda, þau eru fljóttroska og skila ágætri uppskeru. Í Norður-Svíþjóð er vaxtartímabilið að jafnaði styttra en herra hitastig og fleiri sólskinsstundir gerir að verkum að jafnan er hægt að skera kornið fyrr en á Íslandi. Samstarf Lantmännen og LbhÍ hefur reynst báðum kynbótaverkefnum vel við aðlögun að krefjandi aðstæðum Íslands og Norður-Svíþjóðar.

Samspil erfða og umhverfis verður metið

Það verkefni sem nú er að hefjast mun byggja á góðum grunni hins langa samstarfs. Íslensk og sænsk gögn verða sameinuð og notuð til að meta aðlögun að íslenskum aðstæðum. Í fyrsta hluta verkefnisins verður samspil erfða og umhverfis milli Svíþjóðar og Íslands metið. Til þess verða svokölluð fjölbreytulíkon notuð til að meta erfðafylgni milli uppskeru í Svíþjóð og á Íslandi. Þessi aðferðafræði er

vel þekkt í búfjárbótum en hefur lítið verið notuð í plöntukynbótum. Samspil erfða og umhverfis er í stuttu máli þegar umhverfið hefur ekki sömu áhrif á mismunandi arfgerðir í ólíkum umhverfum. Til dæmis er hugsanlegt að íslenskt veðurfar hafi minni áhrif á uppskeru íslenskra yrkja heldur en á uppskeru sænskra yrkja, og öfugt í Svíþjóð.

Rannsókn á öryggi erfðamengjaspáa

Í rannsókninni verður mat á hvort hægt sé að auka öryggi erfðamengjaspáa fyrir íslenskt og sænskt bygg með tveimur aðferðum. Annars vegar með því að sameina íslensk og sænsk gögn með fjölbreytulíkönunum. Hins vegar með því að nýta ættartölu til að bæta erfðamengjaspánnar. Niðurstöður þeirrar vinnu munu nýttast beint í nýja plöntukynbótaverkefnið sem fékk nafnið Vala og er fjármagnað af MAR sem hluti af eflingu kornræktar. Í búfjárrækt er algengt að svokallaðar erfðamengjaspár eru reiknaðar þannig að bæði er notast við skyldleika milli gripa samkvæmt ættartölu og erfðamengi. Nærtækt dæmi er kynbótamat í nautgriparækt þar sem notast er við þá aðferð. Rannsóknir hafa almennt sýnt fram á aukningu á öryggi með þessari aðferð í búfé. Í plöntukynbótum hefur ættartala vanalega verið skráð en ekki nýtt í kynbótamat. Því er töluvert nýmæli á heimsvísu fölgandi í nýtingu ættartölnnar á þennan hátt. Seinni stig verkefnisins munu fela í sér þróun svokallaðra reaction-norm líkana sem innifela umhverfisbreytur. Með slíkum líkönunum er til dæmis hægt að reikna kynbótamat fyrir stöðugleika gagnvart umhverfisáhrifum.

Verkþáttur lýtur að uppruna íslenska byggsins

Hluti verkefnisins snýst um að kanna uppruna íslensks byggs og greina skyldleika við aðra byggstofna og mun Gunnhildur Gísladóttir vinna að þeim rannsóknum í mastersnámi sínu. Arfgreiningar verða notaðar til að kanna hversu skyldur íslenski stofninn er við aðra byggstofna. Ýmsir forvitnilegir foreldrar eru í ættartölu íslenska byggsins. Til að mynda færeysk landkyn og dönsk maltyrki. Með erfðagreiningum verður erfðahlutdeild þessara foreldra metin og borin saman við niðurstöður ættartölnnar. Þá verður erfðaframtölur í íslensku byggi metin.

Verkefnið felur í sér vinnu nokkurra vísindamanna og kynbótamanna en stærsti hluti rannsóknarinnar verður í höndum nýs doktorsnema við LbhÍ, Önnu Guðrúnar Þórðardóttur. Við gerum ráð fyrir að greint verði frá niðurstöðum verkefnisins og framvindu í Bændablaðinu. Þetta verkefni, nr. 2410358-051, er unnið með styrk frá Rannsóknasjóði.

Egill Gautason, lektor við LbhÍ, Hránnar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri í jarðrækt við LbhÍ.



Af vettvangi Stjórnarráðsins

Skýrsla um raunveruleikann

Ástandið í íslenskum landbúnaði er víðs vegar þungt og mannskapurinn er þreyttur eftir kalt og blautt sumar sem kom mjög seint, og segja sum að það hafi alls ekkert sumar komið.

Síðustu vikur hef ég hitt bændur frá Vestfjörðum og langleiðina að Glettingi.



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Í þeim samtölum sem ég hef átt kom ítrekað fram að hækkandi kostnaður og dýrt fjármagn, ótryggar tekjur, ófgar í veðurfari og ásókn erlendra fjárfesta í íslenskt land ýti undir að bændur ihugi að hætta búskap. Það er ljóst að við þurfum að gera betur ef okkur er alvara með því að íslenskir bændur framleiði hér matvæli fyrir komandi kynslóðir.

Heimsóknir síðustu vikna hafa reynst vera skýrsla um raunveruleikann og ég hef fengið að heyra margar sögur um stöðu bænda, sem margar hverjar enduróma landshorna á milli. Það sitja í mér áhyggjur fólks af því hver taki við búinu. Það sitja í mér sögurnar af yfirboði í bújarðir af hálfu erlendra auðmanna og af markaðsstöðu innlendra landbúnaðarafurða, sér í lagi í rauðu kjóti. Það situr í mér að bændur neyðist til að lóga nautkálfum sínum þar sem of dýrt sé að ala þá – ellegar ali þá og borgi með afurðunum. Þetta er að gerast þrátt fyrir aukinn stuðning og sértækar aðgerðir síðustu ár sem ætlað var að mæta hækkandi kostnaði á aðföngum og slæmri skuldastöðu bænda.

Það stuðningskerfi landbúnaðar sem tekur við þegar gildistími búvörusamninga rennur sitt skeið mun gegna lykilhlutverki í að móta framtíð íslensks landbúnaðar og þar verðum við að gera breytingar

sem styðja sjálfbæra innlenda matvælaframleiðslu og matvælaöryggi. Ef Ísland ætlar sér halda í sjálfstæði sitt í matvælaframleiðslu þarf stuðningskerfið að endurspeglar raunveruleika bænda og tryggja þeim raunverulegan farboða og stöðugleika til frambúðar með öflugum stuðningskerfi. Fyrir því mun ég berjast hér eftir sem hingað til.

Á sama tíma þarf að sækja fram í því augnamiði að búskapur framtíðarinnar sé í stakk búinn til að takast á við fjölbreyttar áskoranir. Sjálfbær og umhverfisvæn landbúnaður sem fylgir skýrum markmiðum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, með aukinni áherslu á jarðvegsvernd og bættan vatnsbúskap eru lykilþættir í því samhengi. Styrkir og hvatar fyrir bændur að innleiða nýja tækni og þróa ræktunaraðferðir sem auka framleiðslugetu munu skipta sköpum. Skýr stefna um landnýtingu og verndun landbúnaðarlands munu gegna veigamiklu hlutverki, enda er ásókn í land að aukast svo um munar. Stuðningskerfi og umgjörð landbúnaðar þarf að setja skýrar leikreglur um nýtingu lands og tryggja að landbúnaðarland sé varið gegn ágangi, hvort sem er frá innlendum eða erlendum aðilum. Hlutverk bænda í þessu samhengi er fjölbætt, allt frá því að vera umsjónarmenn lands til þess að vera að yrkja það og nýta.

Það er mikilvægt fyrir sjálfsmynd lands og þjóðar að við framleiðum okkar eigin mat. Það er sjálfsmyndarmál að við verndum landið sjálft og byggð í dreifbýli. Við þurfum að taka höndum saman til að tryggja að íslenskur landbúnaður blómstri áfram og að bændur geti með stolti framleitt mat fyrir íslenskt samfélag til framtíðar.

Höfundur er matvælaráðherra.

evrópurútan

á ferð um landið 2024

www.evropusamvinna.is

AKRANES 16.9. kl. 10:00 - 12:00
 BLÖNDUÓS 16.9. kl. 16:00 - 18:00
 SAUÐÁRKRÓKUR 17.9. kl. 11:00 - 13:00
 AKUREYRI 17.9. kl. 16:00 - 18:00
 REYÐARFJÖRÐUR 18.9. kl. 15:00 - 17:00
 HÖFN Í HORNAFIRÐI 19.9. kl. 15:00 - 17:00
 VÍK Í MÝRDAL 20.9. kl. 13:00 - 14:30
 ÞÓRSHÖFN 23.9. kl. 13:00 - 14:30
 ÍSAFJÖRÐUR 24.9. kl. 14:00 - 16:00
 REYKJANESBÆR 25.9. kl. 14:00 - 16:00
 SELFOSS 26.9. kl. 14:00 - 16:00

Nánari upplýsingar á www.evropusamvinna.is

BÆNDAGED

Geðorðin 10

- Hugsaðu jákvætt, það er léttara
- Hlíðu að því sem þér þykir vænt um
- Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
- Lærðu af mistökum þínum
- Hreyfðu þig daglega, það léttir lund
- Flæktu ekki líf þitt að öþörfu
- Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
- Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup
- Finndu og ræktaðu hæfileika þína
- Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast

baendaged.bondi.is

MÁLÞING SKOGARBÆNDA

Skógrækt í dag, hvað ber framtíðin í skauti sér?

SKOGARBONDI.IS

DALA HOTEL LAUGUM Í SÆLINGSDAL
 LAUGARDAGINN 12.OKT 2024
 DAGUR LANDBÚNAÐARINS

SKRÁNING HAFIN

SAVAGE ARMS

Pallas Tvihleypa yfir/undir 12ga skiptanlegar þrengingar
kr 99.900

Savage 93R17 GVXP 17 HMR
kr 99.900

Savage 110 APEX PREDATOR XP
 Sett Sjönauki 4-12x Vortex
 Cal 223-243 6,5 creed cal 308. Fötur. Deyfir sonic
kr.234.900

Savage Stevens 560 Hálfsvírvirk 12ga 3 þrengingar
kr. 112.900

Savage Mark II FVXP 22cal með 3-9x sjónauka þungu hlaupi
kr. 89.900

Savage B22 FV-SR cal 22, 17 HMR m/rail og snittaður
kr. 89.900

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturröst.is

Pistill formanns:

Haustið

Ég var ásamt fleirum beðinn um það nýlega að segja nokkur orð um haustið í útvarpi allra landsmanna. Reyndar á þannig útsendingartíma í hádeginu að hinir fréttapýrstu myndu væntanlega flestir verða með eyrun sín á annarri bylgjulengd á meðan ég léti móðan mása. Þess vegna flokkast það væntanlega ekki undir endurtekið efni að glefsa aðeins í þankabrotin mín hér á þessum vettvangi enda standa hinar gjörólíku árstíðir íslenskrar veðráttu og gróðurfars fáum nær en bændum.

Ég sagði frá því að mér hefði alla tíð þótt vænt um haustið. Fyrir fjölmarga í bændastéttinni er það spennandi uppskerutími. Við sauðfjárbændur sækjum fé okkar á fjall, hlökkum til gangnanna og vonumst bæði eftir góðum heimtum og vænum dilkum. Í útiræktun grænmetisbændanna er vinnan að vori og biðin yfir sumarmánuðina þrungið eftirvæntingu og von um að síðsumarið og fyrstu haustdagarnir fari mildum höndum um verðmætin sem móðir jörð hefur umvafið og fósturað í orðsins fyllstu merkingu. Og í heyskapnum og kornræktinni snýst allt um að koma uppskerunni í örugga höfn fyrir haustið. Með hlöðurnar fullar og matarbúrin sömuleiðis hafa bændur svo heilsað vetrinum um aldir, reiðubúnir til þess að þreyja þorrann og góuna hvað sem tautar og raular.



Trausti Hjálmarsson.

Við erum þá orðin svolítið eins og íslenski hesturinn sem aldrei biður um neitt en þiggur ávallt bæði brauð og blíðuhót þegar honum er boðið ...

Gamall en genginn félagi okkar í bændastéttinni, Hjálmar Jónsson, öllu þekktari sem ljóðskáldið Bólu-Hjálmar, var ekki jafn umburðarlyndur gagnvart sumarlokunum og sparaði ekki gifuryrðin þegar hann hnjóðaði í haustið:

*Drulluskíta helvískt haust,
hata ekkert fremur;
djöfuls ömurð endalaust,
allar vonir kremur.*

Ég tók hins vegar upp hanskan fyrir haustið af fleiri ástæðum en uppskerutíma bænda eingöngu. Flestum finnst það kannski vera einhvers konar „hvorki né“ ef miðað

er t.d. við hvernig við hlökkum til vorsins, sem færir okkur langþráða birtu og yl, hvernig við biðum sumarsins í einlægri von um stillur og sólskinsstundir og hvernig við setjum okkur svo í stellingar til þess að mæta hörðum vetrinum, sem oft getur verið harður, af æðruleysi. Fyrir marga markar það svo nýtt upphaf, skólar byrja, lífið kemst í fasta rútinu eftir sumarfríin o.s.frv.

Vinkona mín skrapp til Danmerkur í sumar og vildi segja mér hvað fríð hefði heppnast vel miðað við það hvað þau hjónin höfðu í raun litlar væntingar til áfangastaðarins. „Bara Danmörk“ eins og hún orðaði það. Og kannski er haustið í hugum margra okkar svolítið svipað. „Bara haustið“. Við gerum ekkert miklar kröfur til þess en þiggjum samt með þökkum allt það góða sem það réttir okkur.

Við erum þá orðin svolítið eins og íslenski hesturinn sem aldrei biður um neitt en þiggur ávallt bæði brauð og blíðuhót þegar honum er boðið. Við settum okkur við íslenska rokið og rínginguna, en þiggjum góðviðrisdagana með þökkum og erum sátt þegar upp er staðið ef haustið reynist að meðaltali alveg þökkalegt. Haustið er t.d. bara fint ef það líkist veðrinu sem okkar ástsæla þjóðskáld og nánast ofvirkur addáandi íslenskrar náttúru, Jónas Hallgrímsson, orti svo snilldarlega um:

*Veðrið er hvorki vont né gott,
varla kalt og ekki heitt;
það er hvorki þurrt né vott,
það er svo sem ekki neitt.*

Íslenskir bændur eru mikilvægir landverðir íslenskrar þjóðar. Þeir umgangast vistvænar auðlindir landsins af virðingu, framleiða matvæli í þannig gæðum að hvergi finnast meiri í heiminum, eru hornsteinn lífs í sveitum landsins og standa bæði í stafni þeirrar verðmætasköpunar sem fólgin er í fæðuöryggi landsmanna og ferðaiðnaði sem engum rótum gæti skotið án landbúnaðarins. Og sem sannir landverðir ber okkur bændum ekki eingöngu að þekkja hinar ólíku árstíðir okkar heldur líka skilja þær, virða og elska.

Ég held að okkur bændum, að minnsta kostir þeim fjölmörgu okkar sem erum í „útvinnunni“, hafi lært að mæta árstíðunum af umburðarlyndi. Ég viðurkenni samt að það getur stundum verið erfitt. Sumarið okkar í ár hefur til að mynda verið hreint út sagt skelfilegt. Nánast má segja að vetur konungur hafi læst í það klónum barnungu með fannfergi og ótíð af þeirri stærðargráðu að jadradi við náttúruhamfarir. Í kjölfarið hefur svo fylgt mikil ríngingartíð meira og minna í allt sumar og nú síðast norðanáttir með tilheyrandi kuldaskeiði um land allt. Þess vegna tek ég í þetta skiptið haustinu jafnvel enn frekar fagnandi en venjulega.

Trausti Hjálmarsson,
formaður Bændasamtaka Íslands.



Vernd landbúnaðarlands samkvæmt jarðalögum, ásamt skipulagningu þess, gegnir lykilhlutverki í því að tryggja fæðu- og matvælaöryggi og þjóðaröryggi á Íslandi.

Mynd / Joan Costa

Réttarfréttir:

Vernd landbúnaðarlands

Skipulag landbúnaðarlands, vernd þess samkvæmt jarðalögum og mikilvægi þess fyrir fæðuöryggi, matvælaöryggi og þjóðaröryggi á Íslandi eru grundvallaratriði fyrir sjálfbæra þróun og framtíðarhag þjóðarinnar.



Katrín Pétursdóttir.

Það er möguleiki að taka skipulagsmálin föstum tökum. Lagaskylda er að minnsta kosti til staðar og þónokkrar stefnur og aðgerðaáætlanir sem er afkastur vinnu nokkurra starfshópa. Hægt er að nýta þá þekkingu sem hefur aflast í gegnum árin til framkvæmdar. Meðal annars landsskipulagsstefnan, þjóðaröryggisstefnan, landbúnaðarstefnan, loftslagsstefnan, leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands, með tilliti til hæfni til ræktunar, landgræðsluáætlunin og landsáætlun í skógrækt og síðast en ekki síst hvítbók um skipulagsmál sem kom út í september síðastliðinn.

Skipulag landbúnaðarlands

Sveitarfélögunum ber lagaleg skylda til þess að skipuleggja land samkvæmt skipulagslögum. Markmið laganna eru m.a. að þróun byggðar og landnotkunar þvert yfir landið verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi ásamt því að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands.

Skipulagsáætlun er áætlun um markmið og ákvarðanir viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands. Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um m.a. landnotkun, þar sem sett eru fram stefnumið um einstaka þætti í samræmi við markmið skipulagslaga. Til landnotkunar telst meðal annars ráðstöfun lands til landbúnaðarnota.

Það má því segja að samkvæmt lögum ber sveitarfélögum skylda til að setja fram skipulagsáætlanir þar sem landbúnaðarland er skilgreint og verndað. Þetta gerir sveitarfélögum kleift að skipuleggja nýtingu lands til landbúnaðar með það að markmiði að tryggja að landbúnaðarland fari ekki undir aðra starfsemi nema brýna nauðsyn beri til.

Vernd landbúnaðarlands lögum samkvæmt

Samkvæmt jarðalögum er landbúnaðarlandi veitt sérstök vernd.

... samkvæmt lögum ber sveitarfélögum skylda til að setja fram skipulagsáætlanir þar sem landbúnaðarland er skilgreint og verndað

...

Ákvæðið hefur þá þýðingu að allt land sem nú er í landbúnaðarnotum eða er nýtanlegt til landbúnaðar verður það áfram. Ef ráðgerðar eru breytingar sem fela í sér að land sé leyst úr landbúnaðarnotum þarf að gera grein fyrir og taka afstöðu til tveggja þátta.

Einn þátturinn er að meta hvort landið sé stærra en þörf krefur að teknu tilliti til þeirra nýtingaráforma sem skipulagstillagan felur í sér og hvort aðrir valkostir um staðsetningu komi til greina fyrir fyrirhugaða nýtingu á landi sem hentar síður til landbúnaðar og þá sérstaklega jarðræktar.

Annar þátturinn er að meta hver áhrif breyttrar landnotkunar eru á aðlægt landbúnaðarsvæði, meðal annars hvort hæfileg fjarlægð er milli lands með breyttri landnotkun og landbúnaðar sem fyrir er og hvort girt verði fyrir möguleg búrekstrarafnot af landinu í framtíðinni með nýtingaráformum. Sveitarstjórn tekur ákvörðun um breytingar á landnotkun á grundvelli heildstæðs mats samkvæmt skipulagsáætlun og þessara tveggja þátta.

Þetta ákvæði er sett til að tryggja að landbúnaðarland sé ekki nýtt í öðrum tilgangi, t.d. til bygginga, frístundabyggðar, iðnaðar eða ferðaþjónustu, nema slíkt þjóni brýnum samfélagslegum þörfum. Með þessu er markmiðið að vernda landbúnaðarland sem nauðsynlegt svæði fyrir landbúnaðarafnot.

Flokkun landbúnaðarlands

Að flokka gæði landbúnaðarlands og skipuleggja landið okkar með tilliti til hæfni til ræktunar mun það sjálfkrafa styrkja fæðuöryggi Íslendinga, ýta undir líffræðilegan fjölbreytileika og styrkja stöðir fæðukerfa með því að tryggja nýtingu landsins með sem bestum hætti. Landbúnaður snýst að stærstum hluta um matvælaframleiðslu og er þannig hluti af matvælakerfinu. Hluti af heilnæmri matvælaframleiðslu er að viðhalda gæðum þeirrar náttúru sem framleiðslan byggist á og þar gegnir landbúnaðarland

mikilvægu hlutverki. Þegar teknar eru ákvarðanir um landnotkun þarf því að hafa fæðuöryggi þjóðarinnar að leiðarljósi.

Fæðu- og matvælaöryggi

Landbúnaðarland er mikilvæg auðlind fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar, sem snýst um að tryggja aðgengi að nægjanlegum, öruggum og næringarríkum mat. Ef landbúnaðarland er nýtt í öðrum tilgangi, getur það dregið úr möguleikum Íslands á matvælaframleiðslu og aukið háð þjóðarinnar á innflutningi. Mikilvægi fæðuöryggis hefur verið í brennidepli, sérstaklega í kjölfar heimsfaraldra og ófriðar, þar sem alþjóðleg framboðskeðja getur orðið fyrir rökun.

Íslenskur landbúnaður gegnir einnig lykilhlutverki við tryggingu matvælaöryggis, sem felur í sér að tryggja að matur sé heilnæmur og öruggur til neyslu. Með því að halda landbúnaðarlandi undir ströngu eftirliti og ábyrgri nýtingu, er hægt að tryggja betri gæði matvæla á Íslandi og draga úr hættu á að utanaðkomandi matvæli ógni heilbrigði almennings.

Þjóðaröryggi

Landbúnaðarland er ekki einungis mikilvægt fyrir fæðu- og matvælaöryggi, heldur einnig fyrir þjóðaröryggi. Með því að viðhalda innlendra matvælaframleiðslu er dregið úr háðinni á innfluttum vörum, sem gerir þjóðina óháðari á alþjóðavettvangi, sérstaklega á óvissutímum. A krepputímum eða öðru ástandi sem getur truflað alþjóðlega markaði, t.d. vegna loftslagsvárs eða ófriðar, getur innlend framleiðsla á matvælum reynst ómetanleg fyrir þjóðaröryggi.

Lykilhlutverk verndar landbúnaðarlands

Vernd landbúnaðarlands samkvæmt jarðalögum, ásamt skipulagningu þess, gegnir lykilhlutverki í því að tryggja fæðu- og matvælaöryggi og þjóðaröryggi á Íslandi. Án verndar og ábyrgðar gæti landbúnaðarland verið leyst úr landbúnaðarnotum með óafturkræfum afleiðingum, sem myndi draga úr möguleikum Íslands til að viðhalda innlendra matvælaframleiðslu.

Þegar teknar eru ákvarðanir um landnotkun þarf því að hafa þjóðaröryggi og fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar að leiðarljósi. Sama má segja þegar ekki eru teknar ákvarðanir.

Höfundur er lögfræðingur hjá BÍ.

Bændablaðið kemur næst út
26.september

Jákvæðir hvatar og sjálfbærni

Mér lánaðist á dögunum að sitja vinnustofu þar sem var fjallað um áætlanir um stofnun nýs meistaranáms í sjálfbærum landbúnaði.



Hilmar Vilberg Gylfason.

Þegar margir koma saman til að ræða málin þá verða umræðurnar oft skemmtilegar og mörg sjónarmið sem koma fram, þessi vinnustofa var engin undantekning þar á. Það sem stóð

einna helst upp hjá gagnvart mínu starfi hjá Bændasamtökunum var staðfesting á því hversu margþætt hugtakið sjálfbærni er þegar kemur að landbúnaðarframleiðslu.

Ef við skoðum landbúnaðarstefnu stjórnvalda til ársins 2040, sem samþykkt var á Alþingi í júní í fyrra, þá er vel hægt að færa rök fyrir því að allir liðir stefnunnar um framtíðarsýn tengist sjálfbærni með einum eða öðrum hætti. Til dæmis segir í framtíðarsýninni að nýting náttúruauðlinda í landbúnaði verði ávallt sjálfbær, fullnýting afurða og lífrænna hráefna verði tryggð í virðiskeðju landbúnaðar og fæðuöryggi verði tryggt. Einnig að landbúnaður hafi fyrir árið 2040 dregið verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda, verði kolefnishlutlaus og hafi mikla aðlögunarhæfni gagnvart loftslagsbreytingum. Þá er talað um að ræktun, nýting lands og bætt landgæði styðji við fjölbreytta atvinnustarfsemi og búsetu um land allt, og landnotkun utan þéttbýlis feli í sér vernd góðs landbúnaðarlands. Framtíðarsýnin nær síðan einnig til þess að eðlileg nýliðun og kynslóðaskipti í landbúnaði verði tryggð og framleiðsla verði arðbær og samkeppnishæf og tryggi byggðafestu og uppbyggingu þekkingar í samfélagi.

Með því að láta þessa framtíðarsýn verða að veruleika væru stór skref stigin í áttina að því að efla sjálfbærni í innlendra landbúnaðarframleiðslu. Aukin sjálfbærni og áherslur í átt að sjálfbærni felst oft og tíðum í því að nýta betur, nýta með öðrum hætti og með nýjum aðferðum. Betri nýting á aðföngum í landbúnaðarframleiðslu eins og áburðarefnum, fódri og olíu eru skref í átt að sjálfbærni sem jafnframt skila sér í vasa bænda

... sem jafnframt skila sér í vasa bænda af því þetta eru allt kostnaðarliðir í rekstrinum ...

af því þetta eru allt kostnaðarliðir í rekstrinum.

Markmið um aukna sjálfbærni og hagsmunir bænda fara því oftar en ekki mjög vel saman.

Í landbúnaðarstefnu stjórnvalda er sett fram það meginmarkmið að styðja íslenskan landbúnað og styrkja stöðir hans til framtíðar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í stefnunni er einnig að finna nánari markmið um fyrirkomulag stuðnings við landbúnað en þar segir til dæmis að stuðningur hins opinbera styrki og fjölggi stöðum landbúnaðar á grunni sjálfbærrar nýtingar í þágu loftslagsmála, umhverfis- og náttúruverndar og fjölbreytni í ræktun. Þar segir einnig að stuðningur við landbúnað eigi að skapa stöðugan og traustan grundvöll fyrir innlenda matvælaframleiðslu og fæðuöryggi þjóðarinnar, sem er sjálfbærni í stóru myndinni.

Svona markmiðum má vel ná. Af hverju segi ég það? Svarið er einfaldlega að íslenskir bændur eiga í reynslubankanum bæði aðgerðir og útfærslur í stuðningskerfinu með jákvæðum hvötum sem hafa virkað vel til að innleiða nýjar aðferðir. Skýrsluhaldið okkar er líklega eitt besta dæmið um innleiðingu á nýjum aðferðum sem hafa skilað mikilli þekkingu, framförum og bættri afkomu bænda. Með hjálp jákvæðra hvata er þátttaka í skýrsluhaldskerfunum afgerandi og raunar svo mikil að önnur lönd öfunda okkar af þeirri stöðu.

Ef við byggjum á reynslunni, gögnunum sem við eigum nú þegar og nýjum möguleikum í tækni og tækjabúnaði þá munu jákvæðir hvatar færa okkur hratt í átt að markmiðunum að aukinni sjálfbærni í innlendra landbúnaðarframleiðslu.

Höfundur er sjálfbærnisérfræðingur hjá Bændasamtökunum.

Við þrífum allar stærðir og gerðir af sótsíum

Vik verkstaedi ehf

Einhellu 6
221 Hafnarfirði
tel. +354 8961083



Brennslusalerni

NÝTT Á ÍSLANDI!



Freedom O

Ekkert vatn

Hvorki rotþró né jarðvinna

Premium

Þegar náttúran kallar



Cinderella
Incineration Toilets


516-2600

vorukaup@vorukaup.is

VK vörukaup

Ný kynslóð útihitara

Gæða útihitara á verönd, svalir og öll útisvæði. Þola regn og mega vera úti allan ársins hring. Stillanleg veggfesting fylgir og fjarstýring með 3 hitastillingum.



Skjólveggir fyrir bústaðinn

Sérlega fallegir skjólveggir úr gleri sem veita gott skjól án þess að trufla útsýnið. Veggirnir koma í ýmsum stærðum og útfærslum.

Verið velkomin í Flísabúðina og fáðið ráðgjöf sérfræðinga okkar.



Flísabúðin

Stórhöfða 21, 110 Reykjavík | 545 5500 | flis@flis.is | flisabudin.is



Lán í boði hjá Lífeyrissjóði bænda fyrir sjóðfélaga og félög í þeirra eigu

Verðtryggð lán með breytilegum og föstum vöxtum.

Lánað er gegn fasteignaveði, sbr. lánareglur á www.lsb.is.

3,5% vextir vegna kaupa á íbúðarhúsnæði í þéttbýli.

4,1% - 4,3% vextir vegna fjármögnunar jarðeigna og atvinnutengdrar starfsemi.

Hámarkslán er 120 milljónir króna.

Lífeyrissjóður bænda
Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík
563 1300 - lsb@lsb.is - www.lsb.is

Þá og nú

– Um kvikmyndina Svar við bréfi Helgu

Hin hugljúfa ástarsaga Bergsveins Birgissonar um ástir þeirra Bjarna og Helgu hefur verið mynduð og var sýnd í sjónvarpinu um sl. jól og aftur um hvítasunnu.



Jóhannes Geir Gíslason.

Óleyfilegar ástir hafa vist alltaf verið til og verða sjálfsagt áfram. Ástarleiki og hvíluþögn þarf ekki að kenna, kunnáttan er vist meðfædd. En vinnubrögð og störf líðins tíma þarf að kenna og þjálfá í nokkur ár áður en farið er að mynda þau, svo þau verði ekki tóm lygi og háðung eins og þessi mynd sýnir.

Allt sem myndað hefur verið síðustu áratugin og sýnt, er sömu lögmálum háð. Fólk nútímans kann vist vel að munda myndavélar en aflögð vinnubrögð, sem fyrri kynslóðir lifðu af, miður.

Mynd mín af fólk í heyrinu er skýr. Lagna sláttumenn, röskar rakstrarkonur, skarpa heybandsmenn var sjón að sjá, að störfum.

Það væri maklegt verkefni þeirra sem vilja, að mynd hins liðna lifi, að koma upp vinnuflokki sem kynni þess störf og geyma síðan störfin á myndbandi. En til þess að myndin verði sönn þarf margra sumra þjálfun fólksins.

Marga eymdarútgefuna hefur maður séð af þessum störfum á skjánum, í seinni tíð, bæði íslenskar og erlendar myndir. Allt á sömu bókin lært. Klaufskan í öndvegi.

Það var í sjálfu sér rétt að sýna störf þeirra Bjarna og Helgu, en með öllu óréttlætlanlegt að ljúga þessari klaufsku upp á þau. Það er fölsun, sakhæft athæfi.

Myndin sú arna er aðeins of snemma á ferðinni, við sem kunnum þetta og lifðum af því erum ekki öll dauð og ráðum því við háðungina. Myndin „Saga Borgarættarinnar“ varð til snemma

á sl. öld, kannski um 1930. Sú mynd er að vísu vond, myndtæknin ekki orðin þroskuð en hún sýnir alvöru störf. Vant fólk var að verki. Hafi nú höfundum myndarinnar „Svar við bréfi Helgu“ gengið það til að hældast að störfum genginna kynslóða, hefur þeim mistekist illa. Háðungin er þeirra sjálfra.

En þeim er það vorkunn. Það var gróðafikninn sem réð ferð en ekki heimildin.

Myndgerðarmenn eru svo fáfróðir að þeir halda að svona hafi verið unnið. Þeim er vorkunn. Þeir eru verkfæri auðvalds og ágóðahyggju, auk þess sjáanlega mútuþegar tóbakssölu.

Gróðagreddan lætur aldrei að sér hæða

Lítum nú á nokkur atriði myndarinnar:

1. Bjarni að slá. Hann vingsar orfinu nokkurn veginn skaplega. En ljárin kemst aldrei út úr ljáfarinu. Það er líkast því að hann stingist alltaf á kaf í jörðina. Ekkert er látið sjást hvað undan eða af ljánum kemur (kannski var það skynsamlegt).

2. Fólk í heypurrkun. Völlurinn líkastur því að hann hafi verið reyttur fremur en sleginn. Enginn flekkur, bara einhver heytæting út um allt. Konur að rifja troða ofan í heyið hver hjá annarri. Halda að vísu skammlaust á hrifunum allar nema ein. Hún mundar hrífuna eins og kláru. (Þannig vinnubrögð sjást að vísu í Reykjavík nú til dags. Eða hvað? Er það kannski liðin tíð?) Er það ætlan myngerðarmanna að hefja þessa klaufsku til vegs? Nei. Þjálfaháttur og fáfræði nútímans er ráðandi.

3. Klæðnaður og búnaður fólksins. Hann er nútímans. Konur komu að vísu frá heimilisstörfum út að rifja eins og þær stóðu í pilsu eða kjól en

væru þær síðhærðar fléttuðu þær hár sitt eða bundu. Kynþokkafullt flaksandi síðhár er nútímans. Það hefði talist subbuskapur, óhentugt við útistörf. Við engjaheyskap hefði engin gengið þannig til verks. Á tíma myndarinnar gengu konurnar að útiheyskap í galla- eða vaðmálsbuxum og heftu hár sitt. Ekki berhausaðar, en gjarnan með skuplu eða húfu.

4. Rakað upp. Það verk var alls staðar unnið ef hætta var á vætu en hefur önnur nöfn í öðrum landshlutum. Að „raka upp“ er nafnið sem ég þekki. Heyið var saxað upp úr flekkjunum í föng að kvöldi eða ef útlit var fyrir vætu. Breitt aftur að morgni eða næsta þurrki. Við breiðinguna voru ekki notuð verkfæri, aðeins hendurnar. Ég held að í myndinni hafi fólk átt að vera að raka upp í einni senunni en reyndar var það óljóst hvern fjandann það var að vöðlast. Látum þar útrætt um þessi ömurlugu vinnubrögð.

Það væri vissulega ómaksins vert að festa á filmu störf genginna kynslóða. Það var oft sjón að sjá röska sláttumenn eða heybandsmenn að verki. Eða vasklegar konur á hrifunni. En til þarf nokkurra sumra þjálfun að koma slíku liði upp. Umhverfið á Ströndum nýtur sín vel, það er plús. Það er bein vanvirða við þessar ágætu sögupersónur Bjarna og Helgu að vera að ljúga því upp að þau og þeirra samtíð hafi verið þvílíkir skussar til starfa.

Myndgerðarmenn!

Þið sem eruð snillingar á myndavélina. Hættið að nota hana til að ljúga klaufsku upp á ágæta feður okkar og mæður.

Ég get enn skammast, þó orðinn sé ófær til verka.

Höfundur er fyrrum bóndi í Skálseyjum.



Sveinn segir í grein sinni að hófleg beit á grónu landi á láglandi auki uppskeru. Mynd / Myndasafn Bbl

Áhrif beitar á uppskeru og kolefnisspor kindakjöts

Í Bændablaðinu 2.11. 2023 var fjallað um bindingu CO₂ vegna framleiðslu kindakjöts, dillakjöts.



Sveinn Hallgrímsson.

Niðurstaða var sú að við framleiðslu dillakjöts bindist um 22 kg CO₂ við framleiðslu hvers kíló kindakjöts. Hér er átt við bindingu umfram losun vegna framleiðslunnar.

Binding kolefnis skýrist fyrst og fremst af því að kindakjöt er framleitt með grasi og heyi. Grasið framleiðir plöntur, grös, með tillifun. Plantan tekur CO₂ úr andrúmsloftinu og breytir því í fôður fyrir grasbita, kindur kýr og hross. Það að plöntur breyta koltvísýringi loftins í fæðu fyrir okkur gerir þennan verknad gagnlegan fyrir andrúmsloftið. Grösin, plönturnar, binda kolefni sem verður að mat fyrir okkur öll. Grösin eru nytjaplöntur, hvort sem þau eru slegin til heyframleiðslu, eða til beitar. Alveg eins er skógur, nytjaskógur, gagnlegur fyrir andrúmsloftið, ef hann er nytjaður. Ef skógur er ekki nytjaður er hann ekki að binda kolefni okkur til gagns, til langs tíma. Þess vegna tala Nýsjálandingar um

Bindingu 100, eða það sem gerist á einni öld. Skógur sem er plantað bindur kolefni úr CO₂ á fyrstu 50–70 árunum, svo hignar honum og hann hættir að binda kolefni. Rotnun og bindingu eru í jafnvægi. Ef við höggvum trén og búum til timbur sem við notum til að byggja hús, eða annað sem gagnast okkur, þá er það nytjaskógur. Við plöntum skógi aftur, eða hann vex af sjálfum sér; Það vex upp nýr skógur, sem heldur áfram að binda kolefni. Það er komin hringrás sem bindur. En því aðeins að við nýtum skóginn.

Það sama á við hjá grösunum. Ef við nytjum ekki grös, beitum þau ekki, þá verða þau eins og skógurinn, bindur í 50–100 ár, jarðvegurinn þykkar og þykkar og að endingu verður hann of þykkur og ... jarðvegsrof hefst. Landið fýkur burt, uppblástur! Ekki vegna beitar, heldur miklu frekar vegna þess að gróðurinn er ekki nýttur! Það gildir að sumu leyti um gróðurinn eins og skóginn! Hann bindur meira og lengur, ef hann er nýttur!

Það kemur í ljós að graslandi sem er beitt gefur meiri uppskeru. Þetta vita bændur. Sauðfjárbættir uppskeru, samkvæmt beitarartilraunum. Ég fékk ágætan stærðfræðing til að reikna aukningu í uppskeru í FAO-beitarartilraunum hér á landi sem gerðar voru hér á landi á láglandi. Samkvæmt útreikningum jókst uppskera í úthaga á láglandi um 10%, eða eins og segir í greinargerð:

„Niðurstaða þessara vangaveltna er því sú að reikna megi með að óáborinn úthagi, vel gróinn á láglandi geti gefið af sér u.þ.b. 18–20 hkg þe/ha á ári hverju, og að uppskeruauki við hæfilega beit geti verið u.þ.b. 10%.“

(Lárus Pétursson 2024, óbirt gögn)

Þetta þýðir að beit eykur uppskeru sem þessu nemur, þegar um hóflega beit er að ræða á grónu landi á láglandi. Þetta vita bændur.

Getum við haldið því fram að kindin sem tekur 100 kg þurrefnis á beit á sumrin auki uppskeruna um 10 kg þurrefnis? Já, þetta eru áhrifin af beittinni. Það þýðir að binding vegna beitar eykst, sem þessu nemur eða: 1 kg þurrefnis í beit bindur

$1 \times 0,43 \times 3,67 = 1,58 \text{ kg CO}_2$. Og skilar súrefninu út í andrúmsloftið.

Hvað þarf ærin sem gefur af sér 20 kg af kjöti á ári mikið þurrefni í beitarfóðri á sumarbeit í 180 daga? Hún þarf sem hér segir:

$180 \times 0,7 \times 1,2 = 151,2 \text{ kg þurrefnis til viðhalds ærinnar}$.

Reiknað er með að ærin þurfi 0,7 FE til viðhalds á dag og að í hverja FE þurfi 1,2 kg þurrefnis í beitargróðri. Á sama hátt er reiknað fyrir lömbin til viðhalds og vaxtar; $50 \times 3,0 \times 1,2 = 180,0 \text{ kg þurrefnis í úthagagróðri}$.

Hér er reiknað með að lömbin þurfi að ná 50 kg til að framleiða 20 kg af kjöti og þurfi 3,0 FE til að vaxa um eitt kg. Eins og áður þarf 1,2 kg þurrefnis í FE.

Þetta gerir $151,2 + 180,0 = 331,2 \text{ kg þurrefnis sem þarf til að framleiða 20 kg af dillakjöti}$. Sé reiknað með að beitin auki uppskeru um 10% er bindingin vegna 20 kg af kjöti sem nemur:

$33 \times 1,58 = 52,1 \text{ kg CO}_2$, sem þýðir $52,1/20 = 2,6 \text{ kg á hvert kg kindakjöts}$.

Í grein minni í Bændablaðinu 2. nóvember 2023 gerði ég ráð fyrir að ærin bindi 479 kg á ári. Þessi 52,1 kg bætast við. Koltvísýringbinding ærinnar, kindarinnar, sem framleiðir 20 kg af kjöti á ári er þá

$479 + 52,1 = 531,1 \text{ kg af CO}_2 \text{ koldíoxíð á ári}$.

Hvert kg af dillakjöti/kindakjöti er þá með jákvætt kolefnisspor sem hér segir:

$531,1/20 = +26,56 \text{ kg CO}_2 \text{ á kg kindakjöts}$.

Environice reiknaði með að hvert kg kindakjöts væri með neikvætt kolefnisspor um 28 kg CO₂, eins og víða hefur komið fram.

Niðurstaða mín er að kolefnisspor kindakjöts sé +25,56 kg CO₂/kg kindakjöts.

Höfundur er fyrrverandi ráðunautur í kynbótum sauðfjár og skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri.



CLT EINIINGAHÚS KROSSLÍMT TIMBUR

Byggingar úr CLT timbureiningum eru að ryðja sér rúms um allan heim og nú býður BYKO upp á þessa lausn. Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af húsum hönnuð og teiknuð af Andersen & Sigurdsson arkitektum. Húsin fást öll í mismunandi stærðum og mögulegt er fyrir viðskiptavinum að hafa áhrif á innra fyrirkomulag í samstarfi við arkitekt, til að mynda við stærð og fjölda svefnherbergja og snyrtinga.

Hafðu samband: serlausnir@byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Tollar og tómatar

Eins og sólin sest í vestri er nokkuð árvísst að upp komi umræða um tolla á landbúnaðarvörur og verðlag hér á landi og samburður við önnur lönd eða ríkjabandalög í því efni.



Erna Bjarnadóttir.

Alþjóðaviðskipti byggja á alþjóðlegum samningum milli ríkja – m.ö.o. ríki semja sérstaklega um hvaða viðskiptakjör gilda þegar vörur fara landa á milli. Þegar talað er um viðskiptakjör er þó ekki alltaf gerður greinarmunur á hvað eru almenn kjör og hvað eru kjör samkvæmt sérstökum tvíhliða samningum milli ríkja og/eða viðskiptabandalaga.

Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) hefur mesta þýðingu í þessu sambandi. Þar koma ríki heims saman og ræða um viðskipti á heimsvísu. Þegar samningur um viðskipti með landbúnaðarvörur var gerður á hennar vegum skuldbundu ríkin sig til að leggja ekki á hærra tolla en sem nam tilteknu þaki (tollabindingar). Tollar geta hins vegar verið lægri en hámarkið. Þessir kjör bjóðast öllum sem eiga aðild að WTO. Ef ríki, sem er aðili að WTO, semur um frekari tollalækkanir við annað ríki, þá ber því að bjóða öðrum ríkjum sömu kjör. Þetta leiðir af svokallaðri MFN reglu og nefnast þau kjör MFN kjör (e. *Most Favoured Nation*, bestu-kjarameðferð). Til viðbótar bætast síðan kjör samkvæmt viðskiptasamningum eða fríverslunarsamningum, t.d. tvíhliða samningur ESB og Íslands um viðskipti með landbúnaðarvörur eða EFTA-ríkjana við Kanada, Kólumbíu og fleiri lönd. Þessir samningar byggja oft á flóknum samningaviðræðum og leiða til tollfrelsis í viðskiptum með vörur. Á móti koma svo betri kjör – markaðsaðgangur – (tollfrelsi eða lækkaða tolla) fyrir íslenskar vörur.

Tollfrelsi og tómatar

Sem dæmi um þetta má taka tolla á nýtt og kælt nautgripakjöt, sem hefur tollskrárnúmerið: 0201.0000. Almennur tollur (MFN) er 30% og 357 kr/kg. Tollur gagnvart ESB er 18% og 214 kr/kg. Önnur EFTA lönd njóta sömu kjara og lönd ESB, sem og Bretland, en þar er í gildi tvíhliða samkomulag um fríverslun. Í sumum tilvikum eru viðskiptakjörin enn betri, t.d. er enginn tollur lagður á þessa vöru í viðskiptum við Færeyjar.

Tómatar eru annað dæmi. Því er oft ranglega haldið fram að tollar á innflutta tómata hafi verið lagðir

af. Almennur tollur á tómata í tollskrárnúmeri 0702.0090 er 10%. Tollar hafa hins vegar verið felldir niður í fjölmörgum tilvikum við gerð fríverslunarsamninga við ýmis tækifæri bæði á vegum EFTA, og tvíhliða samninga eins og milli Íslands og ESB eða Íslands og Bretlands. Vara sem þessi telst því alls ekki tollfrjáls í skýrslum WTO um Ísland heldur væri talin með vörum þar sem almenn kjör fela í sér álagningu % tolls.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að þótt ríki, t.d. Ísland, semji um betri viðskiptakjör, s.s. tollalækkun, við annað ríki á grundvelli tvíhliðasamninga þá leiðir það ekki ávallt til þess á grundvelli MFN reglunnar að önnur ríki, sem eru aðilar að WTO, njóti tollalækkunarinnar. Þannig ber íslenska ríkinu ekki skylda til að bjóða öðrum ríkjum 18% toll í stað 30% tolls þótt samið hafi verið um 18% toll við ESB.

Hvernig er þá hægt að bera þetta saman milli landa?

WTO gefur reglulega út skýrslu um svokallaðan „viðskipta prófil“ þeirra ríkja sem eru aðilar að stofnuninni. Þar er að finna sérstakt yfirlit um landbúnaðarvörur en um þær gildir sérstakur samningur. Þar er greint hvaða kjör bjóðast öllum aðilum að WTO (tvíhliða viðskiptasamningar falla ekki undir þetta). Mjög áhugavert er að skoða þessa skýrslu WTO. Þannig eru engar mjólkurvörur tollfrjálsar inn í ESB, 21,7% undirliða ávaxta og grænmetis, 6,5% korn og brauðvara og 27,1% vara sem tilheyrja flokknum kaffi og te. Sömu tölur fyrir Ísland eru 0%, mjólkurvara, 21,6% ávaxta og grænmetis, 22,2% korn og brauðvara, og 35,9% vara sem teljast kaffi og te. Indland sem dæmi leggur tolla á allar vörur í þessum flokkum. Það er útúrsmunurinn að blanda tollfrelsi í viðskiptum milli ESB landanna inn í umræðu um þetta. Innri markaður ESB er sérstaks eðlis í því sambandi og gilda sérreglur um viðskipti með vörur þar eins og bent er á af hálfu WTO, sbr. XXIV. gr. GATT-samningsins.

Verðjöfnunargjöld

Tollar eru ekki það eina sem hefur þýðingu í þessu sambandi því þótt tollar hafi verið felldir niður, þá eru dæmi til um að verðjöfnunargjöld séu lögð á innflutta vörur. Á þetta við í samningum milli Íslands og ESB; verðjöfnunargjöld eru lögð á margar vörur við innflutning til ESB frá Íslandi þótt tollar hafi verið felldir niður. Sem dæmi má nefna

jógúrt sem fellur undir bókun 3 við EES samninginn. Samkvæmt tvíhliða samningi Íslands og ESB um viðskipti með landbúnaðarvörur leggur ESB ekki tolla á jógúrt frá Íslandi en hins vegar nemur vörugjald á jógúrt í vörulið 0403 frá 12,4 EUR/100 kg upp í 168,8 EUR/100 kg (19 kr/kg – 234,8 kr/kg) eftir því um hvaða átta stafa tollskrárnúmer er að ræða. Til samburðar nemur tollur á sömu vörur frá ESB samkvæmt íslensku tollskránni, 45-53 kr/kg eftir því um hvaða vöru nákvæmlega er verið að ræða. Mikilvægt er að halda því til haga að verðjöfnunargjöld eru að sjálfsögðu ígildi tolla í viðskiptum með þessar vörur þar sem niðurstaðan er sú sama – innflytjandi þarf að greiða verðjöfnunargjald við innflutning vörunnar.

Viðsjárverðir tímar eru í heiminum nú um stundir

Fyrir stuttu tilkynntu ESB, Bandaríkin og Kanada um að þau myndu hækka tolla á kínverska rafmagnsbíla þar sem innflutningur þessara bíla til Vesturlanda fæli í sér undirboð og væri ætlað að skaða bílaiðnaðinn á Vesturlöndum. Kínversk stjórnvöld hafa svarað þessu og boðað rannsókn á stuðningi við framleiðslu landbúnaðarvara frá ESB.

Mikilvægt er að hafa þessa stöðu alþjóðamála í huga þegar fjallað er um tolla í alþjóðlegum viðskiptum. Í dæminu um tómata áður við að þótt tollar hefðu verið felldir niður á tilteknum vörum var ákveðið að taka þá upp að nýju til að hafa „skiptimynt“ í framtíðarviðræðum um viðskiptasamninga.

Niðurlag

Á undanförunum misserum hafa átt sér stað miklar sveiflur í alþjóðaviðskiptum, fyrst vegna Covid-19 faraldursins og svo vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Alþjóðlegt viðskiptaumhverfi er nú orðið mun flóknara en áður, og dragast alþjóðaviðskipti nú saman.

Íslensk stjórnvöld verða að fylgjast vel með þessari þróun og vinna að samningum um viðskipti með heildarhagsmunum í huga en ekki kasta frá sér spilum sem þau kunna að hafa á hendi, t.d. með einhliða niðurfellingu tolla. Í alþjóðlegum viðskiptum gildir, líkt og í svo mörgu öðru, spakmælið úr Grettissögu: Sitt er hvort gæfa eða gjörvileiki. Íslensk stjórnvöld og hagsmunaaðilar verða að standa vaktina í sífellt flóknari heimi.

Höfundur er hagfræðingur og verkefnastjóri hjá MS.



Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum





Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

ÓDÝR

gleraugu umgjörð og gler



Gleraugu með glampa og rispuvörn

19.900 kr.

Sérsníðun samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0



Margskipt gleraugu

39.900 kr.

Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002



SJÓNTÆKJAVERSLUN



• Loft í loft
• Loft í vatn
• Vatn í vatn

Varmadælar Vörukaup ehf



516-2600





vorkaup@vorkaup.is

Viðhald & viðgerðir á döfinni?

Við sendum hvert á land sem er!

Vinnupallar bjóða frábært úrval stærri og smærri vinnupalla ásamt stigum, þurrk- og hitatækjum, loftlausum hjólbörum, öryggisvörum, fallvarnarbeltum- og festingum og svona mætti lengi telja.

Skoðu
úrvalið til sölu
og leigu á
vpallar.is



Hafðu samband, fáðu ráðgjöf og öruggar lausnir hjá okkur!

VINNUPALLAR

Vinnupallar ehf. – Vagnhöfða 7 – s. 787 9933 – vpallar@vpallar.is – www.vpallar.is

Búverk og breyttir tímar

Búverk og breyttir tímar er ný bók eftir Bjarna Guðmundsson, áður prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Í henni er fjallað um nokkur verk og verkfæri sem alþekkt voru á síðustu öld en hafa nú ýmist horfið úr verkahring eða breyst í helstu atriðum. „Þannig er minnt á þungan straum tímans en líka þróun þekkingar og tækni. Verkmenn þessa tíma íslensks þjóðlífs breyttist, ýmist í hægum siganda eða stórum stökkum. Saga varð til og í þessari bók er brot af henni sögð“, segir í lýsingu um bókina.

Bændur þekja Bjarna, en hann starfaði við rannsóknir og kennslu á Hvanneyri um árabíl og veitti lengi Landbúnaðarsafni Íslands forstöðu.

Búverk og breyttir tímar eru 210 síður, Sæmundur útgáfa gefur út.

/ghp



Safnasafnið

Safnasafnið, höfuðsafn íslenskrar alþýðulistar á Akureyri, hefur nú til sýninga verk systra frá Galtarey.

Þetta eru þær Guðrún og Sigurlaug Jónasdóttir, sem báðar hófu að leggja stund á list á sínum eldri árum. Verk þeirra vísa að mestu í þjóðsögur og svo dagleg störf 19. aldar, enda ber sýning Sigurlaugar heitið „Hversdagslíf“, þar sem má virða fyrir sér málverk daglegs lífs alþýðufólks. Alþýðuminni er svo nafn á sýningu systur hennar, Guðrúnar, sem lagði stund á vefnað, oft á óhefðbundinn hátt, en hún blandaði vefstykkin gjarnan saumi og ullarlóka.

Safnasafnið stendur ofan við Svalbarðseyri og er opið frá 12. maí til 22. september.

/sp

Einkamálaauglýsingar:

Klár í slaginn

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Smáauglýsingar hafa birst í prentmiðlum svo lengi sem elstu menn muna en þar innan um má oftan en ekki finna ýmsa gullmola. Jafnan eru það einkamálaauglýsingarnar sem kítla og er sá dálkur Bændablaðsins síður en svo undanskilinn.

Glöggir lesendur muna ef til vill eftir hinum ýmsu einkamálaauglýsingum á borð við fertugu ungrúna sem var heit fyrir „Dad-body“ og hvatti þannig vaxna menn til að láta í sér heyra. Einnig er minnstæð auglýsingin um þá kampakátu sem óskaði eftir gerðarlegum manni (kampakatxxx@gmail.com) og svo var það vel ættaði, rauðbirkni drengurinn á fertugsaldri sem taldi sig einkar vænlegan til undaneldis.

Bænder Bændablaðsins vakti einnig sérstaka athygli og gladdi annan hvern landsmann ef marka má flesta fjölmiðla. En auðvitað fer þessi tegund auglýsinga fyrir brjóstið á sumum og þessir sumir láta vel í sér heyra. Nú í síðasta tölublaði Bændablaðsins auglýsti móðir syni sína gefins á góð heimili og þá með tilvonandi kvonfang í huga. Hampaði móðirin, Alma Sigurbjörnsdóttir sonum sínum enda greinilega um góð mannsefni að ræða, vel uppaldir, húsvanir, einstaklega umhyggjusamir, auk þess að kunna vel til verka í eldhúsinu. Henni að óvörum barst henni póstur frá aðila sem taldi þetta helberan vitleysisgang. Sá móðirin sér ekki annað fært en að svara kurteislega; ekki væri um skemmtiefni að ræða, hún væri orðin langeyg eftir tengdadætrum, auk þess sem synirnir væru með í ráðum, „... taldi þetta ágætis veltvang til að næla mér í a.m.k. 1–3 slíkar þar sem Bændablaðið er mest lesna ritið hér á landi“.

Affarasælar auglýsingar

Það borgar sig greinilega að auglýsa í Bændablaðinu, en allnokkrar athugasemdir hafa verið gerðar á

öldum ljósvakans vegna auglýsingar Ölmú. Sjálf slær hún á léttu strengi og segir á Facebook-síðu sinni að þó henni þyki jú synirnir heldur rólegir í kvennamálunum hafi grínið farið á mun meira flug en hún átti von á og viðbrögðin af öllum toga.

Aðspurð segir Alma fjölskylduna oft hafa skemmt sér við lestur slíkra auglýsinga og hún hafi nefnt það við Maron, son sinn, þann í miðid, að þar sem hún sæi ekki fyrir sér að hafa þá búandi heima fram eftir aldri væri réttast að auglýsa þá í Bændablaðinu.

Synirnir eru þeir Alex, 23 ára, Maron, 21 árs og Nól, sem er að verða 18 ára, þeir tveir elstu langt komnir með bakaranám en sá yngsti leggur stund á nám í rafvirkjun í Verkmenntaskólanum á Akureyri.

„Reyndar eigum við einn tólf ára líka, en það er kannski ekki tímabært að

gefa hann strax. Strákarnir, þessir eldri, eru annars vöðarólegir í tíðinni, hanga helst með félögum sínum í golfi eða frísbígolfi. Ég tók því af skarið, auglýsti og sagði þeim að fylgjast með næsta blaði. Þeir trúðu ekki að ég hefði látið til skarar skrifa en höfðu rosalega gaman af þessu. Þetta eru í grunninn allt ofsalega ljúfir drengir og fjölskyldukallar, en þó afar ólíkir í hegðun og stundum spurning um hvaðan þeir koma eiginlega,“ segir Alma.

Mistök aldarinnar

„Ég verð að viðurkenna að ég gerði reyndar ein afdrifarik mistök sem ég biðst afsökunar á – en það var að setja inn netfang sem er í eigu einhvers annars. Eftir að hafa sent inn auglýsinguna ætlaði ég að stofna netfangið eftir á – en komst þá að því



Alma Sigurbjörnsdóttir er hér fyrir miðju með drengina sína tvo af þremur, Alexander Örn Arnarsson, stjúpson sinn á hægri hönd og Maron Fannar Aðalsteinsson til vinstri. Gæðapiltar hér á ferðinni sem vert er að tækka á.

frá öðrum til skemmtunar. Einn benti til dæmis kurteislega á að fjölskyldan þyrfti mögulega á lyfjagjöf að halda. Sem er alveg „valid point“ ef það eru til lyf við makaleysi.“

Hún segir fjölskylduna þó afar heilbrigða og hressa, búsetta í blíðunni á Reyðarfirði þar sem elstu strákarnir tveir eru á samningi hjá handverksbakariinu Sesam. „Alexander lýkur náminu í vor, Maron þarna mitt á milli og Nól stefnir svo á að klára rafvirkjann með vorinu. Það er flott að klára svona iðngreinar,“ segir Alma sem sjálf lærði kokkinn á sínum tíma. „Ég sé fyrir mér að við getum stofnað svona Food and Fun – stefnumótapjónustu með mat og drykk,“ segir hún hlæjandi og bætir svo við að hún starfi reyndar sem sálfræðingur í dag sem geti komið sér vel.

Fyrir áhugasamar vilja strákarnir helst vera búsettir á Reyðarfirði í framtíðinni, og við endurtökum að rétt netfang er klarislaginn@gmail.com.



liftroller.

LEIGUVARA

HVERNIG VÆRI AÐ FARA FREKAR INN UM GLUGGANN?

Liftroller er lausn sem auðveldar allan flutning á byggingarefni á færibandi inn og út af verkstað. Þannig minnkar álagið á starfsfólki.

www.byko.is/leiga | leiga@byko.is | 515 4020

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



Tvítuga Gullbrá

Þetta er hún Gullbrá 357 á Hóli við Dalvík, rúmlega tvítuga mjólkurkúr.

Gullbrá er fædd 9. apríl 2004 og má telja víst að hún sé ein af elstu mjólkurkúm landsins. Það sem meira er, hún er sú kúr, sem hefur þriðju mestu æviafurðir allra íslenskra kúa frá upphafi vega. Í lok júlí hafði

hún mjólkað samtals 111.512 kg mjólkur samkvæmt upplýsingum frá Guðmundi Jóhannessyni, ábyrgðarmanni í nautgripærkt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Ábúandi og eigandi Gullbrár er Þorleifur Kristinn Karlsson, bóndi á Hóli, og fjölskylda hans. /mhh

Í Fljótum

Orðsins list kemur að þessu sinni frá Davíð Stefánssyni.

Davíð fæddist í Fagraskógi við Eyjafjörð árið 1895 og var jafnan kenndur við bæinn. Hann útskrifaðist frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri árið 1911 og dvaldi í kjölfar veikinda um skeið í Kaupmannahöfn þar sem hann stofnaði ásamt öðrum ungum samlöndum sínum ljóðafélagið Boðn. Þar kynntist hann m.a. Sigurði Nordal, sem fékk ljóð Davíðs birt í tímaritunum Eimreiðinni og Iðunni árin 1916–19. Stúdent varð hann frá Menntaskólanum í Reykjavík 1919, nam eftir það heimspeki við Háskóla Íslands og starfaði meðfram sem ritari á Alþingi. Fyrsta ljóðabók hans, Svartar fjaðrir, kom út 1919. Næstu árin lá hann í ferðalögum en tók árið 1925 við starfi bókarvörðs á Amtsbókasafninu á Akureyri allt til ársins 1951. Fjórum árum síðar var hann útnefndur heiðursborgari Akureyrar.

Davíð þótti róttækur framan af en er jafnan kenndur við nýrómantík. Svartar fjaðrir og leikritið Gullna hliðið eru hans þekktustu verk en ljóð hans, flest í háttbundnu formi, eru fjölmörg í um tug ljóðabóka. Að auki eru fjögur leikrit og skáldsaga. Verk Davíðs hafa alltaf verið þjóðinni hjartfólgin og hann enda talinn til þjóðskálda okkar.

Textinn sem birtur er hér á eftir er úr skáldsögu Davíðs um Sölva Helgason, Sólon Íslandus I-II, útgefinni 1941.



Davíð Stefánsson.

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi lést 1964, 69 ára gamall. Hann er jarðsettur á Möðruvöllum í Hörgárdal en þar hvíla einnig foreldrar hans og önnur ættmenn. Davíð var ókvæntur og barnlaus. /sá

„... Þetta var hvorki í fyrsta né annað sinn, sem hún beindi för sinni til fjalla; sjálf hafði hún verið smalastelpa, farið í göngur og jafnvel eftirleit fram eftir öllum aldri. Hún þekkti þau, Flókadalsfjöllin, og unni þeim sízt minna en sveitinni sjálfri. Að ýmsu leyti var hún þeim skyldari. Hvernig sem allt veltist í byggðinni, hvaða ósiður og hégómi sem þar festu rætur, voru blessuð fjöllin alltaf söm og jöfn.

Þegar hún kom upp í dalsmynnið, var sól við hafsbúr og haf og land vafið eldraudri geisladýrd. Hún gat ekki stillt sig um að renna augunum yfir byggðina sem hafði fætt hana og fóstuð. Þarna höfðu allir svitadropar hennar og öll tár fallið til moldar.



Allt líf hennar var tengt þessari fögru byggð. Hver túnblettur og hver moldarbær voru gamla hennar.

ástvinir

Hver skepna var henni hjartfólgin, og hverju mansbarni vildi hún vel, en hins vegar var ekki allt byggðafólkið að hennar skapi í síðum og háttum. Það skorti vilja og þrek til að bjarga sér, var með nagg og kveinstafi, vorkennandi sjálfu sér að búa og berjast fyrir lífinu í þessari afskekktu snjóasveit.

Ekki þurfti snjórinn neinn að saka. Sú var tíðin, að hann ól á karlmennskunni, en nú var forn þróttur í rúnun og þjóðlegir síðir smádir.

Hvar var blómlegri sveit en þessi? Grösugar engjar, fjöllin vaxin yngi og víði upp í eggjar, silungur í vötnum, varp í hverjum hólma, og utan við mölina var hafíð fullt af fiski og hákarli. Hvar var betra að lifa og bjargast? Hvergi í víðri veröld. ... hvar mundi betra að hvíla lúin bein en í Fljótamoldinni? ...“

Íslands er það lag, Helgafell, 1956, Davíð Stefánsson, Inn til fjalla, Úr Sólon Íslandus, VII, bls. 34

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is



Er þetta ekki flott?



Til sölu hinar sérstöku súlu-Blæaspír, 2–3 m háar. 30 ára reynsla af þeim hér á landi. Þurfa lítið rými og henta vel sem stakstæð tré.

Einnig hengibirki og vörtubirki frá N-Noregi og ýmsar aðrar öðruvísi plöntur. Alaska aspir 2–3 m (Sælendaspir, keisaraaspir og iðun). Íslenskt birki 2–3 m.

Nú er góður tími til að planta. Grænt-Land Sími: 860-5570

CAT rafmagnslyftarar fyrir hámarks afköst og öryggi



Umhverfisvænir, hagkvæmir og endingargóðir rafmagnslyftarar

Rafmagnslyftararnir frá CAT eru hljóðlátur og umhverfisvænn kostur sem henta fyrir alls kyns vörumeðhöndlun. Rafmagnslyftarar á borð við CAT EP16–20(C)N2 línuna sem er fullkominn kostur fyrir alls konar meðferð á farmi, allt frá því að lyfta vörum í og úr hillum í að flytja farm á mill svæða.

- Lyftiget 1,6–2,0 tonn
- Lyftihæð allt að 7 metrar
- Innbyggð vig
- Hliðarfærsla á göfflum
- Auka vökvölög
- Strikfrí dekk

Hafðu samband við **Gunnar M. Arnþórsson**, sölustjóra, í **590 5135** eða **gma@klettur.is**, fyrir nánari upplýsingar.



Framkvæmdasýslan Ríkiseignir

FRAMKVÆMDASÝSLAN-RÍKISEIGNIR AUGLÝSIR JÖRÐINA ÁNASTAÐI Í MÚLAÞINGI TIL ÚTLEIGU

Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE) f.h. ríkissjóðs óskar eftir umsóknum um leigu á jörðinni Ánastöðum í Múlaþingi landnúmer 157175. Jörðin er 1.221 ha að stærð.



Jörðin getur nýst til slæгна og upprekstur fjár og er með þinglýst hlunnindi sem eru lax- og silungsveiði. Um er að ræða votlendi samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands sem ber að vernda og hentar ekki til skógræktar né beitar. Skráðar fasteignir á jörðinni eru lélegar og ekki í íbúðarhæfu ástandi.

Sjá nánari upplýsingar um jörðina, leiguverð og umsóknir á heimasíðu FSRE eða www.utbodsvefur.is og á www.fsre.is/auglysingar/utbod/.

Vélaskólinn

Talsettt Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

Hannyrðir:

Bubba

Stærðir: XS S M L XL XXL.

Yfirvið: 88 94 100 111 120 128.

Efni og áhöld: 400-450-450-500-550-600 g Þingborgarlopi í aðallit, 50 g af hverjum lit í mynstur. Sökkprjónar 4 mm og 5 mm. Hringprjónar 4 mm 40 og 80 cm langir, hringprjónar 5 mm 40, 60 og 80 cm langir.

Á opinni peysu: Hekluál 4 mm, 8-10 tölur eða rennilás.

Prjónfesta: 14 l og 23 umf í sléttu prjóni = 10 x 10 cm Önnur prjónastærð getur hentað, allt eftir því hvort prjónað er fast eða laust, finnið það út með því að prjóna prufu. Prjónað er úr plötulopnum tvöföldum. Bolur og ermar eru prjónuð í hring. Stroff er prj 1 sl og 1 br og 3 hver umf sl eða stroffgerð eftir því sem hver vill.

Bolur: Fitjið upp á heilli peysu 124-132-140-156-168-180 1 í mynsturlit að eigin vali á 4 mm 80 sm hringprjón, skiftið yfir í aðallit og prj stroff í hring 6-8 sm. Á opinni peysu fitjið upp 127-135-143-159-171-183 1 og prjónið stroff fram og til baka 6-8 sm. Tengid í hring að stroffi loknu og fitjið upp 2 aukalykkjur, þær eru prj brugðnar alla leið að háls máli. Prjónað sl uns bolur mælist 38-46 sm. (Lengd á bol er smekksatriði, mælið viðkomandi og metið bolsídd).

Á dömpeysu er fallett að gera „mitti“ á peysuna með því að taka úr á bol. Setjið merki í báðar hliðar, takið úr 2 l hvoru megin, *prj 2 l saman, prj 1 l, prj 2 l saman*. Fyrst er tekið úr er bolur mælist 8-12 sm og síðan 2x aftur með 5 sm á milli. Alls eru teknar úr 12 l. Prj 5 sm, þá er aukid út aftur samsvarandi og með sama millibili og tekið var úr og endað með sama lykkjufjölda. Mælið ykkur og metið hvað þið

viljið hafa bolinn síðan og hvar þið viljið að úrtaka byrji.

Ermar: Fitjið upp 28-32-36-36-40-42 l í mynsturlit að eigin vali á 4 mm sökkprjóna, skiftið yfir í aðallit og prjónið stroff í hring 6-8 sm.


Skiftið yfir á 5 mm sökkprjóna þegar stroffi er lokið og aukid strax um 2 l undir miðri ermi, (1 l eftir fyrstu lykkju og 1 lykkju fyrir síðustu l í umf). Endurtakið aukningu 7-8-8-9-9-9 x upp ermi, með u.þ.b. 8 umf á milli, þar til 44-50-54-56-60-62 l eru á prjóninum.

Skiftið yfir á stutta 5 mm hringprjóninn á u.þ.b. miðri ermi. Gott er að nota prjónamerki til að merkja þar sem aukid er út. Prjónið uns ermi mælist 44-52 sm. (Mælið handlegg og metið hve ermin á að vera löng).

Axlastykki á heilli peysu: Sam-einið nú bol og ermar á langa hringprjóninn nr 5. Setjið 4-5-5-5-6-6 síðustu l og 5-5-5-6-6 fyrstu l á báðum ermum á prjónanælu. Setjið 9-10-10-11-12-12 af bol á prjónanælu þar sem umferð byrjar vinstra megin á bol. Prjónið fyrri ermuna við bolinn 35-40-44-45-48-50 l, prjónið næstu 53-56-60-67-72-78 l af bol og setjið næstu 9-10-10-11-12-12 l á hjálparprjón. Prjónið seinni ermuna við og gerið eins og með hana. Prjónið síðan 53-56-60-67-72-78 l af bol, þá eru 176-192-208-224-240-256 l á prjóninum.

Prj mynstur eftir teikningu. Notið styttri hringprjóna eftir því sem lykkjum fækkar. Þegar mynstri lýkur er tekið úr aukalega þar til 64-72 l eru eftir á prjóninum.

Þá er skipt á 4 mm 40 sm hringprjón og prj 5-7 sm stroff og að síðustu 4 umf sl, fellt laust af. Hafa má hálsmál hvernig sem hentar, tvöfalt, einfalt, lágt eða stóran kraga. Gangið vel frá öllum endum og lykkjið saman undir höndum.



Úrtaka. Tvær lykkjur teknar óprjónaðar í einu, ein lykkja prjónuð og þeim óprjónuðu steyp yfir. Þá á miðjulykkjan að vera fremst.

X X Úrtaka. Tvær lykkjur prjónaðar saman.

Umferð sleppt í S og M

Umferð sleppt í S og L

Umferð sleppt í S

Litur 1

Litur 2

Aðallitur

Litur 3

Litur 4

Axlastykki á opinni peysu: Prj 27-29-31-34-36-40 l af bol að framan, umf byrjar næst við brugðnu l, setjið 9-10-10-11-12-12 næstu l á prjónanælu og prj fyrri ermuna við 35-40-44-45-48-50 l og svo 55-57-61-69-75-79 l á bol, setjið næstu 9-10-10-11-12-12 l af bol á prjónanælu og gerið eins með hina ermuna og að síðustu 27-29-31-34-36-40 l af bol.

Þá eiga að vera á prjóninum 179-195-211-227-243-259 l. Prj mynstur eftir teikningu. Notið styttri hringprjóna eftir því sem lykkjum fækkar. Þegar mynstri lýkur er tekið úr aukalega þar til u.þ.b. 64-72 l eru eftir á prjóninum. Fellið af aukal 2 sem prj voru brugðnar upp.

Þá er skipt á 4 mm 40 sm hringprjón og prj fram og til baka

5-7 sm stroff og að síðustu 4 umf sl. Fellið af. Hafa má hálsmál hvernig sem hentar, tvöfalt, einfalt, lágt eða stóran kraga. Gangið vel frá öllum endum og lykkjið saman undir höndum.

Listar: Saumið í vél með beinu þéttu spori og samlitum tvinna í brugðningu að framan sitt hvoru megin, sem næst slétta prjóninu.

Gott er að sauma tvisvar hvoru megin. Klippið upp á milli saumanna. Snúid réttunni á peysunni að ykkur og notið heklunálina til að taka upp lykkjur í hneppulista þvert á prjónið. Krækið í bandið með heklunálinni í gegnum lykkjurnar, en sleppið alltaf fjórðu hverri umferð, það er ágætis þumalputtaregla, þá er listinn passlega langur. Færið lykkjurnar jafnóðum yfir á 4 mm hringprjón 80 sm langan. Listinn á að ná að slétta prjóninu á kraga.

Prjónið stroff 2-3 umf ef það á að setja rennilás en 5-6 umf ef setja á tölur og gerið þá hnappagöt með jöfnu millibili á annan boðunginn. Passið að affellingin sé mátulega strekkt. Til að fela sárið innan á eftir saumaskapinn, er gott að hekla eina umf. af fastahekli yfir það og varpa því svo niður með einföldu spori.

Eins er hægt að hekla framan á boðunginn, eina umf af fastahekli ef setja á rennilás en 2-3 umf fyrir tölur og þá eru sett hnappagöt á annan boðunginn með jöfnu millibili. Ef heklað er á boðunginn notið þá heklunál 4.5 mm og heklið í aðra hverja umf.

Ef settur er rennilás er mælt fyrir honum eftir þvott og hafður u.þ.b. 4 sm styttri en boðungurinn mælist. Þræðið hann á og passið að mynstur standist á. Ef hann er saumaður á í saumavél er gott að sauma hann í sömu átt beggja megin og byrja þar sem mynstur byrjar og sauma að háls máli og eins þegar saumað er niður. Með þessari aðferð gengur betur að láta mynstur stemma en ef saumað væri sitt í hvora áttina.

Þvottur: Þvoiid flikina í volgu vatni með góðri ullarsápu eða sjampói. Skolið vel og vindið svo í hálfu mínútu í þvottavél. Mikilvægt er að vélin fari strax að vinda, (þær eru misjafnar að þessu leyti) en sé ekki að veltast með flikina fyrst, þá getur hún þófnað. Leggið peysuna á handklæði til þerris.

Hönnun:

Guðbjörg Björgvinsdóttir
Útfærsla uppskriftar:
Margrét Jónsdóttir

Fylgdu
straumnum.

Eigum gott úrval
nýlegra rafmagnsbíla
á frábæru verði.



Hyundai Kona Style 64kW
Verð frá 3.190.000 kr.



Meira úrval á
notadir.benni.is



Bílabúð Benna
Krókhálsi 9
Reykjavík
590 2035

Bílabúð
Benna
Notaðir bílar

Benni
Notaðir bílar



s. 846 9287, 482 1027
www.thingborg.is
facebook/thingborgull

Ullarverslunin Þingborg selur hágæða lopa úr sérvalinni lambsull í sauðalitum. Eins er til handlitaður lopi í ýmsum litatönum, sjón er sögu ríkari. Lopinn í peysuna sem uppskriftn er að hér á síðunni fæst í Þingborg, póstsendum bæði innanlands og utan.

Ullarverslunin er staðsett í Gömlu Þingborg sem er 8 km fyrir austan Selfoss.

Verslunin er opin alla daga nema sunnudaga frá 10-17



Nýting hrats og hýðis

Heilmikið fellur til árlega af ávaxta- og grænmetishýði og nú sérstaklega berjatrati eftir farsælar ferðir í berjamó.

Berín er oft hentugast að sækja í móana með berjatinum, hægt er að fá slíkar til dæmis í Húsasmiðjunni eða SR Byggingavörum, en ekki er síðra að leita að þessum gömlu góðu í nýttjavörverslunum hérlendis. Þær voru nefnilega hannaðar til að endast.

Úrganginum viljum við helst henda en þarna er fálinn fjársjóður sem hægt er að nýta til fullnustu ef vel er athugað. Tökum sem dæmi að þegar verið er að útbúa saft úr krækiberjum verður hratið eftir, en það er í raun stútfullt af vítamínum og trefjum. Hratið má þurrka í ofni á afar lágu hita, um 50 gráðum, gott er að stilla ofninn á blástur, hafa litla rifu á honum og fylgjast vel með þurrkuninni. Dreifa skal vel úr því svo þurrkunin gangi betur. Þetta má gera bæði við hratið og hýði hinna ýmsu ávaxta. Þurrk hratið er best að geyma í bréfpoka svo það fái að anda og má setja út í múslí, bakstur, ýmsa rétti eða jafnvel mylja í duft og eiga til þess að strá saman við það sem hverjum og einum hugnast. Sumir setja það út í blöndu heimagerðra frostpinna til þess að gefa áferð, sterka bragð og næringarefni – og að sama skapi þykir vinsælt að nota rifinn sítrónu- eða appelsínubörk út í kökur. Til viðbótar má nefna að þeir sem standa í að eima áfengi heima við setja gjarnan börkinn út í til þess að fá af því keim sítrusaldinsins – nú eða nota berjasaft í bland.

Ávaxtaleður svokallað hefur einnig notið vinsælda, en þá hafa þeir, sem þykir gott að pressa safu úr ávöxtum, tekið hratið, myndað úr því flatar ræmur og þurrkað á smjörpappír í ofninum. Líkt og áður á sem lægstum hita. Athugið að þó nafnið geti villt um fyrir sumum er



Nýttind aðalbláber eru herramannsmatur.

Mynd / D.B.

ávaxtaleður ætlað til mannelis ekki í sama flokki og td. epla/ananas- eða vínberjaleður sem notað er í nýmóðins strigaskóframleiðslu.

Grænmetishýði er að sama skapi hægt að endurnýta og þykir mörgum gott að taka til hliðar það sem ekki er notað í rétti og búa til soð. Sumir geyma slíka afganga í frystinum og grípa í þegar nægilegt magn hefur safnast saman. Gott er að hafa bak við eyrað að góð blanda mismunandi grænmetis gefur bragðgott soð, enda ef einungis er notast við kartöfluhýði verður útkoman afar bragðlaus.

Sumir bæta jafnvel út í blönduna hörðu endunum af parmesanosti – sem vanalega er hent – en það gefur skemmtilegt bragð. Til að búa til soðið skal setja hýði og afskurð á pönnu og hylja með vatni, sjóða í að minnsta kosti klukkutíma og sigta síðan vandlega. Soðið má svo nota sem grunn fyrir súpur, pottrétti og bragðmiklar sósar en það geymist í 4–5 daga í lokuðu ílát í ísskápnum.

Sumir kjósa að setja það í frysti og þykir þægilegt að nota klakabox til að útbúa litla skammta sem auðvelt er að nota.

Grænmetisafskurður eða hýði hafa einnig þótt ágætis snakk, sett í ofnskúffu með olíu og salti, eða kryddi að eigin vali. Þetta þarf að bakast í 20–25 mínútur og snúa gætilega þegar helmingur tímans er liðinn. Útkoman á að vera stökk en ekki þannig að hún molni. Verði ykkur að góðu. /sp



Gömlu góðu berjatinurnar er helst að finna á nýttjámörkuðum í dag. Að ofanverðu má sjá ávaxtaleður, tilbúið til neyslu.

Myndir / sp

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 31. gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst samhlíða breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra ásamt tillögu að deiliskipulagi.

Dímonarflöt – nýtt deiliskipulag

Tillagan gerir ráð fyrir frístundarlóðum að Dímonarflöt 1-2 og 6-7. Heimilt verður að byggja frístundarhús, gróður- og gestahús ásamt geymslu eða skemmu. Hámarksbyggingarmagn verður allt að 300 m². Hámarkshæð og húsgerð eru að öðru leyti frjáls.

Dímonarflöt – breyting á aðalskipulagi

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta 51,6 ha landbúnaðarlandi (L2) í frístundarbyggð (F).

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 9. september 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdafrestur veittur til og með 22. október 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt lýsing á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Skilmálabreyting – breyting á aðalskipulagi.

Um er að ræða breytingu á skilmálum aðalskipulags Rangárþings eystra um áfangaskiptingu framkvæmda fyrir íbúðar-, frístunda- og skógræktarsvæði.

Miðbæjarsvæði Hvolsvallar – breyting á aðalskipulagi.

Lýsingin gerir ráð fyrir að miðbæjarsvæði Hvolsvallar M1 stækki um 2 ha til norðvesturs vegna framtíðaráforma á svæðinu ásamt því að íbúðafjöldi á M3 fari úr 70 í 120.

Fornhagi – breyting á aðalskipulagi.

Aðalskipulagslýsingin gerir ráð fyrir að 37 ha landbúnaðarlandi (L1) verði breytt í íbúðarbyggð (ÍB), gert er ráð fyrir 18 lóðum.

Hægt er að nálgast skipulagstillöguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 9. september 2024 með athugasemdafrest til og með 25. september 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Hægt verður að kynna sér ofangreindar skipulagsbreytingar í ráðhúsi Hvolsvallar, mánudaginn 16. september 2024, frá kl. 8:30 til 10:00.



Umhverfismat framkvæmda Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Kvísatunguvirkjun, Strandabyggð

Orkubú Vestfjarða hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats Kvísatunguvirkunar í Strandabyggð.

Kynning á umhverfismatsskýrslu: Umhverfismatsskýrsla er aðgengileg á Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is og á vef Skipulagsstofnunar.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og veitt umsögn í gegnum Skipulagsgátt eigi síðar en 17. október 2024.

Límtré-Timbureiningar



Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull



| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |



VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikillar eftirspurnar köllum við eftir nýjum veiðisvæðum til að bæta við flöru félagsins, þar með talið bæði stöðuvötn og rennandi vötn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskekktum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitar að fleiri samstarfsaðilum um allt land, óháð tegundum fisks eða tegund vatnasvæðis.

Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.

ZForce 1000 Sport R



3.590.000,-

Skemmtilegur buggybill sem nýttist bæði í leik og starf. Kraftmikill motor kemur þér þangað sem þú þarft og stillanlegir gasdemparar gera ferðina þægilega ásamt öllum þeim möguleikum sem billinn býður upp á.

Umboðsaðilar:
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðarkröki,
Lyngás, Hellu. Bikevík, Reykjanesbæ,
AB varahlutir, Egilsstöðum.



Nitro - Urðarharví 4 - 557 4848 - nitro.is

Vélabásinn:

Snarpur borgarbíll

– Prufuakstur á smart #3

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Bændablaðið fékk til prufu smart #3, miðlungsstóran rafmagnsbíl sem sameinar ýmsa góða kosti þýskrar iðnhönnunar og kínverskrar framleiðslu.

Þessi bíll deilir mörgu með minni bíl frá sama framleiðanda, smart #1, sem skrifað var um í þessum pistli fyrir ári síðan. Eins og kom fram þar er smart samstarfsverkefni Mercedes-Benz frá Þýskalandi og Geely frá Kína. Þeir þýsku sjá um hönnun á öllu ytra og innra byrði, á meðan þeir kínversku eiga heiðurinn af undirvagninum og sjálfri framleiðslunni.

Svipurinn með þessum tveimur bílum frá smart er sérstaklega sterkur. Sá sem er tekinn fyrir að þessu sinni er eins og hinn billinn hafi verið fluttur aðeins út, en smart #3 er ögn lægri ásamt því að vera breiðari og lengri en smart #1.

Sterkustu einkenni smart #3 eru meðal annars framljósin sem tengjast með mjúkri línu og þakið sem er látið líta út fyrir að vera aðskilið frá restinni af bílum. Billinn er allur rennilegur og hvergi skörp horn að finna. Þá er útlitið ekki langan veg frá Mercedes Benz rafmagnsbílum.

Mjúkar línur að innan sem utan

Þegar sest er um borð tekur á móti manni innrétting sem er greinilega innblásin af því sem finnst hjá þeim þýsku. Mjúkar og aflíðandi línur eru hver sem lítið er og umvefur mælaborðið og miðjustokkurinn ökumann og farþega.

Rétt eins og margir rafmagnsbílar, þá er þessi sérstaklega snarpur. Þyngdarpunkturinn er jafnframt lágur og dekkinn ná miklu gripi. Gæti ökumenn ekki að sér geta þeir leiðst óafvitandi í rallakstur, enda næstum óþarft að slá af þegar ekið er inn í hringtorg eða teknar krappar beygjur og billinn snöggur að ná upp hraða. Aksturinn á smart #3 getur hins vegar verið ljúfur og einfaldur, enda fjöðrunin þrýðilega þægileg og ökutækið almennt hljóðlætt á lægri hraða.

Ýmis geymsluhólf má finna hér og þar í innréttingunni. Hanskahólfíð er stórt. Á milli sætanna er djúpt hólf með kælingu. Undir miðjustokknum er opið trog. Undir margmiðlunarskjánum er lítið lokað hólf sem er líka með þrjúlausa hleðslu fyrir farsíma. Á milli sætanna eru glasahaldarar og við þá er lítil rauf til að geyma farsíma á hlið. Hurðavasarnir að framan og aftan eru djúpir og ættu að rúma drykkjarflösku hver.

Stýrikerfi hraðvirkt og fallett

Ökumaðurinn er með lítinn skjá fyrir framan sig sem sýnir grunnupplýsingar um aksturinn. Á sjónlínuskjánum sem varpað er upp í framrúðuna má sjá mikið af sömu upplýsingunum. Stýrið er með takka fyrir hraðastilli, útvarp og fleira.

Í miðju innréttingarinnar er stór snertiskjár með fallett og hraðvirkt stýrikerfi. Gallinn er hins vegar sá að möguleikarnir eru margir og úrlausnir hinna og þessara vandamála eru ekki endilega þar sem búast má við þeim. Til að nefna eitthvað dæmi var undirritaður á stuttu ferðalagi og þurfti að fylla á batteríð í leiðinni. Til stóð að hita rafhlöðuna svo hún tæki hraðar



Smart #3 er rafmagnsbíll fyrir þá sem vilja vandaða hönnun og mikinn búnað. Líkindin er mikil með smart og bílum frá Mercedes Benz.

Myndir / ál



Smart #3 er lægri, breiðari og lengri en smart #1, sem gerir hann mun sportlegri en þann síðarnefnda.



Skottið er sambærilegt því sem gerist í þessum stærðarflokki.

á móti hleðslu en sá sem þetta skrifar fór í allar valmyndir og undirvalmyndir þar sem hann taldi líklegt að stillingin leyndist og fann lausnina ekki fyrr en rétt áður en komið var að hleðslustöðinni.

Í bílum eins og Tesla er hægt að velja hleðslustöð í innbyggða leiðsögukerfinu og billinn sér sjálfur um að hita rafhlöðuna. Undirritaður gerði nokkrar atrennur að því í þessum bíl, en stýrikerfið fraus í hvert skipti.

Stillanleiki skertur í sætum

Þeir smart #3 bílar sem eru fáanlegir eru með hálfgerða körfustóla að framan. Á þessum sætum er hnakkapúði með hvössum brúnum sem er ekki hægt að stilla.

Þeir sem eru vel yfir meðalhöð munu því sennilega eiga erfitt með að koma sér þægilega fyrir þar sem brúnin á hnakkapúðanum stingst í hálsinn eða herðarnar. Auðvitað er þetta persónubundið, en sætin spilltu akstursánægju undirritaðs og þurfa kaupendur yfir 190 cm að hafa þetta í huga. Til samanburðar má benda á að sætin í smart #1 eru með lungamjúkan og stillanlegan hnakkapúða.

Þökk sé stóru glerþaki, sem er staðalbúnaður í afmælisútgáfunni, kemur mikil birta inn í bílinn sem aftursætisfarþegarnir njóta sérstaklega góðs af. Þeir hafa gott rými fyrir herðar og fætur. Höfuðplássið er mátulegt, svo lengi sem ekki eru ferjaðir meðlimir körfuboltaíðs.



Fastir höfuðpúðar spilltu akstursánægjunni þar sem þeir rákust í háls og herðar. Þetta atriði er persónubundið og hefur ekki áhrif á alla.



Aftursætin rúma farþega af flestum stærðum og gerðum.

Skottið er sambærilegt því sem búast má við af bílum af þessari stærð, en þar sem þakið er aflíðandi skerðist plássið að einhverju leyti. Til að opna hlerann þarf að ýta á lítinn takka sem er falinn í „a-inu“ í smart merkinu. Gólfíð flúttar ekki alveg við opnunina, en undir gólfplötunum er rými fyrir hleðslukapla og smáhluti.

Að lokum

Afmælisútgáfan sem rætt var um í þessum pistli er ekki fáanleg lengur, en flest af því sem kemur fram á við um þær útgáfur sem eru til sölu, sem heita Pulse og Brabus. Sú fyrirnefnda er grunnútfærsla, á meðan sú síðarnefnda er kraftmeiri sportútgáfa. Stærsti munurinn er sá að afmælisútgáfan er eingöngu

með afturhjóladrifi og 272 hestöfl, á meðan hinar tvær eru bæði öflugri og með fjórhjóladrifi.

Pulse kostar frá 7.390.000 krónum með vsk. og að frágægnum orkustyrk. Sá bíll er með 360 hestöfl og drægni allt að 415 kílómetra. Brabus kostar 7.990.000 krónum með vsk. og að frágægnum orkustyrk. Hann hefur að geyma 429 hestöfl og kemst allt að 415 kílómetra á hleðslunni.

Í þessum verðflokkum er fjöldi góðra bíla sem kaupendur ættu að kynna sér samhlíða sem þeir skoða þennan. Þá er ekki verra að líta á ódýrustu útgáfuna af smart #1, sem er með mikið af sama búnaðinum, en á hagstæðara verði og búinn betri sætum. Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Öskju, söluaðila smart á Íslandi.

Bóndinn:

Göngur og góður reiðtúr

Á Fjöllum 2 í Kelduhverfi stunda Berglind Ýr Ingvarsdóttir og Jóhannes Guðmundsson sauðfjár- og hrossarækt. Lesendur geta fylgst með framleiðslunni á Instagram-reikningi Bændablaðsins á næstu dögum.

Berglind Ýr og Jóhannes tóku við búinu frekar nýlega, haustið 2022. „Þessi búskapur er helsta áhugamál okkar beggja og passar vel saman. Okkur þykir ekkert betra en að búa í sveit,“ segir Berglind, en á Fjöllum 2 halda þau 270 vetrarfóðraðar kindur og ellefu hesta. Þau selja lambakjötíð sitt beint frá býlinu.

Býli, staðsetning og stærð jarðar: Fjöll 2 er í Kelduhverfi, Norðurþingi. Jörðin Fjöll er óskipt, fyrir utan ræktað land og saman eru Fjöll 1 og 2 um það bil 7.700 hektarar.

Ábúendur, fjölskyldustærð (og gæludýr): Berglind Ýr Ingvarsdóttir og Jóhannes Guðmundsson. Þau eiga tvo drengi, Elmar Darra og Viktor Loga. Á heimilinu eru fjórar tikur; Tinna, Kötla, Dimma og Tikka.

Gerð bús og fjöldi búfjár ef það á við: Sauðfjár- og hrossaræktarbrú með 270 vetrarfóðruðum kindum og ellefu hestum.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig? „Við vinnum bæði utan búans og þess vegna eru fáir dagar hefðbundnir. Störfin eru alls konar og að sjálfsögðu árstíðabundin. Við þurfum að gefa skepnunum á meðan þær eru inni bæði kvölds og morgna, þjálfa hesta, sinna útigangi og svo detta alltaf inn alls konar verkefni sem þarf að sinna.“

Skemmtilegustu/leiðinlegustu störfin? „Sauðburður og göngur er það skemmtilegasta við sauðfjár- búskapinn og góður reiðtúr á góðum töltara sem maður hefur ræktað og tamið sjálf/ur er það skemmtilegasta við hrossaræktina.“

Leiðinlegustu bústörfin er líklega þegar það þarf að háprýstipvo útihúsin – en það getur ekki allt verið skemmtilegt. Það leiðinlegasta við ræktunina er ef uppáhaldsærnar halda ekki í sæðingum eða þegar hryssur koma geldar heim frá stóðhesti.“

Hvað er það jákvæða við að vera bóndi og hverjar eru áskoranirnar? „Fjölbreytnin og forrættindin við að vera bóndi. Það er ekkert betra. Við erum alltaf að setja okkur markmið í ræktun, hvort sem það er túnrækt eða kindur og hestar. Sumt tekst en annað ekki.“

Helsta áskorunin er veðrið. Við erum afskaplega háð tíðarfari en það hefur verið okkur afar erfitt í ár.“



Það er fallett um að litast í Kelduhverfi og hrossin una sér vel.



Jóhannes Guðmundsson og Berglind Ýr Ingvarsdóttir tóku við búskapnum á Fjöllum 2 árið 2022. Myndir / Aðsendar



Snemma beygist krókurinn. Synirnir Elmar Darri og Viktor Logi aðstoða foreldra sína við sauðfjár- búskapinn.

Hvernig væri hægt að gera búskap ykkar hagkvæmari? „Með því að huga betur að jarðrækt á búinu. Taka sýni úr túnnum og

heyjum og afla okkur upplýsinga um hvað við getum gert betur.“

Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin? „Við viljum vera bjartsýn fyrir hönd sauðfjarræktar á Íslandi þrátt fyrir mikla fækkun síðustu ár.“

Vonandi erum við að sigrast á riðunni og þá er bara að spýta í. Við þurfum að styðja við íslenska framleiðslu, hvort sem það er í matvælaframleiðslu eða öðru.“

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? „Ætli það séu ekki þau tímamót þegar fyrsta folaldið fæddist á Fjöllum 2.“

Lesendur geta nú farið inn á samfélagsmiðla Bændablaðsins (Instagram eða Facebook) og fylgst með Berglinni og Jóhannesi sinna haustverkum næstu tvær vikurnar. Þau eru meðal annars á leið í göngur og réttir.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is • www.fasteignamidstodin.is

MEIRAÞRÓF

Fjárfærsla

NÆSTA NÁMSKEIÐ 26. SEPTEMBER

NÆSTU NÁMSKEIÐ
26. sept.
31. október
9. Jan '25

Verkleg kennsla í Reykjavík, Akureyri og Sauðárkróki

Upplýsingar og skráning
inn á www.aktu.is

AKTÚ
ÖKUSKÓLI
Ökuskóli allra landsmanna

OSO

HOT WATER

OSO Hitakútar

Vörukaup ehf

Lausnir fyrir iðnað og heimili

516-2600
www.vorukaup.is
vorukaup@vorukaup.is

VK vörukaup

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI

OG VINNUM ÚR ÞEIM

LAUSNIR

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Matarkrúkurinn:

Subbu-Jobbi

Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com



Nú þegar skólarnir eru að byrja veitir ekki af því að æfa sig í frægustu samloku skólamótuneyta Bandaríkjanna – hinum sögufræga Sloppy Joe.

Hvort sem þessi subbusamloka kemur til okkar í gegnum sjónvarp og bíómyndir eða heimsbókmenntirnar, sögur segja að Hemingway hafi haft dálæti á þessari samloku, hittir hún alltaf í mark og setur mögulega blett í fót.

Sloppy Joe er tæknilega séð subbulegur hamborgari. Hráefnið er nánast það sama en eldunaraðferðin líkari hakki og spaghetí og þar sem þetta er samloka sem sleit barnsskónum á niunda áratugnum er ferskt hráefni ekki endilega nauðsynlegt. Hakkið þarf reyndar að vera ferskt og smá laukur en annað kemur þurrkað úr krukku eða flösku.

Þessi tiltekna uppskrift er ekki með papriku en það má nota smá papriku eða ferskan chili ef vill. Annars gerum við þetta svona:

Út í 600 grömm af hakki blöndum við fjórðung af teskeið af matarsóða. Sódinn hækkar PH gildi hakksins sem auðveldar að brúna kjötið og gerir kjöttægjurnar meyrari. Lítill sóði fer langt þannig að ekki setja of mikið.

Næst er að saxa niður og svita hálfan lauk á pönnu. Þegar laukurinn er orðinn mjúkur færum við hann til á pönnunni og setjum hakkið út í. Þægilegt að færa pönnuna þannig að smá hluti hennar standi út af hellunni. Laukurinn fer á kalda partinn og hakkið á þann heita. Gott að brúna kjötið eins og risastórt buff. Þegar botninn á buffinu er orðinn sæmilega brúnn er það brotið niður með spaða eða sleif og lauknum blandað saman við.

Krúkur á mótí bragði

Næsta skref er bragðið. Einkennandi bragð þessa réttar er blanda af tómatsósu og worchestershire-sósu.



Sloppy Joe eða Subbu-Jobbi er venjulega borinn fram án allra skreytinga eða viðhengja. Getur þó verið gott að skella á hann eins og einni amerískri ostsneið og nokkrum súrum gúrkum.

Mynd / Hari

En við byrjum á þurrkaða kryddinu. Það fer út í og gott að velta því um í blöndunni í nokkrar sekúndur. Þá er hægt að strá kúfaðri matskeið af hveiti yfir og hræra saman við. Leyfa því að taka sig aðeins til að hráa bragðið fari og þá fer blauti hluti uppskriftarinnar út í. Fyrst tómaturinn; gott að gefa henni nokkrar sekúndur á pönnunni, þá tómatsósan, sinnepið, worchestershire-sósan og loks kjötkraftsblandað vatn. Púðursykurinn er val hvers og eins. Tómatvörurnar sérstaklega eru svolítið súrar og því allt í lagi að jafna súruna aðeins með smá sætu.

Innihald

Hakk 600 grömm
Vatn 3,5 dl
Tómatsósa, 5 msk.
Worcestershire-sósa, 2 msk.
Tómaturinn, 2 msk.
Sinnep (helst gult amerískt), 2 msk.

Hveiti, 1 msk.
Laukduft, 1 msk.
Paprikuduft, 1 msk.
Svartur pipar, 1 msk.
Hvítlauksduft, 2 tsk.
Kjötkraftur, 2 tsk.
Svartur pipar, 1-2 tsk.
Chiliduft, 1 tsk.
Matarsóði, ½ tsk.

Malla jukkið í 10–15 mínútur. Þannig þéttist rétturinn, hveitið þykkir hann og bragðið eykst. Þegar soppan er orðin sæmilega þykk er rétturinn tilbúinn.

Smakka til með salti og mögulega smá ediki ef sykurmagníð fór yfir strikið. Munum að worchestershire-sósan er sölt sem og kjötkrafturinn.

Bera herlegheitin fram í mjúku hamborgarabrauði. Má rista brauðið létt á pönnu svo það detti ekki í sundur.

Það er reyndar smá tilgangurinn með Subbu-Jobba – að hann sé subbulegur.

KROSSGÁTA

	226	SVÍÐI	TÓMT FLAK	BUGA	FREKAR	SJÁVAR- DYR BOLMAGN	PLÁSS	
	FYNDINN							ÆDA
	KVABB				HÁLFAPÍ			
	UMKRINGDI				HÖKTA			
					TUNGUMÁL			
	ÁTT		HLJÓDFÆRI				VISTAR- VERA	
	ERFIÐ		PRAUT- SEIGJU					
HEYÐU		FJAR- STÆÐA	DEKK			TITTIR	ÁTT	
		TÁLKNBLAD					HYLJA	
				Í RÖÐ		RÓSEMD		FYLKI
				SKÍMA				
KLÍPA				KÍLL			SLIT	
							HNJÓTA	
SVEIM						MÓTMÆLA		
ALDIN				TÓN		VEFJA		
			FLUTT			UPP		
			FOKVÖNDUR			HINDRA		
			TAFAR- LAUST					
		BATA				ÚTBÍA		VELGJA
		LENGJA				VARP		
ÞRÖNGVA						TILBÚÐ		KALLORÐ
						HANDÆÐI		HEILL
ÆTA								
EIN- HVERJIR				BYLTA		MÆLI- EINING		
						Í RÖÐ		
				MEÐ			SVIFDÝR	
FLOKKA				TVEIR EINS		SKYNFÆRA		

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

	225	DÆS	OFANI- BURÐUR VALDA	G	KRYDDA	FEIKNA	G	BÖGOLA SÁR	K	BURSTA- PAK						
	HARM- RENN	S	O	R	G	L	E	G	U	R	FJAS					
	DYGGUR	T	R	Ú	R	ÁVARPAR	Y	R	Ð	I	R					
	BÖLVA	F	U	S	A	INNLIIMA FUGL	S	Ö	L	S	A					
	ÁTT	N	A	GÁ	S	K	I	M	A	SPOTTI	U					
	DANGL			MATJURT												
	↓	ELDSNEVTI	STRITAR	B	A	K	S	A	R	AUGNA- RÁÐ	TVEIR EINS SKAMMA	S				
	SVIFA TIL FUNNING	V	O	F	A	TVEIR EINS KROPPA	A	A	TALA	Á	T	J	Á	N	FALL- BEINT	
	SÉRÆÐI UPP- HRÖFUN	V	A	L	I	N	N	RENSLI	L	E	K	I	GAUL LANGAR	V	Æ	L
	ÁH	N	Í	S	K	A	BLÖSKRA	A	RÍKI ÚTVEGAR	A	L	S	Í	R	Ó	
	HLUT- SKIPTA	A	H	A	ORIPA	RUSLA NAFN	R	Ó	T	A	FÁTT ORIDAR	L	Í	T	I	Ð
	ÖR	I	F	A	T	A	SEFA	F	R	I	Ð	A	STIG	R		
	TINDUR	Ö	R	L	A	G	A	LINNA STAMPUR	S	L	O	T	A	STAFUR HRÓPA	S	É
	KVÍÐA ÆPIR	T	Ö	N	N	UNGU	K	L	A	K	ÁSTUNDUN TÍVILJÓÐI	R	Æ	K	T	
	ARGAR	U	G	G	A	SKYNFÆRA	E	Y	R	N	A	YTING	P	O	T	
		A	R	G	A	R	Í RÖÐ	R	S	VESELAR	A	U	M	A	R	

www.bbl.is

HUGARÍÞRÓTTIR

Brjálaðir menn

Hefur það komið fyrir lesandann að fá áttlit á hendina og finna spennu og tilhlökkun læsast um? Hugsa kannski: Á ég að hindra svakalega eða melda aftur og aftur?



Björn Þorláksson.

Ólafur Sigmarsson, sá ágæti briddsspilari, tók upp áttlit í spaða í sumarbridds á dögnum. Eflaust hlakkaði hann til að fara vel með hann en tveir brjálaðir menn við borðið tóku slíkar ákvarðanir að hljóta að rata í annála.

Enginn veit hvað Guðlaugi gekk til



„Bermúdadrengirnir“ Örn Arnþórsson og Guðlaugur R. Jóhannsson snýttu kempunum Stefáni Stefánssyni og Guðmundi Snorrasyni allsvakalega í bikarnum. Í sveit Karls Sigurhjártarsonar spilar auk þeirra og Sævars Þorbjörnssonar, annað par heimsmestara frá 1991, þeir Þorlákur Jónsson og Guðmundur Páll Arnarson.

Ólafur reyndi hetjulega að komast í skárrí samning og meldaði 5 hjörtu en aftur söng í doblmiðanum hjá Guðlaugi. Fjögurra stafa tala varð niðurstaðan. Hreinn toppur fyrir Gulla en hreinn botn fyrir Ólaf, blásaklausan.

Hvað sagði ekki Mia Farrow einu sinni þegar hún var við það að gefast upp á perraskapnum í Woody Allen:

„Bridsspilið er stundum eins og hjónaband. Makker manns drullar upp á bak en sjálf sit ég svo í súpunni.“

Allt spilið: Ólafur gerði vel í að missa ekki andlitið þegar andstæðingur hans á vinstri hönd, Guðlaugur Sveinsson, gerði sér lítið fyrir og opnaði á samingnum sem Ólafur sá fyrir sér að hann myndi spila: Fjórum spöðum!

Lesendur sjá á stöðumyndinni hvernig sagnir gengu í kjölfarið. Hreint ekki fallega. Tvær djöflasýrusagnir í röð. Enginn veit hvað Guðlaugi gekk til. En að makker Ólafs skyldi segja 4nt, úttekki í tvo liti, nær engu máli þótt á hagstæðum hætti væri. Af tillitssemi við aðstandendur nefnum við engin nöfn en fullyrða má að við borðið hafi mást ekki færri en tveir brjálaðir menn!

Ólafur hristi höfuðið og sagði pass. Það mátti reyna. En Gulli bara gretti sig og hló. Hvein í rauða miðanum þegar hann smelti doblinu á borðið.

Norður ♠ AQJ62 ♥ 102 ♦ A10 ♣ AK73	W N E S 4♠ 4NT P P P X 5♣ P P 5♥ X P P P
Vestur ♠ K10987546 ♥ KQJ6 ♦ K ♣	Austur ♠ 953 ♥ J7642 ♦ J8652 ♣
Suður ♠ A874 ♥ Q9853 ♦ Q1094 ♣	

Yngri mennirnir rassskeltir

„Það gekk ekkert upp,“ sögðu meistaramennir í sveit Grant Thornton eftir að sveit Karls Sigurhjártarsonar hafði rassskelt „ungu mennina“ svo um munaði!

Þriðja september síðastliðinn áttust þessar sveitir við í bikarnum. Til að gera langa sögu stutta sá Grant Thornton aldrei til sólar og hlaut engin stig.

Athygli vekur að fjórir af heimsmesturum Íslendinga frá árinu 1991 eru í sveit Karls og hafa greinilega engu gleymt.

Umsjón: Björn Þorláksson, bjornthorlaksson@gmail.com



Erfinginn:

Framtíðar-járnsmiður

Hann Vésteinn er mikill áhugamaður um gítarspil og skrímli, auk þess að hafa mikla hæfileika þegar kemur að legóbyggingu.

Nafn: Vésteinn.

Aldur: 11 að verða 12.

Stjórnumerki: Naðurvaldi.

Búseta: Ullartangi, Fellabæ.

Skemmtilegast í skólanum: Íþróttir og frímínútur.

Áhugamál: Skrímli, risaeðlur, traktorar, dýr og margt fleira.



Tómstundaiðkun: Byggja úr legó, spila á gítar, skíði og frjálssar.

Uppáhaldsdýrið: Anakonda.

Uppáhaldsmatur: Grillað lambakjöt.

Uppáhaldslag: Þungarokks eitthvað.

Uppáhaldslitur: Grænn.

Uppáhaldsmynd: Jurassic World.

Fyrsta minningin: Þegar ég var í leikskóla og var að monta mig af því að ég vissi hvað 100 + 100 væru mikið.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert?: Að fara í Tívoli í Danmörku.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?: Kannski járnsmiður.

Drottningarfórn og mát með biskupi og riddara




Hermann Aðalsteinsson, bóndi og skákáhugamaður.

Undirritaður stýrði svörtu mönnum í skák á Íslandsmóti skákfélaga árið 2021.

Undirritaður var í frekar þröngri stöðu enda margir menn eftir á borðinu og þurfti nauðsynlega að bregðast við með einhverjum hætti. Í 32. leik sá ég færi á snyrtilegri drottningarfórn sem leiðir til máts í einum leik í kjölfarið og auðvitað lét ég vaða á það. Andstæðingur minn gáði ekki að sér og gekk beint í gildiruna.

Íslandsmót skákfélaga fer fram helgina 3.–6. október í Rimaskóla í Reykjavík. Þangað mæta skákfélög af öllu landinu til keppni og reikna má með um 400 keppendum á öllum aldri. Áhugafólki um skák er velkomnið að fylgjast með.



Svartur á leik. 32.....Dxh5!! Sem við fyrstu sýn virðist slæmur afleikur, þar sem riddarinn getur drepið drottninguna, sem minn andstæðingur einmitt gerði. Þá á svartur mát í einum leik... Rh3+ og kóngurinn á engan stað til að fara á og er því mát. Hvítur hefði getað sloppið við mátið með því að taka ekki drottninguna, en hann yrði þá manni undir sem oftast endar með tapi fyrir rest.

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

Umsjón: Hermann Aðalsteinsson, lyngbrekku@simnet.is

Viltu taka þátt í erfingjanum? Hafðu samband. sigrunpeturs@bondi.is

SUDOKUÞRAUTIR

Létt

	7	6	5	1	9			8
			8			1		6
	1	5			3			7
1	5			3			7	4
	2	9		5	1			
		4		8		5	2	1
2			7					4
5		3				7	6	
6	9				2		1	

Miðlungs

			8	5				
9						6		
		1			9	2	7	3
	6					8	2	
	4		9					
					1	3		
		6	5		7			9
1	2							

Þung

		1		5		9		
5				4	2	1		
		6			9			
	7							
			5			7	9	
3						2		
				2				
1						4	7	
7	6		8					1

Þyngst

4			7		1	6		8
6						1		
						5	4	
		3			6			
		9		7				3
			2				7	
				3				9
	7		1		5			
1					4			

Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

Stjörnuspá

Vatnsberinn þarf að taka sig taki og gæta þess að velta sér ekki um of upp úr raunum sínum. Það hefur nefnilega verið rannsakað að einungis tæp 10% þeirra sálusorga sem hinn almenni borgar býr við – á sér stöðir. Við hinu getur getur maður ekkert gert. Njóta frekar lífsins. Hlappatölur 3, 26, 21.

Fiskurinn upplifir innan skamms óvænta gleðisprenghjú innra með sér þó hann viti ekki almennilega hvaðan sú tilfinning berst. Gott er að leyfa gleðinni samt að streyma um líkamann og deila jákvæðni með öðrum nákomnum. Það borgar sig margfalt og mun verða fisknum til góðs í ákveðnu máli. Hlappatölur 18, 76, 32.

Hrúturinn á von á miklum breytingum sem koma að daglegu lífi hans. Þarna er ekki um að ræða nein hjartans mál, en mun samt snerta líf hans allverulega. Hrúturinn ætti að reyna að nýta þessar breytingar til góðs og forðast allar slæmar hugsanir. Hlappatölur 2, 91, 48.

Nautið þarf að líta á heildarmyndina og virkilega taka sig taki. Þarf það að huga að heilsufarinu, eru framtíðarhugsjónirnar í réttri röð, er nautið í samvistum við jákvæða persónuleika öllu jöfnu, getur það á einhvern hátt gert betur í sínu lífi eða annarra? Nautið þarf að beita sjálfu sig nokkrum aga og fara yfir stöðuna. Hlappatölur 1, 22, 3.

Tvíburinn sér fram á vinnutörn án enda: vinna hans í sjálfum sér, heimilisstörf, störf utan heimilis, í þágu annarra og þar fram eftir götunum. Við nánari umhugsun er þó útlitið ekki eins svart og ætla maetti, heldur þarf tvíburinn að gefa sér tíma til betri skipulagningar. Þar innan skal hann merkja sér hvíldartíma. Hlappatölur 45, 7, 11.

Krabbinn ætti að athuga heilsuna nú með haustinu og gæta að bæði svefni og næringu. Slíkt getur gleymst í amstri dagsins og ekki síst ef allir aðrir eru númer eitt í hans lífi. Rómantíkin svífur yfir vötnum og það á krabbinn svo sannarlega skilið og skal njóta þess að einhver setji hann í fyrsta sæti. Hlappatölur 5, 15, 22.

Ljónið er að venjast nýjum lífsstíl, en nýverið urðu ýmsar breytingar á hans högum. Hegðan hans kemur við fleiri en hann grunar og því rétt að muna að aðgát skal höfð í nærveru sálar. Einhver lukka fellur honum í skaut innan fárra daga og á hann það ekki síst sjálfum sér að þakka. Hlappatölur 12, 38, 79.

Meyjan sér óvænt fyrir endann á fleiri málum en hún átti von á. Allt í einu leysast gamlar flækjur, mál sem stefndu í vonbrigði glæðast og lífið er léttara. Allar líkur eru á að þessi stefna haldist ef meyjjan gæti þess að sökkva sér ekki niður í þunga þanka því hugsanir stjórna heiminum heimikið. Hlappatölur 45, 11, 21.

Vogin hefur fundið nýjar tilfinningar kvikna innra með sér á síðustu vikum. Þetta eru tilfinningar sem vekja þó kvíða innra með henni, þó jákvæðar séu. Eitt skref í einu er besta ráðið sem hér er hægt að gefa, einn dagur, ein mínúta. Hér er best að reyna að stjórna ekki för. Hlappatölur 56, 7, 48.

Sporðdrekin er óró yfir einhverju sem hans nánustu glíma við. Hann ætti þó að ræða hlutina opinskátt við þann aðila sem að málinu kemur – og sem stendur honum næst, því að óvörum gæti hann búið yfir lausninni. Hann ætti ekki að hika, en fara gætilega að. Hlappatölur 11, 43, 27.

Bogmaðurinn hefur látið hugann reika og rifjað upp liðnar stundir. Einhvers taðar í hugróti hans finnst manneskja sem hann ætti að hafa samband við þó langt sé um liðið. Sú ákvörðun mun hafa afdrifaríkar afleiðingar til góðs, og snerta fleiri en hann sjálfan. Hlappatölur 15, 5, 90.

Steingeitin fagnar haustinu og þeirri ró sem það veitir. Nú er mál að nýllstilla sig og finna innri ró í samræmi við það. Draga djúpt andann í fersku lofti og trúa því að heimurinn vilji manni vel. Ekki alltaf einblína á það slæma og ímynda sér óvini í öllum hornum. Hlappatölur 89, 88, 2.



Tjaldur er stór og auðþekkjanlegur vaðfugl sem finnst um allt land. Tjaldar eru algengastir við ströndina en finnast líka eitthvað inn til landsins við ár og vötn. Þeir eru fremur félagslyndir og algengt að sjá þá í hópum utan varptíma. Þeir verpa helst í mól eða sandi við sjó, ár og vötn. Einnig er nokkuð um að þeir verpi í byggð eða nálægt mannvirkjum eins og vegum, húspökum eða tjaldstæðum. Þar sem þeir verpa í byggð geta þeir orðið nokkuð gæfir og þiggja jafnvel matargjafir. En þó er rétt að geta þess að fyrir fugla með sérhæft fæðuval eins og t.d. tjalda er alltaf best að þeir finni mat upp á eigin spýtur frekar en að vera háðir matargjöfum. Helsta fæða tjaldsins við ströndina er að grafa eftir sandmaðki og öðrum hryggleysingjum. Inn til landsins notar hann gogginn til að pota ótt og títt í mjúkan jarðveg eftir ánamöðkum. Hann er einnig nokkuð lunkinn við að ná sér í krækling og ber hann m.a. enska heitið Oystercatcher vegna þess hversu laginn hann er að opna skeljar og ná sér í dýrindis fæðu í boði hafnsins. Hann er að mestu farfugl en þó dvelja hér nokkur þúsund fuglar veturlangt við ströndina. Þeir tjaldar sem yfirgefa landið á haustin halda til Bretlandseyja líkt og margir aðrir farfuglar sem hér verpa.

Mynd og texti / Óskar Andri Viðisson

Tíska:

Stígum inn í haustið

Haustið er komið með öllum sínum þokka og í stað þess að bölvja því að hafa ekki notið neins sumars þetta árið er lítið annað hægt í stöðunni en að njóta núverandi árstíma.

Með það hugarfar er réttast að kynna sér dulúðlega hausttískuna og hefja leikinn með því að stíga niður fæti í uppháum stígvélum, setja upp sólgleraugu og bera höfuðið hátt.

Margt er um að velja og eru tískuhönnuðir æ meðvitaðri um að gagnsæ framleiðsla, gæði og ending haldast í hendur þegar kemur að ákvörðunum neytenda, en í dag eru þeir sífellt fleiri sem kjósa fremur vörur sem fara á einn eða annan hátt vel með umhverfið. Hér eru dæmi um áhugaverðan skófatnað og gleraugu.

Krókódílamynstur eða ull upp á læri

Fyrst má nefna afar fögur upphá stígvél, dökkbrúnt eintak með krókódílamynstri sem ætti aldeilis að geta lífgað upp á sálartetrið í haustrokinu. Þau má fá hjá fyrirtækinu Alohas sem sérhæfir sig í nýtingu á endurrunnu leðri svo og bæði epla-, kaktus- og kornleðri.

Vörumar, sem eru unnar á Spáni og í Portúgal, hafa vakið eftirtekt, ekki síst fyrir þá sjálfbærnistefnu fyrirtækisins að vinna hverja pöntun þegar hún berst, en framleiða ekki í massavís eins og tíðkast víða. Fyrirtækið fylgir ströngum kröfum samfélagslegrar ábyrgðar, setja velferð starfsmanna sinna efst á lista og segjast leggja áherslu á að taka lítil en stöðug skref að frekari framförum.

Fyrirtækið VIVAIA, sem er með höfuðstöðvar í London, kemur skemmtilega á óvart með hönnun sinni.

Þau framleiða meðal annars vatnsheld „ullarstígvél“ ef svo má kalla – sem ná yfir hné og segja hönnuðirnir stígvélin bæði sjálfbær og þægileg auk þess sem eigandinn þarf ekki að hafa áhyggjur af táfylu.



Mikið úrval sólgleraugna frá Humps Optics er í boði, ódýr og skemmtileg.



Sokkastígvél VIVAIA eru gerð úr endurrunnum plastflöskum.

Stígvélin eru í raun þrjónles með sóla, en hönnuðirnir nýttu endurunnar plastflöskur sem áður höfðu verið sjávarúrgangur og unnu úr þeim teygjanlegan þráð sem minnir á ull.

Samkvæmt umsögnum kaupenda eru stígvélin afar þægileg, svipuð notalegum ullarsokkum sem ná alveg upp á læri og geta teygst sig yfir flestar lærastærðir.



Krókódílamynstur og dökkt leður á vel við haustið í okkur öllum. Þessi eru frá fyrirtækinu Alohas.



Lágbotna rúskinnstígvél frá Will's Vegan Store má versla í ýmsum litum.

VIVAIA framleiðir einnig innlegg í skóna úr jurtinni Artemisia Argyi, sem gefa góða höggdempun og síðast en ekki síst er hægt að handþvo stígvélin, enda vatnsheld.

Gaman er að nefna að sumum skópörum VIVAIA má hreinlega henda í þvottavélina og geri nú aðrir betur.

Fyrir karlpeninginn

Rúskinnstígvél fyrir karlmenn má svo til dæmis finna hjá Will's Vegan

store (bæði í London og á netinu) sem sérhæfir sig í gæðavarningi frá Ítalíu og Portúgal.

Á vefsíðu þeirra kemur fram að það leður og rúskinn sem notað sé í vörur þeirra sé unnið að mestu úr maísplöntum sem ekki eru ætlaðar til mannelis og beinir því ekki neysluhæfum afurðum frá birgðakeðjum manna eða dýra.

Will's Vegan store býður einnig upp á vörur ætlaðar konum, börnum og svo til heimilisins, en öll hönnun fyrirtækisins og framleiðsla er sjálfbær og dregur úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Sólgleraugu sem gera allt betra

Sólgleraugu fyrir haustið má til að mynda finna á vefsíðu fyrirtækis sem ber það áhugaverða nafn Humps Optics. Þar er lögð áhersla á að kaupandinn geti keypt sér sólgleraugu á hagstæðu verði með sama gæðastimpli og þau gleraugu sem eru þrefalt dýrari.

Boðið er upp á lífstímaábyrgð á áður nefndum gleraugum auk þess sem ef verslað er yfir 99\$, eða rúmar tólf þúsund krónur, er heimsending ókeypis. Rétt er að geta þess að eitt par af sólgleraugum kostar frá 5.000 krónum og mikið úrval er í boði af skemmtilegum týpum.

Einnig er boðið upp á afsláttarpakka, þannig nú er um að gera að styrkja gott málefni.

Fyrir utan það að bjóða vörur á ákjósanlegu verði fer nefnilega hluti ársgróða Humps Optics til fyrirtækis sem kallast RestoringVision, en þeir eru þekktir fyrir að útteila ókeypis lesglæraugum sem víðast um þróunarlöndin.

Forsvarsmenn Humps Optics hafa einnig farið sjálfir í slíkar ferðir, og eins og staðan er núna, afhent tæplega 200 þúsund lesglærauga til þeirra sem á þurfa að halda.

/sp

Jesús sagði:
 „Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkri heldur hafa ljós lífsins.“
 Jóh. 8.12

biblian.is

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

MARÁS

TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÓNSK GÆÐI!

Léttir Kraftmiklir
Fyrirferðalítir Sparneytnir
Hljóðlátir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
 Sími: 555 6444 - www.maras.is


Möst.C
Bláu húsunum faxafeni

Höfum opnað nýja vefsíðu - www.mostc.is
Setjum inn nýjar vörur daglega
 Þið getið einnig sent okkur skilaboð og pantað á facebook.
Hlökkum til að sjá ykkur og heyrna :)
Stelpurnar í MöstC - s. 588-4499



Óska eftir gossjálfsölum, spílakössum og gömlum goskælum. Þurfa ekki að virka. Skoða allt. Skoða einnig skilti eða annað sem tengist gömlum sjoppum eða vídeóleigum. Ágúst, s. 847-7873, agust.ingvarsson@gmail.com

Brýrnar yfir Eyjafjarðará



Arnór Blika Hallmundsson



Hyundai Kona Style 64kw, árgerð 2020, rafmagn, sjálfskiptur. Ekinn 87.000 km. Verð kr. 3.190.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.

Brýrnar yfir Eyjafjarðará, eftir Arnór Blika Hallmundsson. Stíklað meðfram Eyjafjarðará og brýrnar 11 yfir hana skoðaðar í máli og myndum. Fáanleg hjá höfundu, hallmundsson@gmail.com s. 864-8417 eða í Eymundsson.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Tariello ehf. er að selja vél sem notuð til að prófa nýjar uppskriftir, 50 lítra tankur. Vélin heitir LA Felsinea IS 50 Vaira og er vökvastýrd pylsufyllingavél. Auðvelt að þrifa og slatti af aukahlutum. Nánari upplýsingar í s. 772-0880.

urta.is landica
 Kaupum íslensk krækiber
jurtir@urta.is

Kaupum krækiber, kr. 1.000 pr/kg. Upplýsingar í s. 898-0547 eða netfang: jurtir@urta.is



Lambheldu hliðargrindurnar. 420 x 110. Mösksvar 15x10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1779, Aurasel.



Dropi T&P 300, 2 manna hjólhýsi. Árgerð 2006 mjög vel farið. Verð kr. 1.600.000 eða tillboð. Upplýsingar gefur Guðjón í s. 699-5407.



Hilltip Icestriker 900-1600L
 Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380-550L
 Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 600 TR
 Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
 Fjölplogur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185-240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
 Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165-240 cm breidd.




Hilltip Fjölplogur MVP
 Fjölplogur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Tvær nýjar iðnaðarhurðir og fylgihlutir frá Limtré Vírnet til sölu

Stærð breidd: 3 metrar.
 Hæð: 3,5 metrar.
 Gerð fleka: K2 IS - stálklæddir með láréttu mynstri.
 Gerð brauta: Iðnaðarhurðabrautir.
 Útfærsla: NP-staðalbrautir.
 Yfirhæð: 450mm.
 Þakhalli í gróðum: 0.
 Ending gorma: 25.000 opnanir.
 Mótörpönnar:
 Þriggja fasa iðnaðarhurðamótör.
 Litur: Útan, grár - innan, hvítur.
 Áferð fleka: Hamrað.

Verð kr. 420.000 m vsk. stk.

Upplýsingar í larus@hrimland.is



Veitulausnir

MÁLMSTEYPA
 Þögríms Jónssonar ehf.
 MIÐHRAUNI 6 • 210 GARÐABÆR • SÍMI 544 8900

Wendel
 Stofnað 1957

A Wendel ehf.
 Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
 S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG



Sól*Kol
4.okt 2024

Meira síðar

Málþing um framtíð kolefnismarkaða

KOLEFNISBRUIN

ÁSCO

Alpine hljómtæki – Fjarstart – Bakkmyndavélar
Fjarlæsingar – Ísetningar á staðnum



Alternatorar og startar í miklu úrvali



Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is BILARAFMAGN



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérþöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Mitsubishi Outlander árg. '04, ekinn 118.000km. Sjálfskiptur á góðum heilsársdekkjum. Nýyfjarinn af Heklu og skoðaður til '26. Einn eigandi. Staðsettur í Reykjavík. Verð kr. 410.000. Uppl. í s. 849-1719, eftir kl. 13.



Höfum þett fína sett til sölu. Scania R580 árgerð 2005. Vagn árgerð 2006. Bíll ekinn 1.250.000 km. Bíll og vagn í mjög góðu standi, allt virkar eins og á að virka. Verð kr. 3.900.000 +vsk. Upplýsingar í s. 773-1630.



Toyota Landcruiser VX 100. Árg 2004. Ekinn 238.000 km. Toppeintak. Bensín V8. 33 tommu breyttur. Tilboðsverð kr. 2.900.000. Til sölu og sýnis hjá Bílabúð Benna. www.benni.is



Til sölu Ford Focus, station árgerð 2017. Turbo dísil. Ekinn aðeins 76.000 km (erlendis). Verð kr. 2.200.000. Uppl. í s. 692-5405.



Sýningareintak Willys 1946 til sölu. Vel uppgerður af vönduðum aðilum. Áhugasamir hafi samband í netfang: 1946jeppi@gmail.com



KGM Rexton Premium, 4x4, árgerð 2024, sjálfskiptur, ekinn 12.000 km. Verð kr. 8.790.000 -notadir.benni.is - s. 590-2035.



Til sölu Subaru Forester árgerð 2015, ekinn 175.000 km. Er með dráttarkúlu. Negld vetrardekk fylgja. Verðhugmynd kr. 2.500.000. Hringið í Sigurð í s. 864-5135 og leiðið upplýsinga.



Til sölu stór glerbræðsluofn, frábært atvinnutækifæri. Einnig til trérennibekkur. Allar upplýsingar í s. 849-1224, Guðrún og s. 893-6272, Emil.



Beltgröfur 1,2 og 1,4 tonn. Aukabúnaður í úrvali. Frábærar vélar í notkun um allar sveitir. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is s. 555-6520.



Rexton 2002/03 ekinn 114.000 km. Nýleg dekk 33 t. Gott viðhald og útlit. Verð kr. 1.400.000 eða tilboð. S. 842-0060.



Glussaknunar vatnsdælar fyrir tankbílur og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælar í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælar með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463



YFELSMIRJA GRUNÐARFARÐAR


SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

ALLAR GERÐIR TJAKKA



VHE

VHE • Melbraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



Eignatorg kynnr: Lögbýlið Vaðlar Ísafjarðarbæ landnr. L141026. Um er að ræða jörð með góðum húsakosti.

Mjög snyrtilegt og skemmtilega skipulagt íbúðarhús. Eldra íbúðarhús sem býður upp á góða nýtingarmöguleika. Mjög gott lausagöngufjós. Aðgengilegt er að breyta fjósinu í hefðbundið iðnaðarhúsnæði. Rafstöð sem mögulegt er að stækka. Til staðar er grunnur / kjallari undir u.p.b. 508,2 fm. uppeldishús/ atvinnuhúsnæði. Gert er ráð fyrir að uppeldishús og fjós séu samtengd og innangengt á milli. Gróíð land jarðarinnar er talið vera nærri 170 hektarar og ræktað land þar til viðbótar 15 hektarar. Ljósleiðari kominn inn í nýrra íbúðarhús og tengdur. Gert er ráð fyrir ljósleiðaratengingu inn í eldra íbúðarhús. 3ja fasa rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða. Mjög gott, lokað vatnsból. Jörðin er seld án framleiðsluréttar, áhafnar og véla. Frá jörðinni eru um 12 km. til Flateyjar og um 20 km. til Ísafjarðar, þar sem er í boði öll helsta verslun og þjónusta. Góð malarnáma er á jörðinni.

Verð kr. 240.000.000.-

Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson, löggiltur fasteignasali í síma 510-3500 / 615-1020 eða á netfangi: bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

BEWI

Umbúðir, Frágangsvörur, Rekstrarvörur,
Íbæti efni og Vélar

Bewi.com
Opnunartími: 8:00-16:00
Cuxhavengata 1, 220 Hafnarfjörður

S: 535 5555
E: Pantanir@bewi.com





Einföldu fjágrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 til 11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



SsangYong Rexton HLX, 4x4, árgerð 2020, sjálfstjórn, ekinn 69.000 km. Verð kr. 6.990.000 -notaðir.benni.is- s. 590-2035.



Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn. Sérsmiðaður fyrir 3 ja öxla dráttarbíla.. Hardox 450 - 8 mm botn og 5 mm hlíðar. Alcoa Durabright felgur, skúffa og grind heitsprautuzinkað, (tvöföld grind) 6 þrepa sturtutjakkur, sem gefur ca 53 gr. halla, seglyfirbreiðsla. Th. Adolfsson ehf. S. 898 3612 - thadolfs@gmail.com



Sláttuvélar og sláttuorfl með HONDA vélum Fjörgengisvélar. Sláttuvélar 5,6 Hö og orflin, 2 hö. Mjög öflugur og afkastamikill búnaður. Nánari upplýsingar í síma eða á tölvupósti. Hákonarson ehf. S. 892-4163 netfang: hak@hak.is. Vefsíða: www.hak.is



Öflugur tættari fyrir stubba, hríslur og rótarflög. Einnig kurlarar, litlir og stórir, gripklær, klippur, kljúfar, sturtuvagnar og fleira. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is s. 555-6520.



Weckman HARDOX sturtuvagn 13 tonna burðargeta/hlassþyngd verð kr. 3.800.000 m/vsk. (kr. 3.065.000 án vsk) H. Hauksson ehf. | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. <https://www.diggaeurope.com/> Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is



Avenger traktorar með 26 hp Mitsubishi vél, beinskiptir eða sjálfskiptir. Margvíslegur aukabúnaður í boði svo að þínir villustu draumar megi rætast. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is s. 555-6520.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Argo-Watt) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með pennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Ryðfrír tankur til sölu, 12 rúmmetrar, lengd 6,8 m x þvermál 1,5 m. Smiðaður úr 5 mm 316 ryðfríu stáli. Hentar til að grafa niður í jörð. Alveg hreinn tankur tilbúinn fyrir olíu, vatn eða hvaðeina. Verð kr. 1.000 á kílóíð eða kr. 1.500.000. S. 861-5701.



Hlíðargas fyrir suðu. Bæði hreint Argon og blandgas í 20 og 50 lítrum. Eignar- og leiguhylki. Sendum hvert á land sem er. Nánari upplýsingar á www.veldix.is og í s. 547-5577.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg. og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang-hak@hak.is



Ný dekk og felgur til sölu af Can am hjóli. Passa einnig undir eldri Can am. Gatadeiling 4/137 Front & Rear Tires ITP+ Terracross 26 x 8/10 x 14 in. (66 x 20.3 / 25.4 x 35.6 cm) Wheels 14 in. (35.6 cm) cast-aluminum beadlock. Verð kr. 140.000. Aðalsteinn, s. 868-5479.



Innihæruer fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. www.hak.is Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is

JOBMAN

Frábærar vörur frá Jobman!
Durability at work since 1975

JOBMAN 4327



Verð: 1.854 kr.

JOBMAN 7586



Verð: 15.872 kr.

Sýnileikavesti og regnsett, tilvalið fyrir smalamennskuna! Sendingarkostnaður innifalinn í verði.

Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.

KHVINNUFÖT
Weferslun: Khvinnufotis

Nethylur 3, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

Byggingarstjóri.



Ertu í byggingarhugleiðingum, eða kominn af stað með framkvæmdir? Tek að mér að vera byggingarstjóri á öllum byggingarstigum og vera tengiliður við byggingarfulltrúa fyrir ykkur. Hafið samband í síma 8523222 eða netfang: asgeirvil@gmail.com

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

ISHURÐIR

www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.

AL-KO

LUNSIINN

Schmidt

FAHRZEUGBAU

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

BRIMCO

EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðuðu úrvalið á www.brimco.is eða kirtu í heimsókn.



Er um með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarárás 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.

SDS Max



Stauraborar fyrir borvélar, SDS Max, SDS + og Hexagonal. Stærðir frá 40 mm upp í 300 mm. Massifur öxull. Borarnir passa einnig á margar gerðir af vélknúnum stauraborum. Steinborar: 40 mm x 1000 mm. Brotsköflur í SDS Max og Hexagonal. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is Heimasíða: www.hak.is



Til sölu sturtuvagn frá Búvís. Tekur 8 rúllur í botn og 3-6 ofan á. Árgerð 2023, tekinn í notkun í júlí 2024. Það hafa einungis verið fluttar rúllur á honum. Uppl. í s. 894-3367.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsgandi dæla. Dæluhljól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stíllanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðarþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Dísilhlitarar. 5 kw 12 og 24 volt, með öllum fylgihlutum. Verð kr. 53.900. Öll þjónusta. Örkuböndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185. Opið frá 15 til 17 virka daga.



Stór og öflug háþrýstidæla fyrir verkataka til sölu. Dælan er ný og ónotuð, FDX Xtreme XL, www.comet-spa.com. Dælan er 16 L / min og max þrýstingur er 520 bar. Vél 26 hestöfl, Kohler, dísil, KDW 1003. Vélina er vatnskæld og með rafstæti. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Til sölu Dinapolis rúlluvagn frá H. Hauksson, árgerð 2018. Er með vökvahlíðum sem lítið mál er að taka af og breyta í flatvagn. Upplýsingar í s. 894-3367.



Klósettadælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótör staðsettur fyrir utan votrymi. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Atvinna

JE vélaverkstæði/bátasmiðja á Siglufirði leitar að framtíðarstarfsmanni með reynslu, járníðnaðarmanni eða vélvirkja sem getur unnið sjálfstætt og hafið störf sem fyrst. Helstu verkefni eru almennar véla- viðgerðir, blikksmiði og járnsmíði, viðhald á bátum og skipum. Áhugasamir sendi tölvupóst með umsókn/ferilskrá á jeverlar@simnet.is

Starfskraftur óskast í þrjá mánuði á norskan búgarð með hesta, kýr og kindur. Frekari upplýsingar í s. 899-8211.

Dýrahald

Hreinræktaður, afburðaveiðihundur, þýskur bendir. 6 hvolpar í boði. Sjá Vorsteh hvolpadagbók á Fb. S. 661-7338.

Dásamlegir hreinræktaðir íslenskir hvolpar til sölu. Tilbúin til afhendingar 23. september. Upplýsingar í s. 776-1341.

Gefins

Óska eftir mótörhjól, fjór hjóla eða rafstöðvar sem þarfnast smávægilegs viðhalds, gefins eða til sölu fyrir lítið. Skoða allt landið. S. 845-6292, barabjarki@gmail.com

Húsnæði

Til leigu fjárhús og hlaða, 1.016 fm að stærð, rétt utan við Búðardal. Nýttist m.a. sem fjárhús eða geymsluhúsnæði. Laust strax. saudfjarbu@gmail.com

Óska eftir

Kaupi vínlyplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óska eftir amerískum pallbíl, helst dísil en skoða líka bensín. Má þarfnast lagfæringa, F350, F250, RAM, Silverado eða GMC. S. 774-4441.

Kaupi íslensk ber. Bláber kr. 1.000 pr./kg. Aðalbláber kr. 1.300 pr./kg. Krækiber kr. 600 pr./kg. Einiber kr. 4.000 pr./kg. Kúmen kr. 4.000 pr./kg. Blóðberg kr. 7.000 pr./kg. Rífsber kr. 1.200 pr./kg. Upplýsingar í s. 695-1008. Netfang: snorri@reykjavikdistillery.is

Óska eftir gömlum vasahnífum og sporjárnnum til uppgerðar, mega vera í hvaða ástandi sem er, allt kemur til greina. Sendið póst á jonljon@gmail.com eða í s. 864-2407.

Óska eftir ódýrum 3-4 öxla vörubíl með sturtupalli. Óska einnig eftir traktorsgröfu. Hvort tveggja má þarfnast aðhlyningar. Upplýsingar í s. 893-1050 eða sendið mynd og upplýsingar á: taxiseffoss@simnet.is

Til sölu

Bílalýftur í úrvali fyrir bíla og búvélar, myndir og uppl. á www.holt1.is. Útvegum rafstöðvar, bátavélar o.fl. Vélaverkstæðið Holti, 311 Borgarnes, s. 435-6662 og 895-6662.

Til sölu Farmall Cub. Uppgerður, lítur mjög vel út. Árgerð 1950. Upplýsingar í s. 867-7379.

Viðarkurl. Um 35 sekkr af viðarkurl til sölu að Heysholt í Landsveit við Þjóðveg nr. 26 við Landveg. Upplýsingar í s. 896-7050.

Þjónusta

Tek að mér að mála þök. Sérhæfi mig í bröttum og háum þökum. Geri verðtilboð. Er að byrja bókanir fyrir sumarið 2025. Sendið tölvupóst á magnussongudmundur40@gmail.com

Bændablaðið kemur næst út 26. sept.



Taðklær Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. 140 cm kr. 310.000 m/vsk. 160 cm verð kr. 335.000 m/vsk. 180 cm verð kr. 345.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt 1,3-4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Girðingarefni – girðingastaurar 70x1800, kr. 715 m/vsk. Hornstaurar 120x2500, kr. 2.950 m/vsk. Iowa gaddavir 200 metrar, kr. 9.610 m/vsk. Motto gaddavir 200 metrar, kr. 4.900 m/vsk. 5 strengja túnnet 100 metrar, kr. 15.900 m/vsk. 6 strengja túnnet 100 metrar, kr. 18.500 m/vsk. Þanvir 625 m, kr. 11.900 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Glussadrifnar gólfhræsur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor 12 kW. Glussaflæði 75 L/min. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólf 2 m. Burðarvirki, heitgalv./ SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 247.000 m/vsk. (kr. 199.000 án vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Sjálfsgandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhrein vatn (trash). 2", 3", 4". Órginal Honda vélar með smuruliúryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Rúlluvagn DINA RP10500 14 tonna burðargeta/hlassþyngd. Pallur stærð 2,55 x 10,5 m. Dekk 710/45-22,5 Verð kr. 3.690.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjú vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Véla- og rúlluvagn. Til á lager rúlluvagn með vökvastýrðum rampi til að keyra vinnuvélar upp á. Burðargeta 18 tonn. Lengd á palli 9,0 m. Dekk 650/50-22,5 Verð kr. 4.488.000 m/vsk. (kr. 3.619.000 án vsk) H. Hauksson ehf. s. 588-1130.



Gólfhiti, gólfhræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaug gólfhræsing, verð á fermetra kr. 4000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraeing.is s. 892-0808 - Oliver.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjór hjól o.fl. Lengdir 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtare. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



Faðmgreip - rúllugreip fyrir endastöflun. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 235.000 m/vsk. (kr. 189.500 án vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Gámrampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is



Bretttagafflar með handfærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Verð áður 189.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Háþrýstidælur fyrir verkataka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísil. Margar stærðir, allt að 700 bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Taðkvísl 140 cm með 8 teinum. Ásoðnar Eurofestingar. Verð kr. 126.480 m/vsk. (kr. 102.000 án vsk). H. Hauksson ehf. hhauksson@hhauksson.is s. 588-1130.



Bretttagafflar með snúningi, 180° eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is



Rúlluvagn Weckman Burðargeta/hlassþyngd 13 tonn. Pallur stærð 2,46 x 9,0 m Verð 3.260.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



KGM
Gæði á sterkum grunni



Bíll á mynd er með 37" breytingu

Rexton

Óhræddur við breytingar.

KGM Rexton er kraftmikill jeppi fyrir þá allra kröfuhörðustu, með möguleika á allt að 37" breytingu.

Verð frá 9.290 þús. kr.

- | | | | |
|------------------------------------|---------------------------|------------------------|-----------------------|
| • Byggður á grind | • 8 þrepa sjálfskipting | • Sparneytin dísel vél | • 7 manna* |
| • Millikassi með háu og lágu drifi | • 202 hestöfl | • 3,5 t dráttargeta | • Sjálfstæð fjöðrun** |
| | • Vökvafylltir mótörpúðar | • Bakkmyndavél | • Læst afturdrif** |

Breytingarpakkar í boði

33" hækkun

35" hækkun

37" hækkun

* Premium, Adventure og Ultimate. | ** Adventure og Ultimate.



benni.is
BÍLABÚÐ BENNA
kolefnisjafnar nýja bíla



Fimm ára ábyrgð

kgm.benni.is

Bb, betri bílar
Akureyri
Njarðarnesi 12
Sími: 534 7200

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingu. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd er með aukabúnaði.



Eucerin®

**Snýr sjáanlega
við 10 merkjum**
um öldrun
húðarinnar

Byltingarkennd uppgötvun
í utangenaerfðum

NÝTT

**Árangur á
4 vikum***



* Klínískar rannsóknir í 2 og 4 vikur með 43 sjálfboðaliðum. Heimaprófun með 160 sjálfboðaliðum í 4 vikur.